

Kynning á kröfum

fjármála- og efnahagsráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins
um þjóðlendur á svæði 10B:

Ísafjarðarsýslur

KRÖFUR ANNARRA BERIST Í SÍÐASTA LAGI 1. FEBRÚAR 2021

SBR. TILKYNNINGU ÓBYGGÐANEFDAR
í LÖGBIRTINGABLADINU 9. OKTÓBER 2020



Kynning á kröfum íslenska ríkisins um þjóðlendur á svæði 10B

Fjármála- og efnahagsráðherra hefur fyrir hönd íslenska ríkisins afhent óbyggðanefnd kröfur um þjóðlendur í Ísafjarðarsýslum en þær eru við málsmeðferð nefndarinnar auðkenndar sem svæði 10B. Óbyggðanefnd kallar nú eftir kröfum þeirra sem kunna að eiga öndverðra hagsmunu að gæta. Að lokinni gagnaöflun og rannsókn á eignarréttarlegri stöðu kröfusvæðanna mun óbyggðanefnd úrskurða um fram komnar kröfur.

Kröfur íslenska ríkisins ná til 45 svæða en upplýsingar um afmörkun þeirra eru í eftifarandi kröfulýsingu og á meðfylgjandi kortum. Vakin er athygli á því að í 5. kafla kröfulýsingarinnar er að finna skýringar á einstökum kröfulinum.

Skorað er á þá sem telja til eignarréttinda, sbr. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998, á landsvæðum sem falla innan þjóðlendukröfusvæða íslenska ríkisins í Ísafjarðarsýslum að lýsa kröfum sínum skriflega í síðasta lagi 1. febrúar 2021 fyrir óbyggðanefnd, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík, postur@obyggdanefnd.is. Leiðbeiningar um frágang kröfulýsinga fást á skrifstofu óbyggðanefndar.

Forsaga málsins er sú að með bréfi óbyggðanefndar, dags. 27. nóvember 2019, var fjármála- og efnahagsráðherra tilkynnt að óbyggðanefnd hefði tekið svæði 10B til meðferðar og íslenska ríkið hefði frest til 2. mars 2020 til að lýsa kröfum um þjóðlendur á svæðinu, sbr. 10. gr. laga nr. 58/1998. Fresturinn var framlengdur nokkrum sinnum en kröfur íslenska ríkisins bárust óbyggðanefnd svo 16. september 2020. Tilkynning um kröfurnar birtist í Lögbirtingablaði 9. október, sbr. 10. gr. laga nr. 58/1998. Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 10. gr. laganna kann yfirlýsingum framangreinda kröfugerð að verða þinglyst á fasteignir á svæðinu sem tengast því svæði sem krafa lýtur að.

Hlutverk óbyggðanefndar er skv. 7. gr. laga nr. 58/1998 að: a) kanna og skera úr um hvaða land telst til þjóðlendna og hver séu mörk þeirra og eignarlanda, b) skera úr um mörk þess hluta þjóðlendu sem nýttur er sem afréttur og c) úrskurða um eignarréttindi innan þjóðlendna.

Málsmeðferðin framundan verður í meginatriðum þannig að þegar kröfulýsingarfresti annarra en ríkisins lýkur verða heildarkröfur kynntar formlega og sú kynning stendur í einn mánuð. Málið verður síðan rannsakað hjá óbyggðanefnd. Óbyggðanefnd ber að hafa frumkvæði að öflun heimilda og gagna um eignar- og afnotaréttindi yfir þeim landsvæðum sem til meðferðar eru og rannsaka og athuga staðreyndir og lagaatriði sem þýðingu hafa fyrir niðurstöðu í einstökum málum. Til að tryggja að þau gögn sem mögulega geta haft þýðingu komi fram hefur óbyggðanefnd samið við Þjóðskjalasafn Íslands um kerfisbundna leit að gögnum um ágreiningssvæðin en afrakstur þeirrar gagnaleitar er jafnan umfangsmikill. Að auki aflar óbyggðanefnd gagna víðar eftir því sem tilefni gefast til. Leiði rannsókn nefndarinnar í ljós að einhver kunni að telja til eignarréttinda án þess að hafa lýst kröfu verður viðkomandi gefinn kostur á að gerast aðili máls, sbr. 3. mgr. 13. gr. laga nr. 58/1998.

Mikilvægir liðir í málsmeðferð hjá óbyggðanefnd, auk gagnaöflunar, eru vettvangsferð og svonefnd aðalmeðferð. Það felur í sér að farið er á vettvang á ágreiningssvæðum undir leiðsögn heimamanna, aðilar og vitni gefa skýrslur og að því búnu eru málin flutt munnlega. Eftir að fram komin gögn hafa verið rannsokuð til hlítar eru úrskurðir kveðnir upp.

Nánari upplýsingar fást á skrifstofu óbyggðanefndar og á vefsíðu hennar: obyggdanefnd.is.

EFNISYFIRLIT

Kröfulýsing fjármála- og efnahagsráðherra f.h. íslenska ríkisins um þjóðlendumörk á svæði 10B, Ísafjarðarsýslur	1
1. <i>Almenn atriði</i>	6
2. <i>Landsvæði</i>	6
2.1 Afmörkun kröfusvæðis	6
2.2 Sveitarfélög á kröfusvæðinu	7
3. <i>Nánar um kröfusvæðið</i>	7
3.1 Heimildir um landnám í Ísafjarðarsýslum	7
3.2 Afréttarmál	9
4. <i>Kröfusvæðið; aðliggjandi jarðir og svæði</i>	11
4.1 Ísafjarðarbær	11
4.2 Bolungarvíkurkaupstaður	131
4.3 Súðavíkurhreppur	139
4.4 Strandabyggð	157
5. <i>Kröfulínur og röksemdir</i>	161
5.1 Almennt	161
5.2 Ísafjarðarbær	162
5.3 Bolungarvíkurkaupstaður	181
5.4 Súðavíkurhreppur	183
5.5 Strandabyggð	186
6. <i>Dómsúrlausnir og aðrar úrlausnir</i>	187
7. <i>Kröfugerð</i>	188
8. <i>Áskilnaður og fyrirvari</i>	203
Skjalaskrá og tilvísanaskrá með kröfulýsingunni (viðkomandi gögn fást á skrifstofu óbyggðanefndar)	205

**Yfirlitskort um kröfulínur íslenska ríkisins
og átta nákvæmari kort af einstökum svæðum.**

Sjá einnig vefsíðu óbyggðanefndar:

https://obyggdanefnd.is/til_medferdar/

KRÖFULÝSING
FJÁRMÁLA- OG EFNAHAGSRÁÐHERRA F.H. ÍSLENSKA RÍKISINS
UM ÞJÓÐLENDUMÖRK Á SVÆÐI 10B,
ÍSAFJARÐARSÝSLUR

EFNISYFIRLIT

1.	ALMENN ATRIÐI.....	6
2.	LANDSVÆÐI.....	6
2.1.	Afmörkun kröfusvæðis.....	6
2.2.	Sveitarfélög á kröfusvæðinu	7
3.	NÁNAR UM KRÖFUSVÆÐIÐ	7
3.1.	Heimildir um landnám í Ísafjarðarsýslum	7
3.2.	Afréttarmál.....	9
4.	KRÖFUSVÆÐIÐ: AÐLIGGJANDI JARDIR OG SVÆÐI.....	11
4.1.	Ísafjarðarbær.....	11
4.1.1.	Skarðsnúpur, Laugabólsfjall og Skálarhlíðarfjall.....	11
4.1.2.	Fjalllendi vestan Glámu.....	12
4.1.3.	Veturlandafjall - Skeggi	21
4.1.4.	Skjöldur/Bæjarfjall og Þverfjall.....	24
4.1.5.	Tóarfjall, Hrafnarhýrna, Helgafell, Skálarfjall og Geldingardalshorn.....	28
4.1.6.	Eyrarfjall og Seljafjall.....	31
4.1.7.	Porfinnur.....	34
4.1.8.	Holtsfjall.....	35
4.1.9.	Fjallstoppur Kambsfjalls – Messuhorn	36
4.1.10.	Lambadalsfjall Ísafjarðarbæ.....	37
4.1.11.	Hjarðardalur	43
4.1.12.	Hestfjall.....	50
4.1.13.	Gemlufall.....	51
4.1.14.	Klukkulandsfjall, Heiðarhorn, Veturlandafjall, Lágfjall, Þverfell, Klíkuheiði, Brekkufjall, Tafla, Hrafnskálarnúpur, Lambaskál, Hörðdalshorn, Vatnahvilstarhorn, Torfhorn, Miðmundarfjall, Kaldbakur og Flatfjall	55
4.1.15.	Núpsfjall og Alviðrufjall	66
4.1.16.	Barði, Nesdalur, heiðar í Önundarfirði, Skagi og Skagafjall.....	68
4.1.17.	Klofningsheiði Ísafjarðarbær	74
4.1.18.	Kroppstaðafjall	83

4.1.19. Gilsbrekkuheiði Ísafjarðarbæ	86
4.1.20. Búðarfjall.....	89
4.1.21. Búrfell í Botnsdal	90
4.1.22. Breiðafell og Eyrarfjall	92
4.1.23. Ernir, Kirkjubólsfjall.....	94
4.1.24. Ufs, Súðavíkurfjall og Sauratindar	95
4.1.25. Dalsheiði, Snæfjallaheiði, jökuldalir og Drangajökull	96
4.1.26. Álfstaðir, Kvíar og Steig	105
4.1.27. Marðareyri og Hesteyrarfjörður	109
4.1.28. Grænahlíð.....	113
4.1.29. Hvestudalir.....	118
4.1.30. Almenningar vestari	120
4.1.31. Hlöðuvík og Hælavík	123
4.1.32. Höfn og Horn.....	125
4.1.33. Almenningar eystri (Látravík og Bjarnarnes), Smiðjuvík, Barðsvík og Bolungavík.....	126
4.2. Bolungarvíkurkaupstaður.....	131
4.2.1. Gilsbrekkuheiði Bolungarvík.....	131
4.2.2. Arafjall, Hádegisfjall og Heiðnafjall	136
4.2.3. Bolafjall og Stigahlíð.....	137
4.3. Súðavíkurhreppur	139
4.3.1. Lambadalsfjall Súðavíkurhreppi	139
4.3.2. Ufs, Súðavíkurfjall, Traðarhyrna og Sauratindar	142
4.3.3. Dvergasteinsfjall og Svarthamar	143
4.3.4. Stóri kambur	146
4.3.5. Hestfjarðarkot	150
4.3.6. Almenningar Ögurhrepps.....	152
4.3.7. Kleifarkot og almenningur í Ísafirði	154
4.4. Strandabyggð..	157
4.4.1. Hafnardalur, Nauteyri, Rauðamýri og Tunga	157
4.4.2. Drangajökull (Ármúli, Skjalfönn og Laugaland).....	159

5.	KRÖFULÍNUR OG RÖKSEMDIR.....	161
5.1.	Almennt.....	161
5.2.	Ísafjarðarbær.....	162
5.2.1.	Skarðsnúpur, Laugabólsfjall og Skálahlíðarfjall	162
5.2.2.	Fjalllendi vestan Glámu.....	162
5.2.3.	Veturlandafjall - Skeggi	163
5.2.4.	Skjöldur/Bæjarfjall og Þverfjall	164
5.2.5.	Tóarfjall, Hrafnarhryrna, Helgafell, Skálarfjall og Geldingardalshorn.....	164
5.2.6.	Eyrarfjall og Seljafjall.....	164
5.2.7.	Þorfinnur.....	165
5.2.8.	Holtsfjall.....	165
5.2.9.	Fjallstoppur Kambsfjalls - Messuhorn.....	166
5.2.10.	Lambadalsfjall í Ísafjarðarbæ.....	166
5.2.11.	Hjarðardalur	167
5.2.12.	Hestfjall.....	167
5.2.13.	Gemla.....	167
5.2.15.	Núpsfjall og Alviðrufjall	169
5.2.16.	Barði, Nesdalur, heiðar á Ingjaldssandi, Skagi og Skagafjall.....	169
5.2.17.	Klofningsheiði.....	170
5.2.18.	Kroppstaðafjall	170
5.2.19.	Gilsbrekkuheiði Ísafjarðarbæ	171
5.2.20.	Búðarfjall.....	172
5.2.21.	Búrfell í Botnsdal	172
5.2.22.	Breiðafell og Eyrarfjall	172
5.2.23.	Ernir og Kirkjubólsfjall	173
5.2.24.	Ufs, Súðavíkurfjall og Sauratindar	173
5.2.25.	Dalsheiði, Snæfjallaheiði, Jökuldalir og Drangajökull.....	174
5.2.26.	Álfstaðir, Kvíar og Steig	175
5.2.27.	Marðareyri og Hesteyrarfjörður	176
5.2.28.	Grænahlíð og fjalllendi vestur Aðalvíkur.....	177

5.2.29. Hvestudalir	178
5.2.30. Almenningar vestari	178
5.2.31. Hlöðuvík og Hælavík	178
5.2.32. Höfn og Horn.....	179
5.2.33. Almenningar eystri (Látravík og Bjarnarnes), Smiðjuvík, Barðsvík og Bolungavík.....	180
5.3. Bolungarvíkurkaupstaður	181
5.3.1. Gilsbrekkuheiði Bolungarvík.....	181
5.3.2. Arafjall, Hádegisfjall og Heiðnafjall	182
5.3.3. Bolfjall og Stigahlíð.....	182
5.4. Súðavíkurhreppur	183
5.4.1. Lambadalsfjall Súðavíkurhreppi	183
5.4.2. Ufs, Súðavíkurfjall, Traðarhyrna og Sauratindar	183
5.4.3. Dvergsteinsfjall og Svarthamar	184
5.4.4. Stóri Kambur	184
5.4.5. Hestfjarðarkot	185
5.4.6. Almenningar Ögurhrepps.....	185
5.4.7. Kleifarkot og almenningar í Ísafirði.....	186
5.5. Strandabyggð..	186
5.5.1. Hafnardalur, Nauteyri, Rauðamýri og Tunga.	186
5.5.2. Drangajökull (Ármúli, Skjalfönn og Laugaland).....	187
6. DÓMSÚRLAUSNIR OG AÐRAR ÚRLAUSNIR	187
7. KRÖFUGERÐ	188
8. ÁSKILNAÐUR OG FYRIRVARI	203

KRÖFULÝSING

FJÁRMÁLA- OG EFNAHAGSRÁÐHERRA F.H. ÍSLENSKA RÍKISINS UM ÞJÓÐLENDUMÖRK Á SVÆÐI 10B, ÍSAFJARÐARSÝSLUR

1. ALMENN ATRIÐI

Með bréfi óbyggðanefndar, dags. 27. nóvember 2019, var fjármála- og efnahagsráðherra, f.h. íslenska ríkisins, tilkynnt að nefndin hefði ákveðið að taka svonefnt svæði 10B til meðferðar, Ísaferðarsýslur. Var íslenska ríkinu veittur frestur til að lýsa kröfum um þjóðlendur á svæðinu til 2. mars 2020. Var fresturinn framlengdur að beiðni íslenska ríkisins, fyrst til 2. apríl 2020, síðan til 15. maí, 30. júní, 31. ágúst og loks til 15. september 2020.

Málsaðili: Aðild að þessu máli á fjármála- og efnahagsráðuneytið, kt. 550169-2829, Arnarhvoli, 150 Reykjavík, f.h. íslenska ríkisins, sbr. 2. og 11. gr. laga nr. 58/1998. Samkvæmt 2. gr. laganna er íslenska ríkið eigandi lands og hvers konar landsréttinda og hlunninda í þjóðlendum, sem ekki eru háð einkaeignarrétti. Í 11. gr. laganna er lögð sú skylda á fjármálaráðherra að hann fari með fyrirsvar fyrir hönd íslenska ríkisins og stofnana á vegum þess, vegna krafna um eignarréttindi innan þjóðlendna og við úrlausn um hvort land teljist til eignarlands eða þjóðlendna. Fyrirsvar þetta er einnig talið ná til eignarlanda ríkisins á þjóðlendumörkum.

Fyrirsvar: Lögmenn íslenska ríkisins í máli þessu eru Ívar Pálsson, ivar@landslog.is og Sigurgeir Valsson, sigurgeir@landslog.is, Landslög slf., Borgartúni 26, Reykjavík, sími 520-2900.

2. LANDSVÆÐI

2.1. Afmörkun kröfusvæðis

Kröfusvæðið afmarkast svo, sbr. bréf óbyggðanefndar dags. 27. nóvember 2019:

Sýslumörkum Norður-Ísaferðarsýslu og Strandasýslu er fylgt frá hafi við Geirólfssnúp milli Skjaldbjarnarvíkur og Reykjafjarðar til suðvesturs og síðan suðurs þar til komið er að norðurmörkum Austur-Barðastrandasýslu. Þaðan er mörkum milli Norður-Ísaferðarsýslu og Austur-Barðastrandasýslu fylgt til vesturs þar til komið er að mörkum Vestur-Ísaferðarsýslu og Vestur-Barðastrandasýslu. Þaðan er síðastnefndum sýslumörkum fylgt til vesturs að hafi við Langanes við Arnarfjörð. Að öðru leyti afmarkast svæðið af hafi.

2.2. Sveitarfélög á kröfusvæðinu

Á kröfusvæðinu eru eftirfarandi sveitarfélög: Ísafjarðarbær, Súðavíkurhreppur, Bolungarvíkurkaupstaður og hluti Strandabyggðar.

Ísafjarðarbær varð til við sameiningu Þingeyrarhrepps, Mýrarhrepps, Mosvallahrepps, Flateyjarhrepps, Suðureyrarhrepps og Ísafjarðarkaupstaðar árið 1996. Í sveitarféluginu bjuggu 3.809 manns 2020.

Súðavíkurhreppur er hreppur við sunnanvert Ísafjarðardjúp. Þann 1. janúar 1995 sameinuðust Ögurhreppur og Reykjafjarðarhreppur Súðavíkurhreppi. Í sveitarféluginu bjuggu 208 manns 1. janúar 2020.

Bolungarvíkurkaupstaður er kaupstaður við samnefnda vík yst í Ísafjarðardjúpi. Í sveitarféluginu bjuggu 955 manns 1. janúar 2020.

Strandabyggð er sveitarfélag á ströndum sem varð til árið 2006 við sameiningu sveitarfélaganna Hólmavíkurhrepps og Broddaneshrepps. Í sveitarféluginu bjuggu 457 þann 1. janúar 2020.

3. NÁNAR UM KRÖFUSVÆÐIÐ

3.1. Heimildir um landnám í Ísafjarðarsýslum

Í Landnámu er getið þeirra landnámsmanna sem námu lönd í Ísafjarðarsýslum.¹

Örn hét maðr ágætr: [...] Hann nam land í Arnarfirði svá vítt sem hann vildi: hann sat um vetrinn á Tjaldanesi [...].²

Í Melabók segir:

Örn hét maðr ágætr: hann varð missáatr við Hákon jarl Grjótgarðsson ok fór af því til Íslands [ok] nam Arnarfjörð allan, áður en Örlygur kæmi út.³

Jafnframt er getið um Ánn rauðfeldr sem kom í Arnarfjörð ári eftir að Örn hafði numið þar lönd. Ánn bjó fyrsta veturninn í Dufansdal en Örn seldi honum svo öll lönd milli Langaness og Stapa.⁴

¹ Hið íslenska fornritafélag, Jakob Benediktsson gaf út. 1968. Landnáma I, bls. 154-155, og 160-179.

² Hið íslenska fornritafélag, Jakob Benediktsson gaf út. 1968. Landnáma I, bls. 176: S 134, H 106.

³ Hið íslenska fornritafélag, Jakob Benediktsson gaf út. 1968. Landnáma I, bls. 177.

⁴ Hið íslenska fornritafélag, Jakob Benediktsson gaf út. 1968. Landnáma I, bls. 176-177: S 135, H 107 og M 48.

Eiríkur hét maðr, er nam Dýrafjörð ok Sléttanes til Stapa ok til Háls en ytra í Dýrafirði.⁵

Vésteinn son Végeirs, bróðir Vébjarnar Sygnakappa, nam land milli Hálsa í Dýrafirði ok bjó í Haukadal.⁶

Dýri hét maðr ágætr: [...]. Dýri nam Dýrafjörð ok bjó at Hálsum.⁷

Pórður hét maðr Víkingsson eða son Haralds konungs hárfagra: hann fór til Íslands ok nam land milli Þúfu á Hjallanesi ok Jarðfallsgils: hann bjó á Alviðru.⁸

Ingjaldr Brúnason nam land Ingjaldssand milli Hjallaness ok Ófæru.⁹

Önundr Víkingsson, bróðir Pórðar í Alviðru, nam Önundarfjörð allan ok bjó á Eyri.¹⁰

Hallvarðr súgandi var í orrostu móti Haraldi konungi í Hafrsfirði: hann fór af þeim ófriði til Íslands ok nam Súgandafjörð ok Skálavík til Stiga ok bjó þar.¹¹

Puríðr sundafyllir ok Völu-Steinn son hennar fór af Hálogalandi til Íslands ok nam Bolungarvík, ok bjöggu í Vatsnesi.¹²

Helgi hét son Hrólfs ór Gnúpufelli: [...]. Hann fann fjörð einn ok hitti þar skutil í flæðamáli: þat kallaði hann Skutilsfjörð: þar byggði hann síðan.¹³

Pórólfur brækir nam suman Skutilsfjörð ok Skálavík ok bjó þar.¹⁴

Eyvindr kné fór af Ögðum til Íslands ok Puríðr rúmgylta kona hans: þau námu Álptafjörð ok Seyðisfjörð ok bjöggu þar.¹⁵

Vébjörn nam um várit eptir land milli Skötufjarðar ok Hestfjarðar, svá vítt sem hann gengi um á dag ok því meirr, sem hann kallaði Folafót.¹⁶

Gunnsteinn ok Halldórr hétu synir Gunnbjarnar Úlfssonar kráku, er Gunnbjarnarsker eru við kennd: þeir námu Skötufjörð ok Laugardal ok Ögurvík til Mjóvafjarðar.¹⁷

Snæbjörn son Eyvindar austmanns, bróður Helga magra, nam land milli Mjóvafjarðar ok Langadalsár ok bjó í Vatnsfirði.¹⁸

⁵ Hið íslenska fornritafélag, Jakob Benediktsson gaf út. 1968. Landnáma I, bls. 178: S 137, H 109.

⁶ Hið íslenska fornritafélag, Jakob Benediktsson gaf út. 1968. Landnáma I, bls. 180: S 138, H 110.

⁷ Hið íslenska fornritafélag, Jakob Benediktsson gaf út. 1968. Landnáma I, bls. 180: S 139, H 111.

⁸ Hið íslenska fornritafélag, Jakob Benediktsson gaf út. 1968. Landnáma I, bls. 180: S 140, H 112.

⁹ Hið íslenska fornritafélag, Jakob Benediktsson gaf út. 1968. Landnáma I, bls. 182: S 141, H 113.

¹⁰ Hið íslenska fornritafélag, Jakob Benediktsson gaf út. 1968. Landnáma I, bls. 186: S 143, H 115

¹¹ Hið íslenska fornritafélag, Jakob Benediktsson gaf út. 1968. Landnáma I, bls. 186: S 144, H 114.

¹² Hið íslenska fornritafélag, Jakob Benediktsson gaf út. 1968. Landnáma I, bls. 186: S 145, H 116

¹³ Hið íslenska fornritafélag, Jakob Benediktsson gaf út. 1968. Landnáma I, bls. 186-187: S 146, H 117.

¹⁴ Hið íslenska fornritafélag, Jakob Benediktsson gaf út. 1968. Landnáma I, bls. 187: S 147, H 118.

¹⁵ Hið íslenska fornritafélag, Jakob Benediktsson gaf út. 1968. Landnáma I, bls. 187: S 148, H 119.

¹⁶ Hið íslenska fornritafélag, Jakob Benediktsson gaf út. 1968. Landnáma I, bls. 188: S 149, H 120.

¹⁷ Hið íslenska fornritafélag, Jakob Benediktsson gaf út. 1968. Landnáma I, bls. 190: S 150, H 121.

¹⁸ Hið íslenska fornritafélag, Jakob Benediktsson gaf út. 1968. Landnáma I, bls. 190: S 151, H 122.

Óláfr jafnakollr nam land frá Langadalsá til Sandeyrarár ok bjó í Unaðsdal.¹⁹

Pórólfr fasthaldi hét maðr ágætr í Sogni: [...] Hann nam land frá Sandeyrará til Gýgjarsporsár í Hrafnfirði: hann bjó at Snæfjöllum.²⁰

Ørlygr son Böðvars Vígsterkssonar fór til Íslands fyrir ofríki Haralds konungs hárfagra: hann var enn fyrsta vetr með Geirmundi heljarskinn, en um várit gaf Geirmundr honum bú í Aðalvík ok lönd þau, sem þar lágu til.²¹

Geirmundur fór vestr á Strandir ok nam þar land frá Rytagnúp vestan til Horns ok þaðan austr til Straumness. Þar gerði hann fjögur bú, eitt í Aðalvík, þat varðveitti ármaðr hans: annat í Kjaransvík, þat varðveitti Kjaran þræll hans: þriðja á almenningum enum vestrum, þat varðveitti Björn þræll hans, er sekr varð um sauðatöku eptir dag Geirmundar: af hans sekðarfé urðu almenningar: fjórða í Barðsvík, þat varðveitti Atli þræll hans, ok hafði hann fjórtán þræla undir sér.²²

3.2. Afréttarmál

Í sóknarlýsingum Vestfjarða segir eftirfarandi um afréttarmál í Ísafjarðarsýslum:

Rafseyrarkirkjusókn (1839)

Ekki er fjallað um afréttarmál í Rafseyrarkirkjusókn.

Álftamýrarsókn í Arnarfirði

Er ekkert markvert, sem Bókmenntafélagsbréfið nefnir, til í þessu plássi, hvorki steinkol, surtarbrandur, hellirar, skógar, gjár, fornaldarjurtir, eður dýr, eður skeljar, svo mér sé vitanlegt eður öðrum, sem við hef talað, ekki heldur selstöður eður afréttarlönd annarsstaðar en um er getið.²³

Sanda- og Hraunssókn í Dýrafirði

Afréttarlönd eða almenningar eru hér hvergi, og er geldfé rekið í ýmsra jarða búfjárhaga, t.d. á Drangahlíð, land sem liggar undir Dranga, á Brekkudal, landareign Brekku, á Stúfudal, landareign Granda, á Galtardal, landareign Sanda, á Meðaldal, landareign Meðaldal, á Haukadal, landareign á Haukadal, á Eyrarhlíð, landareign Sveinseyri. Gengið er að fé 22 vikur af sumri og þá aðskilið nálægt eða við bæi, þar eð réttir eru hér engar og aðrar sveitir hafa hér ekki heldur upprekstur.²⁴

¹⁹ Hið íslenska fornritafélag, Jakob Benediktsson gaf út. 1968. Landnáma I, bls. 196: S 153, H 123.

²⁰ Hið íslenska fornritafélag, Jakob Benediktsson gaf út. 1968. Landnáma I, bls. 196: S 154, H 124.

²¹ Hið íslenska fornritafélag, Jakob Benediktsson gaf út. 1968. Landnáma I, bls. 196: S 155, H 125.

²² Hið íslenska fornritafélag, Jakob Benediktsson gaf út. 1968. Landnáma I, bls. 154: S 115, H 87.

²³ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samþand vestfirzkra áthagafélaga (1952), bls. 43.

²⁴ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samþand vestfirzkra áthagafélaga (1952), bls. 59.

Mýrarþingaprestakall

Ekkert er fjallað um afréttarmál í Mýrarþingssókn.

Holtssókn (1840)

Afréttarlönd, regluleg, eru hér engin. En hver búandi rekur fé sitt á lengst burt liggjandi takmörk búfjárhaga. Þar fyrir eru engar réttir, eða viss tími til fjárkönnunar.²⁵

Staðarsókn (1839)

Selstöður eru engar í sókn þessari. Sýnist hér óvíða svo plássi varið, að þær verði notaðar með heppni, enda er og á mjög fáum stöðum getið um, að þær hafi nokkurn tíma til verið. Sama er að segja um afréttarlönd, að þau eru mjög óviss og regluleg réttarhöld engin.²⁶

Eyrar- og Hólssókn

Ekkert er fjallað um afréttarmál í kafla um Eyrar- og Hólssókn.

Ögurþingsprestakall og Eyrarsókn (1854).

Í lýsingu Hestfjarðar segir m.a. um jörðina Eiði: „þá er kirkjuland Eyrar, inn að almenningi Súðavíkurhrepps.²⁷ Í lýsingu Ögursóknar segir m.a. Austanfram langárinnar í Hestfirði er almenningur Ögursveitar og upprekstrarland, út að Geitahvammsá.²⁸

Vatnsfjarðarsveit

Ekkert er fjallað um afréttarmál í Vatnsfjarðarsveit.

Snæfjallaströnd (1839)

Kaldalónshlíðar og Eyjahlíð eru helzt afréttarlönd Snæfjallastranda.²⁹

Grunnavíkursókn (1840)

Afréttarland er í Leirufirði, hvar jörð, nefnd Öldugil, eyðilagðist af jökulhlaupi, og tilheyrir landið Grunnavíkurkirkju. Nálægir bæir hafa þar upprekstur, en rétturinn er haldin á Dynjanda á haustum, nálægt sláturstíma.³⁰

²⁵ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 104

²⁶ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 117-118.

²⁷ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 134.

²⁸ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 135.

²⁹ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 151.

³⁰ 30 Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 160.

Staðasókn í Aðalvík (1848)

Almenningar eru reyndar mjög breiður, en að samjöfnuði stuttur dalur upp í fjöllin, utan frá Sandvíkurkjalli austur að Kjalargnúpi, en fyrir botninum á þeim dal, eða fyrir Almenningum öllum, liggur Geldingafjall að austanverðu, og svo vestur eftir afleiðing af því, sem ekki er neitt nafn gefið.³¹

Afréttarlönd eru: Hesteyrarfjörður. Hann liggur undir Hesteyri. Hvestudalir. Þeir liggja undir Stað. Fljótið, það er landeign allra bæjanna þar. Í þessi afréttarlönd reka ýmsir á víxl. Bringur á Grænuhlíð eru í almenningi. Reka þangað sjaldan aðrir en Sæbólsbóndinn. Víknamenn reka á Almenninga. En þeir í Hafnarbásnum í Horndali (Yzta-, Mið- og Innstadal), Engir utansveitarmenn eiga eða hafa þar upprekstur.³²

4. KRÖFUSVÆÐID: AÐLIGGJANDI JARÐIR OG SVÆÐI

4.1. Ísafjarðarbær

4.1.1. Skarðsnúpur, Laugabólsfjall og Skálarhlíðarfjall

- i. *Sérstaklega um kröfusvæðið*
- ii. *Hokindalur*

Landamerkjabréf Hokindals er dags. 18. mars 1886 þar sem merkjum er lýst:

Milli jarðarinnar Hokinsdals liggjandi í Rafnseyrarsókn í Ísafjarðarsýslu, og jarðarinnar Steinnes, liggjandi í Otrardalssókn í Barðastrandarsýslu, er klettagjóta vestan til við Langanesið. Sem er svo kölluð Axargjóta, og skilur hún löndin milli fyrnefndar jarða, en ef reki af sjó kynni til að falla frá fyrnefndri Axargjótu og út í svokallaðan Geirmóð að vestanverðu, þá er samþykkt af undirskrifuðum eigendum, að báðar jarðir fyrnefndar eigi jafnt hlutfall úr honum. Hér staðfestum við með undirskrifuðum nöfnum okkar. Eigandi Steinaness: Jóhannes Hjaltason. Eigendur Hokinsdals: Þorleifur Jónsson Sigurður Jónsson Jón Jónsson. Landamerki milli jarðarinnar Hokinsdals og Laugabóls, báðar liggjandi í Rafnseyrarsókn í Ísafjarðarsýslu, er klettur innan til við Brimsnesið, sem er svo kallaður Biskupsklettur, og beina sjónhendingu uppí klettagjótu, sem þar er beint upp af, og er svokölluð innri Skarðagjóta.

- iii. *Laugaból*

Landamerkjabréf fyrir Laugaból liggur ekki fyrir.

³¹ 31 Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 170.

³² 32 Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 188-189.

iv. *Horn*

Landamerkjabréf fyrir Horn liggur ekki fyrir.

v. *Skógar*

Landamerkjabréf Skóga er dags. 18. febrúar 1892 þar sem merkjum er lýst:

Að innanverðu frá sjó út Ósárosi og upp eptir henni í merkjalæk, og þaðan sjónhending í Örnólfsgil í fjallsbrún. Að utanverðu í Hornárós og eptir henni í ytri krók í miðjum flóa, og þaðan sjónhending í þverlæk í fjallsbrún.

vi. *Kirkjuból*

Landamerkjabréf Kirkjubóls er dags. 31. mars 1922 þar sem merkjum er lýst:

Að norðarnverðu eftir beinni sjónhendingu úr Brunnalækjarósi í Hrafnagjótur. Þaðan austur eftir Flatafjalli austur á Dynjandaheiði kringum botninn á Kirkjubólsdal og út eftir fjallinu sunnanverðu dalinn, þangað sem Örnólfsgil steypist af brún, alt eftir því, sem vötnum hallar til Kirkjubólslands. Úr Örnólfsgilji fram á brún eftir beinni sjónhendingu í ós Merkjalækjar. Því næst ræður áin merkjum til sjávar. Eftir sjónhendingunum svo hlaðnar vörður.

vii. *Krosseyri*

Landamerkjabréf Krosseyrar er dags. 29. maí 1884 þar sem merkjum er lýst:

Landamerki jarðarinna Krosseyri í Suðurfjarðarhrepp og Barðastrandasýslu eru: að innanverðu svokallað Stapagil, að utanverðu Djúpeyrará, að öðru leiti ræður fjallsbrún sem vötnum hallar til Geirþjófsfjarðar og sjór.

viii. *Langibotn*

Landamerkjabréf fyrir Langabotn liggur ekki fyrir.

4.1.2. Fjallendi vestan Glámu

i. Sérstaklega um kröfusvæðið

Í sóknarlýsingu Vestfjarða segir m.a. um fjallendið vestan Glámu:

Arnarfjörður liggur frá norðvestri til austurs inn af Straumnesflóa. Frá hafinu er hann að utan verðu einlægur, næstum tvær vikur sjávar yfir um þvert, og víðast 70 til 80 faðma djúpur, þegar kemur inn eftir, en við hafsmynnið hvergi dýpri en 40. Allur er hann í kring umspenntur háum klettafjöllum mislöngum og hvilftum og dölum, sumum grasgefnum.³³

Liggur Kirkjubólsdalurinn fram með því að vestanverðu, langan veg, og er þar laust við önnur fjöll, en að innanverðu er það áfast við fjallabyggðina, sem liggur fyrir fjarðarbotninum. Þegar komið er inn með þessu fjalli, er komið í hinn vestari botn

³³ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 15.

fjarðarins að þeim bæ, sem heitir Dynjandi, hver eð tekur nafn af stórum fjallfossi árinnar, sem rennur hjá bænum. Hann má ýkjulaust vera 60-70 faðma hár. Hún rennur úr vatni, sem liggur neðan til við Glámujökul og heitir Eyjavatn, því í því eru smáeyjar 2 eður 3, í hverju álfir verpa. Til heyrandi lönd þessa bæjar liggja sem í nokkrum afkima fjarðarins eður vog, því eitt fjall á norðari síðu gengur fram í fjörðinn: og allt í kringum voginn eru þó fjöll með klettum. En þá upp fyrir þau kemur er þó mikill vegur, hjallar, og lautir, upp að aðaljöklinum, Glámu, sem liggur fyrir botnunum fjarðanna, frá Ísafjarðardjúpi að Barðaströnd og nær suður í Múlasókn.³⁴ [...] Frá þessari hæð, sem nefnd Sjónfríð, byrjar fjallgarðurinn aftur norðan fram við Arnarfjörðinn, ekki mjög breiður til Dýrafjarðar. Standa nokkurnveginn á botnar fjarðanna. Þessi fjallgarður frá Sjónfríð liggur út eftir vissa mílu vegar með firðinum. Hann er að hæð samsvara öðrum fjöllum, hnjkalaus. Undirlendið, norðan fram Arnarfjarðar, er allstaðar lítið, því skaða skriðurnar svo mikið graslendið, því ei stöðvast þær fyrr en í fjöru eður sjó. Svo eru t.d. jörðin Rauðstaðir orðin tvísýn af skriðum og árennsli, að menn eru farnir að taka í eftirþanka að búa þar og meir en hálfpartur engja ónýtur. Eins sá næsti bær fyrir utan, sem heitir Hjallkárseyri, yfir hverjum að vofir klettahöfði, úr hverjum stór björg hafa voltið að bænum. Þá þessi fjallgarður, sem svoleiðis eyðileggur part strandarinnar, enda, kemur einn dalur og heiði yfir til Dýrafjarðar. Eftir honum rennur á, sem kölluð er Gljúfrá. Að henni, í einum stað, eru mikil gljúfur eða klettar. Utan til við hana stendur bærinn með sama nafni. Dalurinn er næstum að kalla ávaxtalaus, utan fyrir sauðkindur á sumrum. Í honum er einn afdalur til austurs, sem kallaður er Grjótárdalur. Utan til við þennan Gljúfrárdal, sem er mjór að framanverðu og brött hæð að honum enduðum, tekur fjallgarðurinn aftur til út með hlíðum undir og grasteigum, en ógengum klettahillum yfir og stórum giljum, sem sýnast hafa sprungið, frá óminnilegum tíðum, því hryggir stórir eru fyrir neðan með grasi sumstaðar, sem þó er alltaf minnkandi af vatns- og aurskriðum. Þessi fjallgarður gengur allt út að prestsetrinu Rafnseyri. [...] Fram af staðnum í landnorður liggur stór dalur, sem kallaður er Rafnseyrardalur. Hann hefur two afdali að austanverðu, sá neðri eður heimari kallast Djúpidalur, og er stuttur með ógna hárrí klettagirðingu í kring. [...] Fyrir framan þennan afdal, stendur hátt klettafjall, sem liggur fram eftir á austari síðu aðaldalsins. Undir því liggur myrlendi nokkuð, til slægna notað, og fyrir framan það og fjallið liggur annar afdalur, sem heitir Hauksdalur, á móti austri. Hann gengur inn undir Gljúfrárdalinn, og úr hans norðara horni liggur leið í Dýrafjörðinn, fyrir göngumann. Norðan fram þessa afdals, liggur enn klettafjall að ofan, sem heitir Grænahlíð. Inn í það er stór hvilft, sem kallast Grjótskál. Gengur enn fjallið til útnorðurs. Þar kemur enn dalur, sem heitir Heiðardalur. Fyrir neðan þennan dal, í aðaldalnum, er staðarins slægnaland, að mestu leyti, því hin slægjulöndin heim betur í dalnum, eru orðin ónýt vegna aurskriðna ofan úr fjallahlíðunum. Í dalnum, við slægjulandið sést fyrir gömlum selstöðum, sem nú

³⁴ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 18-19.

eru ei brúkaðar, mikinn part vegna snjóa og gróðurleysis allt fram á sumar, og þar með versna slægjur, þegar þær eru nauðbeittar af peningi.³⁵

Í lýsingu Sanda- og Hraunssókna í Dýrafirði segir m.a.:

Fjöllin eru þessi: 1. Drangahlíð, langur fjallgarður, liggur frá suðaustri til útvesturs, hefur sín upptök af fjöllum fyrir Dýrafjarðarbotni, en þau aftur frá jöklinum Glámu. Fjall þetta nær að Kjaransstaðaá, er ekki ákaflega hátt eða bratt. Hefur tölувert grasivafið undirlendi og grasgeira með skriðum á milli, sem liggja frá klettum ofan, 2. Tafla liggur í sömu átt neðan við Ketilseyrardal, fjall ekki langt um sig, en líkt að flestu því fyrrtalda. 3. Ketilseyrarhlíð, nokkuð lægri og styttri fjallgarður heldur en Drangahlíð og liggur til sömu áttar, en henni að öllu öðru lík. Hún byrjar við dal nokkurn með sama nafni, en endi hennar er horn eitt, sem nefnist Hvammshorn, hár tindur og brattur, með klettum hið efra og grasgeirum neðra. 4. Þríhnjúkafjall hjá Hvammi liggur í sömu átt og mjög svipað að lengd og lögun næst ofan áminnstu fjalli, utan nokkuð máske hærra, klettameira og brattara. Hefur sín upptök við Hvammsdal og endar við Brekkuháls. 5. Bakkahorn, hæst allra fyrrtalinnna fjalla, næstum kringlótt og uppmjótt sem varða, ekki ákaflega bratt, en klettamikið og hrjóstrugt. 6. Þríhnjúkafjall, austan megin við Sandá, lík að hæð hinu fyrr greinda, þó meira ummáls, liggur frá suðri til útnorðurs, byrjar við Hlaðshvilst og endar hjá Meðaldal. Petta er óbratt og klettalaust, en hrjóstrugt skriðufjall. 7. Meðaldalshæð, byrjar við svokallaða Nónhvilst, endar við Haukadalsá, liggur frá þvervestri til útnorðurs, lægra en því fyrrnefnda, klettar frá miðju þess upp úr, það brattara sjálft og undir eins mjög graslítið. 8. Haukadalsfjall (fell), hefur upptök sín frá Lambadal og endar við Eyrardal, horfir að öllu eins því fyrr ofan áminnsta, jafn líkt að grasi, en öllu hærra, brattara og klettameira. 9. Eyrarfjall hefur upptök sín hjá samnefnndri hvilft og endast við svo nefndan Innstaháls, nokkuð grasmeira, en fullt svo hátt, bratt og klettamikið og meira að lengd, liggur úr suðaustur átt til útvesturs. 10. Eyrarhlíð, að öllu samjöfn því fyrra, horfir eins, en hefur miklu minna hag- og undirlendi, byrjast frá Innsta-hálsi endar við Eyrarófæru. 11. Arnarnúpur, hæst allra framannefndra fjalla, horfir eins sem hin önnur næstgreindu, hefur sín upptök í Eyrarófæru, endar við Keldudal, að lengd nokkuð svipað hinu síðartalda, en langt um klettameira, brattara og hrjóstrugra. 12. Helgfell, líkt að hæð, byrjar við Strengbergshorn og endar við gengt Hafnadal, máske nokkuð lengra ummáls en næstum eins bratt, hrjóstrugt og klettamikið. 13. Hyrnufjall, að nokkuð sköpu- og skipulagi líkt hinu síðast nefnda, en tölувert lengra, hefur upptök sín frá Hafnadal, endar gegnt Tóarfjalli, við vestanverða Salvogahlíð, sem verður takmörk þessarar sóknar. Langsetis bak allra framan nefndra fjalla liggja svo kölluð Arnarfjarðarfjöll-strandarfjöll, en engin önnur öræfi.³⁶

³⁵ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 21-22.

³⁶ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 48-50.

ii. Borg

Landamerkjabréf Borgar er dags. 10. janúar 1922 þar sem merkjum er lýst:

Að norðanverðu ræður Hófsá landamerkjum frá upptökum til ósa. Að sunnanverðu eru landamerki bein sjónhending úr Meðalnestá á fjall upp, þaðan eftir meðalnesfjalli og austur í Glámufjallgarð að upptökum Hófsár alt eftir þar, sem vötnum hallar til Borgarlands.

iii. Rauðstaðir

Í sóknarlýsingu Vestfjarða segir m.a. um Rauðstaði:

Hafa þar verið ein beztu slægjulönd fram eftir firðinum, sem svo er kallað, eins skógarland gott upp í hlíðum. Var fyrrum þar bær fyrir framan, sem hét Skjalfönn, en nú engin. Frá þessum bæ fram með Hofsá, liggur leið yfir Glámujökul, upp úr Arnarfjarðarskarðinu. Heitir hæð ein, þá upp á fjallið er komið, Sjónfríð. Sést af henni norður á Ísafjarðardjúp, og einninn hverja, stefnu skal taka ofan í ýmsar fjörður þar, t.d. Mjóafjörð, Skötufjörð og Vatnsfjörð. [...] Frá þessari hæð, sem nefnd var Sjónfríð, byrjar fjallgarðurinn aftur norðan fram við Arnarfjörðinn, ekki mjög breiður til Dýrafjarðar. Standa nokkurnveginn á botnar fjarðanna. Þessi fjallgarður frá Sjónfríð liggur út eftir, vissa mílu vegar með firðinum. Hann er að hæð samsvara öðrum fjöllunum, hnijúklaus. Undirlendið, norðan fram Arnarfjarðar, er allstaðar lítið, því skaða skriðurnar svo mikið graslendið, því ei stöðvast þær fyrr en í fjöru eður sjó. Svo eru t.d. jörðin Rauðstaðir orðin tvísýn af skrifum og árennsli, að menn eru farnir að taka í eftirþanka að búa þar og meir en hálfpartur engja ónýtur.³⁷

Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir m.a. um Rauðstaði:

Útgángur er lakur [...] Túninu hafa skriður spilt stórlega, og er því enn nú mjög hætt. Engjarnar spillast og nokkuð sumstaðar af skriðum [...] Hætt sýnist bænum fyrir skriðum, sem á túninum hefur gengið, þó hefur það híngað til ekki stórum að meini orðið.³⁸

Landamerkjabréf Rauðstaða er dags. 27. september 1839 þar sem merkjum jarðarinnar er lýst:

Milli Rauðstaða og hjálleggjandi jarða, sem er Hjallkárseyri að utanverðu og Borg að innanverðu, eru þessi: a. Að utanverðu er svonefnd Grjóteyri, eins og hún vísa til frá sjó, í upp eptir svo nefndu Grjóteyrargili á fjall upp milli Rauðstaða og Hjallsárseyrar, og b. Að innanverðu er svo nefnd Hófá eða Hófsá í Rauðstaðafirði eptir miðju vatni hennar, eins og hún liggur frá sjó á fjall upp milli Rauðstaða og Borgar.

iv. Hjallkarseyri

³⁷ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 20-21.

³⁸ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Ísafjarðar- og Strandasýslur (VII. bindi), bls. 12.

Í sóknarlýsingu Vestfjarða segir m.a. um Hjallkarseyri og Gljúfurá:

Eins sá næsti bær fyrir utan, sem heitir Hjallkárseyri, yfir hverjum að vofir klettahöfði, úr hverjum stór björg hafa voltið að bænum. Þá er þessi fjallgarður, sem svoleiðis eyðileggur part strandarinnar, endar, kemur einn dalur og heiði yfir til Dýrafjarðar. Eftir honum rennur á, sem kölluð er Glúfrá. Að henni, í einum stað, eru mikil gljúfur eða klettar [...]. Dalurinn er næstum að kalla ávaxtalaus, utan fyrir sauðkindur á sumrum. Í honum er einn afdalur til austurs, sem kallaður er Grjótárdalur. Utan til við þennan Glúfrárdal, sem er mjór að framanverðu og brött hæð að honum enduðum, tekur fjallgarðurinn aftur til út með firðinum og er einlægur um 2/3 parta viku sjóar, með hlíðum undir og grasteigum, en ógengum klettahillum yfir stórum giljum, sem sýnast hafa sprungið, frá óminnilegum tíðum, því hryggir stórir eru fyrir neðan með grasi sumstaðar, sem þó er alltaf minnkandi af vatns og aurskriðum. Þessi fjallgarður gengur út að prestsetrinu Rafnseyri, en fremri múli hans, sem er mikið hár og stendur skáhallt til austnorðurs frá staðnum, er kallaður Ánarmúli, og skal taka það nafn af þeim elzta eður fyrsta formanni, er byggði á Eyri í Arnarfirði. Fram af staðnum í landnorður liggr stór dalur, sem kallaður er Rafnseyrardalur. Hann hefur svo afdali að austanverðu, sá neðri eður heimari kallast Djúpidalur, og er stuttur með ógna hárri klettagirðingu í kring.³⁹

Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir m.a. um Hjallkarseyri:

Túninu grandar sandfok stórlega til stórskaða og sjáfargangur, sem gjörir landbrot, item hefur fyrir 13 árum skriða runnið úr fjallinu á túnið. Engjarnar spillast stórlega af skriðum og af yfiringi búfjárins, því úthagarnir eru upplásnir og skriðurunnir.⁴⁰

Landamerkjabréf Hjallkarseyrar er dags. 3. febrúar 1923 þar sem merkjum jarðarinnar er lýst:

Að innan verðu, á milli Galtaskóaeyrar og Rauðsstaða, ræður Grjótá landamerkjunum frá fjalli til fjöru. Að utanverðu milli Hjallkarseyrar og Glúfrá ræður landamerkjum, varða fyrir ofan sjó undan miðum Hlaðshrygg, og þaðan beint til fjalls í standberg utan til í Hlaðshrygg-gjótu, og frá brún ræður stórihjalli til Snjódalsgljúfra. Á fjalli uppi liggja merkin, sem vötnum hallar til Hjallkáseyri frá Snjódalsgljúfra, að utan til Grjótá að innan.

v. *Gljúfurá*

Í sóknarlýsingu Vestfjarða segir m.a. um Glúfurá:

Sú jörð er 12 Hdr. Hvað hún er hættusöm, hef ég áður sagt. Á hlíðinni fyrir innan er góður útigangur á veturn fyrir sauðfenað. Hún er slægnalítil orðin vegna árennslis og líka veðrajörð af flestum áttum.⁴¹

³⁹Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samþand vestfirzkra áthagafélaga (1952), bls. 21-22.

⁴⁰Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Ísafjarðar- og Strandasýslur (VII. bindi), bls. 13.

⁴¹Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samþand vestfirzkra áthagafélaga (1952), bls. 33-34.

Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir m.a. um Gljúfurá

Útigangur í lakara lagi, en hefur áður skárri verið, áður en hagarnir gengu af sjer. Torfrista og stúnga er engin nýtanleg, þó brúkast verði. [...] Túnið spillist af skriðum og grjóthruni, og engjarnar að mestu eyðilagðar fyrir skriðum. Úthagarnir og so mjög forer bænum fyrir skriðuhlaupum úr fjallinu, þó það hafi híngáð til ekki að meini orðið.⁴²

Landamerkjum Gljúfurár og Karlsstaða er lýst í landamerkjabréfi karlsstaða dags. 5. desember 1923 þar sem merkjum er lýst með eftirfarandi hætti:

Að innanverðu ræður Þorbjarnará merkjum milli Karlstaða og Gljúfrá, frá upptökum óss.

vi. *Karlsstaðir*

Í sóknarlýsingu Vestfjarða segir m.a. um Karlsstaði:

Frá Gljúfurá þessari að Karlsstöðum, er ekki löng bæjarleið. Sú jörð er 12 Hdr. að dýrleika. Er Kirkjujörð Rafnseyrar: hún er mögur jörð, en hægðarkot fyrir fátt fólk, og úrbeit á vetrum, fyrir fáar sauðkindur, er þar lengi.⁴³

Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir m.a.:

Útigangur í lakara lagi. Torfrista og stúnga lök og grýtt. [...] Túninu grandar grjóts uppgangur. Úthagarnir eru og so mjög skriðurunnir. Ekki sýnist bænum oldungis óhætt fyrir grjóthruni úr fjallinu.⁴⁴

Landamerkjabréf Karlsstaða er dags. 5. desember 1923 þar sem merkjum jarðarinnar er lýst:

Að innanverðu ræður Þorbjarnará merkjum milli Karlstaða og Gljúfrá, frá upptökum óss. Að utanverðu ræður Sandeyrargil. Merkjum milli Karlstaða og Hrafseyri frá upptökum til óss. Á fjalli uppi liggja merkin eftir því sem vötnum hallar til Karlstaðalanda á svæðinu milli upptaka Þorbjarnarár og Sandeyrargils.

vii. *Hrafnseyri*

Í sóknarlýsingu Vestfjarða segir m.a. um Hrafnseyri:

Frá Karlsstöðum að Rafnseyri er löng bæjarleið enn þá út með firðinum, hér um bil 1 míla. Þessi staður var fyrrum góð jörð til heyskapar. Var áður talin 60 Hdr. að dýrleika, með 5 hjáleigum, af hverjum 3 eru niðurlagðar og afmáðar, en 2 standa, Karlsstaðir, fyrrum byggðir af heimalandi, og Rafnseyrarhús, hér standandi fyrir neðan bæinn á túninu, 12 Hdr. að dýrleika. Nú er jörðin sérstaklega mikið af sér gengin að engjaslægjum. Þær er varla nema lengst fram á dal, sem bágt er að nota í regnatíðum. Hún fóðrar ei heldur meiri pening nú en þá þær voru allar standandi, og vegna svoddan árennsla hafa þeir undanverandi prestar fengið, með biskupa leyfi, að afmá þær. Það er gott við jörðina, að

⁴² Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Ísafjarðar- og Strandasýslur (VII. bindi), bls. 14.

⁴³ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra áthagafélaga (1952), bls. 34.

⁴⁴ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Ísafjarðar- og Strandasýslur (VII. bindi), bls. 15.

hún er mikið óhættusöm fyrir skepnur, en hún er líka undiropin ágangi af annarra peningi, til dalsins, því Auðkúla, næsti bær fyrir utan, hefur lítið beitarland utan á dalnum, sem hún á þó minnst af. Á hlíðinni fyrir innan staðinn, er nokkur útigangur fyrir sauðfé á vetrum. Veðrasæl má hún líka heita. Túnið líka sæmilega gott í bærilegum grasárum.⁴⁵

Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir m.a. fram:

Engjarnar eru mjög á dreif og stórlega spiltar af skriðum, sem áeykst meir og meir. Úthagarnir eru og so af skriðum fordjarfaðir og víða uppblásnir.⁴⁶

Landamerkjabréf Hrafnseyrar er dags. 1. mars 1890 þar sem merkjum jarðarinnar er lýst:

Þorbjarnará að innan og milli Rafnseyrar og Auðkúlu, þjóðvegurinn yfir Rafnseyrarheiði ofan að Geldingadalsá, og síðan ræður Rafnseyrar merkjum til sjóar.

viii. *Auðkúla*

Í sóknarlýsingu Vestfjarða segir m.a. um Auðkúlu:

Frá Rafnseyri að Auðkúlu, út eftir, er stutt bæjarleið. Sú jörð til heyskapar og víðslæg að engjum, sem ekki eru undir orpnar bráðum skaða. Vetrarríkisjörð er hún líka, en vel í sveit komin. Þaðan er ferjustaður yfir til Bíldudals.⁴⁷

Landamerkjabréfi fyrir Auðkúlu liggur ekki fyrir. Hins vegar er merkjum jarðarinnar gagnvart Hrafnseyri lýst í landamerkjabréfi Hrafnseyrar.

ix. *Grandi*

Í sóknarlýsingu Vestfjarða segir m.a. um Grandu:

Grandi, í landsuður þaðan, ekki langt í burtu, stendur Brekkudalsá að norðanverðu, 12 Hdr. Þar er nokkur heyskapur, en áin brýtur þar árlega land og ber upp á grjót.⁴⁸

Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir m.a.:

Útigángur í meðallagi og þó heldur í skárra lagi. Torfrista og stúnga lök og lítt nýtandi. Lýngrif lítið til eldíngar með taði undan kvíkfje. Túnið spillist af grjóts áburði úr Sandá, þegar so vill til. Engjarnar spillast af grjóts áburði úr Sandá. Landþróng er mikil heima um sig, en jörðin á beitiland og selstöðu í múlanum á milli Galtardals og Brekkudals, en þángað er lángur peníngarekstur heimanað, sje ekki haft í selinu. Vatnsvegur er erfiður á veturnar í Sandá.⁴⁹

Landamerkjabréf Grandu er dags. 1. maí 1890 þar sem merkjum jarðarinnar er lýst:

⁴⁵ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra áthagafélaga (1952), bls. 34.

⁴⁶ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Ísafjarðar- og Strandasýslur (VII. bindi), bls. 16.

⁴⁷ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra áthagafélaga (1952), bls. 34.

⁴⁸ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra áthagafélaga (1952), bls. 56.

⁴⁹ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Ísafjarðar- og Strandasýslur (VII. bindi), bls. 47.

Að framan Merkiþúfa, er stendur við Sandaá, úr henni er miðað sniðhalt neðan við brekkuna hjá bænum og út í Reiðlág. Þaðan eru merkin sjónhending í Grænagarð, svo sem merkivörður sýna. Að neðanverðu ræður Grænigarður niður í Sandaá, og þá Sandaá fram að áðurnefndri Mekiþúfu. Grandi á upprekstur í Stúfudal

x. *Brekka*

Í sóknarlýsing Vestfjarða segir m.a. um Brekku:

Brekka til austnorðurs. Liggja hér tún svo að segja saman. Stendur undir Brekkukömbum og við næst ofan nefnda á, 24. Hdr. Hér er góður heyskapur, en landbrot af ánni.⁵⁰

Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir m.a.:

Útigángur í meðallagi [...] Túninu grandar skriða til forna, sem nú er nokkuð aftur uppixin. Engjunum spilla skriður til stórskaða og eyðileggíngar. Úthagarnir eru enn nú bjarglegir, þó að fjallið sje mjög uppblásið og skriðurunnið. Hætt er kvíkfje fyrir pyttum. Hætt er húsum og heyjum fyrir stórveðrum.⁵¹

Landamerkjabréf Brekku er dags. 6. júlí 1886 þar sem merkjum jarðarinnar er lýst:

Milli Granda og Brekku eru merki milli reitupartanna í Púfu, er stendur á eyrinni fyrir framan Grandakvína og úr henni upp og út á snið fyrir neðan alla brekkuna allt út í Reiðlág. Úr láginni eru merkin út eptir Árdala-brúnum allt út að svonefndum Granagarði, og ræður þá stefna hans upp á brún þangað er Brekka á land til móts við Hvammsland En þar eð Grænigarður getur innan skamms horfið með öllu, þá mun ég láta reisa vörður, er framvegis skulu sýna merkin. Að framan á Brekku Brekkudal allan niður að Grásteini sunnanvert og neðanvert á dalnum og úr honum sjónhending í Grandahorn hæst.

xi. *Hvammur*

Í sóknarlýsing Vestfjarða segir m.a. um Hvamm:

Hvammur, í sömu átt þaðan, ekki langt millum bæja, stendur undir Hvammshorni við samnefndu á og Dýrafjörð, 60 Hdr. Hér er víðlendi og sæmilegur heyskapur.⁵²

Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir m.a.:

Engjarnar eru af skriðum stórlega fordjarfaðar, sem að áeykst meir og meir. Úthagarnir eru og so merkilega skriðurunnir og uppblásnir og í hrjóstur komnir, og því verður búsmalinn jafnlega annað mál að gánga í slægjulandið og spillir það heyskapnum. [...].⁵³

Landamerkjabréf Hvamms í Dýrafirði er dags. 28. júní 1884 þar sem merkjum jarðarinnar er lýst:

⁵⁰ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra áthagafélaga (1952), bls. 56.

⁵¹ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Ísafjarðar- og Strandasýslur (VII. bindi), bls. 47.

⁵² Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra áthagafélaga (1952), bls. 56.

⁵³ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Ísafjarðar- og Strandasýslur (VII. bindi), bls. 52.

Hvammur á land inn í Svarta-Bakka og það gangvart á fjall upp, en að utan í garð þann, sem gengur úr fjöru gagnvart upp á Sandafell fyrir utan gras, en inn á Þingeyri. Þetta kunngjörum vér nágrönum vorum á Þingeyri og Ketilseyri til þess þeir annað hvort riti nöfn sín undir eða mótmæli nú þegar, því seinna verður það ekki tekið til greina.

Landamerkjabréf Hvamms í Dýrafirði milli Hvamms og Ketilseyrar er dags. 25. júní 1922. Er merkjum jarðanna lýst með eftirfarandi hætti:

Milli Hvamms og Ketilseyrar eru merkin við sjóinn í Svartabakka og beina línu á fjall upp, þar sem það er hæst rétt innan við Ausu. Til frekari skýringar er á merkjalínunni hlaðnar þrjár vörður úr grjóti, ein á sjávarkallanum, önnur þar sem saman kemur mýrin og skriðafæturnir og hin þriðja undir fjallsrótum. Milli Hvamms og Þingeyrar eru merkin í Ásgarð og þaðan beint upp á fellið Garðurinn er gamalt mannvirki og sést enn greinilega fyrir honum, en ekkert hefir verið grjót til að endurnýja þau merki.

xii. *Ketilseyri*

Í sóknarlýsing Vestfjarða segir um Ketilseyri:

Ketilseyri, lengra bæja á milli, en liggjandi í sömu átt, stendur undir Ausufjalli við Ketilseyrará og Dýrafjörð, 18 Hdr. Þar víðlendi mikið og heyskapur.⁵⁴

Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir m.a.:

Engjarnar eru af skriðum stórlega fordjarfaðar, sem áeykst meir og eir. Úthagar eru og so bjarglegir ennþá, en þó árlega af sjer að gánga af skriðuföllum.⁵⁵

Landamerkjabréf Ketilseyrar er dags. 16. júlí 1889 þar sem merkjum jarðarinnar er lýst:

Ketilseyri á land að utanverðu í grjótvörðu, sem stendur á svonefndum Svartabakka og þaðan sjónhending í Ausuhornið unnra. Að innanverðu á ofannefnd jörð land í Digranestána, þaðan í stein, sem stendur í Launguláarholtinu, þaðan í Grænateig, og þaðan beint upp á hæðstu fjallsbrúnir.

xiii. *Kjaransstaðir*

Í sóknarlýsing Vestfjarða segir um Kjaransstaði:

Kjaranstaðir, í útvestur. Þar kortur vegur til næsta bæjar. Stendur undir Kjaranstaðahorni við samnefnda á og Dýrafjörð, 12 Hdr. Það er jarðsamt á vetrum, notagott fyrir fénað á sumrum, en hrjóstugt, heyskaparlítið og næðingasamt.⁵⁶

Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín segir m.a.:

⁵⁴ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 56.

⁵⁵ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Ísafjarðar- og Strandasýslur (VII. bindi), bls. 53.

⁵⁶ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 55-56.

Túnið spillist af skriðu. Engjarnar í sama máta eru fordjarfaðar og að mestu eyðilagðar fyrir skriðum. Úthagarnir eru og so mjög af sjer gengnir af skriðum.⁵⁷

Landamerkjabréf Kjaranstaða er dags. 24. apríl 1886 þar sem merkjum jarðarinnar er lýst:

Að innanverðu milli Dranga og Kjaransstaða eru merkin í Hellunestána, og þaðan sjónhending í innri gjána í Kjaransstaðahorninu. Að utanverðu eru merkin milli Kjaransstaða og Ketilseyrar í Digranestána, en úr henni beint uppí Stein á Löngulágar holtinu, þaðan sjónhending uppí Grænateig, og svo þaðan í sömu stefnu beint upp í hæstu fjallsbrún. Þessi merki hafa verið það við vitum ítökulaus frá ómunatíð, eptir því sem gamlir menn hafa frá skýrt, þeir sem á Kjaranesstöðum hafa búið, og verða þeir, sem lönd eiga til móts við okkur, annað hvort samþykka merkjaskrá þessa eða þá að sýna óræk skjöl og skilríki fyrir jörðum sínum, því ella verður merkjum þessum í engu breytt.

xiv. *Drangar*

Í sóknarlýsingu Vestfjarða segir um jörðina Dranga:

Drangar, innstur í Sandasókn til austurs, langt burt liggjandi frá öðrum sóknarbæjum, stendur í nánd bænum samnefndum fjalltindi við Bæjará og Dýrafjörð. Dýrleiki 12 Hdr. Þar er víðlendi mikið, góðir hagar á sumrum og nægur heyskapur, en næðinga- og illviðrasamt og oft mikil fannalög á vetrum.⁵⁸

Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir m.a. um Dranga:

Útigángur líttill í fjörunni, sæmilegur á landi. Torfrista og stúnga lök og lítt nýtandi. Skógur til raftviðar þrýtur mjög og fellur í fauska, en til kolgjörðar og eldiviðar nægur. Silúngsveiði hefur verið nokkur í Drángalæk, en nú mjög lítil. Grastekja lítil. Engjarnar spillað sumstaðar af skriðum.⁵⁹

Landamerkjabréf Dranga er dags. 25. mars 1886 þar sem merkjum jarðarinnar er lýst:

Að framanverðu milli Botns og Dranga ræður áin fram á fjall, eins og hún hefir fallið, og allt til sjávar, en að utanverðu milli Dranga og Kjaransstaða eru merkin í Hellunestána og þaðan sjónhending upp í innri gjána í Kjaransstaðahorninu. Þessi merki hafa verið átölulaus frá ómunatíð og enginn ágreiningur milli nefndra jarða, svo neinn viti til.

4.1.3. *Veturlandafjall - Skeggi*

i. *Sérstaklega um kröfusvæðið*

Í lýsingu Álftamýrarsóknar í sóknarlýsingu Vestfjarða segir m.a. um kröfusvæðið:

Sóknin er að lengd með sjóarströndinni nokkuð lítið meira en hálf þingmannaleið. Þeir fáu bæir, sem í henni eru, standa fyrir dalamunnunum, með litlum grasblettum, það er að

⁵⁷ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Ísafjarðar- og Strandasýslur (VII. bindi), bls. 53.

⁵⁸ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra áthagafélaga (1952), bls. 55.

⁵⁹ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Ísafjarðar- og Strandasýslur (VII. bindi), bls. 54.

skilja túnmyndunum í kringum sig, því útengjar eður slægjulönd eru varla að telja, því undirlendið er ekki að kalla neitt með eður undir fjöllunum. En aðalfallabálkurinn er einlægur frá Glámu út að yzta nesi, sem liggur milli Dýra- og Arnarfjarðar [...] Fjöllin í sókninni er mest klettafjöll, frá miðjum hlíðum eður neðar, en einberar grjóthlíðar að undirlendi, en þó sumstaðar litlir grasteigar uppeftir helzt í dölunum, sem þó eru alltaf að minnka, og ár frá ári að aftakast af aurskriðum og grjótkasti, sem sérdeilis renna og falla í stórrigningum og snjóaleysingum. Grjótið í fjöllunum sýnist helzt vera stuðlagrjót, því hillumót sýnast allstaðar í þeim, hver upp af annarri, þó engin skepna nema fuglinn fljúgandi geti þar fest fót sinn.⁶⁰

ii. Stapadalur

Í sóknarlýsingu Vestfjarða segir um Stapadal:

12 hundruða jörð, og er eign kirkjunnar. Líka tilheyra henni þrjár jarðir inn í Rafnseyrarkirkjusókninni. Fram að þessum bæ liggur einn dalur, sem heitir Stapadalur. Rennur á frá honum, ekki mjög stór, sem kennd er við bæinn. Á dalnum er nokkur hagbeit á sumrum, þó magurleg, og lítið engjapláss utantil við ána, að neðanverðu, út af bænum. Að innanverðu umkringist dalurinn af áðurgreindu Miðskjaldarfjalli og Kaldbaksstrýtunni, en að utanverðu er ein hlið, sem upp má ganga á fjöllin, og heitir Veturlönd.⁶¹

Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir m.a. Stapadal:

Útigángur í fjörunni í betra lagi, en lakari á landi. Torfrista og stúnga lök og lýtt nýtandi. Svörður lítill og lakur til eldiviðar með tapi og tilkeyptu hrísi. [...] Engjar eru að mestu eyðilagðar fyrir skriðum. Úthagarnir í sama máta fordjarfaðir af skriðum og hagalítið fyrir búfje. Hætt er kvikfje fyrir sjáfarflæðum og so fyrir snjóflóðum.⁶²

Landamerkjabréf Stapadals er upphaflega dags. 20. júní 1884 þar sem merkjum er lýst:

Að utan milli Loðskinnhamra og Stapadals Bjargaá, að innan milli Álptamýrar og Stapadals Landamerkjasker, þaðan sjónhenda í Tóuhúsholt, og þaðan sjónhenda í hlíð. Til fjalla ræður vatnahalli merkjum.

iii. Hrafnbjörg

Í sóknarlýsingu Vestfjarða segir um Hrafnbjörg:

Pessi jörð, Hrafnbjörg, 12 hundruð að dýrleika, grasnytjalítil. Bærinn stendur innan til við eina á, sem fellur úr einum löngum dal, sem kallast Loðkinnhamradalur. Hann er langur fram til fjalls og skiptir áin löndum. Fram eftir dalnum eru fjárhagar beggja megin, en ekki miklar slægjur. Vegur liggur upp úr honum til Dýrafjarðar, ekki góður yfirferðar.

⁶⁰ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 37-38.

⁶¹ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 40-42.

⁶² Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Ísafjarðar- og Strandasýslur (VII. bindi), bls. 24.

Hann er umgirtur af Skeggjafallinu að innanverðu, en af öðru fjalli að utan, sem heitir Bæjarnúpur og nær jafn fram við Skeggjanúpinn.⁶³

Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir m.a. Hrafnabjörg:

Útigángur í fjörunni lakur, en á landi í betra lagi. Torfrista og stúnga engin nýtanleg, en brúkast þó. Svarðarstúnga lítil í fjarska. Hvannatekja hefur verið í Lokinhamrató, sem að nú er öldúngis eydd og í skriðu fallið. Engjarnar eru að mestu leytti eyðilagðar fyrir skriðum, og úthagarnir í sama máta af skriðum stórlega fordjarfaðir. Hætt er kvíkfje á veturn fyrir sjáfargángi, á veturn þegar sauðfje rennur í fjöruna undir klettana, sem þar eru við sjóinn.⁶⁴

Landamerkjum Hrafnabjarga er lýst í landamerkjabréfi Lokinhamra, Salvoga, Hrafnabjarga og Stapadals sem dags er 30. maí 1890, þar sem merkjum jarðarinnar er lýst sem:

Milli Lokinhamra og Hrafnabjargs eru landamerki áin, sem fellur eptir dalnum heilt að upptökum hennar, og þaðan beina sjónhending í fell, sem stendur fyrir miðjum dalbotninum, og kallast Sæólfssfell, milli Hrafnabjargar að unnanverðu og Stapadals að utan eru landamerki í stóran standklett í fjörunni milli bæjanna, er kallaður er Stapi, og beina sjónhending upp fjallið.

iv. *Haukadalur*

Í sóknarlýsing Vestfjarða fjallað um Haukadal:

Haukadalur, ysti bær í Sandasókn, til sömu áttar, en nokkuð lengra millum bæja. Stendur undir bænum samnefndum svo kölluð Felli (fjall). Skammt frá Haukadalsá. Dýrleiki 60 Hdr. Þar er sérlega góður heyskapur á þerrsumrum, en liggur undir af snjó á vetrum.⁶⁵

Þá segir í sóknarlýsing Vestfjarða að Haukadalur hafi átt selstöðu í samnefndum dal sem hafi verið niðurlögð 1828.⁶⁶

Landamerkjabréf Haukadals er dags. 3. júlí 1886, þar sem merkjum jarðarinnar er lýst:

Að utanverðu frá Fellsrönd niður eptir Ytri-Merkishrygg um svokallað Tóutún í Sveinseyrarármynni. Að innan ræður Merkishryggur beint í sjó niður í nes það, er liggur utanvert við Helluvík. Innan þessara takmarka á Haukadalur land allt milli fjalls og fjöru fram í fremstu daladrög.

⁶³ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra áthagafélaga (1952), bls. 44.

⁶⁴ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Ísafjarðar- og Strandasýslur (VII. bindi), bls. 25.

⁶⁵ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra áthagafélaga (1952), bls. 57.

⁶⁶ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra áthagafélaga (1952), bls. 58.

4.1.4. Skjöldur/Bæjarfjall og Þverfjall.

i. Sérstaklega um kröfusvæðið

Í lýsingu Sanda- og Hraunssókna í Dýrafirði segir m.a.

Fjöllin eru þessi: 1. Drangahlíð, langur fjallgarður, liggur frá suðaustri til útvesturs, hefur sín upptök af fjöllum fyrir Dýrafjarðarbotni, en þau aftur frá jöklinum Glámu. Fjall þetta nær að Kjaransstaðaá, er ekki ákaflega hátt eða bratt. Hefur tölувert grasivafið undirlendi og grasgeira með skriðum á milli, sem liggja frá klettum ofan, 2. Tafla liggur í sömu átt neðan við Ketilseyrardal, fjall ekki langt um sig, en líkt að flestu því fyrrtalda. 3. Ketilseyrarhlíð, nokkuð lægri og styttri fjallgarður heldur en Drangahlíð og liggur til sömu áttar, en henni að öllu öðru lík. Hún byrjar við dal nokkurn með sama nafni, en endi hennar er horn eitt, sem nefnist Hvammshorn, hár tindur og brattur, með klettum hið efra og grasgeirum neðra. 4. Príhnjúkafjall hjá Hvammi liggur í sömu átt og mjög svipað að lengd og lögun næst ofan áminnstu fjalli, utan nokkuð máske hærra, klettameira og brattara. Hefur sín upptök við Hvammsdal og endar við Brekkuháls. 5. Bakkahorn, hæst allra fyrrtalina fjalla, næstum kringlótt og uppmjótt sem varða, ekki ákaflega bratt, en klettamikið og hrjóstrugt. 6. Príhnjúkafjall, austan megin við Sandá, lík að hæð hinu fyrr greinda, þó meira ummáls, liggur frá suðri til útnorðurs, byrjar við Hlaðshvilst og endar hjá Meðaldal. Þetta er óbratt og klettalaust, en hrjóstrugt skriðufjall. 7. Meðaldalshæð, byrjar við svokallaða Nónhvilst, endar við Haukadalsá, liggur frá þvervestri til útnorðurs, lægra en því fyrrnefnda, klettar frá miðju þess upp úr, það brattara sjálft og undir eins mjög graslítið. 8. Haukadalsfjall (fell), hefur upptök sín frá Lambadal og endar við Eyrardal, horfir að öllu eins því fyrr ofan áminnsta, jafn líkt að grasi, en öllu hærra, brattara og klettameira. 9. Eyrarfjall hefur upptök sín hjá samnefndri hvilft og endast við svo nefndan Innstaháls, nokkuð grasmeira, en fullt svo hátt, bratt og klettamikið og meira að lengd, liggur úr suðaustur átt til útvesturs. 10. Eyrarhlíð, að öllu samjöfn því fyrra, horfir eins, en hefur miklu minna hag- og undirlendi, byrjast frá Innsta-hálsi endar við Eyrarófæru. 11. Arnarnúpur, hæst allra framannefndra fjalla, horfir eins sem hin önnur næstgreindu, hefur sín upptök í Eyrarófæru, endar við Keldudal, að lengd nokkuð svipað hinu síðartalda, en langt um klettameira, brattara og hrjóstrugra. 12. Helgafell, líkt að hæð, byrjar við Strengbergshorn og endar við gent Hafnadal, máske nokkuð lengra ummáls en næstum eins bratt, hrjóstrugt og klettamikið. 13. Hyrnufjall, að nokkuð sköpu- og skipulagi líkt hinu síðast nefnda, en tölувert lengra, hefur upptök sín frá Hafnadal, endar gegnt Tóarfjalli, við vestanverða Salvogahlíð, sem verður takmörk þessarar sóknar. Langsetis bak allra framan nefndra fjalla liggja svo kölluð Arnarfjarðarfjöll-strandarfjöll, en engin önnur öræfi.⁶⁷

ii. Lokinhamrar

Í sóknarlýsing Vestfjarða er fjallað um Lokinhamra,

⁶⁷ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 48-50.

Loðkinhamrar, 29 hundraða jörð að dýrleika. Það er allgóð jörð að grasnytjum og flutningsjörð með fínað, en undirorpín skemmdum og afnámi af skriðum. Hún hefur mikil land út af fyrir sig, því fyrir utan þann nefnda Bæjarnúp liggur enn dalur, sem heitir Dalsdalur. Fram undan honum er[u] graslendur tölverðar, hvar skarar lengi niður á vetrardag. Á nesi þar var fyrrum bær, sem fyrir löngu er í eyði. Í fyrri daga var svo bænahús í Loðkinnhömrum, sem fyrir löngu er aftekið, því þá byggðu þar fjórir eða fimm bændur, en nú ekki utan einn. Þessi jörð hefur og nokkra annmarka, sem er sá helzti, að ákaflæga háir bakkar eru fyrir neðan og utan bæinn, hvar stórn fenni í safnast, hlaupa þeir fram og hafa drepið fé oftlega í skriðunni eður snjóflóðinu, en fé þar, eins og á öllum þessum 5 bæjum sóknarinnar, er allt komið upp á sjávarþara til lífsbjargar sinnar. Það land, sem sókn þessari tiltemur, fyrir utan Dalsdal, gefur lítið tilefni til útmálunar, því fyrir utan Dalsdalinn byrjar ennþá eitt fjall, sem nær allt fram á nesið milli Dýra- og Arnarfjarðar. Innan til í þessu fjalli er eitt merkilegt hvannstóð, sem heitir Loðkinhamrató. Þangað komst ekki nema færir menn, því þar er þrítugt berg ofan, hvar hvannaflinn er láttinn síga.⁶⁸

Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín segir m.a

Útigángur í fjörunni í betra lagi, og so á landi. Torfrista og stúnga lök og lítt nýtandi. Svarðarstúnga lítil í folarska til eldíngar með taði undir kvikfje. Hvannatekja hefur verið í björgum, sem nú er að kalla eydd af skriðufalli, voru og til hvannanna stórar ógöngur, og brúkaðist því lítt. [...] Túnið hefur spilst stundum af skriðu og sprottið upp þess á milli. Engjarnar eru að mestu eyðilagðar fyrir skriðum. Hætt er útigángspeníngi fyrir snjóflóðum og sjáfarflæðum, og hefur oft því stórn skaði orðið.⁶⁹

Landamerkjum Lokinhamra er lýst í landamerkjabréfi sem þinglýst var 30. maí 1890, þar sem merkjum jarðarinnar er lýst sem:

Landamerki milli Lokinhamra og Salvoga eru eptir gömlum máldögum úr Hlíðarstandi stengbergskletti niður úr fjallinu beina sjónhending í klett niður í fjöru, sem kallast Litla barð, en að sunnan og innanverðu milli Lokinhamra og Hrafnbjargs eru landamerki áin, sem fellur eptir dalnum heilt að upptökum hennar, og þaðan beina sjónhending í fell, sem stendur fyrir miðjum dalbotninum, og kallast Sæólfssfell.

iii. Salvogar

Í sóknarlýsing Vestfjarða segir um jörðina Salvoga:

Salvogar, yzti bærinn í Hraunssókn, til útvesturs. Ekki löng bæjarleið. Stendur við bænum samnefnda hlíð (fjall) og utanverðan Dýrafjörð. Dýrleiki 24 Hdr. Þar er góður útigangur, en hrjóstrugt og heyskaparlítið.⁷⁰

⁶⁸ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra áthagafélaga (1952), bls. 44.

⁶⁹ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Ísafjarðar- og Strandasýslur (VII. bindi), bls. 26þ

⁷⁰ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra áthagafélaga (1952), bls. 58.

Pá segir einnig að Salvogar hafi átt selstöðu svokölluðum Seljahjalla við Sléttanes sem hafi verið lögð niður 1830.⁷¹

Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín segir m.a.:

Sliettanes. Fornt eyðiból í Selvoga landi inn með sjónum að Arnarfirði á leiðina. Þar sjást byggíngarleifar af tóftarústum, en ekki hefur þar bygð staðið í næstu tvö hundruð ár eða lengur, og eru munnmæli að þessi jörð hafi þá verið xii að dýrleika og Selvogar önnur xii, og hafi þessi jörðin þá lagst til Selvoga, þegar að bygðin tókst af.⁷²

Landamerkjum Salvoga og Lokinhamra er lýst í landamerkjabréfi í landamerkjabréfi sem þinglýst var 30. maí 1890 og greint var frá í umfjöllun um Lokinhamra.

iv. Hraun

Í jarðarmati Ísafjarðarsýslu 1849-1850 kemur fram:

jörðin er að vísu allgóð og hagsael, en hið forna hundraðatal er nærsta til mikið [móti] öðrum jörðum.

Í sóknarlýsingu Vestfjarða segir um Hraun:

Hraun, í útnorður, allskammt þaðan. Stendur undir Helgafelli, við bænum samnefnda á. Dýrleiki 60 Hdr. Þar er góður útigangur, en hrjóstrugt og heyskaparlítið.⁷³

Þá segir einnig að jörðin Hraun hafi átt selstöðu á Gjálpar- og Hvammsdal sem hafi verið lögð niður 1820.⁷⁴

Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir m.a.:

Engjarnar eru sumstaðar eyðilagðar af skriðum, en sumstaðar upphornaðar og í hrjóstur komnar, item spillir þeim Þverá með grjóts og sands áburði. Hagarnir eru og so mjög fordjarfaðir af skriðum, bæði heimalandið og selhagarnir, og orsakar þessi grasbrestur stóra nytþurð á búsmalanum.⁷⁵

Landamerkjabréf Hrauns með jörðinni Saurum er dags. 20. maí 1886, þar sem merkjum jarðanna er lýst:

Að utanverðu eru merkin í vatnsbunu á, er fellur fram úr bergeninu innan til í ófærunefinu á ytri Hlíð og þaðan beina sjónhending á brún upp, en hið innra milli Hrauns og Skálarár eru merkin Sporstein, þaðan í Oddnýjartópt, en úr henni sjónhending í Hundshornsgjótu. Milli Árnarnúps og Hrauns skiptir áin landi jarðanna með þeirri athugasemd að hóll sá, sem húsin standa á, innan til við árkjaptinn niðri við sjóinn hefir fyrir nokkrum tíma verið fyrir utan ána og þannig legið í Hrauns landi, og tilheyrir því Hrauns landi enn Hóll þessi

⁷¹ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra áthagafélaga (1952), bls. 58.

⁷² Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Ísafjarðar- og Strandasýslur (VII. bindi), bls. 29.

⁷³ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra áthagafélaga (1952), bls. 58.

⁷⁴ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra áthagafélaga (1952), bls. 58.

⁷⁵ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Ísafjarðar- og Strandasýslur (VII. bindi), bls. 32.

er enn í dag kallaður Hólmi. Kirkjan í Hrauni á skóg á Kleifum í Dýrafirði og reka hálfum í Keflavík. Þessi eru landamerki á Saurum. Að utanverðu Saura og Skálarár skilur Svarðarholt og þaðan sjónhending í merkisstein í Hvylftarbrekkum, en þaðan beina sjónhending á fjallsbrún upp. Þaðan liggur land jarðarinnar fram eptir dalnum svo sem áin ræður, og beina sjónhending í Hálfdánargjá. Hinrar svonefndu Staðareyrar, sem eru nú Arnarnúpsmegin við ána, hafa verið í Saura landi, eins og glöggur og gamall árfarvegur sýnir. Þær eyrar hafa á seinni tímum legið undir Hraun, og eiga að fylgja þeirri jörð hér eptir.

iii. Arnarnúpur

Í sóknarlýsingu Vestfjarða segir um Arnarnúp:

Arnarnúpur, til útsuðurs. Þar er langur vegur milli bæja. Stendur undir bænum samnefnum núp við Langá. Dýrleiki 30 Hdr. Þar er góður útigangur.⁷⁶

Landamerkjabréf Arnarnúps er dags. 1. desember 1889, þar sem merkjum jarðarinnar er lýst:

Allt neðan frá sjó ræður áin fram eptir dalnum og beina sjónhending í Hálfdánargjá, að fráteknum hinum svonefndu Staðareyrum, sem nú eru Arnarnúps megin við ána, og hólmunum niðri við ár ósinn, sem getið er um í Hraunsmerkjaskrá. En á milli Arnarmýrar og Sveinseyrar eru merkin í sker það, sem er fyrir innan svonefnda ófæru, og nefnist Ófærusker, þaðan beina sjónhending á fjall upp.

v. Haukadalur

Í sóknarlýsingu Vestfjarða fjallað um Haukadal:

Haukadalur, ysti bær í Sandasókn, til sömu áttar, en nokkuð lengra millum bæja. Stendur undir bænum samnefndum svo kölluð Felli (fjall). Skammt frá Haukadalsá. Dýrleiki 60 Hdr. Þar er sérlega góður heyskapur á þerrasumrum, en liggur undir af snjó á vetrum.⁷⁷

Þá segir í sóknarlýsingu Vestfjarða að Haukadalur hafi átt selstöðu í samnefndum dal sem hafi verið niðurlögð 1828.⁷⁸

Landamerkjabréf Haukadals er dags. 3. júlí 1886, þar sem merkjum jarðarinnar er lýst sem:

Að utanverðu frá Fellsrönd niður eptir Ytri-Merkishrygg um svokallað Tóutún í Sveinseyrarármynni. Að innan ræður Merkishryggur beint í sjó niður í nes það, er liggur utanvert við Helluvík. Innan þessara takmarka á Haukadalur land allt milli fjalls og fjöru fram í fremstu daladrög.

⁷⁶ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra áthagafélaga (1952), bls. 58.

⁷⁷ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra áthagafélaga (1952), bls. 57.

⁷⁸ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra áthagafélaga (1952), bls. 58.

4.1.5. Tóarfjall, Hrafnarhyrna, Helgafell, Skálarfjall og Geldingardalshorn

i. Sérstaklega um kröfusvæðið

Í lýsingu Sanda- og Hraunssókna í Dýrafirði segir m.a.

Fjöllin eru þessi: 1. Drangahlíð, langur fjallgarður, liggur frá suðaustri til útvesturs, hefur sín upptök af fjöllum fyrir Dýrafjarðarbotni, en þau aftur frá jöklínnum Glámu. Fjall þetta nær að Kjaransstaðaá, er ekki ákaflega hátt eða bratt. Hefur tölувert grasivafið undirlendi og grasgeira með skriðum á milli, sem liggja frá klettum ofan, 2. Tafla liggur í sömu átt neðan við Ketilseyrardal, fjall ekki langt um sig, en líkt að flestu því fyrrtalda. 3. Ketilseyrarhlíð, nokkuð lægri og styttri fjallgarður heldur en Drangahlíð og liggur til sömu áttar, en henni að öllu öðru lík. Hún byrjar við dal nokkurn með sama nafni, en endi hennar er horn eitt, sem nefnist Hvammshorn, hár tindur og brattur, með klettum hið efra og grasgeirum neðra. 4. Príhnjúkafjall hjá Hvammi liggur í sömu átt og mjög svipað að lengd og lögun næst ofan áminnstu fjalli, utan nokkuð máske hærra, klettameira og brattara. Hefur sín upptök við Hvammsdal og endar við Brekkuháls. 5. Bakkahorn, hæst allra fyrrtalina fjalla, næstum kringlótt og uppmjótt sem varða, ekki ákaflega bratt, en klettamikið og hrjóstrugt. 6. Príhnjúkafjall, austan megin við Sandá, lík að hæð hinu fyrr greinda, þó meira ummáls, liggur frá suðri til útnorðurs, byrjar við Hlaðshvilst og endar hjá Meðaldal. Þetta er óbratt og klettalaust, en hrjóstrugt skriðufjall. 7. Meðaldalshæð, byrjar við svokallaða Nónhvilst, endar við Haukadalsá, liggur frá þvervestri til útnorðurs, lægra en því fyrrnefnda, klettar frá miðju þess upp úr, það brattara sjálft og undir eins mjög graslítið. 8. Haukadalsfjall (fell), hefur upptök sín frá Lambadal og endar við Eyrardal, horfir að öllu eins því fyrr ofan áminnsta, jafn líkt að grasi, en öllu hærra, brattara og klettameira. 9. Eyrarfjall hefur upptök sín hjá samnefndri hvilft og endast við svo nefndan Innstaháls, nokkuð grasmeira, en fullt svo hátt, bratt og klettamikið og meira að lengd, liggur úr suðaustur átt til útvesturs. 10. Eyrarhlíð, að öllu samjöfn því fyrra, horfir eins, en hefur miklu minna hag- og undirlendi, byrjast frá Innsta-hálsi endar við Eyrarófæru. 11. Arnarnúpur, hæst allra framannefndra fjalla, horfir eins sem hin önnur næstgreindu, hefur sín upptök í Eyrarófæru, endar við Keldudal, að lengd nokkuð svipað hinu síðartalda, en langt um klettameira, brattara og hrjóstrugra. 12. Helgafell, líkt að hæð, byrjar við Strengbergshorn og endar við gent Hafnadal, máske nokkuð lengra ummáls en næstum eins bratt, hrjóstrugt og klettamikið. 13. Hyrnufjall, að nokkuð sköpu- og skipulagi líkt hinu síðast nefnda, en tölувert lengra, hefur upptök sín frá Hafnadal, endar gegnt Tóarfjalli, við vestanverða Salvogahlíð, sem verður takmörk þessarar sóknar. Langsetis bak allra framan nefndra fjalla liggja svo kölluð Arnarfjarðarfjöll-strandarfjöll, en engin önnur öræfi.⁷⁹

ii. Salvogar

Í sóknarlýsingu Vestfjarða segir um jörðina Salvoga:

⁷⁹ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samþand vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 48-50.

Salvogar, yzti bærinn í Hraunssókn, til útvesturs. Ekki löng bæjarleið. Stendur við bænum samnefnda hlíð (fjall) og utanverðan Dýrafjörð. Dýrleiki 24 Hdr. Þar er góður útigangur, en hrjóstrugt og heyskaparlítið.⁸⁰

Þá segir einnig að Salvogar hafi átt selstöðu svokölluðum Seljahjalla við Sléttanes sem hafi verið lögð niður 1830.⁸¹

Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir m.a.:

Sliettanes. Fornt eyðiból í Selvoga landi inn með sjónum að Arnarfirði á leiðina. Þar sjást byggíngarleifar af tóftarústum, en ekki hefur þar bygð staðið í næstu tvö hundruð ár eða lengur, og eru munnmæli að þessi jörð hafi þá verið xii að dýrleika og Selvogar önnur xii, og hafi þessi jörðin þá lagst til Selvoga, þegar að bygðin tókst af.⁸²

Landamerkjabréf Salvoga er dags 30. maí 1890, þar sem merkjum jarðarinnar er lýst sem:

Milli Lokinhamra í Auðkúluhreppi og Svalvoga í Pingeyrarhreppi eru eptir gömlum máldögum úr Hlíðarstandi stengbergskletti niður úr fjallinu beina sjónhending í klett niður í fjöru, sem kallast Litla barð, en að sunnan og innanverðu milli Lokinhamra og Hrafnabjargs eru landamerki áin, sem fellur eptir dalnum heilt að upptökum hennar, og þaðan beina sjónhending í fell, sem stendur fyrir miðjum dalbotninum, og kallast Sæólfssfell, milli Hrafnabjargar að unnanverðu og Stapadals að utan eru landamerki í stóran standklett í fjörunni milli bæjanna, er kallaður er Stapi, og beina sjónhending upp fjallið.

iii. Höfn

Í sóknarlýsingu Vestfjarða segir um Höfn:

Höfn, til norðvesturs. Langur vegur millum. Stendur á Hafnarnesi, við bænum samnefnda á og utanverðan áður oft nefndan fjörð. Dýrleiki 12 Hdr. Þar er góður útigangur, en lítt heyskapur.⁸³

Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir m.a.:

Útigángur í fjörunni í betra lagi, en lakur á landi. Torfrista og stúnga að kalla engin nýtandi. [...] Túninu hafa grandað skriður og grjóthrun til stórskaða, sem jafnlega áeykst meir og meir. Engjar eru gjörsamlega eyðilagðar fyrir skriðum og grjóthruni. Úthagarnir eru og so mjög forspiltir af skriðum, og því þarf ábúandi að þiggja haga af Selvogum, helst á veturnar, og kemur þar á móti óákveðinn góðvilji en enginn viss beitartollur.⁸⁴

Landamerkjum Hafnar er lýst í landamerkjabréfi, dags. 1. desember 1891 þar sem merkjum er lýst:

⁸⁰ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra áthagafélaga (1952), bls. 58.

⁸¹ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra áthagafélaga (1952), bls. 58.

⁸² Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Ísafjarðar- og Strandasýslur (VII. bindi), bls. 29.

⁸³ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra áthagafélaga (1952), bls. 58.

⁸⁴ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Ísafjarðar- og Strandasýslur (VII. bindi), bls. 30-31.

Landmerki téðrar jarðar eru að utan (vestan), milli Hafnar og Svalvoga, í Kögurþúfu við sjóinn og þaðan sjónhending í Hafnarskarð á fjalli upp. Að innan (suðaustan), milli Hafnar og Hrauns, í berg uppsprettu læk innan til við Ófærunef, og þaðan sjónhending í fjall upp.

iv. Hraun

Í sóknarlýsingu Vestfjarða segir um Hraun:

Hraun, í útnorður, allskammt þaðan. Stendur undir Helgafelli, við bænum samnefnda á. Dýrleiki 60 Hdr. Þar er góður útigangur, en hrjóstrugt og heyskaparlítið.⁸⁵

Þá segir einnig að jörðin Hraun hafi átt selstöðu á Gjálpar- og Hvammsdal sem hafi verið lögð niður 1820.⁸⁶

Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir m.a.:

Engjarnar eru sumstaðar eyðilagðar af skriðum, en sumstaðar uppþornaðar og í hrjóstur komnar, item spillir þeim Þverá með grjóts og sands áburði. Hagarnir eru og so mjög fordjarfaðir af skriðum, bæði heimalandið og selhagarnir, og orsakar þessi grasbrestur stóra nytþurð á búsmalanum.⁸⁷

Landamerkjabréf Hrauns og Saura er dags. 20. maí 1886, þar sem merkjum jarðanna er lýst:

Að utanverðu eru merkin í vatnsbunu á, er fellur fram úr bergeninu innan til í ófærunefinu á ytri Hlíð og þaðan beina sjónhending á brún upp, en hið innra milli Hrauns og Skálarár eru merkin Sporstein, þaðan í Oddnýjartópt, en úr henni sjónhending í Hundshornsgjótu. Milli Árnarnúps og Hrauns skiptir áin landi jarðanna með þeirri athugasemd að hóll sá, sem húsín standa á, innan til við árkjaptinn niðri við sjóinn hefir fyrir nokkrum tíma verið fyrir utan ána og þannig legið í Hrauns landi, og tilheyrir því Hrauns landi enn Hóll þessi er enn í dag kallaður Hólmi. Kirkjan í Hrauni á skóg á Kleifum í Dýrafirði og reka hálfum í Keflavík. Þessi eru landamerki á Saurum. Að utanverðu Saura og Skálarár skilur Svarðarholt og þaðan sjónhending í merkisstein í Hvylftarbrekkum, en þaðan beina sjónhending á fjallsbrún upp. Þaðan liggur land jarðarinnar fram eptir dalnum svo sem áin ræður, og beina sjónhending í Hálfánargjá. Hinar svonefndu Staðareyrar, sem eru nú Arnarnúpsmegin við ána, hafa verið í Saura landi, eins og glöggur og gamall árfarvegur sýnir. Þær eyrar hafa á seinni tímum legið undir Hraun, og eiga að fylgja þeirri jörð hér eptir.

v. Skálará

Í sóknarlýsingu Vestfjarða segir um Skálará:

⁸⁵ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra áththagafélaga (1952), bls. 58.

⁸⁶ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra áththagafélaga (1952), bls. 58.

⁸⁷ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Ísafjarðar- og Strandasýslur (VII. bindi), bls. 32.

Skálará, í útnorður þaðan. Liggja tún næstum saman. Stendur undir svokallaðri Skál (eða Skálarfjalli). Dýrleiki 8 Hdr. Þar er hrjóstrugt og hart um heyskap.⁸⁸

Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir m.a.:

Túninu grandar lækjargil með landbroti og grjóts áburði til stórskaða, og enginu með grjóts áburð í sama máta og Hraunsá, þó það sje í minna lagi. Landþróngt er, og gengur búfje mjög á nágranna bæði vetur og sumar, og brúkar Saurar fyrir þessa beit lítinn slægjuspotta af þessari jörðu.⁸⁹

Landamerkjabréf Skálará er dags. 5. desember 1891, þar sem merkjum er lýst sem:

Að utan (norðan), milli Skálarár og Hrauns, í Sporstein og Oddnýjar tóft, og þaðan sjónhending í Hundshornsgjótu. Að framan (sunnan), milli Skálarár og Saura, í stein á Svarðarholti og annan í Skálarár Hvylftar-brekkum, og eptir þessum steinum í beina línu frá á og á fjallsbrún.

vi. Saurar

Í sóknarlýsing Vestfjarða segir um Saura:

Saurar, í útsuður þaðan, stuttur vegur millum. Dýrleiki 12 Hdr. Hér er nægur og góður heyskapur, en tún og engjar vatni umflotið.⁹⁰

Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir m.a.:

Enginu hefur spilt Hraunsá með landbroti og so nokkuð skriður úr brattlendi. Haga selur jörðin Skálará fyrir lítinn engjaspott, sem áður segir um Skálará.⁹¹

Landamerkjabréf Saura er ódagsett þar sem merkjum jarðarinnar er lýst sem:

Milli Saura og Skálarár í stein í hinn svonefnda Svarðarholti og beint í á, og aptur úr þeim sama steini beint í annan merkistein í Skálaráar Hvylftabrekkum, og þaðan beina beina sjónhendingu í fjallsbrún upp. En merkin að framan í þverá, er rennur úr Álfarskál. En dalurinn þar fyrir framan er eign Hrauns eptir því sem áin ræður beint í Hálfánargjá.

4.1.6. Eyrarfjall og Seljafjall

i. Sérstaklega um kröfusvæðið

Í lýsingum Sanda- og Hraunssókna í Dýrafirði segir m.a.

Fjöllin eru þessi: 1. Drangahlíð, langur fjallgarður, liggur frá suðaustri til útvesturs, hefur sín upptök af fjöllum fyrir Dýrafjarðarbotni, en þau aftur frá jöklinum Glámu. Fjall þetta nær að Kjaransstaðaá, er ekki ákaflega hátt eða bratt. Hefur töluvert grasivafið undirlendi

⁸⁸ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra áthagafélaga (1952), bls. 58.

⁸⁹ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Ísafjarðar- og Strandasýslur (VII. bindi), bls. 34.

⁹⁰ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra áthagafélaga (1952), bls. 58.

⁹¹ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Ísafjarðar- og Strandasýslur (VII. bindi), bls. 34.

og grasgeira með skriðum á milli, sem liggja frá klettum ofan, 2. Tafla liggur í sömu átt neðan við Ketilseyrardal, fjall ekki langt um sig, en líkt að flestu því fyrrtalda. 3. Ketilseyrarhlíð, nokkuð lægri og styttri fjallgarður heldur en Drangahlíð og liggur til sömu áttar, en henni að öllu öðru lík. Hún byrjar við dal nokkurn með sama nafni, en endi hennar er horn eitt, sem nefnist Hvammshorn, hár tindur og brattur, með klettum hið efra og grasgeirum neðra. 4. Þríhnjúkafjall hjá Hvammi liggur í sömu átt og mjög svipað að lengd og lögun næst ofan áminnstu fjalli, utan nokkuð máske hærra, klettameira og brattara. Hefur sín upptök við Hvammsdal og endar við Brekkuháls. 5. Bakkahorn, hæst allra fyrrtalinnna fjalla, næstum kringlótt og uppmjótt sem varða, ekki ákaflega bratt, en klettamikið og hrjóstrugt. 6. Þríhnjúkafjall, austan megin við Sandá, lík að hæð hinu fyrr greinda, þó meira ummáls, liggur frá suðri til útnorðurs, byrjar við Hlaðshvilst og endar hjá Meðaldal. Petta er óbratt og klettalaust, en hrjóstrugt skriðufjall. 7. Meðaldalshæð, byrjar við svokallaða Nónhvilst, endar við Haukadalsá, liggur frá þvervestri til útnorðurs, lægra en því fyrrnefnda, klettar frá miðju þess upp úr, það brattara sjálft og undir eins mjög graslítið. 8. Haukadalsfjall (fell), hefur upptök sín frá Lambadal og endar við Eyrardal, horfir að öllu eins því fyrr ofan áminnsta, jafn líkt að grasi, en öllu hærra, brattara og klettameira. 9. Eyrarfjall hefur upptök sín hjá samnefnri hvilft og endast við svo nefndan Innstaháls, nokkuð grasmeira, en fullt svo hátt, bratt og klettamikið og meira að lengd, liggur úr suðaustur átt til útvesturs. 10. Eyrarhlíð, að öllu samjöfn því fyrra, horfir eins, en hefur miklu minna hag- og undirlendi, byrjast frá Innsta-hálsi endar við Eyrarofæru. 11. Arnarnúpur, hæst allra framannefndra fjalla, horfir eins sem hin önnur næstgreindu, hefur sín upptök í Eyrarofæru, endar við Keldudal, að lengd nokkuð svipað hinu síðartalda, en langt um klettameira, brattara og hrjóstrugra. 12. Helgafell, líkt að hæð, byrjar við Strengbergshorn og endar við gengt Hafnadal, máske nokkuð lengra ummáls en næstum eins bratt, hrjóstrugt og klettamikið. 13. Hyrnufjall, að nokkuð sköpu- og skipulagi líkt hinu síðast nefnda, en töluvert lengra, hefur upptök sín frá Hafnadal, endar gegnt Tóarfjalli, við vestanverða Salvogahlíð, sem verður takmörk þessarar sóknar. Langsetis bak allra framan nefndra fjalla liggja svo kölluð Arnarfjarðarfjöll-strandarfjöll, en engin önnur öræfi.⁹²

ii. Arnarnúpur

Í sóknarlýsingu Vestfjarða segir um Arnarnúp:

Arnarnúpur, til útsuðurs. Þar er langur vegur milli bæja. Stendur undir bænum samnefnum núp við Langá. Dýrleiki 30 Hdr. Þar er góður útigangur.⁹³

Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir m.a.:

Útigángur góður í fjörunni, en líttill á landi. Torfrista og stúnga lök. Elt er sverði með litlu taði undan kvikfje. Lýngrif lítið [...] Engjarnar spillast stórlæga af skriðum og eru víða fyrir því eyðilagðar. Úthagarnir og so mjög uppblásnir og víða skriðurunnir. Ekki sýnist

⁹² Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 48-50.

⁹³ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 58.

bænum eða túninu óhætt fyrir snjóflóðum eður grjóthruni, þó hefur það híngað til ekki að meini orðið.⁹⁴

Landamerkjabréf Arnarnúps er dags. 1. desember 1889, þar sem merkjum jarðarinnar er lýst:

Allt neðan frá sjó ræður áin fram eptir dalnum og beina sjónhending í Hálfdánargjá, að fráteknum hinum svonefndu Staðareyrum, sem nú eru Arnarnúps megin við ána, og hólmunum niðri við ár ósinn, sem getið er um í Hraunsmerkjaskrá. En á milli Arnarmýrar og Sveinseyrar eru merkin í sker það, sem er fyrir innan svonefnda ófæru, og nefnist Ófærusker, þaðan beina sjónhending á fjall upp.

iii. Sveinseyri

Í sóknarlýsingu Vestfjarða segir um Sveinseyri:

Innsti bær í Hraunssókn, liggur lítið norðar en til útvesturs. Líkt og fyrr millum bæja. Stendur gegnt Eyrarhyrnu og skammt frá Eyrará, við oft nefndan fjörð. Dýrleiki 24 Hdr. Þar er góður heyskapur og útigangur, en tún og engjar liggja undir sandfoki.⁹⁵

Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir m.a.:

Útigángur í fjörunni í betra lagi, en lakari á landi. Torfrista og stúnga lök og sendin [...] Túnið fordjarfast af sandfoki og af skriðum úr fjallinu, og hefur fyrir nokkrum árum þetta skriðufall tekið 4 hús með fje og hestum, sem á túninu stóðu. Engjarnar spillast og af skriðum og blása upp sumstaðar og spretta lítt. Úthagarnir og so mjög forfarfaðir af skriðum. Hætt er kvikfje fyrir snjóflóðum.⁹⁶

Landamerkjabréf Sveinseyrar er dags. 10. desember 1891 þar sem merkjum er lýst:

Milli Haukadals og Sveinseyrar eru mekin eptir svokölluðum Merkishrygg, upp í fjallsrönd og ofan í sjó úr tóuhúsi svokölluðu, en á milli Sveinseyrar og Arnarnúps í svokallað Ófærusker fyrir innan Ófæru og beina sjónhendingu upp til fjalls, sem um er getið í Arnarnúps landamerkjaskrá.

iv. Haukadalur

Í sóknarlýsingu Vestfjarða fjallað um Haukadal:

Haukadalur, ysti bær í Sandasókn, til sömu áttar, en nokkuð lengra millum bæja. Stendur undir bænum samnefndum svo kölluð Felli (fjall). Skammt frá Haukadalsá. Dýrleiki 60 Hdr. Þar er sérlega góður heyskapur á þerrsumrum, en liggur undir af snjó á vetrum.⁹⁷

⁹⁴ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Ísafjarðar- og Strandasýslur (VII. bindi), bls. 36.

⁹⁵ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 57.

⁹⁶ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Ísafjarðar- og Strandasýslur (VII. bindi), bls. 37.

⁹⁷ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 57.

Þá segir í sóknarlýsingu Vestfjarða að Haukadalur hafi átt selstöðu í samnefndum dal sem hafi verið niðurlögð 1828.⁹⁸

Landamerkjabréf Haukadals er dags. 3. júlí 1886, þar sem merkjum jarðarinnar er lýst sem:

Að utanverðu frá Fellsrönd niður eptir Ytri-Merkishrygg um svokallað Tóutún í Sveinseyrarármynni. Að innan ræður Merkishryggur beint í sjó niður í nes það, er liggur utanvert við Helluvík. Innan þessara takmarka á Haukadalur land allt milli fjalls og fjöru fram í fremstu daladrög.

4.1.7. Þorfinnur

i. *Grafargil*

Í sóknarlýsingu Vestfjarða segir um Grafargil:

Góð heyskaparjörð og sérlega góð til beitar, einkum á sumardag. 12 Hdr. að dýrleika.⁹⁹

Landamerkjabréf Grafargils er dags. 25. júní 1888 þar sem merkjum er lýst:

Milli Grafargils og Þorfinnsstaða er landamerkjasteinn, sem stendur í landamerkjabletti, upp í hlíðinni liggur merkið beint á brún á fjallinu, og svo aftur beint ofan í ána. Milli Grafargils og Tungu ræður Langá, sem rennur eptir endilöngum dalnum úr vatni, er liggur fyrir neðan Miðdalsbrekkuna, og svo eptir vestari læknum sem rennur ofan brekkuna ofan í vatnið.

ii. *Hjarðardalur Ytri*

Í sóknarlýsingu Vestfjarða segir um Hjarðardal Ytri:

Heyskaparlítil, skaða undirköstuð bæði tún og engi fordérfað af skriðum úr fjallinu, ánni og flugusandi, beitarlítill orðin af vaxandi skriðum. 68 Hdr. að dýrleika.¹⁰⁰

Landamerkjabréf Hjarðardals Ytri er dags. 15. nóvember 1889 þar sem merkjum er lýst:

Landamerki milli Hjarðardals og Þorfinnsstaða er í Einhamr, og milli Hjarðardals -ytri og Hjarðardals-innri, Hjarðardalsá aðskilur landamæri milli Hjarðardalanna úr dalsbotni og heim í hraunafót millil túnanna, þaðan liggur merki úr steini yfir ána, og í annan stein neðan til við ána, þaðan beint ofan í lind, sem Grön heitir, svo liggur

merki út með henni út í skarð, sem er í Kambinum, úr skarðinu beint niður að ánni, svo eptir ánni til sjávar.

⁹⁸ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 58.

⁹⁹ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 103.

¹⁰⁰ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 103.

iii. Porfinnsstaðir

Landamerkjabréf Porfinnsstaða er dagsett í maí 1887 þar sem merkjum er lýst:

Landamerki milli Porfinnsstaða og Kirkjubóls eru eptir ánni að Búðarlæk, eptir honum að brúnni og þaðan eptir veginum heim að brúnni milli bæjanna. Merki milli Porfinnsstaða og Tungu eru eptir ánni, og merki milli Porfinnsstaða og Grafargils er úr Landamerkjasteini og beint ofan í á. Merki milli Porfinnsstaða og Hjarðardals eru í Einhamar

4.1.8. Holtsfjall

i. Holt Önundarfirði

Í sóknarlýsingu Vestfjarða segir um Holt:

Heyskaparjörð, beitarlítill, fordérfast árlega af skaðsömu sandfokim svo mikill partur túnsins er orðinn að einlægum sandi, af hverjum það umgirðist að norðan og vestan. Engjar fordérfast líka mjög af sandinum og eins hlíðin fyrir ofan bæinn af fjallaskriðum. 12 Hdr. að dýrleika.¹⁰¹

Þá segir í sóknarlýsingu um selstöðu Holts:

Selstöður eru hvergi nú í sóknum brúkaðar, en víða sjást þessháttar tóftarbrot í döllum frá ýmsum bæjum, sem engi man samt eftir, að til selja brúkað hafi verið. Einasta frá Holti hefur hún verið, og er brúkuð árlega með ærra kostnaði fram í áður umgetnum Bjarnadalsbotni, og er þar fé haft vetur og sumar, en kýr á sumrum.¹⁰²

Landamerkjabréf Holts er dags. 27. maí 1890, þar sem merkjum jarðarinnar og aðliggjandi jarða í Mosvalla, Kirkjubóls og Pórssstaða er lýst:

Milli Betaníu (kota) og Vífilsmýra ræður Hafradalsá. Milli Betaníu og Mosvalla eru merki Tvísteinar, og úr þeim beint í Þverlænu, síðan ræður Þverlæna til sjóar. Milli Mosvalla og Kirkjubóls eru merkin úr dýi uppi í hlíðinni ofan í Stakkagarð og úr honum í Auga. Mosvellir eiga svo nefnda Sturlueyri. Milli Kirkjubóls og Holtslands ræður Hádeigisá en Kirkjuból hefir rétt til beitar í Mjóadal öllum norðan Bjarnadsalsás. Milli Kirkjubóls og Traðar norður Bjarnadalsá, á einum stað skammt fyrir framan Kirkjuból ræður forn farvegur árinnar. Milli Holtslands og Traðar eru merki á svonefndu Seljaleiti. Milli Holtslands á Gemlufjallsheiði og Mýralands greinast lönd þar sem vötnum hallar til Dýrafjarðar. Milli Holts og Vaðla ræður merkjum Vaðalbotnsskriða og Illakelda, Holt á Holtsfit og Sjóarhólma. Milli Holts og Pórustaða ræður merkjum Tvísteinn á hlíðinni, þaðan ofan í Hlíðalæk, á móts við Borustaði, þá eru mekin yfir Borustaði og utan til í Holtsteig. Milli Pórustaða og Hjarðardals innri eru merkin þessi: Eptir Hálsröndinni ofan í Orminn og svo eptir Djúpapytt til sjóar. Hjarðardalur innri á svonefndu Faxála.

¹⁰¹ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samþand vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls.

102.

¹⁰² Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samþand vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls.

104.

ii. Hjarðardalur innri

Landamerkjabréf Hjarðardals innri er dags. 27. maí 1890 þar sem merkjum er lýst:

Milli Innra Hjarðardals og Þórustaða eru mekin eptir hálsröndinni ofan í Orminn, síðan eptir Djúpapytt til sjávar, Hjarðardalur á svonefnda Faxaskála í Þórustaðalandi. Milli Innra Hjarðardals og Ytra Hjarðardals eru merkin úr Torfahorni og ofan eptir í Hraunafót úr Hraunafæti beint í Görn sem öll tilheyrir til Innri Hjarðardal, og úr Garnarenda beint í sjó.

4.1.9. Fjallstoppur Kambsfjalls – Messuhorn

i. Hjarðardalur innri

Landamerkjabréf Hjarðardals innri er dags. 27. maí 1890 þar sem merkjum er lýst:

Milli Innra Hjarðardals og Þórustaða eru mekin eptir hálsröndinni ofan í Orminn, síðan eptir Djúpapytt til sjávar, Hjarðardalur á svonefnda Faxaskála í Þórustaðalandi. Milli Innra Hjarðardals og Ytra Hjarðardals eru merkin úr Torfahorni og ofan eptir í Hraunafót úr Hraunafæti beint í Görn sem öll tilheyrir til Innri Hjarðardal, og úr Garnarenda beint í sjó.

iii. Holt Önundarfirði

Í sóknarlýsingu Vestfjarða segir um Holt:

Heyskaparjörð, beitarlítill, fordérfast árlega af skaðsömu sandfokim svo mikill partur túnsins er orðinn að einlægum sandi, af hverjum það umgirðist að norðan og vestan. Engjar fordérfast líka mjög af sandinum og eins hlíðin fyrir ofan bæinn af fjallaskriðum. 12 Hdr. að dýrleika.¹⁰³

Þá segir í sóknarlýsingu um selstöðu Holts:

Selstöður eru hvergi nú í sóknum brúkaðar, en víða sjást þessháttar tóftarbrot í döllum frá ýmsum bæjum, sem engi man samt eftir, að til selja brúkað hafi verið. Einasta frá Holti hefur hún verið, og er brúkuð árlega með ærna kostnaði fram í áður umgetnum Bjarnadalsbotni, og er þar fé haft vetur og sumar, en kýr á sumrum.¹⁰⁴

Landamerkjabréf Holts er dags. 27. maí 1890, þar sem merkjum jarðarinnar og aðliggjandi jarða í Mosvalla, Kirkjubóls og Þórsstaða er lýst:

Milli Betaníu (kota) og Vífilsmýra ræður Hafradalsá. Milli Betaníu og Mosvalla eru merki Tvísteinar, og úr þeim beint í Þverlænu, síðan ræður Þverlæna til sjóar. Milli Mosvalla og Kirkjubóls eru merkin úr dýi uppi í hlíðinni ofan í Stakkagarð og úr honum í Auga. Mosvellir eiga svo nefnda Sturlueyri. Milli Kirkjubóls og Holtslands ræður Hádeigisá en Kirkjuból hefir rétt til beitar í Mjóadal öllum norðan Bjarnadsalsá. Milli Kirkjubóls og

¹⁰³ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 102.

¹⁰⁴ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 104.

Traðar norður Bjarnadalsá, á einum stað skammt fyrir framan Kirkjuból ræður forn farvegur árinnar. Milli Holtslands og Traðar eru merki á svonefndu Seljaleiti. Milli Holtslands á Gemlufjallsheiði og Mýralands greinast lönd þar sem vötnum hallar til Dýrafjarðar. Milli Holts og Vaðla ræður merkjum Vaðalbotnsskriða og Illakelda, Holt á Holtsfit og Sjóarhólma. Milli Holts og Þórustaða ræður merkjum Tvísteinn á hlíðinni, þaðan ofan í Hlíðalæk, á móts við Borustaði, þá eru mekin yfir Borustaði og utan til í Holtsteig. Milli Þórustaða og Hjarðardals innri eru merkin þessi: Eptir Hálsröndinni ofan í Orminn og svo eptir Djúpapytt til sjóar. Hjarðardalur innri á svonefnda Faxála.

iii. Tröð

Í sóknarlýsingu Vestfjarða segir um Tröð:

Tröð í sama dal. Sæmileg að heyskap og beitarhögum. Skaða undirköstuð af ánni. 18 Hdr. að dýrleika.¹⁰⁵

Landamerkjabréf Traðar er dags. 18. júlí 1889 þar sem merkjum er lýst:

Milli Traða og Vaðla eru merki þessi: Út holtinu í svonefndum Merkisbletti upp í hlíðinni beint ofan í stóran stein (Merkisstein), en þaðan ræður læna undir Mýrarbökkunum út á móts við Þverlænu ofan úr mýrinni, og þaðan beint í ána. Milli Kirkjubóls og Traðar áin og skammt fyrir framan Kirkjuból partur af hinum forna árfarvegi. Milli Traðar og Mosvalla ræður hinn forni árfarvegur. Milli Traðar og Holtslands er merki eptir hrygg (leiti), er nefnt er Seljaleiti.

4.1.10. Lambadalsfjall Ísafjarðarbæ

i. Sérstaklega um kröfusvæðið

Í lýsingu Mýrarþingaprestakalli segir m.a. í lýsingu jarðarinnar Botns:

Vegur liggur þar fram dalinn, norðan fram árinnar, og yfir fjall það, er Hestfjarðarheiði heitir og ofan í Hestfjörð. Hærra liggur jökul-fjallgarður sá, er Gláma nefnist. Yfir hann er vegur ofan í Mjóafjörð. Má þar fara yfir með hesta á sumrum, þegar jökullinn harðnar. Norðan megin fjarðarins gengur fjallgarður hár og mikill, að ágizkun míla að lengd, hið efra hrjóstrugur og klettum girtur, en nokkrum skógi, sem töluvert minnkar, og grasi vaxin hið lægra. Fjallaskriður hafa mjög skemmt þar land sem víðar, þar er brattlendi mikið, en ekkert undirlendi að innanverðu. Gott er þar beitarland fyrir sauðopening, bæði vetur og sumar, og útigangur nokkur, því snjór liggur þar trauðlega lengi, vegna ofviðra af austnorðri. Fjallgarður þessi kallast Lambadalshlíð.¹⁰⁶

Í sóknarlýsingu Vestfjarða segir m.a. um Sanda- og Hraunssókn í Dýrafirði:

¹⁰⁵ Sóknarlýsing.

¹⁰⁶ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 64.

Drangahlíð, langur fjallgarður, liggur frá suðaustri til útvesturs, hefur sín upptök af fjöllum fyrir Dýrafjarðarbotni, en þau aftur frá jöklinum Glámu.¹⁰⁷

ii. Drangar

Um jörðina Dranga segir í sóknarlýsingu Vestfjarða:

Drangar, innstur í Sandasókn til austurs, langt burt liggjandi frá öðrum sóknarbæjum, stendur í nánd bænum samnefndum fjalltindi við Bæjará og Dýrafjörð. Dýrleiki 12 Hdr. Þar er víðlendi mikið, góðir hagar á sumrum og nægur heyskapur, en næðinga- og illviðrasamt og oft mikil fannalög á vetrum.¹⁰⁸

Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir m.a. um Dranga:

Útigángur líttill í fjörunni, sæmilegur á landi. Torfrista og stúnga lök og lítt nýtandi. Skógur til raftviðar þrýtur mjög og fellur í fauska, en til kolgjörðar og eldiviðar nægur. Silúngsveiði hefur verið nokkur í Drángalæk, en nú mjög lítil. Grastekja lítil. Engjarnar spillast sumstaðar af skriðum.¹⁰⁹

Landamerkjabréf Dranga er dags. 25. mars 1886, þar sem merkjum jarðarinnar er lýst:

Að framanverðu milli Botns og Dranga ræður áin fram á fjall, eins og hún hefir fallið, og allt til sjávar, en að utanverðu milli Dranga og Kjaransstaða eru merkin í Hellunestána og þaðan sjónhending upp í innri gjána í Kjaransstaðahorninu. Þessi merki hafa verið átölulaus frá ómunatíð og enginn ágreiningur milli nefndra jarða, svo neinn viti til.

iii. Botn

Í sóknarlýsingu Vestfjarða segir um Botn:

Í norður horni hans liggur bær, er Botn heitir, 12 Hdr. að dýrleika, sá innsti á hreppsenda í Mýrarkirkjusókn, lágreistur en vandlega húsaður. Sunnan fram við bæinn fellur á, ekki mikil, sem kemur frá fjöllum ofan og skilur land og Sanda- og Mýrarsóknir. Er þar silungsveiðið góð, en lítið notuð. Dalurinn liggur þar frá sjó upp til fjalla, birkiskógi vaxinn, og myrlendur hið lægra. Beitarland er gott og kostasamt á sumrum, en sjóasamt á vetrum. Lítið er þar útislægna land, en hið eftir er þar hrjóstrugt.¹¹⁰

Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir m.a.:

Engjarnar eru fordjarfaðar af skriðum úr brattlendinu. Vetrarhart er hjer og þurfa ábúendur að þiggja vetrarbeit af Dröngum og gjalda beitartoll 5 álna virði, meira eða minna eftir samkomulagi.¹¹¹

¹⁰⁷ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samþand vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 48.

¹⁰⁸ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samþand vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 55.

¹⁰⁹ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Ísafjarðar- og Strandasýslur (VII. bindi), bls. 54.

¹¹⁰ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samþand vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 63-64.

¹¹¹ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Ísafjarðar- og Strandasýslur (VII. bindi), bls. 56.

Landamerkjabréf Botns er dags. 26. nóvember 1891, þar sem merkjum jarðarinnar er lýst:

Millum Botns og Dranga deilir Botnsá löndum milli fjalls og fjöru. Millum Botns og Lambadals innra eru landamerki úr kletti, efst í fjallinu, er Srengberg nefnist, og þaðan beina sjónhending í sjó fram í sömu stefnu, sem kletturinn liggur.

iv. Lambadalur innri

Í sóknarlýsing Vestfjarða er fjallað um Lambadal innri:

Löngum spöl utar endar hlíðin, og fjallið beygist þvert til austnorðurs, en dalur mikill og breiður gengur fram til fjalla, er Lambadalur heitir. Væntanlega hefur þar áður verið lamba upprekstur. Á mikil fellur ofan miðjan dalinn, er skiptir þar löndum, og til sjávar yfir breiða og mikla eyri, er Lambadalsoddi kallast. Þar er silungsveiði, en lítt hirt. Suðaustan fram árinnar standa saman tveir bæir undir fjallinu þar, er það beygist til austnorðurs, sem Lambadalur innri heitir, 30 Hdr. að dýrleika. Þar er land mikið, en yfrið hrjóstrugt og mjög útslægna lítið, en það uppbætist af útigangi. Skógur er þar nokkur, sem fer minnkandi, vegna brúkningar til kolagerðar og húsatróðs fyrir Mýra-, Núps- og Sæbólssóknir. Mikill hluti Lambadalshlíðar liggur undir bæi þessa, þar er hrís mest til eldsneytis brúkað.¹¹²

Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir m.a.:

Útigángur við lakari <kost> [...] Engjarnar eru litlar og spillast þar með af skriðum úr brattlendi. Úthagar í betra lagi.¹¹³

Landamerkjabréf Innri-Lambadals er dags. 3. september 1891, þar sem merkjum jarðarinnar er lýst:

Að utanverðu eptir Lambadalsá neðan frá sjó og fram eptir dalnum allt þangað til Selá fellur í hana, en þar eptir ræður Selá allt upp í Tyrfingsskál. En heimilt skal bændum Innri-Lambadals, að hafa til slæguna, eins og að undan forn, landið milli Selár og Pverá í svokölluðum Hólum, móti því, að Ytri-Lambadalsmenn megi hafa tveggja mánaða beit fyrir 60 sauðfjár á vetrum á innri Lambadals-hlíð. Fjárhúsi skal þeim og heimilt að byggja þar yfir fé sitt, og fá þar til torf og grjót, þar sem ekki er spilt slægjulandi. Að innanverðu eru merkin í Strengberg uppi í fjallsbrúninni, og þaðan beina sjónhendingu til fjöru, eins og klettur þessi vísar. Þessi landamerki eru undirskrifuð og samþykkt af eigendum beggja jarðanna.

v. Lambadalur Ytri

Í sóknarlýsing Vestfjarða er fjallað um Lambadal Ytri:

Hinu megin árinnar eru tveir bæir saman, er Lambadalur ytri heitir, 60 Hdr. að dýrleika. Þar er undirlendi mest, en mjög votlent og mikið slægnaland. Skógur er þar nokkur fram í dalnum, og selstaða, sem lengi hefur legið ónotuð, en nú fyrir fáum árum upptekin aftur.

Litli-Garður eða Minni-Garður heitir, 6 Hrd. að dýrleika. Er þar að öllu landslag og kostir hinir sömu sem í Meiri- eða Stóra-Garði. Viðlíka langt út frá þessum bæ, sem nú er í eyði, og til hins bæjarins, endar slægjuland, sem kallað er yfir höfuð, Garðsálar, og vottar um forræði og mýrlendi þess. Þar hækkar nokkuð undirlendið álíka og leiti, það eru sandmelar og móar, lyngi og fjalldrappa vaxnir, sem liggja frá fjalli því, er liggur fyrir ofan Garða og allt yfir að Mýrarfelli. Þeim megin, undir Mýrarfelli, og fyrir utan þetta leiti, sem Fellsleiti er kallað, stendur bær, er Fell heitir, 12 Hdr. að dýrleika. Þar er tún harðlent, og útislægjur nokkrar og móóttar. Þar er landkreppa mikil og mjög vetrarþungt.¹⁴⁹

Landamerkjabréf Minni-Garðs er dags. 10. mars 1890 þar sem merkjum er lýst sem:

Að innanverðu í upphlaðið merki ofan til við Langalæk, bein sjónhending í Milli-Garðslæk, síðan úr honum, eins og gilið segir, bein sjónhending á fjall upp. 2, Að neðanverðu sem Langilækur ræður í hinn efri Grástein, beina sjónhending í Löngulá, sem lækur rennur eptir. Að framanverðu eru landamerkin í Hvassahrygg og beint niður í Skörðin.

Landamerkjabréf Fells liggur ekki fyrir.

iv. Klukkuland

Í sóknarlýsingu Vestfjarða segir um Klukkuland:

24 Hdr. að dýrleika, við árbakka. Það er notagóð jörð, en slægna lítil eftir stærð eða hundruðatali og beitarland gott. Garðar og Lækur leigja þar beitarland á sumrum. Þar hefur áður verið hjáleiga, og eins á Læk, sem fyrir löngu eru eyðilagðar [...] Dalur þessi kallast Núpsdalur. Þar er vel grösugt og slægjuland mikið, en þó mjög skemmt af fjallskriðum. Hann heyrir að mestu leyti til Núpi [...] Fram og upp af bænum á Klukkulandi er hvilft upp í fjallið, með háum klettum, sem kölluð er Klukkulandshvilst. Löngum spöl framar er afdalur nokkur, allt um kring girtur klettum, sem liggur til austnorðurs. Hann er kallaður Geldingsdalur. Þangað eru oft lömb rekin á sumrum til hagagöngu. Þar er slægnaland nokkuð, en örðugt að koma þaðan heyi vegna brattlendis og hjalla fyrir neðan dalmynnið. Á rennur ofan dalinn og í aðalána. Þangað á Klukkulandsjörð land og beit. Nokkru framar er lítil hvilft eða skál í fjallinu, Hrútaskál kölluð. Þar niðurundan við ána, er selstaða frá Núpi og Núpsþorpi. Þar byrjar slægjuland gott. Framan og ofan til við selið eru grasivaxnir hjallar, sem þó víða eru skriðurunnir. Þar er sérlega gott beitarland og nokkrar slægjur. Spölkorn fram betur, fyrir ofan hjallana, er annar afdalur, sem kallast Grjótdalur. Þar er lítið gras, en þó sækir þangað sauðfénaður.

¹⁴⁹ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 72-73.

Hann er allt um kring klettum girtur eins og Geldingadalur, og ekki má komast maður fram úr þeim, eða upp á fjallið [...] Þessi dalur liggar hér um bil gengt Hjarðardal ytra í Önundarfirði. Fyrir framan þetta hækkar landið og dalurinn mjókkar. Nokkru framar er enn nú hvilft sama megin, sem kölluð er Skjóðuhvilft, þar er grösugt og nokkuð slægnapláss. Lengra til útnorðurs skarð lítið, sem liggar út á Sandheiði. Hins vegar dalsins, móti Skjóðuhvilft er Nálarhvilst, nokkru neðar Miðhvilst og enn nú neðar sú þriðja, Seljahvilft. Þar var fyrrum selstaða frá Alviðru. Í þessari hvilft byrjar hátt fjall með klettum og hillum samt upp og niður standandi klettagirðing, og gengur þetta fjall vestanvert dalsins, allt niður að dalsmynni. Ein hilla í fjallinu er kölluð Breiðhilla. Hún er breiðust allra, en þó mjög hættuleg og torfær. Neðan til við Seljahvilft lækkar dalurinn. Þar standa undir brekkum nokkrum, móts við Grjótdal, hinu megin árinnar, seljahús frá Alviðru, nokkru framar en Núppsel hinu megin.¹⁵⁰

Landamerkjabréf Klukkulands er dags. 6. apríl 1886 þar sem merkjum er lýst:

Milli Litla-Garðs og Klukkulands þessi: Að Hvassahryggur ræður ofan eptir hlíðinni ofan í Kjóamýri neðst, en þaðan beint í Núpsá, þar eptir ræður Núpsá, landamerkjum fram í Geldingadalsá og Geldingadal hálfan eptir því, sem áin ræður.

v. *Núpur*

Í sóknarlýsingu Vestfjarða segir um Núp:

Núpur, 20 Hdr. að dýrleika. Þar er þorp, sem kallast Núpur og er þá talið 50 Hdr. að dýrleika [...] Slægjuland er ekki mikið á þessum bæjum, nema á Núpsdal, sem einungis heyrir til heimajörðinni. Mjög er vetrarþungt í þessu þorpi vegna snjóþyngsla á vetrum. Beitarland er lítið eða ekkert heima, nema á Núpsdal, og er hann notaður þar til. Það er kostasamt land á dalnum, og allur peningur þar hafður otast í seli.¹⁵¹

Landamerkjabréf Núps er dags. 2. desember 1889 þar sem merkjum er lýst:

Að utanverðu í læk þann, er heitir Kaldilækur, eins og hann ræður frá sjó og að uppsprettu, síðan beina sjónhending á fjall upp. 2, Að innanverðu í Núpsá, og dal allan í á þá, er rennur úr Geldingadal og fellur í Núpsá. Núpur á beit í Alviðrubökkum vor og haust, svo og skipstöðu og naustgjörð. En Alviðra á selstöðu á Núpsdal, frá vori og það á haust fram, er þurfa þykir, svo og frjálsan fjárekurstur um Núpsdal, þó skal honum varnað ágangi á slægjuland það, er Núpur á. Núpur á 5 kúgildabeit á Nesdal, sömuleiðis sauðfjárbeit á Skagahlíðum. Núpskirkja á fjórðshluta af öðrum reka, viðs og hvala, og öðrum fjörunytjum, frá Hraunslæk hjá Alviðru, og til þess er sér námu út skáladýum í fjöru í Nesdal, að hálf föllnum sjó, frá rekanum reitsólum á Fjallaskaga. Það eru sagnir elztu manna, að Núpskirkja eigi tiunda hverja vætt af hval, sem rekur í Skálavík ytri, og hefir enginn ágreiningur út af því verið.

¹⁵⁰ Sóknarlýsing bls. 74-75.

¹⁵¹ Sóknarlýsing bls. 76

vi. Gerðhamrar

Í sóknarlýsingu Vestfjarða segir um Gerðhamra:

24 Hrd. að dýrleika. Lækur nokkur, sem kallaður er Miðlendislækur, skilur land millum Alviðru og Gerðhamra. Hann sprettur fram úr miðri fjallshlíð og fellur til sjávar. Gerðhamrar eru fyrir 11 árum úttagðir fyrir prestbújörð hér í þingum. Tún er ekki grasgefið og útislægjur litlar. Þær eru mjög skemmdar af skriðum, en útigangur og vetrarbeit er þar góð. Fjörubeit er og í betra lagi. Frá Alviðru og allt út fyrir Gerðhamra eru háir bakkar hvervetna með sjó því brattari og klettum girtari, sem lengra kemur nær Gerðhömrum, sem standa á háum bökkum. Inn og upp af bænum gengur tún og tvíþrísett klettagirðing ofan frá fjallsrótum ofan að túninu. Sú innsta girðingin er mest og er sumstaðar á að líta sem hlaðinn veggur. Í hinum er grjót dökkleitt, sem líkist að lögum flötum og þrí- og ferrendum brýnisteinum. Eru sumir alin að lengd og þeir lengstu 1 ½ alin. Utan til við bæinn liggur hár grjóthryggur ofan frá fjalli niður sjávarbakabréf. Hann er allur jafn hár. Það ber til, sér í lagi fram af sumri, að heyrist innan í hryggnum sem bjarg detti og falli niður í djúpan afgrunn.¹⁵²

Landamerkjabréf Gerðhamra er dags. 10. desember 1889 þar sem merkjum er lýst:

Að utanverðu milli Garðhamra og Arnarness ræður áin fram eptir dalnum, síðan eptir læknum í miðjum tungunum, sem hann rennur, og svo sem lækurinn rennur fyrir ofan tungurnar, sem þess fyrri menn hafa nefnt á, og eptir lægstu heiðunum allt út á hæðstu heiði, en þaðan svo sem brúnir ráða. 2, Milli Gerðhamars og Alviðru ræður Mígandalækur, sem í seinni tíð nefnist Miðlendis-lækur, eins og hann rennur beint upp eptir þangað, sem hann rennur fram úr bergi, þaðan ræður sjónhending beint á fjall upp.

vii. Arnarnes

Í sóknarlýsingu Vestfjarða segir m.a. um Arnarnes:

Norðan fram Gerðhamradals er fjallið að lögum líkt og hins vegar, en neðst við dalsmynnið er það hátt og þverhnýpt. Það kallast Óþoli. [...] Lítinn spöl frá ánni stendur fyrir dalsmynnini norðanvert, við sjó, bær sé er Arnarnes heitir, 18 Hdr. að dýrleika. Þar er mjög hrjóstrugt og skriðurunnið. Lítið er þar undirlendi og engar eða mjög litlar útislægjur. Tún er nokkuð grasgefið, en þó grýtt mjög. Útigangur og fjörubeit er þar góð, og allur sauðopeningur er þar upp á byggður. [...] Þessi jörð á allan dalinn norðanvert við ána. Á dalnum er móskurður norðanvert og líka sunnan megin, nýfundinn. Engin er skógar nokkurnstaðar í sókn þessari, nema lyng eitt. Fjallið beygist nú frá Óþolanum til N.N.V. eða nærrí til útnorðurs. Það er mikill fjallgarður, girtur klettum hið efra, en skriðurunninn hvervetna hið lægra. Það kallast fyrir höfuð Skagahlíðar. Þær eru illar yfirferðar, með hömrum fram í sjó, urðum og giljum og stórgryti í fjöru. Lítt eru þær grasi

¹⁵² Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 78.

vaxnar, en þó er þar góð og kostasöm beit sumar og vetur, útigangur góður á vetrum og fjarubeit. Sjaldan liggur þar lengi djúpfenni vegna stormvinda af norðri og brattlendis.¹⁵³

Landamerkjabréf Arnarness er dags. 13. janúar 1890 þar sem merkjum er lýst:

Að innanverðu milli Arnarness og Gerðhamra ræður áin fram eptir dalnum síðan eftir læknum í miðjum tungunum á dalnum, sem hann rennur, og svo sem áin ræður fyrir ofan tungurnar og eftir lægstu heiðinni allt út á hæðstu heiði, en þaðan sem brúnir ráða. 2, Að utanverðu milli Arnarsess og Birnustaða er ytri Vegakambur og sjónhending beint á fjall upp þessi merki hafa gamlir menn heyrt og sagt nefndra jarða, og vita engan ágreining þar á milli verið hafa.

viii. Háls

Í sóknarlýsingu Vestfjarða segir um Háls:

Brekkur nokkrar liggja ofan með Þorsteinshorni norðanverðu. Næst þeirri neðstu heitir Skógarbrekka. Þar sést varla lyng nú. Neðar er önnur, beint niður undan horninu, hvar áin fellur yfir. Hún kallast Háls. Undir henni stendur bær sá, er Háls heitir, 12 Hdr. að dýrleika. Það er kirkjujörð frá Sæbóli, hvar af þingaprestar hér fá hálfu leigur. Hún er sú fremsta í dalnum og sú fyrsta, sem að er komið af heiðinni. Það er notagóð jörð, með góðu túni og miklum útislægjum, bæði fram frá bænum á Hálsdal og líka upp á Skógarbrekku og lengra fram, því áin sem ofan Brekkudal rennur og kallast Þverá, skiptir löndum milli Háls og Brekku. Hún fellur neðanvert við tún á Hálsi í aðalána.¹⁵⁴

Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir m.a.:

Útigángur í jarðarinnar landi mjög líttill, og því beitir ábuandi oftlega á vetur Sæbólskirkju land, sem hún á fram á heiðum, og gelur þar öngvan toll fyrir.¹⁵⁵

Landamerkjalýsingu Háls er að finna í landamerkjalýsingu Sæbóls og Hálsa, dags. 15. maí 1886, þar sem merkjum jarðarinnar er lýst sem:¹⁵⁶

Kirkjujörðin Háls á Mórilleyrar beint í fjall eftir því sem áin Mórilla segir. Sæbólskirkja á áttung í Geirsbrekku í Súgandafirði og skóga, sem fylgja því landi. Sæbólskirkja á land allt undir Hálsi innan þeirra landamerkja, er nú skal greina. Milli Háls og Brekku eru merkin í svonefnnda Þverá, og skilur hún lönd milli þeirra landa fram í dalbotn. Milli Háls og Hrauns skilur Langá fram að Þverá sem rennur milli landamerkja Hrauns og Sæbóls, lands, sem hefir upptök sín neðanvert við Nesdals-skarð.

ix. Brekka

Í sóknarlýsingu Vestfjarða segir m.a. um Brekku:

¹⁵³ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 80-81.

¹⁵⁴ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 86.

¹⁵⁵ Jarðabók Árna Magnússonar, bls. 91.

¹⁵⁶ Landamerkja lýsing úr landamerkjabréfi Sæbóls og Háls.

Undir þeirri hlíð eða fjalli stendur skammt frá árbakkanum, neðar en Hraun, er framar en Álfadalur hinsvegar, bær sá, er Brekka heitir, 48 Hdr. að dýrleika. Það er kirkjujörð nú, frá Eyri í Skutulsfirði. Áður var hún konungseign, en gefin af konungi Eyrarprestakalli, þegar Ísafjörður var gerður að kaupstað [...] Þar er slétt og harðlent tún, en ekki stórt eftir hundraðatölu. Útislægjur eru þar mestar á Sandi fram frá bænum með ánni, allt að Hálsi og fram á Brekkudal. Þær eru mjög votlendar hið lægsta. Efst með hlíðinni er mjög skriðurunnið. Mælt er, að Brekka hafi átt land þeim megin árinnar allt til sjávar.¹⁵⁷

Landamerkjabréf Brekku er dags. 15. janúar 1891 þar sem merkjum er lýst:

Að neðanverðu milli Villingadals og Brekku ræður svo kallað Merkisgil (þ.e. Merkigilshryggur) frá fjallsbrún og niður í Urðarfætur, þaðan bein sjónhending þvert yfir í Langá. Svo ræður Langá landamerkjum upp eptir, milli Brekku annars vega, en Hrauns og Háls hins vega, þar til þverá rennur í hana, þá greinir þverá land Brekku og Háls, og ræður landamerkjum úr því til fjalls og á hæðstu heiði.

x. *Villingadalur*

Í sóknarlýsing Vestfjarða segir m.a. um Villingadal:

Það er kóngsjörð enn nú, en fyrir meir en ári var hún að kóngs boði uppboðin við Auction, en boðið ekki þá staðfest. Meining manna er, að sú jörð, sem er 18 Hdr. að dýrleika, sé byggð af Brekku heimalandi, og mun það víst. Þar er grasgefið, en þýft tún. Útislægjur eru þar góðar, en þó skriðurunnar og votlendar með ánni. Þar er hvilft hátt í fjallinu, sem kallast Villingadalshvilft, og bærinn tekur nafn af. Önnur skál eða hvilft, þó minni, er neðar. Hún kallast Hrafnaskál. Þar dregur fjallið nær sjó, nafn, og kallast Hrafnaskálarnúpur. Fjallið beygist þar meir til austurs inn með Önundarfirði.¹⁵⁸

Landamerkjabréf Villingadals er dags. 28. júní 1886 þar sem merkjum er lýst:

Milli Sæbóls og Villingadals er merki neðanvert við svonefnðs Sýkiseyri úr Langá beint á fjall upp. Milli Álfadals og Villingadals skiptir Langá landi, allt þangað til Brekkuland tekur við. Milli Brekku og Villingadals eru landamerki í miðjum Merkishrygg, þaðan beint á fjall upp, og beint niður í Langá.

x. *Sæból*

Í sóknarlýsing Vestfjarða er fjallað um Sæból:

Spölkorn fyrir innan Skálardalsá stendur bær sá, er Sæból heitir, 60 Hdr. að dýrleika. Það hefur oft verið heldri manna setur og verið mjög stórhýstur bær, en nú ekki. Þar eru nú þrír bærir saman. Fyrir skómmum tíma voru tveir aðrir. Þar er stórt tún, en undiropið sandfoki. Útislægjur eru þar ekki miklar eftir jarðarinnar stærð. Þær eru og undirorpnar skemmdum af sandfoki. Fyrir innan túnið er pláss, sem kallast Akrar. Það virðist sem móti þar fyrir akurreinum. Kirkja er á Sæbóli, hvorki fögur né stór. Frá Sæbóli gengur fram

¹⁵⁷ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra áththagafélaga (1952), bls. 86.

¹⁵⁸ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra áththagafélaga (1952), bls. 86-87.

mikill dalur til suðurs, sem kallast Ingjaldssandur, af sandi þeim, er liggur með sjávarströndu, þvert fyrir dalsmynnið.¹⁵⁹

Landamerkjabréf Sæbóls er dags. 15. maí 1886, þar sem merkjum jarðarinnar er lýst sem:

Milli Sæbóls- og Álfadals eru merkin í svonefnda Merkislá, eptir henni ofan sem hún ræður í sýki það, sem er Sæbólsmegin við svonefndan Þrætupart, þaðan á jörðin land allt vestur fyrir allan Barða, vestur í Nesdal, með reka öllum til móts við endimörk Mýrareka í Þúfu. Sæból á Villingadalshlíð úr Krikanum neðanvert við svonefnda Sýkiseyri, og þaðan beint á brún, svo niður eptir til sjávar, og reka allan, og land allt í svonefnt Reiðarsker. Kirkjan á enn fremur þriðjung í Nesdal og þriðjung í Heiðum og Seljalágar allar frá Mórillu í læk þann, er rennur fyrir utan Stóra bala. Kirkjujörðin Háls á Mórilleyrar beint í fjall eptir því sem áin Mórilla segir. Sæbólskirkja á áttung í Geirsbrekku í Súgandafirði og skóga, sem fylgja því landi. Sæbólskirkja á land allt undir Hálsi innan þeirra landamerkja, er nú skal greina. Milli Háls og Brekku eru merkin í svonefnda Þverá, og skilur hún lönd milli þeirra landa fram í dalbotn. Milli Háls og Hrauns skilur Langá fram að Þverá sem rennur milli landamerkja Hrauns og Sæbóls, lands, sem hefir upptök sín neðanvert við Nesdals-skarð.

xi. Mosdalur

Í sóknarlýsingu Vestfjarða segir um Mosdal:

Mosdalur, seinasti og yzti bær sóknanna að vestanverðu. Heyskapur lítill, en útibeið sérlega góð vetur og sumar. 12 Hdr. að dýrleika.¹⁶⁰

Landamerkjabréf Mosdals er dags. 1. janúar 1887 þar sem merkjum er lýst:

Landamerki milli Kirkjubóls og Mosdals eru í Brimness, milli Kirkjubóls og Þorfinnsstaða eru merki í Þorfinnsstaðaá upp að Búðarlæk, eptir honum að brúnni og svo eptir veginum heim að brúnni milli bæjanna. Milli Kirkjubóls og Tungu eru merki eptir Dalsá fram að Stórubrekku, svo eptir syðri ánni upp á Skarðsfjall. Í tak í Kirkjubólslandi eiga Dalshús frá Torfabrekku heim í vörðu á Svartabakka, og frá Garði, sem liggur fyrir framan Kirkjubóls og Dalshúsatúnin, beint frá Dalsá upp í fjall og að vörðunum fyrir utan Skáladal, er þær bera hvor í aðra.

xii. Kirkjuból og Dalhús

Í sóknarlýsingu Vestfjarða segir um Kirkjuból:

Lítill heyskapur og mögur til beitar, og skaða undirköstuð af ánni. 32 Hdr. að dýrleika.¹⁶¹

Þá segir um Dalshús:

¹⁵⁹ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samþand vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 84.

¹⁶⁰ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samþand vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 104.

¹⁶¹ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samþand vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 104.

Dalshús, sem meinast forðum að vera byggt af Kirkjubólsheimalandi, hefur sömu gæði og lesti til að bera sem næst nefnd jörð. 16 Hdr. að dýrleika.¹⁶²

Landamerkjabréf Kirkjubóls er dags. 1. apríl 1887 þar sem merkjum er lýst:

Landamerki milli Kirkjubóls og Mosdals eru í Brimness, milli Kirkjubóls og Þorfinnsstaða eru merki í Þorfinnsstaðaá upp að Búðarlæk, eptir honum að brúnri og svo eptir veginum heim að brúnni milli bæjanna. Milli Kirkjubóls og Tungu eru merki eptir Dalsá fram að Stórubrekku, svo eptir syðri ánni upp á Skarðsfjall. Í tak í Kirkjubólslandi eiga Dalshús frá Torfabrekku heim í vörðu á Svartabakka, og frá Garði, sem liggur fyrir framan Kirkjubóls og Dalshúsatúnin, beint frá Dalsá upp í fjall og að vörðunum fyrir utan Skáladal, er þær bera hvor í aðra. Fjörubeit og skipsuppsátur að rjettu hlutfalli við Kirkjuból.

Landamerkjabréf Dalshúsa er dags. 31. desember 1891 þar sem merkjum er lýst:

Landamerki milli Dalshúsa og Kirkjubóls eru að framanverðu í Torfabrekkrubrún, að heimanverðu á því stykki eru merki í vörðu á Svartabakka, og þar skilur Dalsá milli Tungu og Dalshúsa. Einnig eiga Dalshú frá garðinum, sem liggur fyrir framan Kirkjubóls og Dalshúsa tún, beint frá Dalsá upp í fjallið, og með vörðunum fyrir utan Skáladal, er þær bera hver í aðra. Ennfremur liggja slægnastykki, sem tilheyra Dalshúsum, innan um Kirkjubólsengjar. Stykkin heita: 1. Stóripartur, innan til í engjunum, að stærð □ faðm. 13440.- 2. Sund, sem nær upp að holtunum, heim að Hreggsnara, og þaðan ofan í garðhornið, í Geldingaholtinu stykkið er að stærð □ f. 19890 þess utan eiga Dalhús skipsuppsátur og fjörubeit að jöfnu hlutfalli við Kirkjuból.

xiii. *Tunga*

Í sóknarlýsing Vestfjarða segir um Tungu:

Góð heyskaparjörð, notagóð til beitar. 12 Hdr. að dýrleika.¹⁶³

Landamerkjabréf Tungu er dags. 25. júní 1888 þar sem merkjum er lýst:

Milli Tungu og Kirkjubóls í Valþjófsdal ræður á sú merkjum, og fram í Langá, að vestanverðu er svo merkið eptir ánni fram undir Stórubrekku, tekur þar lækur við, sem rennur ofan Tungurðirnar ofan í ána, og á Tunga ekki lengra. Milli Tungu og Grafargils ræður Langá fram í vatn það, er liggur fyrir neðan Miðdalsbrekkuna, og svo eptir vestari læknum, sem rennur ofan brekkuna.

xiv. *Grafargil*

Í sóknarlýsing Vestfjarða segir um Grafargil:

¹⁶² Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 104.

¹⁶³ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 103.

Góð heyskaparjörð og sérlega góð til beitar, einkum á sumardag. 12 Hdr. að dýrleika.¹⁶⁴

Landamerkjabréf Grafargils er dags. 25. júní 1888 þar sem merkjum er lýst:

Milli Grafargils og Þorfinnsstaða er landamerkjasteinn, sem stendur í landamerkjabletti, upp í hlíðinni liggur merkið beint á brún á fjallinu, og svo aftur beint ofan í ána. Milli Grafargils og Tungu ræður Langá, sem rennur eptir endilöngum dalnum úr vatni, er liggur fyrir neðan Miðdalsbrekkuna, og svo eptir vestari læknum sem rennur ofan brekkuna ofan í vatnið.

xv. *Hjarðardalur Ytri*

Í sóknarlýsingu Vestfjarða segir um Hjarðardal Ytri:

Heyskaparlítill, skaða undirköstuð bæði tún og engi fordérfað af skriðum úr fjallinu, ánni og flugusandi, beitarlítill orðin af vaxandi skriðum. 68 Hdr. að dýrleika.¹⁶⁵

Landamerkjabréf Hjarðardals Ytri er dags. 15. nóvember 1889 þar sem merkjum er lýst:

Landamerki milli Hjarðardals og Þorfinnsstaða er í Einhamr, og milli Hjarðardals –ytri og Hjarðardals-innri, Hjarðardalsá aðskilur landamæri milli Hjarðardalanna úr dalsbotni og heim í hraunafót millil túnanna, þaðan liggur merki úr steini yfir ána, og í annan stein neðan til við ána, þaðan beint ofan í lind, sem Grön heitir, svo liggur

merki út með henni út í skarð, sem er í Kambinum, úr skarðinu beint niður að ánni, svo eptir ánni til sjávar.

xvi. *Hjarðardalur Innri*

Í sóknarlýsingu Vestfjarða segir um Hjarðardal Innri:

Heyskaparlítill, og skaða undirlögð af skriðum. 18 Hdr. að dýrleika.¹⁶⁶

Landamerkjabréf Hjarðardals innri er dags. 27. maí 1890 þar sem merkjum er lýst:

Milli Innra Hjarðardals og Þórustaða eru mekin eptir hálsröndinni ofan í Orminn, síðan eptir Djúpapptytt til sjávar, Hjarðardalur á svonefnda Faxaskála í Þórustaðalandi. Milli Innra Hjarðardals og Ytra Hjarðardals eru merkin úr Torfahorni og ofan eptir í Hraunafót úr Hraunafæti beint í Görn sem öll tilheyrir til Innri Hjarðardal, og úr Garnarenda beint í sjó.

xvii. *Tröð*

Í sóknarlýsingu Vestfjarða segir um Tröð:

¹⁶⁴ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 103.

¹⁶⁵ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 103.

¹⁶⁶ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 103.

Tröð í sama dal. Sæmileg að heyskap og beitarhögum. Skaða undirköstuð af ánni. 18 Hdr. að dýrleika.¹⁶⁷

Landamerkjabréf Traðar er dags. 18. júlí 1889 þar sem merkjum er lýst:

Milli Traða og Vaðla eru merki þessi: Út holtinu í svonefndum Merkisbletti upp í hlíðinni beint ofan í stóran stein (Merkissein), en þaðan ræður læna undir Mýrarbökkunum út á móts við Þverlænu ofan úr mýrinni, og þaðan beint í ána. Milli Kirkjubóls og Traðar áin og skammt fyrir framan Kirkjuból partur af hinum forna árfarvegi. Milli Traðar og Mosvalla ræður hinn forni árfarvegur. Milli Traðar og Holtslands er merki eptir hrygg (leiti), er nefnt er Seljaleiti.

xviii. *Holt Önundarfirði*

Í sóknarlýsingu Vestfjarða segir um Holt:

Heyskaparjörð, beitarlítill, fordérfast árlega af skaðsömu sandfokim svo mikill partur túnsins er orðinn að einlægum sandi, af hverjum það umgirðist að norðan og vestan. Engjar fordérfast líka mjög af sandinum og eins hlíðin fyrir ofan bæinn af fjallaskriðum. 12 Hdr. að dýrleika.¹⁶⁸

Þá segir í sóknarlýsingu um selstöðu Holts:

Selstöður eru hvergi nú í sóknum brúkaðar, en víða sjást þessháttar tóftarbrot í döllum frá ýmsum bæjum, sem engi man samt eftir, að til selja brúkað hafi verið. Einasta frá Holti hefur hún verið, og er brúkuð árlega með ærna kostnaði fram í áður umgetnum Bjarnadalsbotni, og er þar fé haft vetur og sumar, en kýr á sumrum.¹⁶⁹

Landamerkjabréf Holts er dags. 27. maí 1890, þar sem merkjum jarðarinnar og aðliggjandi jarða í Mosvalla, Kirkjubóls og Þórssstaða er lýst:

Milli Betaníu (kota) og Vífilsmýra ræður Hafradalsá. Milli Betaníu og Mosvalla eru merki Tvísteinar, og úr þeim beint í Þverlænu, síðan ræður Þverlæna til sjóar. Milli Mosvalla og Kirkjubóls eru merkin úr dýi uppi í hlíðinni ofan í Stakkagarð og úr honum í Auga. Mosvellir eiga svo nefnda Sturlueyri. Milli Kirkjubóls og Holtslands ræður Hádeigisá en Kirkjuból hefir rétt til beitar í Mjóadal öllum norðan Bjarnadsalsás. Milli Kirkjubóls og Traðar norður Bjarnadalsá, á einum stað skammt fyrir framan Kirkjuból ræður forn farvegur árinnar. Milli Holtslands og Traðar eru merki á svonefndu Seljaleiti. Milli Holtslands á Gemlufjallsheiði og Mýralands greinast lönd þar sem vötnum hallar til Dýrafjarðar. Milli Holts og Vaðla ræður merkjum Vaðalbotnsskriða og Illakelda, Holt á Holtsfit og Sjóarhólma. Milli Holts og Þórustaða ræður merkjum Tvísteinn á hlíðinni, þaðan ofan í Hlíðalæk, á móts við Borustaði, þá eru mekin yfir Borustaði og utan til í

¹⁶⁷ Sóknarlýsing.

¹⁶⁸ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 102.

¹⁶⁹ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 104.

Holtsteig. Milli Þórustaða og Hjarðardals innri eru merkin þessi: Eptir Hálsröndinni ofan í Orminn og svo eptir Djúpapytt til sjóar. Hjarðardalur innri á svonefnda Faxála.

4.1.15. Núpsfjall og Alviðrufjall

i. Sérstaklega um kröfusvæðið

Í sóknarlýsingu Vestfjarða segir m.a. um kröfusvæðið:

Fjallið uppi yfir Núpi liggur til norðvesturs eða nær norðri og allt út fyrir Gerðhamra, sem síðar mun verða skýrt frá. Í því eru víðast stuttar og einfaldar klettaraðir og mjög skriðurunnið. Núpur hefur oftar en einu sinni fengið skemmdir af skriðuföllum. Þar er hlaðið fyrir ofan túnið lítið garðpetti til varnar skriðufalli.¹⁷⁰

ii. Núpur

Í sóknarlýsingu Vestfjarða segir um Núpum:

Núpur, 20 Hdr. að dýrleika. Þar er þorp, sem kallast Núpur og er þá talið 50 Hdr. að dýrleika [...] Slægjuland er ekki mikið á þessum bæjum, nema á Núpsdal, sem einungis heyrir til heimajörðinni. Mjög er vetrarþungt í þessu þorpi vegna snjóþyngsla á vetrum. Beitarland er lítið eða ekkert heima, nema á Núpsdal, og er hann notaður þar til. Það er kostasamt land á dalnum, og allur peningur þar hafður otast í seli.¹⁷¹

Landamerkjabréf Núps er dags. 2. desember 1889 þar sem merkjum er lýst:

Að utanverðu í læk þann, er heitir Kaldilækur, eins og hann ræður frá sjó og að uppsprettu, síðan beina sjónhending á fjall upp. 2, Að innanverðu í Núpsá, og dal allan í á þá, er rennur úr Geldingadal og fellur í Núpsá. Núpur á beit í Alviðrubökkum vor og haust, svo og skipstöðu og naustgjörð. En Alviðra á selstöðu á Núpsdal, frá vori og það á haust fram, er þurfa þykir, svo og frjálsan fjárekstur um Núpsdal, þó skal honum varnað ágangi á slægjuland það, er Núpur á. Núpur á 5 kúgildabeit á Nesdal, sömuleiðis sauðfjárbeit á Skagahlíðum. Núpskirkja á fjórðshluta af öðrum reka, viðs og hvala, og öðrum fjörunytjum, frá Hraunslæk hjá Alviðru, og til þess er sér námu út skáladýum í fjöru í Nesdal, að hálf föllnum sjó, frá rekanum reitsólum á Fjallaskaga. Það eru sagnir elztu manna, að Núpskirkja eigi tíunda hverja vætt af hval, sem rekur í Skálavík ytri, og hefir enginn ágreiningur út af því verið.

iii. Alviðra og Leiti

Í sóknarlýsingu Vestfjarða segir um Alviðru og Leiti:

Pessir bæir eru kallaðir Alviðruþorp, 78 Hdr. að dýrleika. Það er landnámsjörð. Þar bjó Þórður Víkingsson, sem Dýri gaf land, og Þorkell hinn auðgi Alviðrukappi, sonur hans, eftir hann. Engar sjást þess menjar nú, sem menn þekki. Sá partur jarðarinnar, sem heitir

¹⁷⁰ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 76.

¹⁷¹ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 76

Leiti er 23 Hdr., og 10 Hdr. þar af er lénsjörð þingapresta hér. [...] Þar er gott og grasgefið tún, en mjög lítið, eftir jarðarinnar stærð. Þar er slægjuland nokkuð fyrir neðan bæinn og brekkuna og móskurður góður. [...] Fyrir ofan bæinn gengur graslíttill dalur, ekki mjög líttill, upp í fjallið Litli-Dalur kallaður. Hann er mjög hrjóstrugur. Hann stenst á, að mestu, við Seljahvilst í Núpsdal, sem liggar á bak við þetta fjall. Þar er mælt, að vegur hafi legið frá Alviðru fram dalinn og yfir fjallið og að selinu, en ekki er það fært nú.¹⁷²

Landamerkjabréf Alviðru og Leiti er dags. 19. desember 1891 þar sem merkjum er lýst:

Jarðirnar eiga land allt að Miðlyndislæk (í eldri skjölum kölluðum Mígandalæk) í svart berg, sem lækurinn kemur fram úr, og beint á fjall upp, að utanverðu að landamerkjum Gerðhamra. En að innanverðu eiga þær land allt í Kaldalæk, svo sem hann rennur og beint í fjall upp frá upptökum hans.

iv. *Gerðhamrar*

Í sóknarlýsing Vestfjarða segir m.a. um Gerðhamra:

Hér um bil ¼ mílu utar stendur bær sa, er Gerðhamrar heita, 24 Hdr. að dýrleika. Lækur nokkur, sem kallaður er Miðlendislækur, skilur land millum Alviðru og Gerðhamra. Hann sprettur fram úr miðri fjallshlíð og fellur til sjávar. [...] Tún er ekki grasgefið og útislægjur litlar. Þær eru skemmdar af skriðum, en útigangur og vetrarbeit er þar góð. Frá Alviðru og allt út fyrir Gerðhamra eru háir bakkar hvervetna með sjó því brattari og klettum girtari, sem lengra kemur nær Gerðhömrum, sem standa á háum bökkum. Inn og upp af bænum gengur tún og tví-prísett klettagirðing ofan frá fjallsrótum ofan að túninu. Sú innsta girðingin er mest og er sumstaðar á að líta sem hlaðinn veggur. Í hinum er grjót dökkleitt, sem líkist að lögum flötum og þrí- og ferrendum brýnisteinum. Eru sumir alin að lengd og þeir lengstu 1 ½ alin. Utan til við bæinn liggar hár grjóthryggur ofan frá fjalli niður sjávarbakkabrún. Hann er allur jafn hár. Það ber til, sér í lagi fram af sumri, að heyrist innan í hrygnum sem bjarg detti og falli niður í djúpan afgrunn.¹⁷³

Landamerkjabréf Gerðhamra er dags. 10. desember 1889 þar sem merkjum er lýst:

Að utanverðu milli Garðhamra og Arnarness ræður áin fram eptir dalnum, síðan eptir læknum í miðjum tungunum, sem hann rennur, og svo sem lækurinn rennur fyrir ofan tungurnar, sem þess fyrri menn hafa nefnt á, og eptir lægstu heiðunum allt út á hæðstu heiði, en þaðan svo sem brúnir ráða. 2, Milli Gerðhamars og Alviðru ræður Mígandalækur, sem í seinni tíð nefnist Miðlendis-lækur, eins og hann rennur beint upp eptir þangað, sem hann rennur fram úr bergi, þaðan ræður sjónhending beint á fjall upp.

¹⁷² Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 76-77.

¹⁷³ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 78.

4.1.16. Barði, Nesdalur, heiðar í Önundarfirði, Skagi og Skagafjall

i. Sérstaklega um kröfusvæðið

Í máldaga Gnúps kirkju frá 1397 segir um Nesdal:

Kirkia hins heilaga Johannis Baptistæ vnder Gnvpi a þidjung j heimalanndi [...] fimm hugillda beit vndann Gnvpi j Nesdal.

Í sóknarlýsingu Vestfjarða segir um svæðið:

Norðan fram við Þúfuna kemur vík, sem áður var kölluð Nesvík, en nú er hún kölluð Nesdalspollur. Þar gengur langur dalur fram, sem heitri Nesdalur. Þar er nú, á þessu ári, stofnuð nýlenda, neðst við sjó. Áður er mælt, að þar hafi meiri byggð verið, en sé í eyði lögð, bæði af skriðum og öðru, snemma á tímum, því í gömlum máldögum finnst, að kirkjurnar Holts í Önundarfirði, Mýrar-, Núps- og Sæbóls hafa átt þar ítök eða hagagöngu, milli krossmessna, fyrir vissa kúgildatölu, og það er það eina afrétti norðan fram Dúrafjarðar. Á dalnum er bezta beitarland, vetur og sumar, og nokkuð slægnaland, bæði neðarlega og framarlega. Nokkru fyrir manna minni nú var áður stofnuð þar nýlenda, en varaði mjög stutta stund, eða fá ár, vegna illræmis um geldingahvarf.

[...]

Fyrir innan Hrútskál byrjast nokkuð undirlengi. Þar gengur dalverpi nokkuð upp í fjallið, sem kallast Skálardalur, graslíttill og hrjóstrugur. Beitarland er þar nokkuð. Á rennur undan fjallsrótunum og ofan til sjávar. Dalurinn er allur klettum girtur, en eitt einstig er upp úr honum á fjallið og yfir á áðurnefnda Loðnuhvilst í Nesdal.¹⁷⁴

Frem betur stendur bær sá, er Hraun heitir, 12 Hdr. að dýrleika. Þar er tún harðslægt og ekki stórt. Útislægjur eru ekki miklar heima, nema nokkrar eyrar með ánni. Fjallið beygist nú þvert til vesturs og endar við Nesdalsskarð, svo allt þetta fjall, vestanvert við Sandinn, en norðan fram Nesdals, má einstakt kalla. Frá Hrauni liggja háar brekkur upp að skarði þessu. Fyrir ofan þær, en neðan skarðið, eru útislægjur frá Hrauni, og sumar- og vetrar beitiland. Þar er gott bú og kostasamt. Skammt fyrir framan Hraun fellur á, vestan af Skagafjalli. Framanvert við hana eru selstöður frá Sæbóli og í Álfadal.¹⁷⁵

Þá segir í sóknarlýsingu í um Núp:

Núpur, 20 Hdr. að dýrleika. Þar er þorp, sem kallast Núpur og er þá talið 50 Hdr. að dýrleika [...] Slægjuland er ekki mikið á þessum bæjum, nema á Núpsdal, sem einungis heyrir til heimajörðinni. Mjög er vetrarþungt í þessu þorpi vegna snjóþyngsla á vetrum. Beitarland er lítið eða ekkert heima, nema á Núpsdal, og er hann notaður þar til. Það er kostasamt land á dalnum, og allur peningur þar hafður otast í seli.¹⁷⁶

¹⁷⁴ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 82-83.

¹⁷⁵ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 85.

¹⁷⁶ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 76

Í landamerkjabréf Núps sem er dags. 2. desember 1889 kemur m.a. fram um kröfusvæðið:

Núpur á 5 kúgildabeit á Nesdal, sömuleiðis sauðfjárbeit á Skagahlíðum.

Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns kemur m.a. fram í lýsingu á Nesdal:

Nesdalur heitir afrjett vestan til við Íngjaldssand milli og Dýrafjarðar. Afrjett þessa eiga jörðin Sæból, kirkjan á Sæbóli og einn hluti þar í hefur eignaður verið bænhúsínu í Álfadal á Íngjaldssandi. Item eiga hjer ítök kirkjan í Holti í Önundarfirði, kirkjan að Mýrum og kirkjan að Núði, eftir því sem þeirra málðagar hljóða. Í þessum Nesdal var fyrir 5 eður 6 árum sett bygð að forlagi eiganda Sæbóls, og hafði hjer aldrei fyrr bygð verið. [...] Bygðin hjelst í 2 ár og ekki lengur, og ömuðust þeir við bygðinni, sem tiltölu áttu til Nesdals ásamt Sæbóls eiganda.¹⁷⁷

Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns kemur m.a. fram í lýsingu á Sæbóli:

Afrjett á jörðin í Nesdal sem áður er sagt. [...] Selstöðu á heiðum (fyrir ofan Íngjaldssand) á jörðin.¹⁷⁸

Í neðanmálgrein í sömu lýsingu segir m.a.:

Selstöðu á jörðin á heiðum og two parta þess lands, sem mínir forfeður mjer hafa, en ei nú í mörg ár brúkað, á þessum heiðum er lýng að fá. [...] Afrjettið Nesdalur brúkast til beitar fyrir geldfje vetur og sumar, so lengi sem snjór og klaki hylur ei gras, þar hafa hestar beit að öðru hvörju, so og á vetrum meðan sjer úti gefa.¹⁷⁹

Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns kemur m.a. fram í lýsingu Mýra:

Kirkjan á eftir máldögum xv kúgilda beit á sumar í Nesdal milli Dýrafjarðar og Íngjaldssands.¹⁸⁰

Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir m.a. um Álfadal:

Útigangur heima á jörðinni er lakur, en geldfje gengur jafnlega á Nesdal. Afrjett á bænahúsið í Nesdal allan þriðjung, eftir því sem almennilega heyrst hefur. [...] Selstöðu á jörðin fram á heiðum, sem brúkast árlega. Úthagarnir heima á jörðinni eru mjög fordjarfaðir af skriðum, og fyrir því brúkast selförin jafnlega.¹⁸¹

ii. Sæból

Í sóknarlýsingu Vestfjarða er fjallað um Sæból:

Spölkorn fyrir innan Skálardalsá stendur bær sá, er Sæból heitir, 60 Hdr. að dýrleika. Það hefur oft verið heldri manna setur og verið mjög stórhýstur bær, en nú ekki. Þar eru nú þrír bæir saman. Fyrir skömmum tíma voru tveir aðrir. Þar er stórt tún, en undiropið

¹⁷⁷ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Ísafjarðar- og Strandasýslur (VII. bindi), bls. 86.

¹⁷⁸ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Ísafjarðar- og Strandasýslur (VII. bindi), bls. 87.

¹⁷⁹ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Ísafjarðar- og Strandasýslur (VII. bindi), bls. 87-88.

¹⁸⁰ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Ísafjarðar- og Strandasýslur (VII. bindi), bls. 68.

¹⁸¹ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Ísafjarðar- og Strandasýslur (VII. bindi), bls. 90.

sandfoki. Útislægjur eru þar ekki miklar eftir jarðarinnar stærð. Þær eru og undirorpnar skemmdum af sandfoki. Fyrir innan túnið er pláss, sem kallast Akrar. Það virðist sem móti þar fyrir akurreinum. Kirkja er á Sæbóli, hvorki fögur né stór. Frá Sæbóli gengur fram mikill dalur til suðurs, sem kallast Ingjaldssandur, af sandi þeim, er liggur með sjávarströndu, þvert fyrir dalsmynnið.¹⁸²

Landamerkjabréf Sæbóls er dags. 15. maí 1886, þar sem merkjum jarðarinnar er lýst sem:

Milli Sæbóls- og Álfadals eru merkin í svonefnda Merkislá, eptir henni ofan sem hún ræður í sýki það, sem er Sæbólsmegin við svonefndan Þrætupart, þaðan á jörðin land allt vestur fyrir allan Barða, vestur í Nesdal, með reka öllum til móts við endimörk Mýrareka í Þúfu. Sæból á Villingadalshlíð úr Krikanum neðanvert við svonefnda Sýkiseyri, og þaðan beint á brún, svo niður eptir til sjávar, og reka allan, og land allt í svonefnt Reiðarsker. Kirkjan á enn fremur þriðjung í Nesdal og þriðjung í Heiðum og Seljalágar allar frá Mórollu í læk þann, er rennur fyrir utan Stóra bala. Kirkjujörðin Háls á Mórilleyrar beint í fjall eptir því sem áin Mórlilla segir. Sæbólskirkja á áttung í Geirsbrekku í Súgandafirði og skóga, sem fylgja því landi. Sæbólskirkja á land allt undir Hálsi innan þeirra landamerka, er nú skal greina. Milli Háls og Brekku eru merkin í svonefnda Þverá, og skilur hún lönd milli þeirra landa fram í dalbotn. Milli Háls og Hrauns skilur Langá fram að Þverá sem rennur milli landamerka Hrauns og Sæbóls, lands, sem hefir upptök sín neðanvert við Nesdals-skard.

iii. Álfadalur

Í sóknarlýsing Vestfjarða er fjallað um Álfadal:

En bær sé stendur fyrir neðan dalsmynnið, er Álfadalur heitir. Þar eru tveir bær saman. Jörðin er 36 Hdr. að dýrleika. Þar er harðlent tún, útislægur eru þar miklar og undirlengi mikið ofan að á. Þar hefur verið bænhús eða kirkja, því kirkjugarðsmenjar sjást enn nú og leiði í honum. Mælt er, að kirkjan hafi þar áður verið, en ekki á Sæbóli, en ríkur eigandi beggja jarðanna, sem bjó á Sæbóli, hafi flutt hana á sitt heimili. Framan til við bæ pennan, hækkar fjallið á ný og gengur meir ofan að undirlendi. Það kallast Hraunshorn. Þar niður undan er hrjóstrugt mjög og ekkert annað en stórgrytti, allt ofan að á.¹⁸³

Landamerkjabréf Álfadals er dags. 9. desember 1889, þar sem merkjum jarðarinnar er lýst sem:

Milli Álfadals og Sæbóls í svonefnda merkis-lá, eptir henni ofan, sem hún ræður í sýki það, sem er Sæbóls megin við svonefndan þrætupart, og þaðan beint niður í á Klukkulands. Milli Ólafsdals og Hrauns ræður lækur sé, sem sprettur upp framan til við svokölluð Litlu-hraun, og ræður hann landmerkjum svo sem hann rennur allt ofan þar sem hann fellur í Sandsá. Ennfremur á Álfadalur einn þriðja part í herðum svonefndum, sem óátalið hefur verið notaður frá Álfadal.

¹⁸² Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra áththagafélaga (1952), bls. 84.

¹⁸³ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra áththagafélaga (1952), bls. 84-85.

iv. Hraun

Í sóknarlýsingu Vestfjarða segir um Hraun:

Fram betur stendur bær sá, er Hraun heitir, 12 Hdr. að dýrleika. Þar er tún harðslægt og ekki stórt. Útislægur eru ekki miklar heima, nema nokkrar eyrar með ánni. Fjallið beygist nú þvert til vesturs og endar við Nesdalsskarð, sem allt þetta fjall, vestanvert við Sandinn, en norðanfram Nesdals, má einstakt kalla. Frá Hrauni liggja háar brekkur upp að skarði þessu. Fyrir ofan þær, en neðan skarðið, eru útislægur frá Hrauni, og sumar- og vetrarbeitarland. Þar er gott undir bú og kostasamt. Skammt fyrir framan Hraun fellur á, vestan af Skagafjalli. Framanvert við hana eru selstöður frá Sæbóli og Álfadal. Í ánni er foss, sem kallaður er Gálgfoss.¹⁸⁴

Landamerkjabréf Hrauns er dags. 24. júní 1886, þar sem merkjum jarðarinnar er lýst sem:

Milli Hrauns og Áfadals [svo] er merki í geil, þaðan í fjall upp, og niður eptir lækjarskurði í miðjan dýárdal, og þaðan beint í Langá, milli Hrauns og Brekku skiptir Langá landi allt þangað til Þverá fellur í hana, og þaðan eptir farveg, sem Langá rann fram með svonefndri Hólsveitu, og aftur í Langá, því að um 50 ára tíma hefur hún runnið gegnum þetta stykki, og rifið sér þar all stóran farveg, eptir það á Hraunland eptir Langá fram að Selá, og milli Hrauns og Sæbóls skiptir lína landi upp í Galgafoss, og þaðan í Hraunland eptir læk, er rennur framan vert við svo nefndan Krók allt á fjall upp.

v. Brekka

Í sóknarlýsingu Vestfjarða segir m.a. um Brekku:

Undir þeirri hlíð eða fjalli stendur skammt frá árbakkanum, neðar en Hraun, er framar en Álfadalur hinsvegar, bær sá, er Brekka heitir, 48 Hdr. að dýrleika. Það er kirkjujörð nú, frá Eyri í Skutulsfirði. Áður var hún konungseign, en gefin af konungi Eyrarprestakalli, þegar Ísafjörður var gerður að kaupstað [...] Þar er slétt og harðlent tún, en ekki stórt eftir hundraðatölu. Útislægur eru þar mestar á Sandi fram frá bænum með ánni, allt að Hálsi og fram á Brekkudal. Þær eru mjög votlendar hið lægsta. Efst með hlíðinni er mjög skriðurunnið. Mælt er, að Brekka hafi átt land þeim megin árinnar allt til sjávar.¹⁸⁵

Landamerkjabréf Brekku er dags. 15. janúar 1891 þar sem merkjum er lýst:

Að neðanverðu milli Villingadals og Brekku ræður svo kallað Merkisgil (þ.e. Merkigilshryggur) frá fjallsbrún og niður í Urðarfætur, þaðan bein sjónhending þvert yfir í Langá. Svo ræður Langá landamerkjum upp eptir, milli Brekku annars vegar, en Hrauns og Háls hins vegar, þar til Þverá rennur í hana, þá greinir Þverá land Brekku og Háls, og ræður landamerkjum úr því til fjalls og á hæðstu heiði.

vi. Háls

Í sóknarlýsingu Vestfjarða segir um Háls:

¹⁸⁴ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 85.

¹⁸⁵ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 86.

Brekkur nokkrar liggja ofan með Þorsteinshorni norðanverðu. Næst þeirri neðstu heitir Skógarbrekka. Þar sést varla lyng nú. Neðar er önnur, beint niður undan horninu, hvar áin fellur yfir. Hún kallast Háls. Undir henni stendur bær há, er Háls heitir, 12 Hdr. að dýrleika. Það er kirkjujörð frá Sæbóli, hvar af þingaprestar hér fá hálfa leigur. Hún er sú fremsta í dalnum og sú fyrsta, sem að er komið af heiðinni. Það er notagóð jörð, með góðu túni og miklum útislægjum, bæði fram frá bænum á Hálsdal og líka upp á Skógarbrekku og lengra fram, því áin sem ofan Brekkudal rennur og kallast Þverá, skiptir löndum milli Háls og Brekku. Hún fellur neðanvert við tún á Hálsi í aðalána.¹⁸⁶

Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir m.a.:

Útigangur í jarðarinnar landi mjög líttill, og því beitir ábúandi oftlega á veturn Sæbólskirkju land, sem hún á fram á heiðum, og gelur þar öngvan toll fyrir.¹⁸⁷

Landamerkjálýsing Háls er að finna í landamerkjálýsing Sæbóls og Hálsa, dags. 15. maí 1886, þar sem merkjum jarðarinnar er lýst sem:

Kirkjujörðin Háls á Mórilleyrar beint í fjall eptir því sem áin Mórilla segir. Sæbólskirkja á áttung í Geirsbrekku í Súgandafirði og skóga, sem fylgja því landi. Sæbólskirkja á land allt undir Hálsi innan þeirra landamerkjja, er nú skal greina. Milli Háls og Brekku eru merkin í svonefnda Þverá, og skilur hún lönd milli þeirra landa fram í dalbotn. Milli Háls og Hrauns skilur Langá fram að Þverá sem rennur milli landamerkjja Hrauns og Sæbóls, lands, sem hefir upptök sín neðanvert við Nesdals-skarð.

v. Arnarnes

Í sóknarlýsing Vestfjarða segir m.a. um Arnarnes:

Norðan fram Gerðhamradals er fjallið að lögum líkt og hins vegar, en neðst við dalsmynnið er það hátt og þverhnýpt. Það kallast Óþoli. [...] Lítinn spöl frá ánni stendur fyrir dalsmynnini norðanvert, við sjó, bær há, er Arnarnes heitir, 18 Hdr. að dýrleika. Þar er mjög hrjóstrugt og skriðurunnið. Lítið er þar undirlendi og engar eða mjög litlar útislægjur. Tún er nokkuð grasgefið, en þó grýtt mjög. Útigangur og fjörubeit er þar góð, og allur sauðopeningur er þar upp á byggður. [...] Pessi jörð á allan dalinn norðanvert við ána. Á dalnum er móskurður norðanvert og líka sunnan megin, nýfundinn. Engin er skógr nokkurnstaðar í sókn þessari, nema lyng eitt. Fjallið beygist nú frá Óþolanum til N.N.V. eða nærrí til útnorðurs. Það er mikill fjallgarður, girtur klettum hið efra, en skriðurunninn hvetvænta hið lægra. Það kallast fyrir höfuð Skagahlíðar. Þær eru illar yfirferðar, með hömrum fram í sjó, urðum og giljum og stórgryti í fjöru. Litt eru þær grasi vaxnar, en þó er þar góð og kostasöm beit sumar og vetur, útigangur góður á vetrum og fjörubeit. Sjaldan liggur þar lengi djúpfenni vegna stormvinda af norðri og brattlendis.¹⁸⁸

¹⁸⁶ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 86.

¹⁸⁷ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Ísafjarðar- og Strandasýslur (VII. bindi), bls. 91.

¹⁸⁸ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 80-81.

Landamerkjabréf Arnarness er dags. 13. janúar 1890 þar sem merkjum er lýst:

Að innanverðu milli Arnarness og Gerðhamra ræður áin fram eptir dalnum síðan eptir læknum í miðjum tungunum á dalnum, sem hann rennur, og svo sem áin ræður fyrir ofan tungurnar og eptir lægstu heiðinni allt út á hæðstu heiði, en þaðan sem brúnir ráða. 2. Að utanverðu milli Arnarsess og Birnustaða er ytri Vegakambur og sjónhending beint á fjall upp þessi merki hafa gamlir menn heyrt og sagt nefndra jarða, og vita engan ágreining þar á milli verið hafa.

vii. *Birnustaðir*

Í sóknarlýsingu Vestfjarða er fjallað um Birnustaði:

Löngum spöl utar en Arnarnes stendur á mjög háum bökkum, nærri miðhlíðis, bær sá, er Birnistaðir heita, 6 Hdr. að dýrleika. Þar er lítið og mjög harðlent tún. Engar eru þar útislægur, en beitarland er þar gott, vetur og sumar. Neðan frá sjó og upp á þessa bakka er mjög brattur og hættulegur vegur, en fara má hann þó með stórgripi á sumrum með mikilli aðgætni. Fyrir utan bæ þennan eru háir múlar, er þar vegur til sjávar. Þar er lítil vík með sléttum sandi. Kallast hann Seljasandur. Þar hefur verið selstaða frá Skaga.¹⁸⁹

Landamerkjabréf Birnustaða er dags. 7. júní 1886, þar sem merkjum jarðarinnar er lýst:

Að utanverðu milli Birnustaða og Skaga er svo kallað Seljagil og bein sjónhending í fjallsbrún upp og að innanverðu milli Arnarnes og Birnustaða er ytri Vogakambur og bein sjónhending í fjall upp.

Milli Arnarness og Birnustaða er Yfir Vogakambur og sjónhending beint í fjall upp.

viii. *Skagi*

Í Sóknarlýsingu Vestfjarða er fjallað um jörðina Skaga:

Efst undir fjallinu stendur bær sá, er Skagi eður Fjallaskagi heitir, 12 Hdr. að dýrleika. Þar er hrjóstrugt, harðlent og grýtt tún. Útislægur eru þar litlar og engar nærri, nema nokkrar myrar, fyrir utan verbúðirnar. Beitarland er hér gott og útigangur góður á vetrum, enda er sauðpeningur allur þar upp á byggður.¹⁹⁰

Landamerkjabréf Skaga er dags. 2. desember 1891, þar sem merkjum jarðarinnar er lýst:

Að sunnanverðu milli Skaga og Birnustaða er svokallað Seljagil, og bein sjónhending í fjallabrunn upp. Að utanverðu eru takmörk jarðarinnar í svokallaða Þúfu, þaðan á fjall upp, og svo eptir því sem fjallendinn segir. Þessu til staðfestu eru nöfn okkar eigenda Skaga, Sæbóli og Birnustaða.

¹⁸⁹ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra áththagafélaga (1952), bls. 81.

¹⁹⁰ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra áththagafélaga (1952), bls. 81-82.

4.1.17. Klofningsheiði Ísafjarðarbær

i. Sérstaklega um kröfusvæðið

Í sóknarlýsingu Vestfjarða er að finna lýsingu á Staðarsókn sem byrjar á vestanverðu Sauðanesi, en þar segir:

Hvarvetna er sókn þessi umgirt afarháum og snarbröttum fjöllum með litlu undirlendi, í hver fjöll að eru, á einstöku stöðum, smádalir, sem síðan nefndir verða, ásamt fjöllunum, er þar umgirða. Er þá fyrst fjallið Sauðanes (hvers áður er getið), er það afar hár fjallhryggur eður höfði, sem gengur út og vestur milli Önundarfjarðar og Súgandafjarðar. Gengur Súgandafjörður inn að norðanverðu við nes þetta, frá útvestri til austnorðurs. Myndar það yzt með firðinum háa hlíð, hverrar efri partur að er samhangandi klettabelti, en þar fyrir neðan er hlíð með grasteigum, hverjur árlega sæta tölverðum skemmdum af skriðuhlaupum.¹⁹¹

Ekki er fjallað sérstaklega um jarðirnar Eyri, Hvilst, Garða, Hóll, Kaldá, Selakirkjuból, Efri- og neðri- Breiðdal í sóknarlýsingu Vestfjarða, öðru leyti en því að gerð er grein fyrir stærð hverrar jarðar og í einstaka tilvikum er að finna lýsingu á hrjóstrugum túnum vegna skriðufalla.¹⁹²

ii. Breiðdalur fremri

Í sóknarlýsingu Vestfjarða segir um Breiðdal fremri:

Breiðdalur fremri, stendur við sömu á. 12 Hdr. að dýrleika. Báðar þessar jarðir eru fjallskriðum undirorpnar.¹⁹³

Landamerkjabréf Neðri-Breiðdals og Fremri-Breiðdals er dags. 22. ágúst 1885, þar sem merkjum er lýst:

Á sem rennur úr svokölluðum Þverdal og heitir Þverá skal vera landamerki milli ofannefndra jarða neðanverðu, og á hver jörð fyrir sig land að ánni. Neðri Breiðdalur fær þann landskika, sem er hans megin við Þverána. Að framanverðu höfum við sett landamerki þannig: að fremri Breiðdalur á land að seltóttum sem eru á Langadal en Neðri Breiðdalur á landið allt fyrir framan þær. Samningur þessi stendur óbreyttur þar til ef nánari upplýsingar fást um landamerki ofannefndra jarða.

Jafnframt liggur fyrir landamerkjabréf Fremri-Breiðdals er dags. 11. júlí 1921 þar sem merkjum er lýst:

Milli Neðri- og Fremri-Breiðdals er áin Þverá landamerki, að neðanveður, þar sem hún rennur nú utan til við tunjaðar Fremri-Breiðdals, og á hver jörð í ána miðja, Þverá ræður

¹⁹¹ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 111-112

¹⁹² Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 101-102.

¹⁹³

því merkjum frá því sem hún kemur í Breiðdalsá og svo sjónhending í fjallsbrún. Landamerki að framanverðu eru: Lækur, sem rennur í Breiðdalsá, neðan til við neðri seltóttina, er landamerki í melholtsröndina að framanverðu, frá holtsröndinni eru 3 merkjavörður hlaðnar, og eftir þeim sjónhending í fjallsbrún. Milli Fremri-Breiðdals og Veðrarár ytri er Breiðdalsá landamerki og á hver jörð í ána miðja.

iii. Neðri Breiðdalur neðri

Í sóknarlýsingu Vestfjarða segir um neðri Breiðdal:

Breiðidalur neðri, í fyrrnefndum Breiðadal, stendur undir svonefndri fjallsgnýpu, Stiga, og við Breiðdalsá, 24 Hdr. að dýrleika.¹⁹⁴

Landamerkjabréf Neðri Breiðdals, er dags. 23. maí 1890, þar sem merkjum jarðarinnar er lýst sem:

Milli Neðri og Fremri Breiðdals eru samkv. Meðf. samningi á sem rennur úr svokölluðum Þverdal og heitir Þverá er landamerki milli ofannefndra jarða að neðanverðu og á hver jörð fyrir sig land að ánni sín megin Neðri Breiðdalur á land allt á Langadal fyrir framan svokallaðar seltóttir. b). Milli Neðri Breiðdals og Veðraá er Breiðdalsá. c). Milli Neðra Breiðdals og Selabóls er skriða kölluð Stóraurð er liggur úr svonefndri Grjótskál í fjallsbrún og til sjávar.

iv. Selakirkjuból

Í sóknarlýsingu Vestfjarða segir um Selakirkjuból:

Selakirkjuból, 12 Hdr. að dýrleika. Þessar jarðir eru mjög hrjóstrugar og líka undirkastaðar skriðum, einkanlega slægjur og beitalönd.¹⁹⁵

Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir m.a.:

Útigángur við lakara kost. Torfrista að kalla eydd, en stúnga bjargleg. [...] Engjar eru forskemmdar af skriðum og mikinn part eyðilagðar. Útihagar og so mjög skriðurunnir og grasausir. Hætt er kvíkfje fyrir snjóflóðum og sjáfarflæðum, og hefur ábúandinn mis fyrir 4 árum um alt sitt fje út í sjó.¹⁹⁶

Landamerkjabréf Selakirkjubóls er dags 9. júlí 1921, þar sem merkjum jarðarinnar er lýst sem:

Landamerki milli Selakirkjubóls og Breiðdals neðri er úr steini í fjörunni sem auðkendur er á þann hátt, að í hann er rekinn járn bolti, þaðan bein lína upp svokallaða Stóruurð upp

¹⁹⁴ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 102.

¹⁹⁵ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 102.

¹⁹⁶ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Ísafjarðar- og Strandasýslur (VII. bindi), bls. 122.

Grjótskálargil alla leið upp á fjall. Landamerki millli Selakirkjubóls og Kaldár er í miðja á er heitir Kaldá frá sjó og þar sem áin nær, þaðan bein lína upp miðjan dal og upp á fjall.

v. *Kaldá*

Í sóknarlýsingu Vestfjarða segir um Kaldá:

Kaldá, stendur litla ársprænu, sem nefnist Kaldá, 12 Hdr. að dýrleika.¹⁹⁷

Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir m.a.:

Útigángur við lakari kost. [...] Engjar eru mestan part eyðilagður fyrir skriðum. Úthagar eru so mjög hrjóstrugir.¹⁹⁸

Landamerkjabréf Kaldár er dags. 10. júlí 1921, þar sem merkjum er lýst sem:

Landamerki Kaldár á Hvilstarströnd í Önundarfirði eru sem hér segir: a. Milli Kaldár og Selakirkjubóls skilur lönd svo kölluð Kaldá frá sjó og þaðan sem hún sést fram Kaldárdal, og þaðan beina línu eftir miðjum á fjall. B. Milli Kaldár og Hóls skilur lönd bein lína úr jarðföstum steini stórum merktum á sjávarbakkanum, eftur miðjum svokölluðum Markhrygg í gil í fjallinu, og svo áframhaldandi bein lína á fjall.

vi. *Hóll*

Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir m.a.:

Útigángur lakur, og er rosknu fje í burt komið jafnlega að Hvilt eður Eyri [...] Engjar eru að kalla eyðilagðar fyrir skriðum. Úthagar og so mjög skriðurunnir og í hrjóstur komnir.¹⁹⁹

Landamerkjabréf Hóls er dags. 10. júlí 1921, þar sem merkjum er lýst sem:

Milli Hóls og Kaldár skilur land bein lína úr jarðföstum merktum stórum steini á sjávarbökkunum, eftir miðjum svokölluðum markhrygg í fil í fjallinu, og svo bein lína á fjall. Milli Hóls og Garða skilur lönd svo kölluð Hólsa frá sjó og þar sem hún sést fram eftir Háls og Garðadal og þaðan eftir miðjum dal á fjall.

vii. *Garðar*

Landamerkjabréf Garða er dags. 17. júlí 1920, þar sem merkjum er lýst sem:

Milli Garða og Hvilstar ræður girðing (garður) merkjum, það sem hún nær og niður eins og hún vísar til sjávar. En til fjalls eins og girðing vísar í læk þann eða gil, sem rennur niður úr svo kölluðum Sauðanefsflesi, en síðan ræður téð gil of stefna þess merkjum á fellsbrún. Hvilst á tveggja máðaða sauðbeit á Garðadal. Milli Garða og Hóls ræður Hólsá

¹⁹⁷ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 101.

¹⁹⁸ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Ísafjarðar- og Strandasýslur (VII. bindi), bls. 123.

¹⁹⁹ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Ísafjarðar- og Strandasýslur (VII. bindi), bls. 123.

merkjum milli fjalls og fjöru. Merkjaskrá þessa samþykkjum við undirritaðir eigendur og umráðamenn ofangreindra jarða.

viii. Hvilst

Í sóknarlýsingu Vestfjarða segir m.a. um Hvilst:

Tekur nafn af hvilst, sem þar er í fjallinu fyrir ofan bæinn, hvar af líka ströndin tekur nafn, allt að Breiðdal neðri. 18 Hdr. að dýrleika. Nefndar jarðir hafa góða beit og slægjur á Sauðanesi, en heima um sig fá þær fremur skaða af fjallskriðum.²⁰⁰

Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir m.a.:

Enginu grandar til stórskaða skriður úr brattlendi. Úthagar eru mjög litlir heima á jörðinni og mjög hrjóstrugir. Hætt er kvikfje stórlega fyrir sjáfarflæður undir mósköflum og so snjóflóðum.²⁰¹

Landamerkjabréf Hvilstar er dags. 1. júlí 1921, þar sem merkjum er lýst sem:

Landamerki milli Hvilstar og Eyrar: Innanvert við grænt dý í fjallinu eru reist hvítmáluð merki í beinni línu lína til fjalls að hreppatakmörkum. Þess skal gerið að Hvilst helgar sér, samkvæmt undirréttardómi, beit alt árið, fyrir sínar eigin skepnur, fyrir utan Klofningshrepp og 2/5 two fummtu hluta úr vertollum á Kálfeysri. B. Milli Garða og Hvilstar, girðing (Garður) merkjum, það sem hún næt og niður eins og hún vísar til sjávar. En til fjalls (fjalls) eins og girðing vísar í læk þann eða gil, sem rennur niður úr svokölluðu Sauðanesfleti, en þaðan ræður téð gil og stefna þess merkjum á fjallsbrún. Hvilst á tveggja mánaða sauðabeit í Garðadal.

ix. Eyrí

Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir m.a.:

Útigángur í betra lagi og bregðost sjaldan, þá hann sje mög hættusamur, sem síðar segir. [...] Túrinu grandar möl og aur, sem rennur á það ú vatnagángi og leysingum af holti því, er ofan völlinn er. Engjar mjög spiltar af skriðum, og fyrir því víðast eyðilagðar. Hætt er kvikfje fyrir sjáfarflæðum og merkilega fyrir snjóflóðum, og hafa þessi snjóflóð stundum tekið hjer bæði menn og fje út í sjó, og hesta, og gjört með því stórkostlegan skaða.²⁰²

Landamerkjabréf Eyrar er dags. 23. maí 1890 þar sem merkjum er lýst sem:

Milli Hvylftar og Eyrar: Merkilækur, er rennur úr gömlum mógröfum til sjávar. Frá mógröfunum uppí grænt dý í hlíðinni er merkilækur áður hefur runnið úr og sjest farvegur hans enn. Frá dýinu beina sjónhending á brún. b). Milli Flateyrartanga og Eyrar: eru þar þar sem Flateyrartangi sker sig út frá Eyrarlandi sbr. afsalsbjef bókað d. 23. Maí 1860 eða frá svonefndum Fjósbökkum beina sjónhending eptir svonefndum Bökkum

²⁰⁰ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 101.

²⁰¹ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Ísafjarðar- og Strandasýslur (VII. bindi), bls. 125.

²⁰² Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Ísafjarðar- og Strandasýslur (VII. bindi), bls. 127.

strandlengis með Hvylftarströnd. c). Milli Staðar í Súgandafirði og Eyrar: Úr Rauf eða Klauf í fjallsbrún fremst á Sauðanesi beina leið til sjávar þar sem Sauðanes skerst lengst út. Þess skal getið að Hvylft helgar sjer samkv. undirrettardómi beit allt árið fyrir sínar eigin skepnur fyrir utan Klofningshrygg og tvo fimmtu hluta úr vertollum á Kálfeyri. Holtskirkja tekur sjer Hvalreka að 1/6 hluta á svæðinu frá Rauf að Dalsá.

x. *Staður*

Í sóknarlýsingu Vestfjarða segir um Stað:

Utarlega á Sauðanesi er litið eitt undirlendi, Stóruhólar kallað, tilbærilega grasgefið, og þar fyrir innan gengur dalverpi nokkurt í útsuður, er heitir Kleifarskál, hverrar botn er klettum girtur, og skammt þar fyrir innan nokkuð upp frá sjó sendur bærinn Stað í Súgandafirði á flötum hól, og þar gegnt út frá er hjáleigan Staðarhús (beggja túnin saman). Frá bænum á Stað, ofan til sjóar, er mest smá holt eður myrlendi, en upp frá bænum er lág hlíð, grasi vaxin og þar fyrir ofan flatlendi nokkurt Hvilstir kallað, en fyrir ofan þar er klettabrun, eins og áður er sagt um Sauðanes.²⁰³

Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir m.a.:

Úthagar foreyðast mjög af skriðum. Hætt er útigángspenígi mjög fyrir snjóflóðum og hefur oft að því stórskaði að orðið.²⁰⁴

Landamerkjrabréf Staðar er dags 6. júlí 1891, þar sem merkjum er lýst sem:

Milli Bæjar og Staðar ræður Staðará frá fjöru til Þverár, og síðan Þverá fram til fjalls. Milli Staðar og Eyrar eru merkin í Rauf á Sauðanesi, og þaðan eins og nesið gengur lengst til sjávar.

xi. *Bær*

Í sóknarlýsingu Vestfjarða segir um Bæ:

Neðar í dalnum, sama megin, gegnt Stað, er jörðin Bær 24 Hdr. að dýrleika. Hefur þar verið umhverfis og niður frá bænum að forngildu grösug hlíð og slægjuland mikið, en samt nú er orðið mjög af sér gengið af skriðuföllum. Nær hlíð þessi ofan til sjóar og endar við höfða þann, er Spillir heitir, sem gengur fram milli Staðar- eður Vatnsdals og Suðureyrarlands, sem er innan með Súgandafirði.²⁰⁵

Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir m.a.:

²⁰³ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra áthagafélaga (1952), bls. 112.

²⁰⁴ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Ísafjarðar- og Strandasýslur (VII. bindi), bls. 129.

²⁰⁵ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra áthagafélaga (1952), bls. 112-113.

Fóðrast kann á allri jörðinni ix kýr, en útigángur er hjer við lakari kost bæði á landi og í fjörunni. [...] Engjarnar hafa spilst stórlega af skriðum úr brattlendi, sem að áeykst árlega.²⁰⁶

Landamerkjabréf Bæjar er dags. 6. júní 1891 þar sem merkjum er lýst:

Milli Bæjar og Suðureyrar eru í klett mitt á milli Kýrnness og Vallarnrss, en milli Bæjar og Vatnadals er Helguhóll merki, og þar þvert yfir dalinn. Samningur milli Bæjarmanna og Vatnadals-eigenda, að Vatnadals-eigendur fái að byggja hús við sjóinn og hlöðu og ristu, sem tekur um 30 kindur og hafa þar fjörubeit yfir veturinn, aptur fá Bæjar ábúendurnir sumarbeit fyrir ærpening annað málid á fremri dal á Vatnadal eptir fráfærur (kvöldmál) til höfuðdags, og reka kýr fram í stóra gröf annað málid á fremri dal á Vatnadal eptir fráfærur (kvöldmál) til höfuðdags. Landamerki milli Staðar og Bæjar er Staðará, frá fjöru fram að Þverá og Þverá fram til fjalls.

Í kaupbréfi Björns Porleifssonar fyrir Bæ í Súgandafirði frá 22. febrúar 1460 er merkjum jarðarinnar lýst með eftirfarandi hætti:

Þad girðum vær Are Sumarlidason, Þorsteinn Sigurdsson, Einar Pálsson, Jon Jonsson, Vincentius Nicolasson Godum monnum kunnugt med þessu voru opnu brefe ad, vær vorum i hia i Breidastfunne i stifunne i Vatnsfirde þa lided var fra hingadburd vors herra Jesu Christi 1460 aa Peturs Meeu dag um veturinn, sáum og heirdum aa ord og handaband Björns bonda Porleifssonar og Grijms Porleifssonar og skildest þad under þeirra handabanda ad nefndur Grjmur sellde Bjrne Porleifssine Jörd þa er Bær heiter i Sugandafirde, og liggur i stadar kirkjusokn, med öllum þeim gögnum og giædum, sem greindre Jördum aa ad filgia og filgt hefur, ad fornu og nyju og firrgreindur Grijmur vard framast eigande ad. Hier i mot gaf ádurgreindur Biorn Porleifsson þria tyge hundrada, med so felldum frijdleika. 12 Kugillde bulæg og 8 hundrud i gieldfie. 10 hundrud j þarflegum peningum. þeim sem þeim vel saman kiame. og skillde lukast aa þrem aarum enum næstu. utan Biörn villde fírr mejra luka, sellde Grijmur þessa fírr greinda Jörd 'durnefndum Birne til fullrar eignar undan sier og sijnum Erfingum. skilldo oftnefndur Grijmur svara laga rifftingum aa friigreindre Jördum. enn tijtneffndur biörn hakkada greindre Jördum til laga. ad þessum landamerkum. ad Sunddalsaa so langt sem hun fellur til ur Vatne og til gards þess er giordur er mille Vatnadals og bæar. búdu meigenn aar sem gardurenn syner. þridiung beitar í Vatnadalsafiett. Enn Vatnadalur aa i mote haustbeit og vorbeit i krossmessna i millum ofan med bærhlijd.²⁰⁷

Aðrar heimildir um Vatnsdalsfrétt hafa ekki fundist.

xii. Vatnadalur

Í sóknarlýsingi Vestfjarða segir um Vatnadal (Vatnadal neðri og fremri):

²⁰⁶ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Ísafjarðar- og Strandasýslur (VII. bindi), bls. 131.

²⁰⁷ Íslenskt fornbréfasafn. V. bindi, bls. 206-207.

Að norðanverðu í dal þessum, framarlega, eru tveir bæir, sem heita Vatnadalur neðri og fremri. Liggja saman túnin á bæjum þessum. Eiga þeir hvortveggja beit og slægjur fram í Vatnadal, og teljast hvortveggja heyskaparjarðir allgóðar. Er hin fyrri 9 Hdr., en hin síðari 7 Hdr., að dýrleika.²⁰⁸

Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir m.a.:

Útigángur við lakari kost, og er fje jafnaðarlega í burtu komið á veturn. [...] Túninu grandar skriða til stórskaða og eyðileggíngar og enginu í sama máta, so fyrir því er mikill hluti slægnanna eyðilagður. Hætt er kvíkfje fyrir grjóthruni. Hætt er bænum stórlega fyrir þessum skriðum og grjóthruni og hafa þær mjög að bænum gengið, en þó ekkert hús ennþá tekið, er hjer þó mjög vovlegt fyrir menn í bænum þegar vatnagángur er.²⁰⁹

Landamerkjabréf Vatnadals er dags. 12. desember 1890, þar sem merkjum er lýst:

Milli Vatnadals og Bæjar. Á rennur frá Vatnadalsbotni til sjáfar, austanvert árinnar standa bæirnir, fyrir neðan tún í Neðri Vatnadal, er hóll einn, sem Helguhóll er nefndur, í hann eru landamerki og svo þaðan beint til fjalls, fyrst í hól, sem nefndur er Þrautahóll, þaðan í klettabeltisenda, sem kallað er Hamarsendi, þaðan í fjallsbrún neðan til við svonefnda húsahvylft. Vestantil nefndrar ár í beinni stefnu í vestur (frá nefndum merkjahólum austanvert.) eru landamerki í hraunvarð eitt, sem liggur frá ánni, sem kallaður er Urðarkollur (Rauðkollur), sem stendur í miðju hrauninu þar, þaðan liggur markið beint í fjall upp, sem nefnt er Sunddalshorn. Athugasemd: Erfikenningin, sögusögnin, sem borist hefur mann frá manni frá ómuna tíð, til nútíðar manna, hefir greint sem hjer segir: 1. Að ábúendur Vatnadals og ábúendur Bæjar hafi sín á milli samið um að Bæjarmenn fengju beit hjer um bil að hálfu frá fráfærum til höfuðdags, vestantil á Vatnadal fyrir allan nytbæran á sauð, sem reka átti að kvöldi en smala heim að morgni. 2. Að ábúendur Vatnadal fengju uppsátur fyrir skip, sem þeir ættu, hjá Bæjarmönnum og leyfi til að hafa búð á stöðinni til veru sem Bæjarmenn lofuðu að leggja til jarðefni en ekki viði til endurgjalds fyrgreindum beitarafnotum. Samningur þessi er í mörgu óljós, þar ekki er neitt skriflegt skilríki, hvort þessi samningur hefir verið milli einstakra manna (ábúenda) eða eigenda jarðanna, og átti að fjöra hlutfall í rjettindum jarðanna, en það er víst að ekki var tekið neitt tillit til þess að virðing á dánarbúi Magnúsar sál. Guðmundssonar, og Bergljótar sál. Össursdóttir konu hans sem að mestu voru eigendur beggja jarðanna, og síðan hafa Bæjar menn þokað sjer fet fram af feti upp á rjettindi Vatnadælann, með að beita fjé og kúm frameptir. Vatnadasmenn hafa að vísu átt kost á uppsátrinu hjá Bæjar búum, en hafa orðið nú á síðustu árum að hætta við það. 1. Vegna þess að verplanið er ekki nema fyrir 2 skip, sem þó verða ekki sett undan sjó svo óhætt sje, vegna kletta, er liggja þvert fyrir uppsátrinu, klettar þessir eru sífellt að springa fram, og brjóta þá bæði skip og vergögn sem þar eru, þá er mönnum ekki heldur óhætt, því opt hefir legið við slysum af grjótflugi frá klettum þessum, þar að auki af þessu þróngu rými að skotrað er

²⁰⁸ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 112.

²⁰⁹ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Ísafjarðar- og Strandasýslur (VII. bindi), bls. 131.

til hliðar með uppsátrið, sem þeir hafa beðið tjón af. Af þessu hefið risið ágreiningur, svo ekki er neitt samkomulag milli hlutaðeiganda nú sem stendur. Vatnadals eigendur vilja gjöra og fá svo látandi samning: 1. Að Vatnadals rjettindi sjeu að meiga byggja fjárhús við árósinn og fá efni í það (nema að viðum) hjá Bæjarmönnum góðmótlega og til að endurbæta þegar þarf. 2. Að Vatnadals rjettindi sjeu að hver hundraðshafi á Vatnadal 2 sauðkindur (þ.e. 32) á fjörubeit við sjóinn í Bæ, frá veturnóttum til sumarmála þó ekki fyr en hýsa þarf og gefa í Vatnadal, og ekki lengur en þar til jörð er komin til beitar aptur. Hjer fær Bær aptur á móti rjettindi til beitar vestantil í Vatnadal og má reka á kvöldin alla nytbærar fjenað og smala að morgni eins og hjer er um talað frá fráfærum til höfuðsdags. Þó að kýrbeit hafi ekki verið í Vatnadal eptir því sem borist hafa upplýsingar þar að lútandi, fær Bær rjettindi til að reka þær fram í svo kallaða Stórugröf á kvöldin en að reka heim að morgni þó með því skilyrði að Sigurborg Bergsdóttir gefi okkur annað vottorð að svo hafi verið á því tímabili, sem hún bjó í Vatnadal, og beit sú hafi tilskilin verið fyrir áðurnefnd uppsátur en ekki brúkað fyrir ábúðarjett af Magnúsi Guðmundssyni sál. Þaðr aptur á móti fái Vatnadalur þann rjett að byggja heyhlöðu við áðurnefnd fjárhús, og í árósnum og Bær leggji til efni í veggi og þak. Ef Vatnadalur hefir ekki rjett til að byggja áðurnefnt fjárhús hlöðu, á hann rjett að hafa hey og brúka rjett sinn til fyllstu afnota á þess að fara yfir þau takmörk sín um er talað.

xiii. Kvíanes

Í sóknarlýsingu Vestfjarða segir um Kvíanes:

Kvíanes, 8 Hdr. dýrleika. Uppfrá nefndum bæ til suðurs liggar dalur lítill, er Grímsdalur heitir, og þaðan frá fjallvegur til Önundarfjarðar, er Grímsheiði kallast.²¹⁰

Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir m.a.:

Enginu grandar til stórskaða skriður úr brattlendi, sem hafa eyðilagt það meir en til helmínga.²¹¹

Landamerkjabréf Kvíaness er dags. 24. júní 1889, þar sem merkjum er lýst:

Umsamin landamerki milli Botns og Kvíarness eru: Úr Nautaskálahorninu beint í krókinn á Læknum, sem rennur ofan með Klúkutúninu, og í græna þúfu, sem skorin er upp, og steinn er settur í, en upp úr þessari þúfu verður upphlaðin varða við hentugleika, svo að merkin verði skilmerkilegri.

xiv. Botn

Í sóknarlýsingu Vestfjarða er fjallað um jörðina Botn með eftirfarandi hætti:

Skammt héðan frá, fyrir botninum á Súgandafirði, er jörðin Botn ásamt tilheurandi hjáleigu Klúku, 24 Hdr. að dýrleika. Fram úr fjarðarbotninum til austurs gengur Botnsdalur, hver að sönnu ekki er mjög langur eður víður, en gjörvalt undirlendi hans,

²¹⁰ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 112.

²¹¹ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Ísafjarðar- og Strandasýslur (VII. bindi), bls. 134.

allt upp til Botnsheiðar, sem liggur til Tungudals í Skutulsfirði, má heita einlægt slægjuengi, hvar fyrir Botn er heyskaparjörð bezt í öllum Súgandafirði, enda fá þar og margir slægur af þeim, er næst búa.²¹²

Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir m.a.:

Engjunum granda skriður úr brattlendi. Hætt er kvikfje fyrir snjóflóðum".²¹³

Landamerkjabréf Botns og Gilsbrekku er dags. 22. júní 1889 þar sem merkjum er lýst:

Milli jarðanna Botns og Gilsbrekku í Súgandafirði innan Ísafjarðarsýslu eru Seltjörn og þaðan beina stefnu upp eptir stóru gili upp á fjallsbrún.

xv. *Tunga*

Ekki er fjallað sérstaklega um Tungu í sóknarlýsingu Vestfjarða.²¹⁴

Landamerkjabréf Tungu er dags. 26. júlí 1909, þar sem merkjum er lýst:

Að innanverðu milli Tungu og Hafrafells ræður Úlfsá landamerkum frá fjöru til Fjalls. Að utanverðu milli Tungu og Seljalands eru þessi landamerki: Um 60 faðma frá Seljalandstungarði rennur lítill lækur niður í Langá. (það eru þversum) við upptök hans er varða klappað á L.M. upp af henni er stór steinn í Múlanum klappað á LM. Frá þessum steini skal riðandi maður fara eftir brúninni fram að Bunná og skal hann altaf sjá elsta Tungu bæ (samber Langa í Króknum) eftir það skiptir Búná [svo] löndunum til fjalls. Landamerki hins svonefnnda Kirkjuskógs innan Tungulands sem eru eign Eyrar og Hólpstakalls eru að utanverðu Bunná að innanverðu Selskriðu.

Fyrir hönd Eyrar og Hólpstakalls Þorvaldur Janusson sóknarprestur. Ég undiurritaður sem hefi lengi átt heimili í Tungu við Skutulsfjörð og átt mörg ár nokkurn hluta af henni votta hér með, að ég hefi frá fyrsta alltaf heyrt langamerki [svo] hins svonefnnda Kirkjuskógs, sem eign Eyrar og Hólpstakalls og liggur innan landamerkja nefndrar jarðar Tungu voru talin þessi: Að utanverðu Bunná að innanverðu svonefnð Selskriða alt svæðið frá fjallsbrún niður á láglendi. Þessu til staðfestu nafn mitt Naustum 26. Júlí 1909 Jón Halldórsson fyrrv. Hreppstjóri handsalað. Vottar. Jón Halldórsson yngri Jón Jónsson. Ég undirskrifanum sem lengi hefi verið bóndi á Tungu votta hérmeð að framangreind landamerki Kirkjuskógsins hafa jafnan verið talin þessi sem að ofan eru greind. Naustum 26. Júlí 1909 Jón Jónsson. Hér með votta ég undirskrifanum sem er fæddur og uppalinn í Skutulsfirði að ég hefi alltaf heyrt að landamerki hins svonefnnda Kirkjuskógs innan Tungulands í Skutulsfirði væru að utanverðu Bunná að innanverðu svonefnð Selskriða.

xvi. *Veðurá ytri*

²¹² Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra áthagafélaga (1952), bls. 112.

²¹³ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Ísafjarðar- og Strandasýslur (VII. bindi), bls. 135.

²¹⁴ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra áthagafélaga (1952), bls. 128.

Jörðinni er lýst sem hrjóstrugri og grýttri í sóknarlýsingu Vestfjarða.²¹⁵

Landamerkjabréf Veðurár Ytri er dags. 19. ágúst 1924 þar sem merkjum er lýst:

Milli Veðrarána er úr Skriðutanga beint upp í Veðrarárs-hornið. En á milli Breiðadalanna neðri og fremri og Veðrará ytri, er Breiðadalsá, frá sjó og upp í vatn það sem liggar undir svonefndu þverfjalli fyrir botni Breiðadals og á hver jörð land í miðja ána. Þá á Veðrará ítak aðeins til slægna sunnan til í svonefndri ártungu fram á dalnum norðan til við ána. Úr vatninu liggar merkið skemstu leið á fjallsbotn.

4.1.18. Kropstaðafjall

i. Kirkjuból

Í sóknarlýsingu Vestfjarða segir um Kirkjuból:

Kirkjuból í Korpudal. Heyskaparjörð, en mætir skaða vegna landbrota af Korpudalsá, sem nefnist Korpa. 20 Hdr. að dýrleika.²¹⁶

Landamerkjabréf Kirkjubóls er dags. 18. ágúst 1889 þar sem merkjum er lýst:

Að utanverðu er merkið á læk, er rennur niður utan til við svonefndan Urðarhrygg og ofan í Korpu. Svo aptur fyrir vestan Korpu er merkið út að sjó eins og land nær að Korplænu að austan. Fyrir vestan Korplænu tekur svonefndur Flagspartur við, og merkið að honum að utan liggar á lænu mjög litla bæði að utan og vestan þar til svonefndur Fremstipartur tekur við, og þá liggar merkið á honum vestur í hestá. Þar til svo nefndur Krossakrókur tekur við, sem er partur frá Vífilsmýrum þá liggar merkið á honum alla leið inneptr og enda á Hestárbakka. Að innan er merkið eins og Fremstipartr til segir. Frá Hestá þvert yfir upp til Korpu. Aptur liggar merkið neðan milli Korpustaða og Kirkjubóls upp af nefndu merki á Fremstapartinum að innan í 3 steina í lækjarfарveg, sem er innan til við svonefndan Bæjarhrygg. Kirkjubóli tilheyrir dalurinn Kirkjubólsmegin til eignar og umráða frá Þverá fram úr til fjalls.

ii. Efstaból

Landamerkjabréf Efstabóls er dags. 4. apríl 1889 þar sem merkjum er lýst:

Að utanverðu er merkislá fer Korpu, og neðan til fjalls, þetta eru merki milli Kropstaða og Efstabóls, svo að neðanverðu, heldur Korpa við, og það fram úr, milli þorps jarðanna og Efstabóls. Og svo er að framanverðu gamall áarfarvegur rétt fyrir framan Þverá, sem merkið er sagt í milli Korpudals og Efstabóls, og þá með frí beit á Korpudal frá Efstabóli, eptir því, sem elstu menn muna.

²¹⁵ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 102.

²¹⁶ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 102.

iii. Kropstaðir

Landamerkjabréf Kropstaða er ódagsett þar sem merkjum er lýst:

Milli Kropstaða og Kirkjubóls, eru 3 steinar á Álabrekunum, og úr þeim yfir Stórholtið í lækjarfarveg sem er innan til við svo nefndan Bæjarhrygg og eftir honum til fjalls. Aftur liggur merkið frá fyrnefndum steinum í Álabrekunum, beint yfir að Hestá í auðkendann járnstólpa, sem rekinn er niður eystri árbakkanum. Eftir það ræður Hestá merkjum inn að Breiðeyri, að undann skildum litlum eyrartanga sem er frá Vífilsmýrum, og er hann fráskilinn Kropstaðalandi, með girðingu. Merki milli Kropstaða og Efstabóls, eru í svokallaða Merkisá er liggur frá Korpu beina línu til fjalls, Kropstaðamegin í svokallaða tvísteina. Landamerki fyrir neðan Korpu eru eftir gömlum farveg, sem Korpa hefur áður runnið í, og skiftir hann því merkjum milli Kropstaða, og Hests, og er hann óslitinn yfir Hestá. Neðst er fyrnefndur áarfarvegur einnig merki á milli Kropstaðaengjanna annars vegar og áðurnefndrar Breiðeyrar frá Hóli hins vegar og endar sem fyr er sagt við Hestá.

iv. Tannanes

Landamerkjabréf Tannaness er dags. 20. mars 1921 þar sem merkjum er lýst:

Að austanverðu ræður áin Korpa merkjum heim að Kroppsstaðamerki, en þar liggur það eftir gömlum farveg niður eyrar í svonefnd sýki, og úr því inn með Breiðeyri, sem tilheyrir Hóli, en eftir það liggur það eftir Hesta, nema þar sem það liggur eftir svo nefndri Hvolpalænu, en Tunga á það land, sem liggur milli ár og lænu. Alt beitiland er óskift milli Þorpsjarða sem eru: Hafurhestur, Efrihús, Neðrihús, og slægjuland óskift eiga þessar jarðir heimast á Hestdal er kallað er Samvinna, og fremst í dalnum, sem kallað er Leiti. Hafurhestur á tvofimtu parta úr óskiftu landi, Úr skiftu slægjulandi á hann á Hestdal þessa parta: Gyrði, Hlaðspart, Votahvamm, Staggarðseyri, Kökubungu, Seljaengi og Fremstaengi. Merki við þessa parta eru öll skýr og enginn ágreiningur. Slægjur átti Hafurhestur allar í Korpudal, en nú eru þar sama sem engar. Milli Þorpstúna eru skýr merki: Lækur milli Hests og Efrihúsa og grjótgarður og skurður Niðri undan túninu á hann eyrapart niður í Hestá. Utanvert við túnið á Hestur alt land nema lítinn part, sem liggur í vinkil, og eru glögg merki þar og enginn ágreiningur.

v. Innri Veðrará

Landamerkjabréf Innri Veðrarár er dags. 22. janúar 1888 þar sem merkjum er lýst:

Að utanverðu er merkið í svonefndan Skriðutanga, og liggur það beint upp frá honum til fjalls. En að innanverðu liggur merkið út Skeiðiskrók, og í svonefndan merkistein, og þar upp af er gamalt merki upp hækkað er víesar beint til fjalls. Jafnadalur telst með innan þessata takmarka.

vi. Veðrará ytri

Jörðinni er lýst sem hrjóstrugri og grýttri í sóknarlýsingu Vestfjarða.²¹⁷

Landamerkjabréf Veðurár Ytri er dags. 19. ágúst 1924 þar sem merkjum er lýst:

Milli Veðrarána er úr Skriðutanga beint upp í Veðrarárs-hornið. En á milli Breiðadalanna neðri og fremri og Veðrará ytri, er Breiðadalsá, frá sjó og upp í vatn það sem liggur undir svonefndu þverfjalli fyrir botni Breiðadals og á hver jörð land í miðja ána. Þá á Veðrará í tak aðeins til slægna sunnan til í svonefnri ártungu fram á dalnum norðan til við ána. Úr vatninu liggur merkið skemstu leið á fjallsbotn.

vii. Tunga

Ekki er fjallað sérstaklega um Tungu í sóknarlýsingu Vestfjarða.²¹⁸

Landamerkjabréf Tungu er dags. 26. júlí 1909, þar sem merkjum er lýst:

Að innanverðu milli Tungu og Hafrafells ræður Úlfsá landamerkum frá fjöru til Fjalls. Að utanverðu milli Tungu og Seljalands eru þessi landamerki: Um 60 faðma frá Seljalandstungarði rennur lítill lækur niður í Langá. (það eru þversum) við upptök hans er varða klappað á L.M. upp af henni er stór steinn í Múlanum klappað á LM. Frá þessum steini skal riðandi maður fara eftir brúninni fram að Bunná og skal hann altaf sjá elsta Tungu bæ (samber Langa í Króknum) eftir það skiptir Búná [svo] löndunum til fjalls. Landamerki hins svonefnnda Kirkjuskógs innan Tungulands sem eru eign Eyrar og Hólsprestakalls eru að utanverðu Bunná að innanverðu Selskriðu.

viii. Hafrafell

Ekki er fjallað sérstaklega um Hafrafell í sóknarlýsingu Vestfjarða.²¹⁹

Landamerkjabréf Hafrafells er dags. 18. júlí 1904, þar sem merkjum er lýst:

Að innanverðu milli Kirkjubóls og Hafrafells eru þessi landamerki: Varða fyrir ofan eldiviðar eða urðargötu svonefnda, sem farin er út og inn með hlíðinni og þaðan bein stefna ofan í læk þann, sem rennur í sjóinn skamt frá fjarðarhorninu. Frá svonefnri Vörðu að ofan bein sjónhending upp á fjallsbrún. Að utanverðu milli Tungu og Hafrafelli skiptir Úlfsá frá fjalli til fjöru.

ix. Efri-Engidalur

Í sóknarlýsingu Vestfjarða segir um Engidal:

²¹⁷ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 102.

²¹⁸ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 128.

²¹⁹ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 128.

Fyrir miðjum fjarðarbotni stendur Hafrafell, sunnan undir kubbanum. Eftir Engidal rennur Langá. Upp með henni, suður frá Hafrafelli er Engidalur.²²⁰

Landamerkjabréf Engidals er dags. 27. maí 1890, þar sem merkjum er lýst:

Svo nefndur Huldaklettur í neðri fjallsbrúninni, þaðan beint ofan í Stein sem stendur á bala niðri á eyrunum og þaðan þráðbeint ofan í ána, er ræður landamerkjum í dalnum.

x. Svarfhóll

Í sóknarlýsingu Vestfjarða segir um Svarfhóll:

Svarfhóll, 24 Hdr. Lénsjörð presta. Áður var þar bænhús. Eru þar slægjur miklar, en vetrarríki. Selstöðu á hún og slægur þar upp af í fjarðarbotninum, fyrir framan Valagil, sem notuð hefur verið síðan 1840, að presturinn bjó þar. Jörðin hefur eldiviðar- og kolaskóð. Silungsveiði á hún jafna við Seljaland, sem er þar skammt frá, í ós þeim, er liggur að langá fjarðarins, og rennur hjá Seljalandi. Fjallhlíð að mestu graslaus, er milli Svarfhóls og Svarthamars. Hús eru þar nú, rúmgóð og vel byggð.²²¹

Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir m.a.:

Selstöðu á jörðin með tilliggjandi landi framanvert við Seljalands land. Hún hefur áður brúkast jafnan en nú ekki sökum fólksfæðu í nokkur ár.²²²

Landamerkjabréf Svarfhóls er dags. 18. júlí 1890, þar sem merkjum er lýst:

Land frá fjöru til fjalls frá Merkigili milli Svarthamars og Svarfhóls innan að Seljalandsá er rennur ofan með Seljalandstúni að utanverðu. Einnig land allt vestanmegin fjarðarár frá Vatnagiljum þ.e. Valagiljum, og sem vötnum hallar frá jökli. Óskipt upprekstrarland á móts við Minni Hattardal austanmegin Fjarðarár eður Klifhlíð alla frá Fellshálsskarði út í Fjarðarhorn. Slægjubletti þá, sem eru á sameignarlandi þessu notar Hattardalur annað árið en Svarfhóll hitt. Reka, landshlut og fjörunytjar á landi þessu eiga jarðirnar til helminga.

4.1.19. Gilsbrekkuheiði Ísafjarðarbæ

i. Sérstaklega um kröfusvæðið

Í sóknarlýsingu Vestfjarða segir m.a. Staðarsókn:

Hvarvetna er sókn þessi umgirt afarháum og snarbröttum fjöllum með litlu undirlendi, í hver fjöll að eru, á einstöku stöðum, smádalir, sem síðan nefndir verða, ásamt fjöllunum,

²²⁰ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 128.

²²¹ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 132.

²²² Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Ísafjarðar- og Strandasýslur (VII. bindi), bls. 177.

er þar umgirða. Er þá fyrst fjallið Sauðanes (hvers áður er getið), er það afar hár fjallhryggur eður höfði, sem gengur út og vestur milli Önundarfjarðar og Súgandafjarðar. Gengur Súgandafjörður inn að norðanverðu við nes þetta, frá útvestri til austnorðurs. Myndar það yzt með firðinum háa hlíð, hverrar efri partur að er samhangandi klettabelti, en þar fyrir neðan er hlíð með grasteigum, hverjir árlega sæta tölverðum skemmdum af skriðuhlaupum.²²³

ii. Botn

Í sóknarlýsing Vestfjarða er fjallað um jörðina Botn með eftirfarandi hætti:

Skammt héðan frá, fyrir botninum á Súgandafirði, er jörðin Botn ásamt tilheurandi hjáleigu Klúku, 24 Hdr. að dýrleika. Fram úr fjarðarbotninum til austurs gengur Botnsdalur, hver að sönnu ekki er mjög langur eður víður, en gjörvalt undirlendi hans, allt upp til Botnsheiðar, sem liggur til Tungudals í Skutulsfirði, má heita einlægt slægjuengi, hvar fyrir Botn er heyskaparjörð bezt í öllum Súgandafirði, enda fá þar og margir slægur af þeim, er næst búa.²²⁴

Landamerkjabréf Botns og Gilsbrekku er dags. 22. júní 1889, þar sem merkjum er lýst:

Landamerki milli jarðanna Botns og Gilsbrekku í Súgandafirði innan Ísafjarðarsýslu eru Seltjörn og þaðan beina stefnu upp eptir stóru gili upp á fjallsbrún.

iii. Gilsbrekka

Í sóknarlýsing Vestfjarða segir um Gilsbakka:

Norðanvert við Súgandafjörð, næst Botni, er bærinn Gilsbrekka, 3 Hdr. að dýrleika. Er landið jafngrösugra þeim megin fjarðarins en að sunnanverður. Upp frá Gilsbrekku liggur lítil heiði, sem kennd er við nefndan bæ, til Syðridals í Bolungarvík. Út frá Gilsbrekku liggur fláandi hlíð grasi vaxin, og smáskógi, allt út til Selárdals, er liggur frá Súgandafirði í hátt norður.

Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir m.a.:

Túninu grandar snjóflóð. Engjar eru ögnvar nema það lítið, sem hent er innan um skógarrunna. Hætt er kvikfje fyrir snjóflóðum. [...] Hætt er bænum stórlega fyrir snjóflóðum, og hefur hann einu sinni fyrir þessum snjóflóðum, og hefur hann einu sinni fyrir þessum sjóflóðum aftekið í manna minni".²²⁵

Landamerkjum Gilsbrekku er lýst í landamerkjabréfi Botns og Gilsbrekku.

²²³ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 11-112.

²²⁴ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 112.

²²⁵ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Ísafjarðar- og Strandasýslur (VII. bindi), bls. 136.

iv. Selárdalur

Í sóknarlýsingu Vestfjarða er jörðinni Selárdal ekki lýst ef frá er talinn dýrleiki jarðarinnar, sem talinn var vera 12 Hdr.²²⁶

Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir m.a.:

Engjar mest partan eyðilagðar fyrir skriðum og snjóflóðum. Hætt er kvikfje fyrir snjóflóðum og sjáfarflæðum undir mósköflum.²²⁷

Landamerkjabréf Selárdals er dags 24. nóvember 1891, þar sem merkjum er lýst:

Milli Selárdals og Gilsbrekku er djúpt gil, sem kallast Ytra-Áreiðargil, og nemur frá fjallsbrúnum til fjöru, þar fram undan er stór steinn, sem kallaður er Áreiðarsteinn það fjarar ekki að honum og flæðir ekki yfir hann, nema í stórstraums flæðar, og milli Selárdals og Norðureyrar er gil, sem kallað er Mígandi eða Mígandirgil. Selárdalur er kirkjujörð Eyrarbrauðs í Skutilsfirði.

v. Norðureyri

Í sóknarlýsingu Vestfjarða segir um Norðureyri:

Út frá Selárdal hækkar fjallið mjög, sem verður að bæja baki, og verður snarbratt allt til sjóar, er þá og fjallgarðurinn samanhangandi og endar við höfða þann, er Göltur heitir, sem að er takmark Súgandafjarðar að norðanverðu. Undir miðju fjalli þessu er bærinn Norðureyri, 6 Hdr. að dýrleika. Stendur hann á sléttri eyri við sjó fram, gegnt Suðureyri, svo að milli eyra þessara er fjörðurinn all mjór, og þar oft og tíðum miklir straumar.²²⁸

Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir m.a.:

Túninu grandar sandfok. Engjarnar spillast stórlega af skriðum og grjóthruni. Hætt er kvikfje stórlega fyrir snjóflóðum og sjáfarflæðum.²²⁹

Landamerkjabréf Norðureyrar er dags. í júní 1886, þar sem merkjum er lýst:

Að utanverðu Norðureyrargil (sem ofan er nefnt), og að innan verðu svo nefnd Mígandisá frá fjöru til fjalls.

vi. Göltur

Í sóknarlýsingu Vestfjarða segir um jörðina Gölt:

Næst fyrir utan Norðureyri er bærinn Göltur, 12 Hdr. að dýrleika. Dregur hann nafn af höfða þeim, milli Súgandafjarðar og Keflavíkur, hvers áður umgetið. Er þaðan skammur

²²⁶ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samþand vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 114.

²²⁷ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Ísafjarðar- og Strandasýslur (VII. bindi), bls. 136.

²²⁸ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samþand vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 114.

²²⁹ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Ísafjarðar- og Strandasýslur (VII. bindi), bls. 137.

vegur út að áður sögðum höfða, hver vegurinn liggur til Keflavíkur yfir þær svokölluðu Galtarfjörur. Er það einhver hinn torsóttasti vegur yfirferðar, sem og mjög haettusamur.²³⁰

Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir m.a.:

Túninu hafa grandað skriður og tekið af því hjer um þriðjung. Engjar eru að mestu leyti fyrir skriðum eyðilagðar. Hætt er kvikfje fyrir snjóflóðum og sjáfarfæðum, sem oft verður mein að.²³¹

Landamerkjabréf Galtar er dags 2. apríl 1890, þar sem merkjum er lýst:

Milli Galtar og Norðureyrar er svokallað Norðureyrargil, milli Galtar og Keflavíkur er Skínandagil, norðan til við Bustarurð.

vii. *Keflavík*

Í sóknarlýsingu Vestfjarða segir um Keflavík:

Í Keflavík er einn bær með sama nafni, 8 Hdr. að dýrleika. Er það mikið óhægðarpláss til allra aðdrátta, því eins og þar er illt yfirferðar landveginn, sem áður er sagt, svo er þar og lending hin óþægilegasta, bæði vegna brima og stórgrytis.²³²

Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir m.a.:

Engjar eru að mestu eyðilagðar fyrir skriðum og snjóflóðum. Hætt er kvikfje og þeim sem það vaktar bæði fyrir grjóthruni og snjóflóðum, og verður oft mein að. [...] Afrjett á þessi sveit öngva, og gánga hjer lömb og geldfje í heimalöndum.²³³

Landamerkjabréf fyrir Keflavík liggur ekki fyrir.

4.1.20. Búðarfjall

i. *Sérstaklega um kröfusvæðið*

Í sóknarlýsingu Vestfjarða segir m.a um Eyrar- og Hólssókn:

Óshlíð, gengur og í norður fyrir austan Bolungarvík, alla leið til sjóar (Djúps). Hún skilur Bolungarvík og Skutilsfjörð. Er fyrst mjó þar, sem hún kemur úr fjallgarðinum, en breikkar svo, að síðan endinn, sem að Djúpi liggur, er eins breiður og hún er löng. Hún er þríhyrnd og hér um míla á hvorn veg.²³⁴

²³⁰ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 114.

²³¹ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Ísafjarðar- og Strandasýslur (VII. bindi), bls. 138.

²³² Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 114.

²³³ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Ísafjarðar- og Strandasýslur (VII. bindi), bls. 139.

²³⁴ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 122.

ii. Fremri Hnífsdalur

Í sóknarlýsingu Vestfjarða segir um Fremri Hnífsdal:

Efst í dalnum, hinu megin árinnar, er Fremri-Hnífsdalur, nær sjó, gegnt Heimabæ, undir norður enda Eyrarfjalls. Skammt inn með fjallinu, á litlum völlum stóðu Lambavellir, lítill kotbær, sem nú er í eyði.²³⁵

Landamerkjabréf Fremri Hnífsdals er dags. 26. maí 1886, þar sem merkjum er lýst:

Landareign hennar er frá Marksgili niður úr Lambaskál miðri og niður í merkjaskurð beint niður í á að norðanverðu árinnar, og svo dalinn fram á fremstu fjallabrunir niður að Merkjalæk, er liggur niður úr Pórishnúk að vestanverðu heilt niður í Hnúfsdalsá.

iii. Neðri Hnífsdalur

Í sóknarlýsingu Vestfjarða segir um Neðri Hnífsdal:

Fyrir norðan hana [Hnífsdalsá], við innri enda Óshlíðar er Neðri-Hnífsdalur. Það eru þrjú býli, 1. Búð, næst hlíðinni. 2. Heimabær, nær ánni við sjóinn. 3. Hraun, nokkru ofar með hlíðinni. Þar upp frá voru Augavellir, en skriða tók af bæinn allan og túnið.²³⁶

Landamerkjabréf Neðri Hnífsdals er dags. 26. maí 1886, þar sem merkjum er lýst:

Frá ánni út að Nöðrulækjum á Óshlíð að neðan og í svokallaðan Ara að ofan og fram í Hraungil, að frá földu Búðartúni og slægjum frá því út að Skarfaskeri og Stöðlaparti svo kölluðum upp af Hnífsdalstúni, (og einnig á Hnífsdalur á Eyrarhlíð frá gömlum garði, sem liggur úr Bakkarönd niður til sjóar að utanverðu til fjalls og fjöru og í hæðsta fjallstind að ofan upp af miðleitisgili beint niður til sjóar, 1/5 af ofangreindu haglendi og fjöru tilheyrir Búð. Slægjuland Neðri_Hnífsdals er svo kallað „land“ fram með ánni að norðanverðu upp að vörlugarði fram í ár krók móts við Bakkabæ og upp í „ausubakka“. Ennfremur frá merkjagarði Hrauns fram með ofangreindri á fram að merkjaskurði milli fremri Hnífsdals og neðri-Hnífsdals og upp að gömlum heybandsvegg.

4.1.21. Búrfell í Botnsdal

i. Tunga

Ekki er fjallað sérstaklega um Tungu í sóknarlýsingu Vestfjarða.²³⁷

Landamerkjabréf Tungu er dags. 26. júlí 1909, þar sem merkjum er lýst:

²³⁵ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 127-128.

²³⁶ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 127.

²³⁷ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 128.

Að innanverðu milli Tungu og Hafrafells ræður Úlfsá landamerkum frá fjöru til Fjalls. Að utanverðu milli Tungu og Seljalands eru þessi landamerki: Um 60 faðma frá Seljalandstungarði rennur lítill lækur niður í Langá. (það eru þversum) við upptök hans er varða klappað á L.M. upp af henni er stór steinn í Múlanum klappað á LM. Frá þessum steini skal riðandi maður fara eftir brúninni fram að Bunná og skal hann altaf sjá elsta Tungu bæ (samber Langa í Króknum) eftir það skiptir Búná [svo] löndunum til fjalls. Landamerki hins svonefnnda Kirkjuskógs innan Tungulands sem eru eign Eyrar og Hólsprestakalls eru að utanverðu Bunná að innanverðu Selskriðu.

Fyrir hönd Eyrar og Hólsprestakalls Þorvaldur Janusson sóknarprestur. Ég undiurritaður sem hefi lengi átt heimili í Tungu við Skutulsfjörð og átt mörg ár nokkurn hluta af henni votta hér með, að ég hefi frá fyrsta alltaf heyrt langamerki [svo] hins svonefnnda Kirkjuskógs, sem eign Eyrar og Hólsprestakalls og liggar innan landamerkja nefndrar jarðar Tungu voru talin þessi: Að utanverðu Bunná að innanverðu svonefnd Selskriða alt svæðið frá fjallsbrún niður á láglendi. Þessu til staðfestu nafn mitt Naustum 26. Júlí 1909 Jón Halldórsson fyrrv. Hreppstjóri handsalað. Vottar. Jón Halldórsson yngri Jón Jónsson. Ég undirskrifaður sem lengi hefi verið bóndi á Tungu votta hérmeyð að framangreind landamerki Kirkjuskógsins hafa jafnan verið talin þessi sem að ofan eru greind. Naustum 26. Júlí 1909 Jón Jónsson. Hér með votta ég undirskrifaður sem er fæddur og uppalinn í Skutulsfirði að ég hefi alltaf heyrt að landamerki hins svonefnnda Kirkjuskógs innan Tungulands í Skutulsfirði væru að utanverðu Bunná að innanverðu svonefnd Selskriða.

ii. Botn

Í sóknarlýsingu Vestfjarða er fjallað um jörðina Botn með eftirfarandi hætti:

Skammt héðan frá, fyrir botninum á Súgandafirði, er jörðin Botn ásamt tilheurandi hjáleigu Klúku, 24 Hdr. að dýrleika. Fram úr fjarðarbotninum til austurs gengur Botnsdalur, hver að sönnu ekki er mjög langur eður víður, en gjörvalt undirlendi hans, allt upp til Botnsheiðar, sem liggar til Tungudals í Skutulsfirði, má heita einlægt slæguengi, hvar fyrir Botn er heyskaparjörð bezt í öllum Súgandafirði, enda fá þar og margir slægur af þeim, er næst búa.²³⁸

Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir m.a.:

Engjunum granda skriður úr brattlendi. Hætt er kvíkfje fyrir snjóflóðum".²³⁹

Landamerkjabréf Botns og Gilsbrekku er dags. 22. júní 1889 þar sem merkjum er lýst:

Milli jarðanna Botns og Gilsbrekku í Súgandafirði innan Ísafjarðarsýslu eru Seltjörn og þaðan beina stefnu upp eptir stóru gili upp á fjallsbrún.

²³⁸ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samfund vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 112.

²³⁹ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Ísafjarðar- og Strandasýslur (VII. bindi), bls. 135.

4.1.22. Breiðafell og Eyrarfjall

i. Fremri Hnífsdalur

Í sóknarlýsing Vestfjarða segir um Fremri Hnífsdal:

Efst í dalnum, hinu megin árinnar, er Fremri-Hnífsdalur, nær sjó, gegnt Heimabæ, undir norður enda Eyrarfjalls. Skammt inn með fjallinu, á litlum völlum stóðu Lambavellir, lítill kotbær, sem nú er í eyði.²⁴⁰

Landamerkjabréf Fremri Hnífsdals er dags. 26. maí 1886, þar sem merkjum er lýst sem:

Landareign hennar er frá Marksgili niður úr Lambaskál miðri og niður í merkjaskurð beint niður í á að norðanverðu árinnar, og svo dalinn fram á fremstu fjallabrunir niður að Merkjalæk, er liggur niður úr Þórishnúk að vestanverðu heilt niður í Hnúfsdalsá.

ii. Seljaland

Ekki er fjallað sérstaklega um Seljaland í sóknarlýsing Vestfjarða.²⁴¹

Landamerkjabréf Seljalands er dags. 7. júní 1884, þar sem merkjum Seljalands og og Tungu er lýst:

Um 60 faðma frá Seljalandstungarði rennur lítill lækur niður í Langá (það er þvermerki), við upptök hans er varða, klappað á L.M., upp af henni er stór steinn í múlanum, klappað á L.M. Frá þessum steini skal ráðandi marki fara eptir brúninni fram að Bunná, og skal hann alltaf sjá á elzta Tungubæ (samanber Langa í krókum). Eptir það skiptir Bunná löndum til fjalls. Seljalandi, 7. Júní 1884 Halldór Halldórsson fyrir hönd M. Jochumssonar, eigandi Seljalands. Helgi Sölfason, eigandi Tungu. Jón Jónsson, fyrir hönd Jens Guðmundssonar á Brekku. Fyrir hönd kirkjunnar: Þorvaldur Jónsson Þorvarður Sigurðsson. Guðmundur Sveinsson.

Landamerki milli Seljalands og Stakkaness eru: Næsti lækur við Grænagarð allt til sjávar, og er honum sleppir hið svonefnda Merkjagil allt til fjalls. Ísafirði, 11. Júlí 1884.

iii. Bakki

Landamerkjabréf Bakka er ódagsett en þinglýst á manntalsþingi að Hnífsdal 22. maí 1886 þar sem merkjum er lýst:

Milli Bakka og Fremri Hnífsdals er svokallaður Merkjalækur, en milli Bakka og Neðri Hnífsdals er áin til sjávar, en að innan eða sunnanverðu er Bakka röndin að ofan, en að neðanverðu er gamall merkjagarður. Í Bakka landi á jörðin Búð í Hnífsdal slægjupart, er nefnist Lambhagapartur.

²⁴⁰ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 127-128.

²⁴¹ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 128

iv. Eyri (Ísafjarðarbær)

Í sóknarlýsing Vestfjarða segir m.a. um Eyri:

Innar í miðjum firði norðan verðan er Eyri, undir Eyrarfjalli. Þar er prestsetur og timburkirkja og lítill klukkuturn upp af. Eyrun, sem staðurinn stendur á, gengur suður á fjörðinn, meir en miðjan. Þá snarbeygist hún, og gengur suður á fjörðinn, meir en miðjan, þá snarbeygist hún, og gengur í vestur inn etir firði, beygist seinast nokkuð suður á við aftur, svo skipaleið liggar svo nærri Kirkjubólshlíð, að ekki er meira en fimm faðmar í land, þegar siglt er inn fyrir Eyrar oddann. Höfnin er inni í eyrarbugnum og heitir Pollur. Það er hins bezta höfn við Ísland og nægileg fyrir 100 skipa í senn. Á eyrinni stendur kaupstaðurinn. Þar eru þrjár sölubúðir og 5 timburhús önnur og eitt steinhús. Það er aðsetur héraðslæknisins. Mörg hús eru á eyrinni og öll smá. Búa í þeim tómthúsmenn.²⁴²

Ekki liggar fyrir landamerkjabréf fyrir Eyri í Skutulsfirði. Hins vegar er jörðinni lýst í afsalsbréfi Árna Böðvarssonar frá 1871, sem þinglesið var á manntalsþingi á Ísafirði 21. október 1872 þar sem merkjum jarðarinnar er lýst:

Gjörir vitanlegt: að jeg samkvæmt ákomnum samningi við bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar 1. febr. f.á. og 7. maí næst á eptir samt allra mildasta konungsleyfi frá 10. janúar þ.á., brjefi kirkju og kenzlustjórnarinnar, dagsettu 19. s.m. og ennfremur þóknanlegu stiptsyfirvaldabrjefi frá 24. April þ.á., hefi, uppá væntanlegt samþykki háttnefndra Stiptsyfirvalda lofað að afsala og afhenda, einsog jeg hjermeð, frá næstkomandi fardögum 1872, afsala og afhendi til Ísafjarðarkaupstaðar í Islands Vesturamtí, prestssetrið Eyri við Skutulsfjörð með kirkju og landareign þess, frá landamerkjum Hnífsdals að utan inst inná Torfnes fyrir utan Stakkanes með öllum hlunnindum og rjettindum sem tjeðri jörðu tilheyrir til lands og sjáfar fjalls og fjöru með fylgjandi skilmálum:

1. Kaupstaðurinn taki að sjer kyrkjuna og ábyrgð á henni þarámeðal eptirstoðvar af skuld þeirri er á henni hvílir til ríkissjóðsins, innkalli gjöld hennar tíundir, ljóstolla, legkaup og annað er henni gjaldast á eða gefast kann, verji þessu í hennar þarfir og haldi þar yfir tilhlyðilega og lögboðna reikninga, samt hafi kyrkjuna sjálfa í forsvaranlegu og messufæru standi.
2. Greiði kaupstaðurinn viðkomandi sóknarpesti árlega 150rdl r.m. skrifa eitt hundrað [0]g fimmtíu ríkisdali ríkismyntar í peningum, er greiðist 4 sinnum á ári eður 1um sinni á hverju hálfmissiri með 37 ½ rdl. í hvert skytti eptir að kaupstaðurinn hefur veitt kirkjunni ásamt prestssetrinu með nefndri landareign móttöku.
3. Veðsetur kaupstaðurinn upphaflega umgetna eign með øllu tilheyrandí sem veð með fyrsta forgangsrjetti fyrir uppfyllingu þessara skuldbindingar gagnvart prestakallinu.

²⁴² Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 128.

4. Skuldbindur presturinn sem hingaðtil hefur verið beneficiarus að Eyri, sig til að búa í Isafjarðarkaupstað.

Hvað afhendingu kyrku og prestseturs o.s.fr. snertir, stendur óhaggaður samningur sá er þarum var gjörður af undirskrifuðum sóknarpresti við bæjarstjórn Isafjarðarkaupstaðar 7. dag maímánaðar f.á.

Samkvæmt framan og ofanskrifuðum skilmálum, afsalast hjermeð og afhendist frá næstkomandi fardögum 1872 undan Eyrar prestakalli í Skutulsfirði, landareign þess frá takmörkum Hnífsdals til inst (inn) í Torfnes, fyrir utan Stakkanes, með tilheyrandi húsum, túni og hlunnindum, samt þeirri á lóðinni standandi kirkju til Isafjarðarkaupstaðar er þannig hefur fullkomin og ævarandi eignar og umráðarjett yfir öllu framan skrifuðu, án þess viðkomandi sóknarprestur geti frá fardögum 1872 þartil gjört neitt tilkall. Alt þetta með því skylyrði að frumvarp þetta øðlist endilegt samþykki Islands háu stiptsyfirvalda.

Eyri við Skutulsfjörð 20. Juni 1871

Arni Bœðvarsson

Samkvæmt þeim myndugleika sem Stiptsyfirvöldunum er gefinn veittur með allrahærstum úrskurði af 10. jan. 1871, samþykkest hjermeð framanritað afsalsbrjef, að því viðbættu, að takmörkin milli lands þess sem kaupstaðnum er afhendt og Stakkaness eptir samningi þarum milli sóknarprestsins og bæjarstjórnarinnar frá 17. Okt. f.á, er hjermeð af oss, samþykkest, skuli vera: Þar sem vík sú skerst lengst inn í landið innanvert við Torfnes, þaðan beina stefnu til fjalls, eptir jarðgrónum steina eða skriðuhrygg, sem stefnir á þann ynnsta tind Gleiðarhjalla eða þar niðr undan liggjandi skriðu alt í beina stefnu hvað við annað, og skulu báðir málspartar hlaða 2 landamerka vørður, sem bæði sýna mörkin og stefnu merkjanna til fjalls²⁴³

4.1.23. Ernir, Kirkjubólsfjall

i. Arnardalur neðri

Landamerkjabréf Fremri- og Neðri Arnardals er dags. 14. maí 1890 þar sem merkjum er lýst:

Milli Arnardals fremri og Arnardals neðri. Arnardalur fremri á að neðanverðu úr ánni beina leið í neðri brún á Langhrygg upp í fjallsbrún, svo fram eptir ánni í Stein, svokallaðan Murtu við ána, frá Murtu sjónhending upp í Brúnagötur, eptir Brúnagötu í þverá, frá Þverá eptir Langahjalla í dalbotn og upp á fjallsbrún og heim eptir fjallsbrúninni gengt Langahrygg.

ii. Kirkjuból

Landamerkjabréf Kirkjubóls eru dags. í maí og júní 1884 þar sem merkjum er lýst:

²⁴³ Sýsl. Ísafj., DB/1–4, Afsals- og veðmálabók Ísafjarðarsýslu 1868–1887, bls. 13–16.

Milli jarðarinnar Kirkjubóls og Arnardals neðri eru: Innsti kletturinn í svokölluðum Stóru-Básum á Kirkjubólshlíð við sjóinn þaðan upp í stóran stein jarðfastan spölkorn fyrir ofan þjóðveginn, og síðan beina sjónhending í fjallsbrún.

Milli jarðanna Kirkjubóls og Fossa eru þessi: Svokallaður Svarti-Bakki við ána, síðan lækur og dý, þaðan sjónhending beint í fjallsbrún.

Milli jarðanna Kirkjubóls og Engidals eru þessi: Svo nefndus Kuldaklettur í neðri fjallsbrúninni, þaðan beint ofan í Stein, sem stendur á bala niðri í engjunum og þaðan þráðbeint ofan í ána, er ræður landamerkjum í dalnum.

Landamerki milli jarðanna Kirkjubóls og Hafrafells eru: varða fyrir ofan Eldiviðar- eða Urðagötu svonefnda, sem farin er út og inn með hlíðinni, og þaðan bein stefan ofan í læk þann, sem rennur í sjóinn skammt frá fjarðarhorninu. Frá nefndri vörðu að ofan bein sjónhending upp í fjallsbrún.

iii. Fossar

Í sóknarlýsingi Vestfjarða segir um Fossa:

Fyrir miðjum fjarðarbotni stendur Hafrafell, sunnan undir kubbanum. Eftir Engidal rennur Langá. Upp með henni, suður frá Hafrafelli er Engidalur. Hinu megin rennur þverá niður í ána, niður af Fossadal. Hún heitir Fossá. Þar eru Fossar.²⁴⁴

Landamerkjum Fossa er lýst í landamerkjabréfi Kirkjubóls í Skutulsfirði dags. í júní 1884, þar sem merkjum er lýst:

Svokallaður Svarti-Bakki við ána, síðan lækur og dý, þaðan sjónhending beint í fjallsbrún.

4.1.24. Ufs, Súðavíkurfjall og Sauratindar

i. Arnardalur fremri

Landamerkjabréf Fremri Arnardals og Neðri Arnardals er dags. 14. maí 1890 þar sem merkjum er lýst:

Arnardalur fremri á að neðanverðu úr ánni beina leið í neðri brún á Langhrygg upp í fjallsbrún, svo fram eptir ánni í Stein, svokallaðan Murtu við ána, frá Murtu sjónhending upp í Brúnagötur, eptir Brúnagötu í þverá, frá Þverá eptir Langahjalla í dalbotn og upp á fjallsbrún og heim eptir fjallsbrúninni gengt Langahrygg.

Landamerkjabréf Neðri Arnardals er dags. 12. júlí 1884 þar sem merkjum er lýst:

Milli Súðavíkur og Arnardals er svo kallaður Bárðarhamar (klettur sem liggur í sjó fram) í Súðavík innan til við svo kallað Bjarg í fjallsbrún. 2, Milli Arnardals efri og Arnardals

²⁴⁴ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 128.

neðri er steinn stór við ána (Arnardsás), sem kallast Murti, og er fremur Arnardals megin við ána fram á móti svo kölluðum Dýrahrygg. Þessi merki ná þar þvert upp og að svo kölluðum Brúnagötum upp á brúnabörðunum þar langt fram göturnar og eptir svo kölluðum Langahjalla fram í dalbotn (eða svokallaða Skák), og að neðanverðu er svokallaður Langihryggur landamerki milli téðra jarða, og á neðri Arnardalur að Langahrygg fremur Arnardalsmegin við ána. 3, Milli Kirkjubóls og Arnardals neðri er merki svokallaður Stóri Bás (innsti kletturinn af Stóru-Básunum á Kirkjubólshlíð, og þar þvert upp í fjallsbrún).

ii. Tröð

Landamerkjabréf Traðar er dags. 25. ágúst 1890 þar sem merkjum er lýst:

Jörðin Tröð á land frá stálþráðgirðingunni, er skilur túnin Tröð og Súðavík, sjónhending frá girðingunni eptir vörðum, er standa í beinni línu neðan engjarnar, og frá þeim sjónhending eptir skriðu skurði uppí fjallsbrún, og fram í mitt Traðargil, enn fremur stykkið í Sauradal frá myðju Djúpagili fram að Þverá sjónhending eptir ánni upp í Skákarskarð á Sauradal.

iii. Súðavík

Landamerkjabréf Súðavíkur er dags. 26. ágúst 1890 þar sem merkjum er lýst:

Jörðin Súðavík á land frá stálþráðgirðingunni, sem að skilur túnin Tröð og Súðavík, sjónhending eptir vörðunum, sem standa í beinni línu upp eptir engjunum, og frá þeim sjónhending eptir skriðuskurðinum næsta fyrir innan lækinn í Traðarupsunum beint uppá fjallsbrún. Að utanverðu á Súðavík land útað svo kölluðum Brúðarhamri, sem er klömp næst fyrir innan svokallaða Götu á Súðavíkurhlíð beina sjónhendingu upp á fjallsbrún.

iv. Saurar

Landamerkjabréf Saura er dags. 18. ágúst 1890 þar sem merkjum er lýst:

Jörðin Saurar á land frá miðju Djúpagili á Sauradal og ofan utan til með Eyrardalsá í sjó út í mitt Traðargil, er víesar frá fjallsbrún til fjöru.

4.1.25. Dalsheiði, Snæfjallaheiði, jökuldalir og Drangajökull

i. Sérstaklega um kröfusvæðið

Í sóknarlýsingu Vestfjarða segir um kröfusvæðið:

Fjallgarður þessi heitir með réttu Snæfjöll einu nafni, en skiptist þó eftir bæjarnöfnum á ströndinni. Ofan er hann gras- og gróðurlaus og tekur loks heima í Drangajökli, nema hvað Grunnavíkursveit seilist nokkuð inn með honum frá Djúpinu til landsuðurs fyrir norðan Bjarnanúp. Fjöll þessi eru víða brött, klettótt og fönnum sett. 3 Drangajökull, sem líka kallast Lónjökull, nær til flatlendis niður í botn Kaldalóns, og sést hann þar frá Lónseyri, ljósgrár, eða bláleitur á lit. Hann liggur sem sagt er, bakvið alla

Snæfjallaströndina og niður í Lónsfjörð í Grunnavíkursveit. Í suður nær hann til Steingrímsfjarðarheiðar og austur til byggðar á Austur-Ströndum. Allur er hann ofan snjóhvítur og nauðalíkur til að sjá Snæfellsjökli. Hér og hvar er hann gengur, en enginn þjóðvegur liggur samt yfir hann af Snæfjallaströnd. Fremur mun hann aukast en minka á alla vegu sökum áfennis²⁴⁵

Í sóknarlýsingu Vestfjarða er greint frá afréttarlandi í Leirufirði, hvar jörð, nefnd Öldugil, eyðilagðist af jökulhlæpi, og tilheyri landið Grunnavíkurkirkju. Nálægir bær hafa þar uppresktur, en réttinn er haldin á Dynjanda á haustum, nálægt sláturtíma.²⁴⁶

ii. Lónseyri

Landamerkjabréf Lónseyrar er dags. 12. júní 1891, þar sem merkjum er lýst:

Milli Bæja og Lónseyrar er landamerki lækur, nefndur Landamerkjjalækur, sem rennur til sjávar milli Búðarness og Hafnarkleifar, skilur lönd milli Bæja og Lónseyrar, frá sjó upp á Miðbrún, þaðan er landamerki hæðsti fjallgarður, eptir sem vötnum hallar fram í Drangajökul. Milli Ármúla og Lónseyrar er áin Mórilla landamerki, frá Drangajökli til sjávar, en þar sem hún kvíslar sig, er ávallt nyrðsta kvíslin landamerki.

iii. Bærir

Í sóknarlýsingu Vestfjarða segir um Bæi:

Bæir, undir lágu fjalli við enda hlíðarinnar, 24 Hdr. að dýrleika. Bændaeign, er jafnast setin af 3 búendum. Þar eru 3 bær í einu túni. Slægjuland er allgott, landkostir í meðallagi, úrbeit kostalétt. Lending við sjó undir túninu, þróng og grýtt. Linust er hér norðanáttin á ströndinni. Fyrir utan bæi verður landið flatara. Taka þar við holt og melar, sem Bæjarmelar kallast, allt út að Dalsá. Hið efra er svo kallaðar Stapamýrar. Hið neðra við sjóinn eru klettabakkar og Stapinn, ekki svo hárr, svo Stapavík, svo Hádegisnes og síðan Gilsvík. Þá kemur Dalsá í sjó, og skilur hún Bæja- og Dalsland. Eiga Bæir land allt sunnan fram í dalnum. Dalurinn er skammur, en bæði er á honum slægna- og beitiland.²⁴⁷

Landamerkjabréf Bæja er dags. 20. júní 1891, þar sem merkjum er lýst:

Bæir á Snæfjallaströnd í Snæfjallahreppi eiga land í Unaðsdalsá frá fjöru til fjalls, þar til vötnum hallar norður af fjallgarði þeim, er liggur fyrir Bæjadal. Með sjó eiga Bæir land frá Unaðsdalsá í landamerkjalaek á Bæjahlíð, er rennur frá neðri fjallsbrún í sjó skammt fyrir utan Hafnarkleif, frá Brún ræður sami lækur neðan svokallaðar Landamerkjalaутir upp á fjallgarð, og eptir honum sem vötnum hallar í Drangjökul.

²⁴⁵ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 142-143.

²⁴⁶ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 160.

²⁴⁷ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 147.

iv. Unaðsdalur

Í sóknarlýsingu Vestfjarða segir um Unaðsdal:

Unaðsdalur, fyrir utan ána, á hárri brekku, kippkorn frá sjó, undir fjalli, er Dalsfjall heitir, 24 Hdr. að dýrleika, hálfur eign Vatnsfjarðarkirkju, en hálfur bænda. Hann er setinn af 2 búendum. Eru þar 2 bær í túninu. Landkostir og slægjuland er hvortveggja viðsæmandi, og nokkur er þar úrbeit á svo kallaðri Dalsbrún. Mikil eru þar norðanveðrin úr dalnum. Fyrir utan ána er lendingin rúm og grjótlítil, en útgrynni um fjöru. Skammt utar kemur til sjóar svo kölluð Mýrará.²⁴⁸

Landamerkjabréf Unaðsdals er dags. 22. maí 1890, þar sem merkjum er lýst:

Milli Bæja og Unaðsdals er Dalsá landamerki milli fjalls og fjöru, en milli Tirðilsmýrar og Unaðsdals er Mýra landamerki milli fjalls og fjöru.

v. Tyrðilmýri

Í sóknarlýsingu Vestfjarða segir um Tyrðilmýri (Mýrar):

Mýri, sem stendur undir Mýrarfjalli, er bændaeign 9 Hdr. að dýrleika, notagott kot. Áður hét hún Tirðilmýri. Þar eru slægjur hægar, en snöggar, landkostir í betra lagi, útbeit nokkur. Tún nær til sjóar. Þar er lending allgóð. Á Mýrarlandi, út með sjónum, eru Hávarðsstaðir. Þar bjó Hávarður Ísfirðingur. Nú eru þeir í eyði, en sést þó nokkuð fyrir tóftum, rétt við sjóinn. Þar, skammt fyrir utan, byrjar Æðeyjarland, og nær allt að Klíptahrygg á Eyjahlíð, mikið land og gott.²⁴⁹

Landamerkjabréf Tyrðilmýrar er dags. 22. maí 1890, þar sem merkjum er lýst:

Milli Unaðsdals og Tirðilmýrar er Mýrará merki frá fjalli til fjöru, milli Æðeyjar og Tirðilmýrar er landamerki svonefndur landamerkjalækur innan til við Skeljarvíkurkleif.

vi. Æðey

Í sóknarlýsingu Vestfjarða segir um Æðey:

Æðey. Um hana er nokkuð áður sagt. Hún er 36 Hdr. að dýrleika og bændaeign. Sjálf eyjan var fyrr talin 18 Hdr., en land hennar uppi á ströndinni 18 Hdr., og fer þetta ei fjarri. Eyjan er grasi vaxin og á henni töluvert slægjuland, en mjög er hún samt yfir höfuð, snöggenglend. Til beitar fyrir fénað, er hún kjarngóð. Á henni er töluvert æðarvarp, og fer því nú um stundir fremur fram en aftur. Nokkur kofnatekja og lítil lundaveiði er þar. Áður var þar og selveiði, en mjög fer henni hnignandi ár af ári, valda því líklega skot veiðimanna kringum eyna. Bærinn stendur sunnanvert á miðri eynni, millum 2 hæða, sem skaga fram báðu megin og mynda fagra höfn, sem gengt bænum lokast af smáhólmum, er heita Djúphólmar, nema hvað örmjótt sund liggur til hafnarinnar. Þetta er fyrirtaks góð lending

²⁴⁸ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 147.

²⁴⁹ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 148.

og legurúm smáskipum. Má þar sigla inn og leggja stærri skipum, svo sem fiskijögtum til vetrarlegu. Gegnt fyrرنefndum Æðeyjarhólma er Bergsel á landi. Þar er selstaða, öllum sumrum úr Æðey. Landið frá Mýrarlandi og út að Grímshamarskleif, sem er skammt fyrir utan selið, kallast hið neðra Selpartur, hið eftir Stigahjallar, og er allt ýmist beitar- eða slægjuland. Á Grímshamarskleif, er er hár höfði við sjóinn með einstigi upp, telja menn hálfnaða leið frá Lónseyri að Snæfjöllum. Fyrir utan kleifina byrjast Eyjahlíð. Innst á henni eru Kirkjutungur, svo Garðabryggja. Mælt er, að þar hafi í fornöld bær staðið, sem Garður hétt, og þar kirkja verið, en eyðilagzt sökum snjóflóða og grjóþruna úr þeim háu hengiklettum, sem fyrir ofan eru. Á miðri hlíðinni er Innri-Skarðsáin. Landið kringum hana heitir Horblettur. Skammt fyrir utan ána heita Vogar, góð lending um flæðar. Hlíðin gjorist nú brattarim allt út að Sátuvík. Skammt fyrir utan vogana er Kliptahryggurinn, sem skilur Æðeyjar- og Skarðsland. Á Eyjahlíðinni eru helzta slægjur Æðeyjabóna, þar er heygott en snögg- og harðslægt. Vetrarbeit mætti og á hlíðinni hafa, en einkum á Horbletti, en erfitt er þess að njóta sökum ill- og harðviðranna, sem líkt og annarstaðar á ströndinni tíðum úrskeiðis ganga.²⁵⁰

Landamerkjabréf Æðeyjar er dags. 21. september 1889, þar sem merkjum er lýst:

Merki Tyrðilmýrar og Æðeyjarlands við innanverðu eru svo nefndur landamerkjalaekur, sem rennur frá fjalli til fjöru fyrir innan Skeljavíkurkleif, og standa tvær vörður við læk þennan. En að utanverðu milli er Æðeyjarlandi á Eyjahlíð og Skarðslandi eru landamerki: lækur, nefndur: Rjóðralækur, og stendur ein varða utanvert við téðan læk.

vii. Skarð

Í sóknarlýsingu Vestfjarða segir um Skarð:

Skarð, kirkjujörð frá Snæfjöllum, 12 Hdr. að dýrleika, stendur undir hárri fjallsöxl, utanvert við ytra Skarð. Hún hefur góða og skóglenda landkosti, en er mjög slægnalítil. Vetrarbeit er þar á stundum nokkru nýt. Land þessarar jarðar byrjar við Kliptahrygg og nær allt að Bjartalæk. Örnefni þess helzta eru: Sátuvíkurkleif, Sátuvík, svo Litlavík við Hvannastað, svo Naustavík, Hóltún, svo kemur bótin og bærinn þar fyrir ofan. Við bæinn enda hraunin, en byrja í Sátuvík, Skarðið, þar fyrir ofan, er á að gizka fjórðungur úr mílu á lengd. Djúpt er það, graslítið og aðkreppt af háum klettafjöllum báðu megin. Heitir öxlin yfir bænum Skarðshyrna. Undan hymnu þessari hlaupa stundum snjóflóð, og hafa þau eytt Skarðsbæ, svo nú er hann á öðrum stað en áður. Fyrir utan hyrnuna er fjallið hátt og bratt, og mjög hefur land þess skaða liðið af snjóskriðum og grjóþruni úr klettum.²⁵¹

Landamerkjabréf Skarðs er dags. 20. maí 1892, þar sem merkjum er lýst:

Svonefndur, Bjartilækur, sem rennur frá fjalli til fjöru, skilur lönd Skarðs og Sandeyrar. Fyrir minni lækjarins er steinn, sem sér á um flóð, en fjarar kringum um fjöru, skiptir

²⁵⁰ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 149.

²⁵¹ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 149.

steinn þessi reka og fjörunytjum á svonefndu Bjartalæksrifi. Landamerki milli Skarðs og Æðeyjar er lækur, nefndur Rjóðralækur, og stendur ein varða utanvert við téðan læk.

viii. *Sandeyri*

Í sóknarlýsingu Vestfjarða er Sandeyri lýst:

Sandeyrim 24 Hdr. að dýrleika, bændaeign. Þar yfir nefndist fjallið eftir bænum. Þessi jörð er allgóð slægnajörð, og allgott er þar undir bú. Vetrarbeit er kjarngóð, en lítil. Land jarðarinnar er frá Bjartalæk að Berjadalsá, nema hvað Snæfjallakirkja á lítinn part, með ummerkjum milli Smirlabergsár og Óslækjar. Í ósi þeim, sem þessir lækir báðir gjöra við sjó, var áður silungsveiði og heyrði hún hálf undir Snæfjöll. Nú er þar enga veiði að fá. Líkast er, að ós þessi sé sama, sem í Landnámu kallast Sandeyrará, er þá skildi lönd Ólafs í Dal og Þórólfs á Snæfjöllum. Rétt við Sandeyri, utanvert, er Urtusteinsbótin.²⁵²

Landamerkjabréf Sandeyrar er dags. 20. maí 1890, þar sem merkjum er lýst:

Milli Skarðs og Sandeyrar, og kom undirrituðum saman um að landamerki milli ofangreindra jarða væri þau sömu og verið hafi n.l. Bjartilækur rennur frá fjalli til fjöru aðskilji lönd ofannefndra jarða í beinni línu frá fjalli til fjöru. Steinn stendur fyrir minni lækjarins er sjer á um flóð en fjarar kring um fjöru, er skiptir reka og fjörunytjum á svokölluðu Bjartalækjarifi. Snið og krókar er opt hafa valdið þraetu milli landa eru með beinni línu aftekin. Landamerki milli Sandeyrar og Snæfjalla er Berjadalsá og skilur hún lönd jarðanna frá fjöru til fjalls, sömuleiðis fjörunytjar og reka.

ix. *Snæfjöll*

Í sóknarlýsingu Vestfjarða segir um Snæfjöll:

Snæfjöll, eða Staður á Snæfjöllum, beneficium. Þar er kirkja, sú eina í sveitinni, og þar búa prestarnir. Jörðin er 12 Hdr. að dýrleika. Er á sumardag góð undir bú, hefur og verið allgóð til slægna og beitar, en er nú mjög af sér gengin með hvorutveggja af skriðuföllum og veðranauð. Mikið er hér, sem á allri ströndinni, vetrarríki. Land jarðarinnar nær frá Berjadalsá til Míganda í miðjum Bjarnanúpi. Er þar mjög brattlent og óslétt. Sá hluti þess, sem beztur er að gæðum, kallast Eyrar- og Eytóahlíð. En þetta land sætir líka mestum áföllum og aldrei verða þess not höfð til beitar, nema um hásumartímann, sökum snjóflóða úr klettóttri, hárri fjallabrun. Á eyrum þessum voru áður verbúðir nokkrum tíma, en þær tók af. Fyrir utan eyrarnar er Súrnadalur, lítið en grösugt dalverpi umgirt klettaum. Síðan byrjast Núpurinn, þverthnýpt klettafjall, hættulegt mönnum og skepnum.²⁵³

Landamerkjabréf Snæfjalla er dags. 20. maí 1892, þar sem merkjum er lýst:

²⁵² Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 150.

²⁵³ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 150.

Milli Snæfjalla og Sandeyrar er Berjadalsá og skilur hún lönd jarðanna frá fjöru til fjalls, sömuleiðis fjörunytjar og reka. En landamerki milli jarðarinnar Nes í Grunnavíkurhreppi og Snæfjalla í Snæfjallahreppi er lækurinn Mígandi, sem rennur milli Álku og Stofu.

x. *Nes og Naust*

Í sóknarlýsingu Vestfjarða er fjallað um Nes:

Nes, 16 Hdr., liggar við sjó milli Grunnavíkur og Bjarnanúps, graslítill jörð, en hefur útigang.²⁵⁴

Landamerkjabréf Nes er dags. 15. ágúst 1890, þar sem merkjum er lýst:

Milli Nes í Grunnavíkurhrepi og Snæfjalla í Snæfjallahreppi er lækurinn Mígandi, sem rennur milli Álku og Stofu.

Landamerkjabréf Sútarabúða og Ness er dags. 24. júní 1889 þar sem segir að landamerki jarðanna er Kumlá.

xi. *Faxastaðir, Sútarastaðir og Oddsflöt*

Í sóknarlýsingu Vestfjarða segir um Faxastaði:

Faxastaðir 4 Hdr., sem hafa litlar engjar.²⁵⁵

Landamerkjabréf Faxastaða er dags. 24. júní 1889, þar sem merkjum er lýst:

Milli Faxastaða og Oddaflatar er varða, sem stendur á holti hjá Staðará, og sjónhending úr vörðum og upp hádegishorn ábúandi hefir frían móskurð í Hraukahlíðamýri, meðan endist. Stað í Grunnavík 24. Júní 1889 Pétur M. Porsteinsson.

Breytt 5. Olt 1913 Litr.H.nr. 76. Landamerki milli Oddsflatar og Sútarabúða er lækurinn „Gegnir“ að neðanverðu og sjónhending í Bulluholt, og þaðan sjónhending utan til við svonefnda „Skál“. Ábúendur Oddsflatar og Sútarabúða hafa fría selstöðu og fjárbeit í Faxastaðalandi í Staðardal. Hraukhólmseyrar hafa ábúendur áðurnefndra jarða sinn helminginn hvor.

xii. *Staður*

Í sóknarlýsingu Vestfjarða segir um Stað:

Í sjálfri Grunnavík norðan fram er Staður, 18 Hdr., sem hefur miklar engjar og landeign, samt nokkrum útigang, haust og vor á Staðarhlíð, sem liggar við sjó móti norðri.²⁵⁶

Landamerkjabréf Staðar er dags. 24. júní 1889, þar sem merkjum er lýst:

²⁵⁴ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 159.

²⁵⁵ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 159.

²⁵⁶ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 159.

Milli Staðar og Faxastaða ásamt Oddsflöt og Sútarabúðum er Staðará. Landamerki milli Staðar og Kollsár er Kálflhamar á Staðarhlíð og þaðan bein sjónhending þvert neðan og yfir Staðarhlíð í Hildarhaug.

xiii. Kollsá

Í sóknarlýsing Vestfjarða segir um Kollsá:

Skammt frá er Kollsá, við sjóinn, 4 Hdr., engjalaus að kalla, en hefur nokkurn útigang á Staðarhlíð, sem að nokkru leyti tilheyrir kotinu, hvar síður leggst undir beitarland af snjó á vetrum en á fyrrnefndum jörðum.²⁵⁷

Landamerkjabréf Kollsár er dags. 24. júní 1889, þar sem merkjum er lýst:

Milli jarðarinnar Kollsár í Grvíkurhreppi tilheyrandi Staðarkirkju í Grvík og Höfðastrandar tilheyrandi Magnúsi kaupmanni á Ísafirði og fl. Eru: Bein lína úr innri Tanga við Gunnsteinsbót, og þaðan bein sjónhending upp í Hrafnarbjargarfossa.

xiv. Höfðaströnd

Í sóknarlýsing Vestfjarða segir um Höfðaströnd:

16 Hdr., með nálægjum engjum og fjörubeit á vetrum, en lítil er landbeit vegna fanna, sem undirleggja engjar og beitarland.²⁵⁸

Landamerki Höfðastrandar koma fram í landamerkjabréfi Höfða, dags. 28. júní 1889.

xv. Höfði

Í sóknarlýsing Vestfjarða segir um Höfða:

Höfði, 8 Hdr., liggur fyrir utan Leirufjörð við sjó með góðum slægjum og fjörubeit á vetrum. Á þessum tveim síðastnefndu bæjum deyja oftlega margar fjárskepnur af fjörufalli.²⁵⁹

Landamerkjabréf Höfða er dags. 28. júní 1889, þar sem merkjum er lýst:

Milli jarðarinnar Höfða í Grunnavíkurhreppi tilheyrandi Staðarkirkju í Grunnavík og Höfðastrandar í sama hreppi tilheyrandi Magnúsi kaupmanni Jochumssyni á Ísafirði og fl. eru Deildará.

Milli Höfða og tilheyrandi Staðarkirkju í Grunnavík og Dynjanda eign Elíasar bónða á Leiru og Jóns Sigurðssonar bónða í Arnardal eru: Flæðarhóll og bein sjónhending þaðan í efsta fossinn í Fossdalsá, þannig milli fjalls og fjöru.

²⁵⁷ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 159.

²⁵⁸ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 159.

²⁵⁹ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 159.

xvi. Dynjandi

Í sóknarlýsingu Vestfjarða er fjallað um Dynjanda:

Vestan fram við miðjan fjörðinn er Dynjandi, 16 Hdr., að dýrleika, með nægilegum landkostum og heyskap.²⁶⁰

xvii. Leira

Í sóknarlýsingu Vestfjarða segir um Leiru:

Í Leirufjarðarbotni, norðan fram, undir fjallshlíð, er Leira 8 Hdr., með góðu túni og engjum, án nokkurs útigangs.²⁶¹

Í umfjöllun sóknarlýsingar Vestfjarða um selstöður og afréttarlönd í Grunnavíkursókn en þar segir:

Afréttarland er í Leirufirði, hvar jörð, nefnd Öldugil, eyðilagðist af jökulhlaupi, og til heyrir landið Grunnavíkurkirkju Nálægir bæir hafa þar upprekstur, en réttin er haldin á Dynjanda á haustum, nálægt sláturtíma.²⁶²

Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir m.a. í umfjöllun um Dynjanda:

Aulldugil, fornt eyðiból fram í botninum í Leirufirði, og er affallin bygðin til að geta fyrir 2 hundruð eður 3 hundruð árum, og hefur þessa bygð eyðilagt jökulhlaup og vatnaágángur (eftir sem menn meina), því það lítið sem eftir sjest af tóftarústum er nú við sjálft jökulbarðið og hefur jökullinn í manna minnum hlaupið yfir allt þetta pláts, sem bærinn hefur að fornú verið.²⁶³

Þá segir í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir m.a. um Leiru:

Túninu grandar grjóts uppgángur. Enginn grandar Miðá til stórskaða og eyðileggíngar með grjóts og sands áburði og so annarsstaðar snjóvatn, sem jeur úr rótina. [...] Enginn brúkar nú jörð þessa síðan hún lagðist í eyði.²⁶⁴

Landamerkjabréf Leiru og Kjósar er dags. 24. júní 1889, þar sem merkjum er lýst:

Milli Leiru og Kjósar eru Vegalækur, og þaðan bein sjónhending í Grasaklett og bein sjónhending þaðan og til fjalls.

Landamerkjabréf Leiru, Öldugils (Öldugilslandi) og Dynjanda er dags. 28. júní 1889 þar sem merkjum er lýst:

²⁶⁰ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samþand vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 159.

²⁶¹ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samþand vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 159.

²⁶² Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samþand vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 160.

²⁶³ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Ísafjarðar- og Strandasýslur (VII. bindi), bls. 272.

²⁶⁴ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Ísafjarðar- og Strandasýslur (VII. bindi), bls. 273.

Milli Leirujarðar ásamt Öldugilslandi og Dynjanda, öllum í Grunnavíkurhreppi. Landamerki milli Leiru ásamt Öldugilslandi tilheyrandi Staðarkirkju í Grunnavík og Dynjanda, eign Elíasar bóna Ebeneserssonar á Leiru og Jóns Sigurðssonar bóna í Arnardal eru: Skógarlækur ytri þó svo, að hinn innri, sem úr fjallglinu rennur, er álitinn að vera hin einu réttu landamerki.

xviii. *Hrafnfjarðareyri*

Í sóknarlýsing Vestfjarða er fjallað um Hrafnfjarðareyri:

Hrafnfjarðareyri 4 Hdr. sem hefur nokkuð meiri engjaslægur og lítið viðartak. En yzt þeim megin fjarðar gengur vík ein meðfram löngu nesi á annan veginn, hvar útigangur er.²⁶⁵

Landamerkjabréf Hrafnfjarðareyrar er dags. 24. júní 1889, þar sem merkjum er lýst:

Milli Hrafnfjarðareyrar og Álfstaða er Skorará.

Milli Kjósar og Hrafnfjarðareyrar eru Landsdeifdarhólar, eða öðru nafni Kjósarhólar, og þaðan sjónhending í miðjan Björnshrygg og beint til fjalls.

xix. *Furufjörður*

Í sóknarlýsing Vestfjarða segir m.a. um Furufjörð:

Furufjörður. 24 Hdr., liggr norðanvert við fjarðarbotninn, túnlitil jörð, en hefur miklar engjaslægjur.²⁶⁶

Landamerkjabréf Furufjarðar er dags. 27. desember 1885, þar sem merkjum er lýst:

1) Örnefni milli nefndra jarðar og Þaralátursfjarðar það er klettur við sjó, nefndur Kanna, undir Furufjarðarnúp, sem skiptir reka milli téðra jarða, úr nefndum kletti beina sjónhending uppá brún, og svo eptir hæsta fjallhrygg austanvert fjarðarins og vestur á miðja Skorarheiði. 2) Hins vegar við nefndan Furufjörð af miðri Skorarheiði eptir hæsta fjallgarði til norðurs allt á Bolungarvíkur bjargbrún, þar sem aðalófæra er beint niður undan, og skiptir sú ófæra reka milli nefnds Furufjarðar og Bolungarvíkur. Milli þessara kennileita fylgir ofannefndri jörð óskertur reki og allar grasnytjar.

xx. *Þaralátursfjörður*

Jörðinni Þaraláturfirði er ekki lýst sérstaklega í sóknarlýsing Vestfjarða. Hins vegar er getið um eyðijarðirnar Knítilsstaðir og Snodskot í Þaralátursfirði.²⁶⁷

Ekki liggr fyrir landamerkjabréf fyrir Þaralátursfjörð. Merkjum jarðarinnar er lýst í landamerkjabréfum Furu- og Reykjafjarðar.

²⁶⁵ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 159.

²⁶⁶ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 160.

²⁶⁷ ²⁶⁷ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 161.

xxi. Reykjafjörður

Í sóknarlýsing Vestfjarða segir m.a. um Reykjafjörð:

12 Hdr., sem hvorki hefur tún né engjar, að búpemingur verði fóðraður, en hefur nokkurn útigang á nesi því, sem liggur norðanvert við fjörðinn.²⁶⁸

Landamerkjabréf Reykjafjarðar er dags. 8. janúar 1892, þar sem merkjum er lýst:

Milli Reykjafjarðar og Þaralátursfjarðar skilur varða, sem stendur í miðri Kerlingarvík, og svo sjónhending uppí, svokallaðar Kerlingardyr í fjallsbrúninni. Að austanverðu skilur Reykjafjörður og Sæbólsland á, sem rennur frá fjalli til fjöru.

xxii. Sæból

Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir m.a. að Sæból hafi verið fornt eyðiból í landinu úti við sjóinn. Þá segir að þessum sveitaparti er mjög til lítils meins jafnlegir þokuúðar og óþerrar, svo fyrir þann skuld skemmast hey stórlega, fúna eða brenna í ösku og gjörir það oft allmikinn skaða, svo þó að heyskapurinn sje sumstaðar góður, hafa menn hans lítil not. Þess á milli verða oft góðar nýtingar á heyjum. Hafís drífur hjer oftlega og liggur lengi á og orðsakar það stórt hallæri á landinu, þegar það vill til, með frostum og hríðum, og hefur þann skuld oftsinnis peníngafellir orðið í þessum sveitaparti.²⁶⁹

Landamerkjabréf Sæbóls er dags. 8. janúar 1892, þar sem merkjum er lýst:

Milli Reykjafjarðar og Sæbóls skilur á, sem rennur frá fjalli til fjöru. Að austnverðu skilur Sæbóls og Skjaldbjarnarvíkurland klettur, sem er nefndur Biskup, og stendur undir Geirólfsgnúp.

xxiii. Skjaldbjarnarvík

Nánar er vísað til ítarlegrar umfjöllunar um Skjaldbjarnarvík í úrskurð Óbyggðanefndar í máli nr. 1/2019 frá 21. febrúar 2020.

4.1.26. Álfstaðir, Kvíar og Steig

i. Sérstaklega um kröfusvæðið

Í sóknarlýsing Vestfjarða er fjallað um jökulfirði Grunnavíkurðsknar:

Milli jökulfjarða eru há fjöll grösug með skriðum, sem falla úr hilluklettum, sem ofarlega standa fyrir neðan brúnir. Fjöll þessi liggja í háttnorður, en vegir liggja frá fjarðarbotnum til stranda að fráteknum Leirufirði, hvar mjög hár jökull, sem stundum hleypur, liggur fyrir fjarðarbotninum og nær vestur að Kaldalóni, en austur að Geirhólmi. Pessir

²⁶⁸ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samfund vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 160.

²⁶⁹ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Ísafjarðar- og Strandasýslur (VII. bindi), bls. 316.

áðurnefndu klettar er upphátt hamragrjót með skorum og hellubeltum, ógengt, nema af vel færum mönnum, sumstaðar.²⁷⁰

Landamerkjabréf Hrafnseyrar er dags. 24. júní 1889, þar sem merkjum er lýst:

Milli Hrafnfjarðareyrar og Álfstaða er Skorará.

Milli Kjósar og Hrafnfjarðareyrar eru Landsdeifdarhólar, eða öðru nafni Kjósarhólar, og þaðan sjónhending í miðjan Björnshrygg og beint til fjalls.

Landamerki Álfstaða og Kvía ásamt eyðijörðum í Lónafirði samkvæmt landamerkjabréfi dags. 24. júní 1889 er Meleyri, og þaðan bein sjónhending neðan til fjalls.

Landamerkjabréf Kvíar og Steig er dags. 24. júní 1889 þar sem kemur fram að merkin séu svonefndur maður og bein sjónhending til fjalls.

ii. Álfstaðir

Í sóknarlýsing Vestfjarða er fjallað um Álfstaði:

Í Hrafnfirði eru Álfsstaðir, 4 Hdr. arðlítið kot að túni og engjum, en hefur gott beitarland, þó mjög svo hættulegt á vetrum, bæði fyrir hirðinn og hjörðina.²⁷¹

Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir m.a.:

Grastekja næg. Hvannatekja og rótagröfur í Sviðningsstaða landi, sem brúkast hjeðan. Berjalestur nægur. [...] Túninu granar til stórskaða og eyðileggíngar sjáfargángur með landbroti, so að þess vegna er mikill partur túnsins eyðilagður. Engavegur í Sviðningsstaða land er lángur og ófær á landi, og verður hey á skipi heim að flytja. Hætt er kvíkfje fyrir sjáfarflæðum á vetur undir sköflum þeim, sem leggja við sjóinn, og verður fyrir þann skuld jafnleg að fje að sitja. [...] Svidningsstaðir. Forn<þ> eyðiból sem liggur út frá þessarar jarðar landi, og sjást þar enn ljós merki byggingarleyfa af tóftarústum og girðingum, en lángvarandi hefur þessi jörð legið í eyði, so enginn veit að segja að hjer hafi bygð verið, nema hvað menn hafa lesið í fornsögum. Landið á Staður í Grunnavík, og hefur aldrei bygt verið fyrr nje síðar til neinnar leigu, nema hvað Álfstaðamenn hafa nýtt sjer það og hefur það þó ei aukið þeirrar jarðar skuldir. [...] Lónbjarnarstaðir. Fornt eyðiból austan til við Lónafjörð, og sjást hjer enn miklar tóftarrústir so sem hjer muni stór bær verið hafa, en enginn veit að hjer hafi bygð verið, nema hvað ráða er af þessum byggíngarleifum og nafninu sjálfu. [...] Byggíngarkostir vita menn ekki hvörjir verið hafi, og aldrei hefur það leist fyrir vissan toll til brúkunar neinum manni. En meðan Kvíar voru bygðar, þá leyfðu staðarhaldararnir þeirrar jarðar ábúendum að nýta úr þessu landi

²⁷⁰ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 156-157.

²⁷¹ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 159.

til slægna eður beitar það sem þeir gæti yfir komist, og jók það þó að öngvu þeirrar jarðar eftirgjald, en síðar Kvíar lögðust í eyði brúkar það enginn.²⁷²

iii. Kvíar

Í sóknarlýsingu Vestfjarða segir m.a. um Kvíar:

Í Lónafirði eru Kvíar 6 Hdr. yzt norðan fram við fjörðinn, sem hafa nokkrar engjar, er þó árlega af sér ganga.²⁷³

iv. Steig

Í sóknarlýsingu Vestfjarða segir m.a. um Steig:

En austanfram við miðjan fjörðinn, er Steig, 6 Hdr. mjög engjalítil og hættuleg af skriðum og snjóflóðum.²⁷⁴

v. Steinólfssstaðir

Í sóknarlýsingu Vestfjarða segir um Steinólfssstaði:

Í Veiðileysufirði norðan fram, Marðareyri, 6 Hdr. að dýrleika, engjalaus með nokkrum útigangi og hættulegum skriðuföllum og snjóflóðum, þar fjallið er mjög hátt og bratt. Undir sama fjalli, innar við fjörðinn, eru Steinólfssstaðir 6 Hdr. með góðu túni og engjum.²⁷⁵

Landamerkjabréf Steinólfssstaða er ódagsett en þar er merkjum lýst:

Norðan fram með Veiðileysufirði sem liggur að Marðareyrar landarleign, er út í Merkiseyrlæk til fjallsbrúnar á hæðstu rögg fjallsins í kringum alla Steinólfssstaðadali, í Hlöðuvíkurskarð, og þaðan austur yfir fjallabréfum í Hafnarskarð, þaðan ofan eptir fjarðar ánni sem rennur í sjó í fjarðarbotninum og skilur Steigarland frá ofannefndri jörð Steinólfssstöðum. Fjara og reki með öllu landi er óskert.

vi. Höfn

Í jarðarmati Ísafjarðarsýslu 1849-1850 kemur fram²⁷⁶

Sandfok, túnleysi, árennsli og vetrarþyngsli valda því að jörð þessari skortir svo mög við meðalgildi.

Í sóknarlýsingu Vestfjarða segir um Höfn:

²⁷² Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Ísafjarðar- og Strandasýslur (VII. bindi), bls. 275-276.

²⁷³ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samfund vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 158-159.

²⁷⁴ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samfund vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 158.

²⁷⁵ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samfund vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 158.

²⁷⁶ (90) 0043v

Höfn, 8 Hdr. að dýrleika, lítið eitt frá sjó, norður undir Kollinum. Tún snöggt mjög sandorpið. Engjar miklar og góðar. Útigangur enginn, fjara því nær. Reki í minna lagi. Móskurður enginn. Jafnviðri mest af norðri, ofsi af vestri, brimlaust. Lítið um fisk.²⁷⁷

Landamerkjabréf fyrir Höfn liggur ekki fyrir.

vii. *Bjarnarnes*

Í sóknarlýsing Vestfjarða segir m.a. um Bjarnarnes:

Loksins er Bjarnarnes, byggður í almenningi, sem oftlega hefur í eyði verið, þar skepnur fóðrast ekki grasleysis vegna, og fólkið lifir einungis á sjávarafla, káli, fjallagrösum og fuglatekju við Hornbjarg.²⁷⁸

Í jarðarbók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir m.a.:

Dýrleiki óviss á þessu landi, því það tíundast öngvum og kallast almenningar bæði austur og vestur frá þessu takmarki Bjarnarnesi, sem eru hverjum manni heimilir til brúkunar tollfrí eftirlaganna útvísan. [...] Þessir almenningar eru að lengd 3 vikur sjáfar þegar róið er með landi fram eftir sem gamlir menn hafa kallað, en torfærur vegur mikill er á landi og lítt fær gángandi mönnum, og því sækja menn híngað jafnan á skipum. Horn í Aðalvík á land við þessa almenninga að vestanverðu í Flæðihamar, en Smiðjuvík að austanverðu í hamar þann sem Lás kallast. [NB. Væri bygð sett í þessum almenníngum (sem þó er ei líklegt að verða muni) þá ætla menn að hún heyri til Grunnavíkurveit og Staðakirkjusókn, og so var þau 2 árin sem bygt var.]²⁷⁹

viii. *Smiðjuvík*

Í sóknarlýsing Vestfjarða segir m.a. um Smiðjuvík:

Smiðjuvík, 4 Hdr., er lítið pláss, og mjög lítið fæst af heyjum, en fáeinir sauðkindur forsorgast þar með styrk af útigangi.²⁸⁰

Landamerkjabréf Smiðjuvíkur er dags. 26. júlí 1884 þar sem merkjum er lýst:

Smiðjuvík á Hornströndum, kirkjujörð frá Ögri, að dýrleika 1,8 hndr., liggjandi í Grunnavíkurhreppi, á land frá fjöru til fjalls milli Barða sem liggur á milli Barðavíkur og Smiðjuvíkur, og Drífandisfoss að norðvestur, sem skilur land milli Smiðjuvíkur og Bjarnarness.

ix. *Barðsvík*

²⁷⁷ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 188.

²⁷⁸ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 160.

²⁷⁹ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Ísafjarðar- og Strandasýslur (VII. bindi), bls. 308-309.

²⁸⁰ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 160.

Í sóknarlýsingu Vestfjarða segir m.a. um Barðsvík:

Barðsvík er í líkri afstöðu, fyrir norðan fjall, með litlu túni, en meiri engjum. Á öllum þessum þremur síðast nefndu jörðum, er sandfok, sem skemmir graslendið.²⁸¹

Landamerkjabréf Barðsvíkur og Smiðjuvíkur er dags. 24. júní 1889 þar sem merkjum er lýst:

Milli Barðsvíkur og Smiðjuvíkur er í Barðsvog og bein sjónhending upp í hæðstu hryrnuna á Barðanum, milli Barðsvíkur og Bolungarvíkur er Straumnestá, og bein sjónhending upp í hæðstu nýpu á Straumneshlíð.

4.1.27. Marðareyri og Hesteyrarfjörður

i. Marðareyri

Í sóknarlýsingu Vestfjarða segir um Marðareyri:

Í Veiðileysufirði norðan fram, Marðareyri, 6 Hdr. að dýrleika, engjalaus með nokkrum útigangi og hættulegum skriðuföllum og snjóflóðum, þar fjallið er mjög hátt og bratt.²⁸²

Landamerkjabréf fyrir Marðareyri liggur ekki fyrir. Merkjum jarðarinnar gagnvart Steinólfss töðum er lýst í landamerkjabréfi Steinólfssstaða.

ii. Hesteyri

Í sóknarlýsingu Vestfjarða segir um Hesteyri:

Hesteyri, heimajörðin (24 Hdr. öll), 12 Hdr. að dýrleika, stendur á sjóarbakka fyrir utan Hesteyrará. Túnið nær ofan að sjó og er alltgott. Útheysslægjur í minna lagi og reitingslegar. Útigangur í meðallagi með styrk af fjöru. Skaðaveður koma þar aldregi. Mótak er þar lítið. Selveiði mætti hafa þar, ef skot legðust niður. Til fiskjar nær þar nokkuð lítið.²⁸³

Þá er Hesteyrarfjörður, sem liggur undir Hesteyri, tilgreindur sem afréttarland í lýsingu sóknarlýsingar á afréttarlöndum Staðarsóknar.²⁸⁴

Landamerkjabréf fyrir Hesteyri liggur ekki fyrir. Merkjum jarðarinnar gagnvart Sléttu er lýst í landamerkjabréfi Sléttu.

²⁸¹ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 160.

²⁸² Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 158.

²⁸³ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 185.

²⁸⁴ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 188.

iii. Steinólfssstaðir

Í sóknarlýsing Vestfjarða segir um Steinólfssstaði:

Í Veiðileysufirði norðan fram, Marðareyri, 6 Hdr. að dýrleika, engjalaus með nokkrum útigangi og hættulegum skriðuföllum og snjóflóðum, þar fjallið er mjög hátt og bratt. Undir sama fjalli, innar við fjörðinn, eru Steinólfssstaðir 6 Hdr. með góðu túni og engjum.²⁸⁵

Landamerki Steinólfssstaða er lýst í ódagsettu landamerkjabréfi, þar sem merkjum er lýst sem:

Noraðan fram með Veiðileysufirði sem liggur að Marðareyrar landarleign, er út í Merkiseyrarlæk til fjallsbrúnar á hæðstu rögg fjallsins í kringum alla Steinólfssstaðadali, í Hlöðuvíkurkarð, og þaðan austur yfir fjallabréfni í Hafnarskarð, þaðan ofan eptir fjarðar ánni sem rennur í sjó í fjarðarbotninum og skilur Steigarland frá ofannefndri jörð Steinólfssstöðum. Fjara og reki með öllu landi er óskert.

iv. Sléttu

Í sóknarlýsing Vestfjarða segir m.a. um Sléttu:

16. Hdr. að dýrleika. Bærinn stendur á sjóarbakka við Jökulfirði, fyrir utan Sléttuá. Túnið er því nær ónýtt, og veit ekki nær af muni taka, með öllu, af sandfoki úr fjörunni. Útheysslægjur eru nokkrar að vöxtum, en reittingslegar og ósamanhangandi. æUtgángur bregzt þar varla. Sjósókn er þar hin hægasta, þegar brim leyfa. Mótak nær því þrotið. Skaðavður koma þar aldregi, en næðingasamt mjög.²⁸⁶

Landamerkjabréf Sléttu er dags. 12. ágúst 1889, þar sem merkjum er lýst:

Að austanverðu (sem að Hesteyri veit) skilur lönd rauður klettur við sjó fram, þaðan er bein sjónhending upp eptir Deildarfjalli, þaðan er rétt stefna utanvert við Nónfjallsbungu upp eptir Tóarbrekku og í Klaufa, þaðan sem fjallsbrúnin heldur út að Fannardal, þar sem vötnum hallar út á Hnúka, eptir hæstu rönd á Sleppu við sjó fram. innan vert við Hafnir.

v. Efri-Miðvík

Í sóknarlýsing Vestfjarða segir um Efri-Miðvík:

16. Hdr. að dýrleika, vestan og ofan til í Miðvíknabás, þétt upp undir Hvarfnúpi. Tún er þar vott mjög og slæmt. Úthey er þar rubbmikið og slæmt. Útgángur er þar í minna lagi. Vestan og hánorðan áttar gæti þar lítið, en austnýrðingar koma þar ógnarlegir. Sjór er þar sóttur sjaldan og með mannhættu sakir brima.²⁸⁷

²⁸⁵ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 158.

²⁸⁶ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 184.

²⁸⁷ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 185.

Landamerkjabréf Efri-Miðvíkur er dags. 19. október 1889 þar sem merkjum er lýst:

Til suðvesturs, suðurs og suðausturs ráða fjallabrunir, en að norðanverðu eru merki milli Efri- og Neðri-Miðvíkur á, sem breytist í ós, þegar kemur ofan á flatlendið, og þá með sjó frá ósnum og í svokölluð Löngusker.

vi. Neðri-Miðvík

Í sóknarlýsingu Vestfjarða segir um Neðri-Miðvík:

Neðri-Miðvik, 8 Hdr. að dýrleika, á ósabakkanum nálægt sjó, undir Kleifinni. Túnið í meðallagi, gengur af sér af sandi. Úthey er þar furðu létt og heyvegur slæmur. Mótak er sótt upp í Efri-Miðvík, langa leið. Útigangur er þar í minna lagi. Vestan og hánorðan áttar gætir þar lítið, en austnýrðingar koma þar ógnarlegir. Sjór er þar sóttur sjaldan og með mannhættu sakir brima.²⁸⁸

Landamerkjabréf Neðri-Miðvíkur er dags. 19. október 1889 þar sem merkjum er lýst:

Milli Miðvíkur og Stakkadals í Kleif og í Klöp fram í Kleifinni, og þaðan sjónhending eptir Mannhrygg, og svo sem fjallagarðbrúnir segja. Milli Neðri- og Efri-Miðvíkur eru merkin á, sem breytist í ós, þegar kemur ofan á flatlendið, og þá með sjó frá ósnum í svo nefnd Löngusker.

vii. Stakkadalaur

Í sóknarlýsingu Vestfjarða segir um Stakkadal:

Stakkadalur. 8 Hdr. að dýrleika, norðan undir Mannfjalli, neðanhallt þar upp af, sem Stakkadalsós rennur úr Torfavatni. Engi er þar mikið og gott úr túni. Útigangur í minna lagi, Mótak nógt. Þar er ekki veðrasamt. Erfitt er þar til heimræðis.²⁸⁹

Landamerkjabréf Stakkadals er dags. 29. apríl 1891, þar sem merkjum er lýst:

Milli Stakkadals og neðri Miðvíkur eru í Kleif og í Klömp fram úr Kleifinni, og þaðan sjónhending eptir Mannhrygg, svo sem fjallgarðsbrúnir segja. Milli Stakkadals og Látra eru merkin úr Fimmþúfnaklakk og beina sjónhending í þúfu neðan til við vatnið, og eru þar merki sett, svo eru að ofan frá Múla fyrgreindum, og eru þar merki sett stór steinn sem upphaflegu var merkjasteinn, á hann er hlaðið fimm steinum, síðan eru gjörð merki þaðan frá ofan í dálítinn bug ofan í krók á ánni, þaðan í sef við árminnið, og þar sett merki, síðan eru merkin yfir og í fyrgreinda þúfu fyrir neðan vatnið.

viii. Glúmsstaðir

Í sóknarlýsingu Vestfjarða segir um Glúmsstaði:

²⁸⁸ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 185.

²⁸⁹ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 185.

Glúmsstaðir, 4 Hdr. að dýrleika, vestan og ofan til í Fljótinu, upp af vatnshorninu, ofan undir Glúmsdal. Tún slétt og grasgefið. Útslægjur miklar og loðnar. Vetrarþungt. Mótak er þar. Frábægt heimræði, en silungsveiði mætti hafa þar. Austnorðan veður koma þar mikil, en veðrasæld er þar af öðrum áttum.²⁹⁰

Landamerkjabréf Glúmsstaða er dags. 19. október 1889, þar sem merkjum er lýst:

Að landamerki þjóðjararinnar Glúmsstaða eru, og skulu ævinlega haldast, svo sem hér greinir: Milli Glúmstðaða og Atlastaða ræður Reiðará merkjum úr svo nefndu Fljótsskarði, uns hún rennur í eystra horn Fljótsstöðuvatnsins Milli Glúmstaða og Tungu ræður merkjum á, sem rennur frá fjalli ofan miðjan Hvylftardal [svo] í Fljótsstöðuvatni að öðru skapar vatnið og fjallabréf merki.

ix. Atlastaðir

Í sóknarlýsingu Vestfjarða segir um Atlastaði:

Atlastaðir, 6 Hdr. að dýrleika, vestan undir Bæjarfjalli, á ósbakkanum að kalla, góðan kipp frá sjó, andspænis Tungu. Tún gott, útslægjur nógar og frábærlega kjarngóðar, en heybandsvegurinn eins frábærlega vondur af bleytu og slörkum. Mótak langt í burtu og þerrivallarlaust. Afar hægt til fiskjar. Silungsveiði býðst þar og mikil. Jarðbönn eru þar oftast öllum vetrum og á sumrum tíðast óþerrar með þokufýlu og stórslögum af norðri, og því atkvæði mun mega á ljúka, að vetur og summar muni varna að jafnförnu, verra veður á nokkrum stað á Íslandi en þar. Það má hafa til marks hér um, að sumarið 1844 var Glúmsstaðavatn, sem er niðri í Fljótinu, milli bæjanna þar, ekki alleyst í 19 viku, enda voru það sjaldgæf harðindi, sem gengu veturninn fyrir.²⁹¹

Landamerkjabréf Atlastaða er dags. 19. október 1889, þar sem merkjum er lýst:

Frá Kögurtá við sjó fram upp á fjallsbrún, og svo sem Fjallabréfum segir fram í Fljótsskarð. Frá Fljótsskarði ræður Reiðará merkjum milli Atlastaða og Glúmsstaðam uns hún rennur í eystra horn Fljótsstöðuvatnsins. Síðan ræður vatnið og ós úr því (Fljótsós) landamerkjum til sjávar milli Atlastaða og Tungu.

x. Kjaransvík

Í sóknarlýsingu Vestfjarða segir um Kjaransvík:

Kjaransvík, 4 Hdr. að dýrleika, nærri á vestri bakka Kjaransvíkurár, niðri við sjó, Slægjur litlar. Útigangur í meðallagi, þó fjara sé heldur lítil. Viðarreki er þar allmikill, og er þar mest haft smáviði til eldsneytis, þó er þar mótk. Næðingasamt er þar mjög af landsuðrim útsuðri og vestri. Þar er lítið um fisk og brimasamt mjög.²⁹²

²⁹⁰ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 186.

²⁹¹²⁹¹ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 186-187.

²⁹² Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 187.

Landamerkjabréf Kjaransvíkur er dags. 12. júní 1887, þar sem merkjum er lýst:

Milli Hlöðuvíkur og nefndrar jarðar er Hvalsker í sjó fram og upp í Litlakamb, sem er utanhalt við Álfsfell, og uppá hótind og eptir fjallsbrúnum í Kjaransvúkurskarð, og svo norður eptir fjallsbrúnum vestan fram við víkina heilt á Kjalaranúp, þar niður til sjóar í Selvog. Land allt á ofannefnd jörð innan þessara lokamarka. Með sjó fram á hún frá Selvogi inní áður nefnt Hvalsker. Engin ítök fylgja landi þessu Grunavíkurkirkja á ½ reka á nefndri jörð. Enn fremur er sagt, að Snæfjallakirkja eigi reka á Kjaransvíkurhlíð á teigi þeim, er svo er nefndur inn á milli Kamba.

4.1.28. Grænahlíð

- i. *Um kröfusvæðið.*

Í sóknarlýsingu vestfjarða segir m.a. í umfjöllun um afréttarlönd Staðarsóknar:

Bringur á Grænuhlíð eru í almenningu. Reka sjaldan þangað aðrir en Sæbólsbóndinn.²⁹³

Í jarðarbók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir m.a.:

Grænahlíð, og Ritur, þar áfast við, heitir eitt fjall við sjóinn milli Sljettu og Skáladals, það er almenníngar og heyrir öngr*<i>* jörðu sjerlega til að þessum landamerkjum, að sunnanverðu Sleppi, sem er einn forvaði, en að utanverðu Gjögrar, sem skilja Skáladalsland og almenníngu. Þeir eru á lendg, sje róið með landi fram, vart 2 vikur sjáfar. Eggver nokkurt er í Ritnum (sem er eitt óvægis bjarg) af svartfyglu og rit, en erður ekki gagnnýtt utan lítið með stórri mannhættu, og brúkast því mjög lítt af ýmsum, sem sjer vilja til þess hætta. Reki mjög líttill, því að óvíða er festifjara, og nýtir sjer hvör viðinn af rekanum þegar nokkuð uppber, sem fyrst getur til náð, sama er um hvali, sem þar kann að rek, en það hefur ekki heppnast nema einu sinni í 60 árum eftir því sem rómast hefur. Heyskapur er enginn í þessum almenningu en beit lítil, og varna nábúar fje sínu þángað að gánga, fyrir því að þar eru merkilegar ógöngur og hætt að fje falli þar fyrir björg allvíða.²⁹⁴

Í Tylftardómi frá 5. maí 1514 var fjallað um Almenning og eignarreka í Skálardal þar sem segir m.a.:

Ollvm monnum þeim sem þetta bref sia edur heyra senda. olafur eereksson, einar þorleifsson. jon biornsson. þorsteirn þorleifsson. jon steinsson. þoraren arason. jon sighuatsson. jon krabbi petursson. jon gudmundzson. þorsteinn einarsson. pall arason og jon þrodarson q. g. og sina. junnigt giorandi at ærum epter guds bvrd þvsund fim hvndrut og fiortan ar æ favstvdagen næsta fyrir nerei og ackillei guds pislavotta j skaladal j adalvik. worum vær j dom nefnder af ærlegum dandi manne landbiarti bardarsyni sem þa hafdi syslv fyrir nordan biarggnup j umbodi biarnar bonda gydnasonar er þa var kongs

²⁹³ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 188.

²⁹⁴ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Ísafjarðar- og Strandasýslur (VII. bindi), bls. 286.

vmbodsmadur j vestfiordvm at skoda og dæma vm þa agreining sem nefndur landbiartur quad vera j milli vm almenning og eignar reka þar j skaladal. var þar litlv adur reken hvalur j þvi takmarki er bændur og almvgafolk sagdi at almenning hefdi haldin verit af fornv og nyiv sem er fra tolfhvndradagiogri og svo hit ytra vb kring fyrir frman rjت og grænahlíð og jn til sleppis fyrir jnnan hafner. en sagdur landbiartur lets hvortuegua heryt hafa. Jitem kom þar fram sira jon eireksson og kalladi at heilavg vatzfirdar kirkia ætti. al. uætta vr hvalnum sem vr avdrvm almenninga hualvm og sadí hann savmvleidis at almenning hefdi halden verit j greindv takmarki fram þvi fyrt er hann uiissi og til þess dags voro þeir og nockrer er savgvzt vita at þar hefdi tre teken verit og alldri þeir at fvndit sem skaladal attv eda þeirra vmbodsmenn og svo selar dreppner og hafi huer haft sem atbar og hendi kom æ at almenning var halden j milli tolfhvndradagiogurs j skaladal og sleppis fyrir jnnan hafner og ecki vissi hann anna sannara j þessv mali en þat uæri almenning j avllv greindu takmarki. konui og sa eingi þar fram hourki vngur ne gamall. at eigi þættiz optlega heyrtt hava at almenning hefdi almennilega kollud verit vtan at tolfhvndradagiogri og so j krong sem fyrr er sagt. Nv af þvi at svo er ritad j logbok vorri þar er hun seger. svo skulu almenningar vera sem at fornu haua verid bædi hid efra og hid ytra. Ef menn skilur æ og kallað annar sier annars almenning eda afriett edur eigu sina þa laugfesti sa fyrr er sier kallað og stefne þing et cetera. a þing skulu þeir nefna xii bændur j dom ena beztv. vi. hvor þeirra vr þinga þeirri og hafi tou af þeim þa er svere huort er eign hans afrett eða almenningi et cetera. En svo skal þennan eid sveria at þat hofum vid heyrte en eigi vitum vid hvad satt er at þar skilvr mark æ milli eignar bonda og almennings eda afriettar og eigi veit eg annast sanara fyrir gvdi j þessv mali. Jtem j advrm capitula þar eru almenningar sem at fornu hafa verit et cetera. Ef hualur kemur æ almenningar et cetera þar skal hval skera huer sem uill og bvrt flytia huirt er uill æ skipum eða eykivm hniga hier og margar greiner adrarr at. savmvleidis sorv tveir skiluiser menn þennan fyrirskrifadan eid huorgi yngri en sextvger at alldri annar þar þegar i stad en annar litlv sidar. þvi at svo profvdu og fyrir oss komnu dæmdvm ver adur skrifader domsmenn. almenning vera. og verit hafa og obrigdvlega haldazt skulu æ hier epter j oppt nefndv takmarki fra tolfhundradagogro j skaladal og til sleppis fyrir jnnan hafner og aullvm rett at hafa allar þær gagnsemder af sem j lavgum eru lofadarr af almenningum at hafa. og sier at nyta. samþykti þennan vorn dom með oss ritadur laudbiartur. og festi sitt snsigli med worum fyurir þetta domsbref. hvert er skrifad var j vatzfirdi j isafirdi in festo samcti vrbani episcopi æ sama ari sem fyrr seger.²⁹⁵

ii. *Staður*

Í sóknarlýsingu Vestfjarða segir um Stað:

18 Hdr. að dýrleika. Bærinn stendur undir vestan undir Nasanum, utanhalt ofanundan Hvirfilsdal. Túnið nær ofan á vatnsbakkann og er allt gott, nema heldur þýft. Vetrarbeit er næg, með því að hafa beitarhús og hey við, og er þá hin bezta. Slægjur utan túns eru loðnar, nálægar, greiðslægar, og megin part á þurru, og hinrar kjarnbeztu. Þar er kallað 12 karla engi, og mun það láta nærri. [...] Ofsaveður koma þar með byljum af austnorðri,

²⁹⁵ Íslenskt fornbréfasafn, VIII. bindi, bls. 484-486.

útnorðr, en einkum af vestri. Í hánorðanátt er þar hlésamt. Sjóargata er þar svo löng, að nær því óvinnandi er að sækja þaðan heimræði.²⁹⁶

Landamerkjabréf fyrir Stað liggur ekki fyrir.

iii. Lækur

Í sóknarlýsingu Vestfjarða segir m.a.

Lækur, 4 hdr. að dýrleika. Bærinn stendur norðan undir Lækjafjalli, þvert upp af Mjósundum. Túnið er stórt og grasgefið, lítið þýft. Slægjur litlar, útigangur í minna lagi. Mótak nálægt. Þar er hlé af flestum áttum. Landkreppa er þar mikil. Fyrrum hét þessi bær Hlíðarhús.²⁹⁷

Landamerkjabréf fyrir Læk liggur ekki fyrir.

iv. Garðar

Í sóknarlýsingu Vestfjarða segir m.a:

Garðar, 8 Hdr. að dýrleika. Bærinn stendur því nær beint upp af Sæbóli, og ná túnin saman. Túnið er þýft, en grasgefnara og þurrara en á Sæbóli. Slægjur litlar, en meðallagi kjarngóðar. Móskurður nálægur og allgóður. Útigangur og veðri hagar líkt og á Sæbóli, en landkreppa er í Görðum.²⁹⁸

Landamerkjabréf Garða er dags. 9. janúar 1890 þar sem merkjum er lýst:

Að utanverðu (í áttina út til Skáladalsbjargi) eru landaskil milli Garðs og Selbóls, sem einnig á land fyrir utan: neðst gamalt garðbrot, er liggur út og upp að merkjapúfu, frá þessari merkisþúfu eru merkin í beina línu beint út að merkjalæk, síðan ræður þessi merkjalækur löndum, eptir því sem hann liggur upp til fjalls að upptökum sínum þegar læknum sleppir eru landamerkin í beina stefn uppá hábrún fyrir utan Garðadal og svonefnda Leið, eptir fjallinu ræður hábrúnin merkjum. Milli jarðanna Garðs og Sæbóls að neðanverðu (sem til sjávar veit) liggja landamerkin frá neðri enda garðsbrotsins, sem nefnt var, á snið fram og ofan í Traðará, eptir því sem tún jarðanna liggja að á báða vegu. Svo ræður Traðará löndum, eins og hún rennur til sjávar, með sjó fram hefir jörðinni Görðum verið talið land allt ofan að sjó frá ósnum ætíð og yfir í Sigmundarlæk, svo upp eftir Sigmundarlæk í Hrútslæk, er löndum beggja jarðanna skiptir að framan verðu (fram í Aðalvíkina). Svo þegar Hrútslækur endar þá eptir beinni línu, sem hugsast dregin beint upp í fjallsbrún.

v. Skálardalur

²⁹⁶ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 184.

²⁹⁷ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 183.

²⁹⁸ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 183.

Í sóknarlýsingu Vestfjarða segir m.a.:

Skálardalur, 8 Hdr. að dýrleika. Bærinn er í miðjum dalnum, með því nafni, og stendur nærrí fram á sjóarbakka. Þar er mikill vallarmælir og tún gott, en spillist þó af troðningi vermannar, því þar er veiðistaða. Hægt er þar oft til fiskjar á sumrum. Útigangur er þar oftast nægur, og þar eftir góður, en slægjur utan túns varla teljandi. Slæm og lítil stunga, rista engin, mótkar mjög grunnt, og því næri þrotið. Í vestan – en einkum útsunnan átt koma þar skaðræðisveður.²⁹⁹

Landamerkjabréf Skálardals er dags. 21. apríl 1887 þar sem merkjum er lýst:

Með sjó fram á Skáladalur í Nálarsker, sem er að norðanverðu yzt við Ritinn, og svo með sjáaróður frá þessu og heilt í Hvalseker, sem er undir bjargi því og kennt er við jörð þessa, liggar milli Sæbóls og nefndrar jarðar, þaðan beina sjónhendingu uppá hátind á bjarginu, og það eptir fjallbrún fyrir Mannadal og úti Ritaskörð, aptur þaðan útá Rit og svo norðureptir á hátind á Ritinum, þar niður til sjóar á áðurnefnt Nálarsker. Land allt á jörð þessi innan þessara tilvitnuðu takmarka.

vi. Sæból

Í sóknarlýsingu Vestfjarða segir um Sæból:

16. Hdr. að dýrleika. Bærinn er nærrí niðri á sjóarbakka, vestanvert í víkinni, niður undan Garðadal utanverðum. Tún er þar eithvert hið votlendasta og þýfðasta, og töðufall í minna meðallagi. Slægur eru heldur litlar og snöggvar, heldur votar, og úthey létt, svo að furðu gegnir, enda er þar líttill þerrivöllur. Móskurður er þar nægur við túnfótinn, en eldiviðurinn er slæmur. Útigangur á grasi í minna meðallagi, en góð not eru þar að fjöru. Þar er ekki óhægt til fiskjar á sumrum. Flói mikill liggar undir Sæból, og heitir Sæbólsflói, nær hann ofan að sjó, og tekur yfir mikið af neðra hlut víkurinnar vestanmegin við Staðará. Þar voru fyrr slægjur miklar, en ú er hann orðinn svo kafinn af vætu, að varla kemur upp úr honum stingandi strá, en lítt nýtt það lítið sem er. Að skera hann fram myndi ógirlegur kostnaður. Það er áviðrasamt í norðanátt, en skaðaveður mikill af vestri.³⁰⁰

Landamerkjabréf Sæbóls er dags. 24. febrúar 1887 þar sem merkjum er lýst:

Sæbólsland aðskilur frá Skáladalslandi við sjóinn Hvalseker það, sem nefnt er, undir Skáladalsbjargi, þaðan í Sætíssker, þaðan með sjó fram að Selastellum, svo aftur frá Sigmundarlæk yfir í Staðará, sem dregur nafn af því, að á þessi rennur fram úr Staðarvatni og heilt til sjávar og aðskilur Sæbólsland frá Þverdalslandi, og eru slægjulönd beggja jarðanna, hversvegar við Sæból á land allt frá fyrnefndri á yfir í Sigmundarlæk, og það heilt fram í Grjóthóla og í hólma, sem er í ánni neðanhalt við og þar í stein hinsvegar í árbakkanum, svo neðan eptir greindum holtum þessum upp Stúfhjalla og í gil, sem er í

²⁹⁹ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 182-183.

³⁰⁰ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 183.

fjallbrúninni neðan til við Lækjarland og eptir þeirri fjallbrú að Garðarhorni, sem nefnt er, þaðan niður fjallið og yfir hólana undir þessu fjalli og í Hrútslæk, sem að skilur slægjuland Sæbóls og Garðar vestan fram við Sigmundarlæk, og rennur Hrútslækur í þannan læk, og á Sæból slægjuland fyrir framan hann, en Garðar fyrir heiman, og er gamalt örnefni þar meðfylgjandi, sem Gílastaðir eru nefndir og fylgja þessu Sæbólslandi að framanverðu. Ennfremur verður að geta, að Sæból á land frá Traðará, sem rennur niður með Sæbólstúninu að framanverðu og uppi er merki milli bæjanna og er þar nefnd Andraveita, sem aðskilur, og sniðhalt neðan upp í túngarð og gamlan utan til við Garðartúnið, það neðan til uppá ása, það neðan á leiðina, sem nefnd er, á fjallinu og út eptir fjallinu á áður nefndan tind og beint niður bjargið á hið fyrnefnda Hvalseker. Landi þessu fylgja engin ítök.

vii. *Pverdalur*

Í sóknarlýsingu Vestfjarða segir um Pverdal:

16 Hdr. að dýrleika. Túnið er grasgott, þurr og hálfent með hólum. Útigángur í minna lagi, slægjur litlar og mjög snöggvar, en kjarngóðar. Mótak er orðið ónýtt að kalla. Þar er byljasamt af öllum áttum nema suðri, og þar að auki næðingasamt út af dalnum í austnorðan. Bærinn er í beinni stefnu til sjóar frá yzta horninu á Nasanum, spölkorn fyrir neðan það. Dalurinn gengur af sér af skriðum.³⁰¹

Landamerkjabréf fyrir Pverdal liggur ekki fyrir.

viii. *Efri-Miðvík*

Í sóknarlýsingu Vestfjarða segir um Efri-Miðvík:

16. Hdr. að dýrleika, vestan og ofan til í Miðvíknabás, þétt upp undir Hvarfnúpi. Tún er þar vott mjög og slæmt. Úthey er þar rubbmikið og slæmt. Útigángur er þar í minna lagi. Vestan og hánorðan áttar gæti þar lítið, en austnýrðingar koma þar ógnarlegir. Sjór er þar sóttur sjaldan og með mannhættu sakir brima.³⁰²

Landamerkjabréf Efri-Miðvíkur er dags. 19. október 1889 þar sem merkjum er lýst:

Til suðvesturs, suðurs og suðausturs ráða fjallabúnir, en að norðanverðu eru merki milli Efri- og Neðri-Miðvíkur á, sem breytist í ós, þegar kemur ofan á flatlendið, og þá með sjó frá ósnum og í svokölluð Löngusker.

viii. *Hesteyri*

Í sóknarlýsingu Vestfjarða segir um Hesteyri:

Hesteyri, heimajörðin (24 Hdr. öll), 12 Hdr. að dýrleika, stendur á sjóarbakka fyrir utan Hesteyrará. Túnið nær ofan að sjó og er alltgott. Útheysslægjur í minna lagi og

³⁰¹ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 183-184.

³⁰² Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 185.

reittingslegar. Útigangur í meðallagi með styrk af fjöru. Skaðaveður koma þar aldregi. Mótak er þar lítið. Selveiði mætti hafa þar, ef skot legðust niður. Til fiskjar nær þar nokkuð lítið.³⁰³

Þá er Hesteyrarfjörður, sem liggur undir Hesteyri, tilgreindur sem afréttarland í lýsingu sóknarlýsingar á afréttarlöndum Staðarsóknar.³⁰⁴

Landamerkjabréf fyrir Hesteyri liggur ekki fyrir. Merkjum jarðarinnar gagnvart Sléttu er lýst í landamerkjabréfi Sléttu.

ix. Sléttu

Í sóknarlýsingu Vestfjarða segir m.a. um Sléttu:

16. Hdr. að dýrleika. Bærinn stendur á sjóarbakka við Jökulfirði, fyrir utan Sléttuá. Túnið er því nær ónýtt, og veit ekki nær af muni taka, með öllu, af sandfoki úr fjörunni. Útheysslægjur eru nokkrar að vöxtum, en reittingslegar og ósamanhangandi. æUtilegur bregzt þar varla. Sjósókn er þar hin hægasta, þegar brim leyfa. Mótak nær því þrotið. Skaðavður koma þar aldregi, en næðingasamt mjög.³⁰⁵

Landamerkjabréf Sléttu er dags. 12. ágúst 1889, þar sem merkjum er lýst:

Að austanverðu (sem að Hesteyri veit) skilur lönd rauður klettur við sjó fram, þaðan er bein sjónhending upp eptir Deildarfjalli, þaðan er rétt stefna utanvert við Nónfjallsbungu upp eptir Tóarbrekku og í Klaufa, þaðan sem fjallsbrúnin heldur út að Fannardal, þar sem vötnum hallar út á Hnúka, eptir hæstu rönd á Sleppu við sjó fram. innan vert við Hafnir.

4.1.29. Hvestudalir

i. Sérstaklega um kröfusvæðið

Í sóknarlýsingu Vestfjarða segir m.a.

Fyrir norðan Rekavík bak Látrum, gengur fyrst fjalla, inn frá sjó, Hvesta inn að Tungudal Fljóts megin, og inn að Fjárdal Rekavíkur megin. [...] Hvestuskál er bolli vestan til ofan í Hvestuna utanverða. Norðan til í Hvestunni eru Hvestudalir, Fljótsmegin. Þeir eru fyrir utan undirlendið í Fljóti.³⁰⁶

³⁰³ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 185.

³⁰⁴ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 188.

³⁰⁵ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 184.

³⁰⁶ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 165.

Í lýsingu á afréttarlöndum Staðarsóknar í sóknarlýsingu Vestfjarða eru Hvestudalir sagðir afréttarland. Kemur þar fram að þeir liggi undir Stað.³⁰⁷

Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir m.a. um kröfusvæðið í lýsingu á jörðinni Stað:

Lambaupprekstur á Staður í Hvestu, það er eitt dalverpi, sem liggur frá Túngulandi í Fljótum þar á almenníngum. Það brúkast átölulaust.³⁰⁸

ii. Tunga

Í sóknarlýsingu Vestfjarða segir m.a. um Tungu:

6 Hdr. að dýrleika, neðan til í nærfellt miðjum Tungudal. Tún vott, engi mikið, gott og þurr. Heybandsvegur ágætur. Skammt til fiskjar, en ógæftasamt vegna brima. Mótak er þar. Útigangur í minna meðallagi.³⁰⁹

Landamerkjabréf Tungu er dags. 19. október 1889, þar sem merkjum er lýst:

Milli Tungu og Glúmsstaða ræður merkjum á, sem rennur af fjalli ofan miðjan Hvylftardal í Fljótsstöðuvatn. Milli Tungu og Atlastaða ræður Fljótsósmerkjum, og rennur hann úr Fljótsstöðuvatni til sjávar. Að öðru ráða fjallabrunir.

iii. Rekavík bak Látur

Í sóknarlýsingu Vestfjarða segir um Rekavík bak Látur:

Rekavík bak Látrum, 4 Hdr. að dýrleika, (fyrir neðan vestra og neðra vatnshornið) þvert upp af vestur enda kambsins, sem skilur á milli vatnsins og sjóarins, norðan undir Látrafjalli, á sjóarbakka. Tún lítið mjög, slægjur nógar og kostaléttar, útigangur líttill á grasi, en fjörubeit mikil, mótkar lítið, viðreki mikill. Þar meira brennt viðarsmælki en mó. Þoku- og óþerrasamt. Brimasamt, að öðru leyti hægt til fiskjar. Stórviðri af vestan átt. Silungsveiði mætti vera þar mikil.³¹⁰

Landamerkjabréf Rekavíkur bak Látur er dags. 29. apríl 1891, þar sem merkjum er lýst:

Milli Rekavíkur og Látra eru merkin úr Hákjöl á Hvestu, beint niður í stóru Hagaurð og framanhalt úr urð þeirri og beint yfir vatnið í Grasadalsá, Látramegin við vatnið, og skilur nefnd á fram nefndan dal í miðjum dalbotninum í efstu fjallsbrún, og af dalbotni þeim beint vestur eptir Látrafjalli í Ytri Kvíarhýrnu og beint niður í sjó í standklett þann er nefndur er Stapi við framföru.

³⁰⁷ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 188.

³⁰⁸ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Ísafjarðar- og Strandasýslur (VII. bindi), bls. 291.

³⁰⁹ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 186.

³¹⁰ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 186.

iv. *Látrar*

Í sóknarlýsingu Vestfjarða segir um Látra:

Látrar, 16 Hdr. að dýrleika, útsunnan undir Háfnum, skammt frá sjó. Gott tún og útslægjur, útigangur lítill, mótkar nögt. Hægt til fiskjar. Voðaveður koma þar af öllum áttum, nema vestan, sunnan og austan. Látrarmelur (hann er það, sem heldur Torfavatn, Stakkadalsós, fjaran þaðan að Látranesi og svo með Háfnum aftur inn að Torvatni) hefur svo gengið af sér, að hann er nú eintómur eyðisandur, en fyrir 60 árum var hann allur þakinn hávöxnú melgrasi.³¹¹

Landamerkjabréf Látra er dags. 10. apríl 1891, þar sem merkjum er lýst:

Úr Fimmþúfnaklakk og beina sjónhending í þúfu neðan til við vatnið, og eru þar merki sett, svo eru merkin að ofan frá múla fyrgreindum, og eru þar merki sett, stór steinn sem upphaflega var merkjasteinn, á hann er hlaðið fimm stenum, síðan eru gjörð merki þaðan frá ofan í dálítinn bug ofan í krók á ánni þaðan í sef við ármynnið, og þar sett merkji, síðan eru merkin yfir og í fyrgreinda þúfu fyrir neðan vatnið Milli Látra og Rekavíkur eru merkin úr Hákjöl á Hvestu beint niður í stóru Halgaurð og framanhalt úr urð þeirri og beint yfir vatnið í Grasdalsá, Látramegin við vatnið og skilur nefnd á fram nefndan dal á miðjan dalsbotninn í efstu fjallsbrún og af dalsbotni þeim beint vestur eptir Látrafjalli í Ytri Kvíarhymnu og beint niður í sjó í standklett þann er nefndur er Skapti við framfjöru.

4.1.30. Almenningar vestari

i. *Sérstaklega um kröfusvæðið*

Í lýsingu sóknarlýsingar Vestfjarðar á Staðarsókn í Aðalvík er er fjallað um almenninga vestari þar sem segir m.a.:

Þá er fremst af fjöllunum, út með nyrðri hlíð fliðsins, Fannalágarfjall, þá Sniðaöxl, þá Hvannadalshorn, þá Dagnálahorn, þá Töflufjall fyrir Svínadalsbotni, þá Bæjarfall, þá Beila fyrir Nautadalsbotni, þá Kögur, fram við sjó. Þá tekur við af honum, austur með sjónum, Sandvíkurfjall, upp yfir Sandvík, og nær það norður að Almenningum. Þá gengur Kjalaránúpur fram í sjó fyrir norðan Almenninga.³¹² [...] Almenningar eru reyndar mjög breiður, en að samjöfnuði stuttur dalur upp í fjöllin, utan frá Sandvíkurfjalli austur að Kjalaránúpi en fyrir botninum á þeim dali, eða fyrir Almenningum öllum, liggur Geldingafjall að austanverðu, en svo vestur eftir afleiðing af því, sem ekki er neitt nafn gefið.³¹³

³¹¹ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 185-186.

³¹² Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 165.

³¹³ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 170-171.

Í lýsingu afréttarlanda Staðarsóknar er gerð grein fyrir að víknamenn reki á Almenninga.³¹⁴

Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir m.a. um kröfusvæðið:

Almenníngar og óbyggðir liggja norður með sjónum frá Kögri, sem skilur Atlastaðaland og almenníng, og er talið hálfs önnur vika sjálfa að Kjalaránup, sem er norðasta takmark á Ströndum og skilur Kjaransvíkurland frá almenníngum, og eiga nokkrir kirkjustaðir hjer viss takmörkuð rekapláts og þessum almenníngum, og nýta staðarhaldar<ar>nir hvör eftir því sem hann fær við komið. [...] Þessir almenníngar eru mjög graslitlir, hrjóstrugir með björgum og klettum og ófærir fyrir menn og hesta yfirferðar, og verða því að öngvu nýtti<r> nema það lítið sem menn sækja þángað á skipum, sem þó er ekki fært utan í allra bestu veðráttu.³¹⁵

Í lýsingu jarðabókar á jörðinni Stað í Aðalvík segir m.a.:

Staðurinn á eftir kirkjunnar máldaga Kagaðarvík, Sandvík og Grjótaleiti allt að Svignakleif. Þessi örnefni eru í almenníngum norðurfrá Fljóti hjer í sveit, og hefur staðurinn notið nokkurs viðarreka þaðan þegar aðsókt hefur orðið, sem mjög er langt og hættusamt. Hvali hefur þar ei reikið so menn viti. Rekaítak, allan tóftung hvals og viða með ágóða (segir máldaginn) á staðurinn í Rekavík, Baklátrum. Þessa ítaks hefur staðurinn notið átölulaust.³¹⁶

Í Árbók Ferðafélags Íslands 1949 segir m.a. um Kögur og Almenninga vestari:

Út með sjónum frá Atlastöðum heitir Atlastaðahlíð. Meðan búið var í Fljótinu, var á hlíðinni uppsátur Atlastaðabænda, sem einkum stunduð vorfiski, enda eru góð fiskimið nálæg. Upp af hlíðinni er hömrur sett fjall. Það er Kögur (480 m). Yzta tá fjallsfótarins stefnir í norðvestur og kallast Kögurnes. Austan við Kögur heitir Sandvík, gegnt Sandvíkurdal. Sandur er þar þó enginn, heldur stórgrytt malarfjara og brattar leirskeiður með hömrum yfir. Neðarlega í klettunum er allþykkt surtarbrandslag. Austan við Sandvík er Sygnahlein, þar sem Vébjörn sygnakappi braut skip sitt forðum. Austur þaðan er Haugahlíð og Almenningar hinir vestari frá Töflu að Kjalaránúpi. Í Landnámu segir, að Geirmundur heljarskinn átti bú „á Almenningum enum vetrum“. Það varðveitti Björn þræll hans, er sekur varð um sauðatöku eftir dag Geirmundar. Af hans sektarfé urðu Almenningar. Fyrir innan Sygnahlein eru grjótdyngjur miklar við sjóinn á tveimur stöðum, sem úthafsbrimið hefur barið þar saman. Heita það Haugar, vestari og nyrðri, niður af Haugahlíð. Suðaustur þaðan eru Almenningar. Háir hamrabakkar eru þar víðast með sjó, en dalverpi upp af með allmiklu og kjarngóðu grasi. Þykir það fé vænt til frálags, sem á sumrum gengur á Almenningum. Nyrzt á Almenningum eru Breiðuskörð. Er þar yfir mjóða og klettóttu fjallsegg að fara vestur til Svínadals í Fljóti. Allmiklu sunnar og

³¹⁴ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 188.

³¹⁵ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Ísafjarðar- og Strandasýslur (VII. bindi), bls. 300-301.

³¹⁶ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Ísafjarðar- og Strandasýslur (VII. bindi), bls. 290-291.

austur er Þorleifsskarð, sem áður er nefnt, vestur til Þorleifsdals í Fljóti. Skarðið sjálft er klettalaust eins og mjótt hlið milli hárra bergveggja. Austur af ofanverðum Almenningum er Bergþóruskarð yfir til Kjaransvíkur. Norðaustur af því er Almenningaskarð, einnig austur til Kjaransvíkur, og er Kjalarárnúpur milli þess og sjávarsins. Oft er ókyrr sjór við strönd Almenninga og þau skip orðin mörg, er þangað hafa haft hina sömu för sem skip Vébjörns og systkina hans. Þar er trjáreki mikill.³¹⁷

ii. *Atlastaðir*

Í sóknarlýsingu Vestfjarða segir um Atlastaði:

Atlastaðir, 6 Hdr. að dýrleika, vestan undir Bæjarfjalli, á ósbakkanum að kalla, góðan kipp frá sjó, andspænis Tungu. Tún gott, útslægjur nógar og frábærlega kjarngóðar, en heybandsvegurinn eins frábærlega vondur af bleytu og slörkum. Mótak langt í burtu og þerrirvallarlaust. Afar hægt til fiskjar. Silungsveiði býðst þar og mikil. Jarðbönn eru þar oftast öllum vetrum og á sumrum tíðast óþerrar með þokufýlu og stórlögum af norðri, og því atkvæði mun mega á ljúka, að vetur og sumar muni varna að jafnförnu, verra veður á nokkrum stað á Íslandi en þar. Það má hafa til marks hér um, að sumarið 1844 var Glúmsstaðavatn, sem er niðri í Fljótinu, milli bæjanna þar, ekki alleyst í 19 viku, enda voru það sjaldgæf harðindi, sem gengu veturninn fyrir.³¹⁸

Landamerkjabréf Atlastaða er dags. 19. október 1889, þar sem merkjum er lýst:

Frá Kögurtá við sjó fram upp á fjallsbrún, og svo sem Fjallabrunin segir fram í Fljótsskarð. Frá Fljótsskarði ræður Reiðará merkjum milli Atlastaða og Glúmsstaðam uns hún rennur í eystra horn Fljótsstöðuvatnsins. Síðan ræður vatnið og ós úr því (Fljótsós) landamerkjum til sjávar milli Atlastaða og Tungu.

iii. *Kjaransvík*

Í sóknarlýsingu Vestfjarða segir um Kjaransvík:

Kjaransvík, 4 Hdr. að dýrleika, nærri á vestri bakka Kjaransvíkurár, niðri við sjó, Slægjur litlar. Útigangur í meðallagi, þó fjara sé heldur lítil. Viðarreki er þar allmikill, og er þar mest haft smáviði til eldsneytis, þó er þar mótk. Næðingasamt er þar mjög af landsuðrim útsuðri og vestri. Þar er lítið um fisk og brimasamt mjög.³¹⁹

Landamerkjabréf Kjaransvíkur er dags. 12. júní 1887, þar sem merkjum er lýst:

Milli Hlöðuvíkur og nefndrar jarðar er Hvalsker í sjó fram og upp í Litlakamb, sem er utanhalt við Álfsfell, og uppá hátind og eptir fjallsbrúnum í Kjaransvíkurskarð, og svo norður eptir fjallsbrúnum vestan fram við víkina heilt á Kjalaranúp, þar niður til sjóar í Selvog. Land allt á ofannefnd jörð innan þessara lokamarka. Með sjó fram á hún frá

³¹⁷ Árbók Ferðafélags Íslands 1949, sbr. 156-158.

³¹⁸ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 186-187.

³¹⁹ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 187.

Selvogi inní áður nefnt Hvalsker. Engin ítök fylgja landi þessu Grunavíkurkirkja á ½ reka á nefndri jörð. Enn fremur er sagt, að Snæfjallakirkja eigi reka á Kjaransvíkurhlíð á teigi þeim, er svo er nefndur inn á milli Kamba.

4.1.31. Hlöðuvík og Hælavík

i. *Hlöðuvík*

Í sóknarlýsing Vestfjarða segir m.a. um Hlöðuvík:

6 Hdr. að dýrleika, norðanundir Álfsfell, niðri á sjóarbakka. Útislægjur eru miklar. Grasbeit lítil á vetrum, en fjöru nýtur þar svo mikið, og svo er hún þar góð, að þar er kallað sé 12 vikna fjara, : fjörubeit yfir veturinn sambjóði fullu 12 vikna fóðri. Viðreki er þar talsverður og mótag. Þar er fannmikið og áfreðasamt á vetrum. Ógnaveður koma þar af vestri, en hlésamt af flestum áttum yfirhöfuð, lítið um fisk, brimsamt.³²⁰

Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir m.a.:

Grastekja bjargleg fyrir heimili. Selveiðivon gagnvæn sje vel aðsókt, en brúkast nú lítt. Rekavon í meðallagi en heppnast misjafnt og nú mjög lítt í nokkur ár, og brúkar ábúandi til búsnauðsynja sinna rekann [...] Beitifara góð fyrir sauðfje meðan íslaust er. Enginu grandar vatn, sem jetur rótina. Hætt er kvíkfje fyrir holgryfjulækjum, sem oft verður mein að, og so fyrir ógöngu klettahömrum. ³²¹

Landamerkjabréf fyrir Hlöðuvík liggur ekki fyrir.

ii. *Hælavík*

Í sóknarlýsing Vestfjarða segir um Hælavík:

4 Hdr. að dýrleika, vestan undir Hælavíkurfjall , rétt á naumasta sjóarbakknum. Tún er þar ekkert að kalla, en túnstæði er þó gott. Útigangur er þar mikill og góður í fjöru., en líttill annars, því þar er snjóa- en einkum áveðrasamt mjög. Viðarreki talsverður. Hvassviðrasamt af vestri, og brimasamt af vestri og útnorðri, og gengur stundum brimið inn á baðstofugólf. (Oft er óþerrarasamt á sumrum í öllum þessum víkum.) Hlynndindi eru mikil að fuglatekju úr Hælavíkurbjargi. Í Hælavík er lítið um fisk.³²²

Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir m.a.:

Torfrista og stúnga bjargleg. Móskurður nægur. Eggver og fuglaveiði af svartfyglu er í Hælavíkurbjargi, þarf þar að síga í vað, og er ábúandi sjaldan so efnaður, að hann geti upp á vapinn kostnað, sem vera þarf undir hundrað faðma lángur, eða so fólkmarfur að hann gæti sígið þó vaðurinn væri til. Grastekja næg, Reki í meðallagi, og brúkar ábúandi með

³²⁰ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra áthagafélaga (1952), bls. 187.

³²¹ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Ísafjarðar- og Strandasýslur (VII. bindi), bls. 302.

³²² Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra áthagafélaga (1952), bls. 187.

frjálsu viðu af rekanum til búsnauðsynja sinna og húsbyggingar og búsgagns smíðis sjer til ábat<a>, en stórvoða og hvala nýtur staðurinn. Túninu grandar sjáfargángur með landbroti. Enginu grandar vatn og fannlög, sem jetur rótina. Hætt er kvikfje fyrir ógöngubjörgum, sem oft verður mein að.³²³

Landamerkjabréf fyrir Hælavík liggur ekki fyrir.

iii. Kjaransvík

Í sóknarlýsingu Vestfjarða segir um Kjaransvík:

Kjaransvík, 4 Hdr. að dýrleika, nærrí á vestri bakka Kjaransvíkurár, niðri við sjó, Slægjur litlar. Útigangur í meðallagi, þó fjara sé heldur lítil. Viðarreki er þar allmikill, og er þar mest haft smáviði til eldsneytis, þó er þar mótag. Næðingasamt er þar mjög af landsuðrim útsuðri og vestri. Þar er lítið um fisk og brimasamt mjög.³²⁴

Landamerkjabréf Kjaransvíkur er dags. 12. júní 1887, þar sem merkjum er lýst sem:

Milli Hlöðuvíkur og nefndrar jarðar er Hvalsker í sjó fram og upp í Litlakamb, sem er utanhalt við Álfssfell, og uppá hátind og eptir fjallsbrúnum í Kjaransvúkurskarð, og svo norður eptir fjallsbrúnum vestan fram við víkina heilt á Kjalaranúp, þar niður til sjóar í Selvog. Land allt á ofannefnd jörð innan þessara lokamarka. Með sjó fram á hún frá Selvogi inní áður nefnt Hvalsker. Engin ítök fylgja landi þessu Grunavíkurkirkja á ½ reka á nefndri jörð. Enn fremur er sagt, að Snæfjallakirkja eigi reka á Kjaransvíkurhlíð á teigi þeim, er svo er nefndur inn á milli Kamba.

iv. Steinólfssstaðir

Í sóknarlýsingu Vestfjarða segir um Steinólfssstaði:

Í Veiðileysufirði norðan fram, Marðareyri, 6 Hdr. að dýrleika, engjalaus með nokkrum útigangi og hættulegum skriðuföllum og snjóflóðum, þar fjallið er mjög hátt og bratt. Undir sama fjalli, innar við fjörönn, eru Steinólfssstaðir 6 Hdr. með góðu túni og engjum.³²⁵

Landamerki Steinólfssstaða er lýst í ódagsettu landamerkjabréfi, þar sem merkjum er lýst sem:

Noraðan fram með Veiðileysufirði sem liggur að Marðareyrar landarleign, er út í Merkiseyrarlæk til fjallsbrúnar á hæðstu rögg fjallsins í kringum alla Steinólfssstaðadali, í Hlöðuvíkurskarð, og þaðan austur yfir fjallabréunir í Hafnarskarð, þaðan ofan eptir fjarðar ánni sem rennur í sjó í fjarðarbotninum og skilur Steigarland frá ofannefndri jörð Steinólfss töðum. Fjara og reki með öllu landi er óskert.

³²³ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Ísafjarðar- og Strandasýslur (VII. bindi), bls. 303.

³²⁴ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 187.

³²⁵ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 158.

v. *Höfn*

Í sóknarlýsingu Vestfjarða segir m.a. um Höfn:

8 Hdr. að dýrleika, lítið eitt frá sjó, norðan undir Kollinum. Tún snöggt mjög og sandorpið. Engjar miklar og góðar. Útigangur enginn, fjara því nær. Reki í minna lagi. Móskurður enginn. Jafnviðri mest af norðri, ofsi af vestri, brimlaust. Lítið um fisk.³²⁶

Landamerkjabréf fyrir Höfn liggur ekki fyrir.

vi. *Rekavík bak Höfn*

Í sóknarlýsingu Vestfjarða segir um Rekavík bak Höfn:

4 Hdr. að dýrleika, fram á sjóarbakka í víkinni, fyrir utan ána. Nærri túnlaust, slægjur talsverðar, nálægar og loðnar, en heldur votar. En trautt verður þar hafður hestur vetrarlangt. Peir, sem þar haf verið, hafa hrapað ofan af bökkunum vegna brattleiks og hálku. Grasbeit er þar lítil vetrardag, en 14 vikna fjara. Verður koma þar mikil af vestri. Brimsamt af norðri. Lítið um fisk, en viðarreki til góðra nota. Móskurður er líttill.³²⁷

Landamerkjabréf Rekavíkur bak Hafnar er dags. 6. júní 1922 þar sem merkjum er lýst:

1. Landamerkji að innanverðu sem liggur að Höfn eru merkji milli áðurnefndra er háfjallgarður sem hallar til víkanna á báðar hliðar og beint fram eftir því á Kallsnös beina sjónhendingu niður í svo kallaðan Tröllakamb sem er einstakur klettur sem nær langt fram í sjó á um flóð og fjöru. 2. Að utanverðu eru landamerki eftir háfjallgarð utan til við Hvannadal sem kallaður er hærri festaskarðatindur, og fram eftir honum beina sjónhendingu niður bjargströndina í svokallaðan Súlnastapa sem er stakur klettur í sjó fram en þó nokkra faðma frá landi.

4.1.32. Höfn og Horn

i. *Sérstaklega um kröfusvæðið*

Í sóknarlýsingu segir m.a. í lýsingu á afréttarlöndum Staðarsóknar í Aðalvík:

En þeir í Hafnarbásnum í Horndali (Yzta- Mið- og Innstadal). Engir utansveitarmenn eiga eða hafa þar upprekstur. Þar er engin rétt hlaðin, engar réttir haldnar og engin regla á fjallgöngum.³²⁸

³²⁶ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 188.

³²⁷ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 187-1877.

³²⁸ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 188-189.

ii. Höfn

Í sóknarlýsingu Vestfjarða segir m.a. um Höfn:

8 Hdr. að dýrleika, lítið eitt frá sjó, norðan undir Kollinum. Tún snöggt mjög og sandorpið. Engjar miklar og góðar. Útigangur enginn, fjara því nær. Reki í minna lagi. Móskurður enginn. Jafnviðri mest af norðri, ofsi af vestri, brimlaust. Lítið um fisk.³²⁹

Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir m.a. um Höfn:

Torfrista og stúnga lök og sendin. Móskurður til eldiviðar lítt nýtandi. [...] Grastekja næg. Rekavon lítil og heppnast sjaldan. Túminu grandar sandfok til stórskaða. Enginu grandar vatn, sem jetur úr rótina.³³⁰

Landamerkjabréf fyrir Höfn liggur ekki fyrir.

iii. Horn

Í sóknarlýsingu Vestfjarða segir um Horn:

6 Hdr. að dýrleika, niður undan Miðdal. Bærinn stendur fyrir utan ána, en hún rennur gegnum túnið. Túnið er grasgefið, en þýft. Engjar litlar heldur og laklegar. Grasbeit á sumrum fyrirtaks góð, lítil á vetrum, en 18 vikna fjara. Reki mikill og fuglaflí. Mótak ekkert. Vetrarþyngsli eru yfir höfuð mikil hér í sveit, en landkostir góðir.³³¹

Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir m.a.

Eggver og fulgaveiði af svartfyglu í Hornbjargi merkilega góð en stórlega erfið, því síga þarf fertugt og sextugt bjarg, og hefur ábúandi sjaldan verið so liðaður að hann hafi getað nýtt þetta eggver að fullu. NB. Nokkrir vilja halda að þetta eggver í nefndu Hornbjargi sje almenningur og heyri ekki Horni til framar en öðrum, sem brúka vilja, og því hafa margir þetta eggver í leyfisleysi brúkað ásamt Hornsmönnum. Horn á þó átölulaust land alt á bjarginu uppi, en almenníngur er haldinn reki undir því, sem ýmsir nýta. [...] Afjrett fyrir lömb og geldfje á nje brúkar þessi sveit öngva, heldur gengur það jafnan í búfjárhögum og upp frá þeim á fjallgarðinn frá hverri jörð. ³³²

4.1.33. Almenningar eystri (Látravík og Bjarnarnes), Smiðjuvík, Barðsvík og Bolungavík

i. Sérstaklega um kröfusvæðið

Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir m.a.:

³²⁹ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 188.

³³⁰ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Ísafjarðar- og Strandasýslur (VII. bindi), bls. 305.

³³¹ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 188.

³³² Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Ísafjarðar- og Strandasýslur (VII. bindi), bls. 305-306.

Pessar eftirskrifaðar jarðir liggja austur frá Horni á Hornströndum við opnu landnорðurs hafi, heyra þó til Grunnavíkursveit og eiga kirkjusókn til Grunnavíkur en þíngsókn til Dynjanda [...] Bjarnarnes heitir eitt nes eður landspláts fyrir austan Hornið, þar hafa menn brúkað verstöðu á vor úr Strandasýslu og Grunnavíkursveit um lítinn tíma og smíðað þar upp verbúð, en hjer um fyrir 20 árum hefur einn maður bygt hjer upp úr verbúð lítið bæjarkorn og dvaldi þar við með konu sinni og einu barni um 2 ára og varð þó nokkuð á milli áranna. Hvorki hefur þar verið bygð áður nje síðar. Dýrleiki óviss á þessu landi, því það tíundast öngvum og kallast almenníngar bæði austur og vestur frá þessu takmarki Bjarnarnesi, sem er hverjum manni heimilir til brúkunar tollfrí eftir laganna útvísan. Galt og þessi maður, sem hjer bygði, ekkert eftir þá yrkíng eður grasnautn, sem hann brúkaði þar, sem var að fóðra eina kú og fáeinrarær. Reki er góður fyrir þessum almenníngum, þar sem festifjara er, bæði hvals og viða, þó það þyki nokkuð fara til þurðar, og nýta ýmsir so sem hvör fær til náð öldúngis tollfrí og átölulaust. Þessir almenníngar eru að lengd 3 vikur sjáfar þegar róið er með landi fram eftir sem gamlir menn hafa kallað, en torfæru vegur mikill er á landi og lítt fær nema gángandi mönnum, og því sækja menn híngað jafnan á skipum. Horn í Aðalvík á land við þessa almenníngu að vestanverðu í Flæðihamar, en Smiðjuvík að austanverðu í hamar þann sem Lás kallast.³³³

Í sóknarlýsingu Vestfjarða segir m.a. í lýsingu á Grunnavíkursókn:

Loksins er bær nefndur Bjarnarnes, byggður í almenningi, sem oftlega hefur í eyði verið, þar skepnur fóðrast ekki grasleysis vegna, og fólkið lifir einungis á sjávarafla, káli, fjallagrösum og fuglatekju við Hornbjarg.³³⁴

Landamerkjabréf Látravíkur og Bjarnarness er dags. 21. júní 1889 þar sem merkjum eru lýst:

Landamerki milli Látravíkur og Bjarnarness er Öxlin undir Axarfjalli, og þaðan bein sjónhending upp í hæðstu hyrnuna á Axarfjalli.

Landamerkjabréf Bjarnarness og Smiðjuvíkur er dags. 1. júní 1889 þar sem merkjum eru lýst:

Landamerki milli Bjarnarness og Smiðjuvíkur í Grunnavíkurhreppi er Drífandifoss að neðan, og ræður eptir Drífandadalsá.

ii. *Smiðjuvík*

Í sóknarlýsingu Vestfjarða segir m.a. um Smiðjuvík:

Smiðjuvík, 4 Hdr., er lítið pláss, og mjög lítið fæst af heyjum, en fáeinrar sauðkindur forsorgast þar með styrk af útigangi.³³⁵

³³³ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Ísafjarðar- og Strandasýslur (VII. bindi), bls. 308-309.

³³⁴ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samþand vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 160.

³³⁵ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samþand vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 160.

Landamerkjabréf Smiðjuvíkur er dags. 26. júlí 1884 þar sem merkjum er lýst:

Smiðjuvík á Hornströndum, kirkjujörð frá Ögri, að dýrleika 1,8 hndr., liggjandi í Grunnavíkurhreppi, á land frá fjöru til fjalls milli Barða sem liggur á milli Barðavíkur og Smiðjuvíkur, og Drifandisfoss að norðvestur, sem skilur land milli Smiðjuvíkur og Bjarnarness.

iii. Barðsvík

Ekki er fjallað sérstaklega um Barðsvík í sóknarlýsingu Vestfjarða.³³⁶

Landamerkjabréf Barðsvíkur og Smiðjuvíkur er dags. 24. júní 1889 þar sem merkjum er lýst:

Landamerki milli Barðsvíkur og Smiðjuvíkur er í Barðsvog og bein sjónhending upp í hæðstu hyrnuna á Barðanum, milli Barðsvíkur og Bolungarvíkur er Straumnestá, og bein sjónhending upp í hæðstu nýpu á Straumneshlíð.

iv. Bolungavík

Ekki er fjallað sérstaklega um Bolungarvík í sóknarlýsingu Vestfjarða.³³⁷

Landamerkjabréf Bolungavíkur og Barðsvíkur er dags. 4. desember 1891 þar sem merkjum er lýst:

Landamerki milli Bolungarvíkur og Barðsvíkur er í Straumnestá og bein sjónhending upp í hæðstu nýpur á Straumneshlíð. Landamerki milli Bolungarvíkur og Furufjarðar eru í Ófæru, sem er á milli greindra jarða og beina sjónhending til fjalls.

iv. Horn

Í sóknarlýsingu Vestfjarða segir um Horn:

6 Hdr. að dýrleika, niður undan Miðdal. Bærinn stendur fyrir utan ána, en hún rennur gegnum túnið. Túnið er grasgefið, en þýft. Engjar litlar heldur og laklegar. Grasbeit á sumrum fyrirtaks góð, lítil á vetrum, en 18 vikna fvara. Reki mikill og fuglaflí. Mótak ekkert. Vetrarþyngsli eru yfir höfuð mikil hér í sveit, en landkostir góðir.³³⁸

Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir m.a.

Eggver og fulgaveiði af svartfyglu í Hornbjargi merkilega góð en stórlega erfið, því síga þarf fertugt og sextugt bjarg, og hefur ábúandi sjaldan verið so liðaður að hann hafi getað nýtt þetta eggver að fullu. NB. Nokkrir vilja halda að þetta eggver í nefndu Hornbjargi sje almenningur og heyri ekki Horni til framar en öðrum, sem brúka vilja, og því hafa margir

³³⁶ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 160.

³³⁷ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 160.

³³⁸ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 188.

þetta eggver í leyfisleysi brúkað ásamt Hornsmönnum. Horn á þó átölulaust land alt á bjarginu uppi, en almenníngur er haldinn reki undir því, sem ýmsir nýta. [...] Afrett fyrir lömb og geldfje á nje brúkar þessi sveit öngva, heldur gengur það jafnan í búfjárhögum og upp frá þeim á fjallgarðinn frá hverri jörð. ³³⁹

v. Höfn

Í sóknarlýsing Vestfjarða segir m.a. um Höfn:

8 Hdr. að dýrleika, lítið eitt frá sjó, norðan undir Kollinum. Tún snöggt mjög og sandorpið. Engjar miklar og góðar. Útigangur enginn, fjara því nær. Reki í minna lagi. Móskurður enginn. Jafnviðri mest af norðri, ofsi af vestri, brimlaust. Lítið um fisk. ³⁴⁰

Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir m.a. um Höfn:

Torfrista og stúnga lök og sendin. Móskurður til eldiviðar lítt nýtandi. [...] Grastekja næg. Rekavon lítil og heppnast sjaldan. Túninu grandar sandfok til stórskaða. Enginu grandar vatn, sem jetur úr rótina. ³⁴¹

Landamerkjabréf fyrir Höfn liggur ekki fyrir.

vi. Kvíar

Í sóknarlýsing Vestfjarða segir m.a. um Kvíar:

Í Lónafirði eru Kvíar 6 Hdr. yzt norðan fram við fjörðinn, sem hafa nokkrar engjar, er þó árlega af sér ganga. ³⁴²

Landamerkjabréf Kvíar og Steig er dags. 24. júní 1889 þar sem kemur fram að merkin séu svonefndur maður og bein sjónhending til fjalls.

vii. Álfstaðir

Í sóknarlýsing Vestfjarða er fjallað um Álfstaði:

Í Hrafnfirði eru Álfstaðir, 4 Hdr. arðlítið kot að túni og engjum, en hefur gott beitarland, þó mjög svo hættulegt á vetrum, bæði fyrir hirðinn og hjörðina. ³⁴³

Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir m.a.:

Grastekja næg. Hvannatekja og rótagröfur í Sviðningsstaða landi, sem brúkast hjeðan. Berjalestur nægur. [...] Túninu granar til stórskaða og eyðileggíngar sjáfargángur með landbroti, so að þess vegna er mikill partur túnsins eyðilagður. Engjavegur í

³³⁹ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Ísafjarðar- og Strandasýslur (VII. bindi), bls. 305-306.

³⁴⁰ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 188.

³⁴¹ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Ísafjarðar- og Strandasýslur (VII. bindi), bls. 305.

³⁴² Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 158-159.

³⁴³ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 159.

Sviðningsstaða land er lágur og ófær á landi, og verður hey á skipi heim að flytja. Hætt er kvíkfje fyrir sjáfarflæðum á veturnar undir sköflum þeim, sem leggja við sjóinn, og verður fyrir þann skuld jafnleg að fje að sitja. [...] Svidningsstaðir. Forn<t> eyðiból sem liggar út frá þessarar jarðar landi, og sjást þar enn ljós merki byggingarleyfa af tóftarústum og girðingum, en lágvarandi hefur þessi jörð legið í eyði, so enginn veit að segja að hjer hafi bygð verið, nema hvað menn hafa lesið í fornögum. Landið á Staður í Grunnavík, og hefur aldrei bygt verið fyrr nje síðar til neinnar leigu, nema hvað Álfstaðamenn hafa nýtt sjer það og hefur það þó ei aukið þeirrar jarðar skuldir. [...] Lónbjarnarstaðer. Fornt eyðiból austan til við Lónafjörð, og sjást hjer enn miklar tóftarrústir so sem hjer muni stór bær verið hafa, en enginn veit að hjer hafi bygð verið, nema hvað ráða er af þessum byggíngarleifum og nafninu sjálfu. [...] Byggíngarkostir vita menn ekki hvörjir verið hafi, og aldrei hefur það leigst fyrir vissan toll til brúkunar neinum manni. En meðan Kvíar voru bygðar, þá leyfðu staðarhaldararnir þeirrar jarðar ábúendum að nýta úr þessu landi til slægna eður beitar það sem þeir gæti yfir komist, og jók það þó að öngvu þeirrar jarðar eftirgjald, en síðar Kvíar lögðust í eyði brúkar það enginn.³⁴⁴

Landamerki Álfstaða og Kvía ásamt eyðijörðum í Lónafirði samkvæmt landamerkjabréfi dags. 24. júní 1889 er Meleyri, og þaðan bein sjónhending neðan til fjalls.

viii. Furufjörður

Í sóknarlýsing Vestfjarða segir m.a. um Furufjörð:

Furufjörður. 24 Hdr., liggar norðanvert við fjarðarbotninn, túnlitol jörð, en hefur miklar engjaslægjur.³⁴⁵

Landamerkjabréf Furufjarðar er dags. 27. desember 1885, þar sem merkjum er lýst sem:

1) Örnefni milli nefndra jarðar og Þaralátursfjarðar það er klettur við sjó, nefndur Kanna, undir Furufjarðarnúp, sem skiptir reka milli téðra jarða, úr nefndum kletti beina sjónhending uppá brún, og svo eptir hæsta fjallhrygg austanvert fjarðarins og vestur á miðja Skorarheiði. 2) Hins vegar við nefndan Furufjörð af miðri Skorarheiði eptir hæsta fjallgarði til norðurs allt á Bolungarvíkur bjargbrún, þar sem aðalófæra er beint niður undan, og skiptir sú ófæra reka milli nefnds Furufjarðar og Bolungarvíkur. Milli þessara kennileita fylgir ofannefndri jörð óskertur reki og allar grasnytjar.

³⁴⁴ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Ísafjarðar- og Strandasýslur (VII. bindi), bls. 275-276.

³⁴⁵ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samfund vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 160.

4.2. Bolungarvíkurkaupstaður

4.2.1. Gilsbrekkuheiði Bolungarvík

i. Sérstaklega um kröfusvæðið

Í sóknarlýsingu Vestfjarða segir m.a. um kröfusvæðið:

Að norðan og austan er Ísafjarðardjúp, að sunnan og vestan liggja þær að fjallgarðinum mikla, sem tekur óbyggð alla á Vestfjörðum hérna megin Djúps.³⁴⁶

ii. Meiribakki

Ekki er fjallað sérstaklega um Meiribakka í sóknarlýsingu Vestfjarða.³⁴⁷

Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir m.a.:

Engjunum spilla skriður sem á falla.³⁴⁸

Landamerkjabréf Meiribakka er dags. 28. júlí 1909, þar sem merkjum er lýst:

Á rennur eftir miðri Skálavík, sem er kölluð Langá og rennur frá fjalli til sjáfar, í henni eru 2 hólmar, þá á Meiribakki, þessi á er landamerki milli Meiribakka, Minnibakka og Breiðabóls. Í þessa Langá rennur á af fjalli, sem nefnd er Kroppstaðaá, hún er landamerki milli Meiribakka og Kroppstaða. Enn að vestan verðu er landamerki einn stakur klettur við sjó norðan til við svonefnar háu Skriður, en vestantil við Mölvík sem kölluð er, beint upp af Klettinum er ytra Skálarhorn, sem kallað er, og á því vörðu broti, í það og Klettinn eru landamerki milli Keflavíkur og Meiribakka.

iii. Kropssstaðir

Ekki er fjallað sérstaklega um Kropssstaði í sóknarlýsingu Vestfjarða.³⁴⁹

Landamerkjabréf Kropssstaða er dags. 27. júní 1921 þar sem merkjum er lýst:

1. Milli Kropssstaða og Meirahrauns er rauður steinn, er stendur á holti í svo kölluðum Köttum, og sjónhending frá honum í Hraunagarðsenda norðanvert við Hraunsá, og aftur upp frá honum í stekk og þaðan beint til brúnar, í ytra horn á Kropssstaðahorni 2. Milli Meiribakka og Kropssstaða skilur vatnsfall, er nefnist Kropssstaðaá er rennur úr svo kallaðri Skál og í Lónsá. 3. Milli Breiðabóls aðskilur Langá að Gýgjarholti. Þar við taka eyrar, er kallaðar eru Kropssstaðaeyrar og liggja Breiðabólsmegin fram með ánni að keldu er liggur svona c. 10. Metra frá því er Hraunsá fellur í Langá. Takmörk að ofan á greindum eyrum er kelda og lækur er liggja með misjöfnu millibili frá ánni Eyrar þessar, hafa frá

³⁴⁶ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 121.

³⁴⁷ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 125.

³⁴⁸ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Ísafjarðar- og Strandasýslur (VII. bindi), bls. 141.

³⁴⁹ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 125.

ómunatíð fylgt jörðinni Kroppsstaði, en með hverju móti þær hafa í byrjun fallið undir greinda jörð er eigi hægt að fullyrða hér.

iv. Meira Hraun

Í sóknarlýsingu Vestfjarða segir um Meira Hraun:

Fyrir vestan ána efst í Skálavík er bær sa, er heitir meirahraun, fyrir miðjum Hraunsdal. Í honum er selstaða gömul, sem Hólskirkja á, nú aflögð vegna fjarlægðar.³⁵⁰

Landamerkjabréf Meira Hrauns er dags. 6. apríl 1888, þar sem merkjum er lýst:

Landamerkjaskrá fyrir jörðunni Meira-hrauni í Skálavík í Hólshreppi innan Ísafjarðarsýslu. Landareign hennar er nefnilega í Strýtustein rauðan á holtinu við ána, garðsendann ofan til við Katlagarðinn Klukkustekkinn svo nefndan, Hamarsenda og hæsta hnúk á Kropustaðahorninu, allt í beinni línu, ef maður stendur við Strýtusteininn við ána, sem ekki er þarna nema eins tilsgögð landamerki milli Kropustaða og Meirahrauns. Landamerki milli Meirahrauns og Minnahrauns er nefnilega á, sem rennur frá Göngumannaskörðum, sem rennur ofan svo nefndan Hraundal beint til sjóar.

v. Minna Hraun

Ekki er fjallað sérstaklega um Minna Hraun í sóknarlýsingu Vestfjarða.³⁵¹

Landamerkjabréf Minna Hrauns er dags. 2. maí 1888, þar sem merkjum er lýst:

Landareign hennar að vestanverðu að Meirahraunslandi í miðja Langá, er rennur fram úr Göngumannaskarði og til sjóar, að norðanverðu milli Minna-hrauns og Breiðabóls í læk, sem rennur úr miðri Lambaskál frá fjalli og þvert í á, sem rennur frá Skálavíkurheiði eptir öllum Breiðabólsdal og ofan í áðurgreinda Langá.

vi. Breiðaból

Ekki er fjallað sérstaklega um Breiðaból í sóknarlýsingu Vestfjarða.³⁵²

Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir m.a.:

Fjaran til beitar er og báðum jörðunum eins heimil, item skipsuppsátur, jafnvel þó það sjé í Minna Bakka landi. Jörðin er víðslæg til engja en engjunum spilla stórum og hafa spilt skriður. Vetrarríki er hjer mikið og snjóþúngi.³⁵³

Landamerkjabréf Breiðabóls er dags. 4. júlí 1922 þar sem merkjum er lýst:

³⁵⁰ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 125.

³⁵¹ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 125.

³⁵² Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 125.

³⁵³ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Ísafjarðar- og Strandasýslur (VII. bindi), bls. 143.

Milli Meirihlíðar og Breiðabóls: Hærrikross á Skálavíkurheiði og bein lína úr honum á fjallsbrún Stigahlíðarmegin Að vestan bein lína úr Hærrikrossi á Lambamúla. 2. Merki milli Minnihrauns og Breiðabóls: Lambaskálará frá fjallsbrún í Langá, og ræður Langá sem rennur ofan miðja víkina til sjóar, merkjum úr því 3. Merkin milli Kroppsstaða og Breiðabóls: Langá. 4. Merkin milli Meiribakka og Breiðabóls: Bein lína úr Merkjagarði, sem liggur á milli jarðanna og í fjallsbrún, og úr sama garði í Langá. 6. Landamerki Breiðabóls á Stigahlíð eru: að almenningum í Gunnarsvík og almenningum í Björtulæki, sem eru landamerki Hóls og þaðan út að Kerlingu, sem skiftir landareign Breiðabóls og Minnibakka á Stigahlíð.

vii. *Meiri Hlíð*

Ekki er fjallað sérstaklega um Meiri Hlíð í sóknarlýsing Vestsfjarða.³⁵⁴

Landamerkjrabréf Meiri Hlíðar er dags. 12. maí 1890, þar sem merkjum er lýst:

Landamerkjaly sing fyrir jörðina Meirihlíð. Landamerki á milli Meirihlíðar og Minnihlíðar að heimanverðu: (samhljóðs merkjaskrá Minnihlíðar). Að framanverðu (sjá Minnihlíðar). Á milli Meirihlíðar og Traðar eptir sem Stekkjargil segir frá fjallsbrún og í stótan stein efst í engjunum, og þaðan sjónhending eptir merkjum niðr að Hólsá. Reka og tolla að Hólsá. Landamerki milli Meirihlíðar og Þjóðólfstungu frá Minnihlíðarmerkjum allan dalinn, eptir því sem Tungá segir fram á hærri kant og heim í Þverá.

viii. *Þjóðólfstunga*

Í sóknarlýsing Vestsfjarða segir um Þjóðólfstungu (Tungu):

Efst í víkinni, norðan við ána, er Tunga, vel húsaður bær, (sumir segja Þjóðólfstunga). Þuríður sundafyllir átti bróður þann, er Þjóðólfur hét. Hann bar Þuríði fá sér land í Bolungarvík en hún leyfði honum svo mikið land, sem hann gæti girt fyrir á dag. Hann fer til og leggur garð frá Stiga og vildi girða fyrir Hlíðardal og Tungudal, en komst ekki lengra en á miðjan Tungudal um daginn og sjást þess merki enn, hvar hann lagði garðinn.³⁵⁵

Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir m.a.:

Engum beggja partanna spilla skriður til stórskaða. Stórviðri gjöra hjer oft skaða og er þetta snart almenniligt í allri Bolungarvík, þó það sje ekki hjá hverri jörðu specificaerað.³⁵⁶

Landamerkjrabréf Þjóðólfstungu er dags. 12. maí 1890, þar sem merkjum er lýst:

Milli Þjóðólfstungu og Meirihlíðar og Minnihlíðar er hin svonefnda Þverá landamerki, sem hefir upptök sín í Mánafellsskál, og rennur í Tunguá, og eptir það ræður Tunguá

³⁵⁴ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestsfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 126.

³⁵⁵ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestsfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 125-126.

³⁵⁶ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Ísafjarðar- og Strandasýslur (VII. bindi), bls. 148.

landamerkjum þangað til hún rennur í Hólsá En milli Hóls og Þjóðólfstungu er Hólsá landamerki, sem hefir upptök sín úr vatni, sem liggur norðan til við heiðina Gráróu, og heldur áin merkjum ofan í Girðisbrekku, eptir það úr norðari fossi beint í svonefndan vörðustein, er stendur hæðst á Bungum, og beint úr honum í Bungna-sporðinn, þar sem þær koma saman Hólsá og Litla á, eptir það ræður Hólsá merkjum þangað sem þær koma saman Hólsá og Tunguá.

ix. Hóll og Grundarhóll

Ekki er fjallað sérstaklega um Hól og Grundarhól í sóknarlýsingu Vestfjarða.³⁵⁷

Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir m.a. um Hól:

Selstöðu brúkar jörðin þar sem Landalifur heitir í Lifrardal. Landalifur þessi er Hólskirkju eign, og eru sagnir að þar hafi í fornu tíð (þó löngu fyrir allra manna eður þeirra foreldra minni) bygð verið með þessu nafni, og reiknast að fyrir xiii. (Ef þessi Landalifur aetti að skrifast svo sem eyðiból, þá aetti hún að standa næst eftir Túngu og fyrir framan Hól).³⁵⁸

Ekki hefur tekist að staðsetja örnefnið Landalifur né hafa fundist aðrar heimildir við gerð kröfulýsingarinnar.

Landamerkjabréf Hóls og Grundarhóls er dags. 7. júlí 1904, þar sem merkjum er lýst:

Úr hvalhaus þeim, sem næstur er Grundunum að innanverðu niður við sjóarkambinn og þaðan beina línu fram í svonefndan Markhrygg framan til við múrhúsin Syðradals megin við Ernirins og úr þeim hrygg bein sjónhending til fjallsbrúnar, á heimveginn úr djúpum skurðenda við Hólsána fyrir ofan Grundarhól og þaðan beina línu í stein Hólsmegin við uppsprettulind, sem kemur útúr svo nefndum Hrossahjalla neðan undir Ernisfjallinu, og úr þeim steini bein sjónhending í Steinmann, sem er nýpa uppá Ernísröndinni. Enn fremur tilheyrir Grundarhóli engjarimi fram í svokölluðum Hólsengjum, og liggur rimi þessi frá Hólsá og það sem slegið verður uppeftir, með merkjum á báða vegi. Að öðru leyti heldur Hóll öllum gömlum réttindum sínum.

x. Geirastaðir

Ekki er fjallað sérstaklega um Geirastaði í sóknarlýsingu Vestfjarða.³⁵⁹

Ekki er fjallað sérstaklega um Geirastaði í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns.

Landamerkjabréf Geirastaða er dags. 19. júlí 1890, þar sem merkjum er lýst:

³⁵⁷ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra áthagafélaga (1952), bls. 1127.

³⁵⁸ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Ísafjarðar- og Strandasýslur (VII. bindi), bls. 148.

³⁵⁹ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra áthagafélaga (1952), bls. 127.

Milli Miðdals og Geirastaða í svokallað Geirastaðagil í fjallinu, og í læk, sem rennur ofan í vatn. Milli Hóls- og Geirastaða úr gili í fjallinu ofan í Stein á Geirastaðaheiði, merktan G, og H, og þaðan beina línu í fremsta Vatnsneshorn.

xi. Miðdalur og Hanhóll

Ekki er fjallað sérstaklega um Miðdal né Hanhól í sóknarlýsingu Vestfjarða.³⁶⁰

Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir m.a. um Hól:

Engjunum spilla skriður.³⁶¹

Landamerkjabréf Miðdals og Hanhóls liggja ekki fyrir.

xii. Gil

Ekki er fjallað sérstaklega um Gil í sóknarlýsingu Vestfjarða.³⁶²

Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir m.a. um Hól:

Hætt er peníngi fyrir grjóthruni úr fjalli. Skriður spilla engjunum ár eftir ár. Túnið brýtur á og spillir engjunum, brýtur þær og ber á aur og sand.³⁶³

Landamerkjabréf Gils er dags. í september 1885, þar sem merkjum er lýst:

Milli Gils og Óss eru: Núpskambur að ofan og merkjagarður að neðan framan til við Seljaholt, milli Gils og Hanhóls: Surtabrendsá að ofan, en Gilsá að neðan, nema svo kallaður Gilsoddi að Pirrapytt fylgir Gili eins og verið hefir.

xiii. Fremri Hnífsdalur

Í sóknarlýsingu Vestfjarða segir um Fremri Hnífsdal:

Efst í dalnum, hinu megin árinnar, er Fremri-Hnífsdalur, nær sjó, gegnt Heimabæ, undir norður enda Eyrarfjalls. Skammt inn með fjallinu, á litlum völlum stóðu Lambavellir, lítil kotbær, sem nú er í eyði.³⁶⁴

Landamerkjabréf Fremri Hnífsdals er dags. 26. maí 1886, þar sem merkjum er lýst:

Landareign hennar er frá Marksgili niður úr Lambaskál miðri og niður í merkjaskurð beint niður í á að norðanverðu árinnar, og svo dalinn fram á fremstu fjallabréu niður að Merkjalæk, er liggur niður úr Þórishnúk að vestanverðu heilt niður í Hnífsdalsá.

³⁶⁰ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 127.

³⁶¹ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Ísafjarðar- og Strandasýslur (VII. bindi), bls. 152.

³⁶² Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 127.

³⁶³ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Ísafjarðar- og Strandasýslur (VII. bindi), bls. 153.

³⁶⁴ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 127-128.

xiv. Tunga

Ekki er fjallað sérstaklega um Tungu í sóknarlýsingum Vestfjarða.³⁶⁵

Landamerkjabréf Tungu er dags. 26. júlí 1909, þar sem merkjum er lýst:

Að innanverðu milli Tungu og Hafrafells ræður Úlfsá landamerkum frá fjöru til Fjalls. Að utanverðu milli Tungu og Seljalands eru þessi landamerki: Um 60 faðma frá Seljalandstungarði rennur lítill lækur niður í Langá. (það eru þversum) við upptök hans er varða klappað á L.M. upp af henni er stór steinn í Múlanum klappað á LM. Frá þessum steini skal riðandi maður fara eftir brúninni fram að Bunná og skal hann altaf sjá elsta Tungu bæ (samber Langa í Króknum) eftir það skiptir Búná [svo] löndunum til fjalls. Landamerki hins svonefnnda Kirkjuskógs innan Tungulands sem eru eign Eyrar og Hólsprestakalls eru að utanverðu Bunná að innanverðu Selskriðu.

Fyrir hönd Eyrar og Hólsprestakalls Þorvaldur Janusson sóknarprestur. Ég undiurritaður sem hefi lengi átt heimili í Tungu við Skutulsfjörð og átt mörg ár nokkurn hluta af henni votta hér með, að ég hefi frá fyrsta alltaf heyrt langamerki [svo] hins svonefnnda Kirkjuskógs, sem eign Eyrar og Hólsprestakalls og liggar innan landamerkja nefndrar jarðar Tungu voru talin þessi: Að utanverðu Bunná að innanverðu svonefnd Selskriða alt svæðið frá fjallsbrún niður á láglendi. Þessu til staðfestu nafn mitt Naustum 26. Júlí 1909 Jón Halldórsson fyrrv. Hreppstjóri handsalað. Vottar. Jón Halldórsson yngri Jón Jónsson. Ég undirskrifan sem lengi hefi verið bóndi á Tungu votta hérmeð að framangreind landamerki Kirkjuskógsins hafa jafnan verið talin þessi sem að ofan eru greind. Naustum 26. Júlí 1909 Jón Jónsson. Hér með votta ég undirskrifan sem er fæddur og uppalinn í Skutulsfirði að ég hefi alltaf heyrt að landamerki hins svonefnnda Kirkjuskógs innan Tungulands í Skutulsfirði væru að utanverðu Bunná að innanverðu svonefnd Selskriða.

4.2.2. Arafjall, Hádegisfjall og Heiðnafjall

i. Ós

Í sóknarlýsingum Vestfjarða segir um Ós:

Úr Mýdalvatni rennur ós til sjóar. Af honum tekur Óshlíð [nafn]. Sunnan við ósinn stendur bær, sem og heitir Ós. Þar suður með vatninu eru tóftir. Það er kallað Heimri-Kroppur og þar framar á að hafa verið Fremri-Kroppur. Gengt Heimra-Kroppi, í nesi því, sem verður þar, sem ósinn fellur úr vatninu, segja menn að hafi staðið Vatnsnes hið forna, þar sem Þuríður byggði. Þar eru grasi vaxnar tóftir og girt um. En auðséð er, að þær eru ekki mjög gamlar, og ekki því líkar, að væru eftir fornmann.³⁶⁶

³⁶⁵ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samfund vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 128.

³⁶⁶ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samfund vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 127.

Landamerkjabréf Óss er dags. í september 1885, þar sem merkjum er lýst:

Milli Ósa og Hnífsdals eru: tindur sá, er Ari nefndist, að ofan, en Nöðrulækir að neðan, og milli Ósa og Gils Núpskambur að ofan og merkjagarður að neðan framan til við Seljaholt.

ii. Gil

Ekki er fjallað sérstaklega um Gil í sóknarlýsingu Vestfjarða.³⁶⁷

Landamerkjabréf Gils er dags. í september 1885, þar sem merkjum er lýst:

Milli Gils og Óss eru: Núpskambur að ofan og merkjagarður að neðan framan til við Seljaholt, milli Gils og Hanhóls: Surtabbrandsá að ofan, en Gilsá að neðan, nema svo kallaður Gilsoddi að Pirrapytt fylgir Gili eins og verið hefir.

4.2.3. Bolafjall og Stigahlíð

i. Minnibakki

Ekki er fjallað sérstaklega um Minnibakka í sóknarlýsingu Vestfjarða.³⁶⁸

Landamerkjabréf Minni Bakka er dags. 5. maí 1921 þar sem merkjum er lýst:

Frá Merkjagarði. Sem er milli jarðanna Minnibakka og Breiðabóls upp á fjallsbrún og niður í Langá, sem rennur niður miðjan dalinn til sjávar. Langá skilur einnig merki milli Meiribakka og Minnibakka. Minnibakki á fría sumarbeit á Breiðabóli, en Breiðaból fría fjörubeit. Jörðin Minnibakki á 1/5 úr öllum reka sem tilheyrir Breiðabóli.

ii. Breiðaból

Ekki er fjallað sérstaklega um Breiðaból í sóknarlýsingu Vestfjarða.³⁶⁹

Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir m.a.:

Jörðin er víðslæg til engja en engjunum spilla stórum og hafa spilt skriður. Vetrarríki er hjer mikið og snjóþúngi.³⁷⁰

Landamerkjabréf Breiðabóls er dags. 4. júlí 1922 þar sem merkjum er lýst:

Milli Meirihlíðar og Breiðabóls: Hærrikross á Skálavíkurheiði og bein lína úr honum á fjallsbrún Stigahlíðarmegin Að vestan bein lína úr Hærrikrossi á Lambamúla. 2. Merki milli Minnihrauns og Breiðabóls: Lambaskálará frá fjallsbrún í Langá, og ræður Langá sem rennur ofan miðja víkina til sjóar, merkjum úr því 3. Merkin milli Kroppsstaða og

³⁶⁷ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 127.

³⁶⁸ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 125.

³⁶⁹ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 125.

³⁷⁰ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Ísafjarðar- og Strandasýslur (VII. bindi), bls. 143.

Breiðabóls: Langá.4. Merkin milli Meiribakka og Breiðabóls: Bein lína úr Merkjagarði, sem liggur á milli jarðanna og í fjallsbrún, og úr sama garði í Langá. 6. Landamerki Breiðabóls á Stigahlíð eru: að almenningum í Gunnarsvík og almenningum í Björtulæki, sem eru landamerki Hóls og þaðan út að Kerlingu, sem skiftir landareign Breiðabóls og Minnibakka á Stigahlíð.

iii. Meiri Hlíð

Ekki er fjallað sérstaklega um Meiri Hlíð í sóknarlýsingu Vestfjarða.³⁷¹

Landamerkjabréf Meiri Hlíðar er dags. 12. maí 1890, þar sem merkjum er lýst:

Landamerkjalýsing fyrir jörðina Meirihlíð. Landamerki á milli Meirihlíðar og Minnihlíðar að heimanverðu: (samhljóðs merkjaskrá Minnihlíðar). Að framanverðu (sjá Minnihlíðar). Á milli Meirihlíðar og Traðar eptir sem Stekkjargil segir frá fjallsbrún og í stótan stein efst í engjunum, og þaðan sjónhending eptir merkjum niðr að Hólsá. Reka og tolla að Hólsá. Landamerki milli Meirihlíðar og Þjóðólfstungu frá Minnihlíðarmerkjum allan dalinn, eptir því sem Tungá segir fram á hærri kant og heim í Þverá.

iv. Minni Hlíð

Ekki er fjallað sérstaklega um Minni Hlíð í sóknarlýsingu Vestfjarða.³⁷²

Landamerkjabréf Minni Hlíðar er dags. 12. maí 1890 þar sem merkjum er lýst:

Milli Meiri-hlíðar og Minni-hlíðar að heimanverðu: úr stórum steini í bakka á Þjóðólfstungá, og í svonefnt Veituholt, og þaðan í þúfu í Kaldál og þaðan í two steina, sem hvor ber í annan, og sjónhending í Kaldárgil, og eptir því á fjallsbrún. Að framanverðu milli Meiri- og Minni-hlíðar úr rauðum steini við Tungá, og sjónhending í Mjóateyggil heimantil við Meirihlíðar stekk og þaðan á fjallsbrún.

v. Tröð

Ekki er fjallað sérstaklega um Tröð í sóknarlýsingu Vestfjarða.³⁷³

Landamerkjabréf Traðar er dags. 12. maí 1890 þar sem merkjum er lýst:

Að framanverðu úr Stekkjargili að ofan og í stóran Stein niðri í engjunum, og þaðan sjónhending ofan í á, og að utanverðu úr stórum steini, er kallast Landísarsteinn, og að neðanverðu í stóran Stein í Hregnasa og beina leið í Hólsá.

³⁷¹ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 126.

³⁷² Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 126.

³⁷³ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 126.

4.3. Súðavíkurhreppur

4.3.1. Lambadalsfjall Súðavíkurhreppi

i. Svarfhóll

Í sóknarlýsingu Vestfjarða segir um Svarfhóll:

Svarfhóll, 24 Hdr. Lénsjörð presta. Áður var þar bænhús. Eru þar slægjur miklar, en vetrarríki. Selstöðu á hún og slægur þar upp af í fjarðarbotninum, fyrir framan Valagil, sem notuð hefur verið síðan 1840, að presturinn bjó þar. Jörðin hefur eldiviðar- og kolaskóg. Silungsveiði á hún jafna við Seljaland, sem er þar skammt frá, í ós þeim, er liggur að langá fjarðarins, og rennur hjá Seljalandi. Fjallhlíð að mestu graslaus, er milli Svarfhóls og Svarthamars. Hús eru þar nú, rúmgóð og vel byggð.³⁷⁴

Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir m.a.:

Selstöðu á jörðin með tilliggjandi landi framanvert við Seljalands land. Hún hefur áður brúkast jafnan átölulaust en nú ekki sökum fólksfæðu í nokkur ár.³⁷⁵

Landamerkjabréf Svarfhóls er dags. 18. júlí 1890, þar sem merkjum jarðarinnar er lýst:

Land frá fjöru til fjalls frá Merkigili milli Svarthamars og Svarfhóls innan að Seljlandsá er rennur ofan með Seljalandstúni að utanverðu. Einnig land allt vestanmegin fjarðarár frá Vatnagiljum þ.e. Valagiljum, og sem vötnum hallar frá jökli. Óskipt upprekstrarland á móts við Minni Hattardal austanmegin Fjarðarár eður Klifhlíð alla frá Fellshálsskarði út í Fjarðarhorn. Slægjubletti þá, sem eru á sameignarlandi þessu notar Hattardalur annað árið en Svarfhóll hitt. Reka, landshlut og fjörunytjar á landi þessu eiga jarðirnar til helminga. Vigur 18. Júlí 1890 Sigurður Stefánsson (prestur til Ögurþinga) Samþykkur: Skúli Thoroddsen umboðsmaður Hattardals.

ii. Minni Hattardalur

Í sóknarlýsingu Vestfjarða segir um Minni Hattardal:

Hattardalur minni, 12 Hdr. Hún stendur vestan fram í dalmynninu. Rennur þar á ofan dalinn milli bæjanna. Jörð þessi hefur fjallslægjur og skóg nægan.³⁷⁶

Landamerkjabréf Minni Hattardals er dags. 29. apríl 1891, þar sem merkjum jarðarinnar er lýst:

Milli Hattardals meiri og Hattardals minni ræður Langá merkjum, unz hún rennur í Hattardalsá, sem þá skilur lönd til sjóar. Milli Hattardals og kirkjujarðarinnar Svarfhóls ræður Fjarðará merkjum frá Valagiljum og sem vötnum hallar framan frá jökli. Óskipt

³⁷⁴ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra áthagafélaga (1952), bls. 132.

³⁷⁵ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Ísafjarðar- og Strandasýslur (VII. bindi), bls. 177.

³⁷⁶ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra áthagafélaga (1952), bls. 133.

upprekstrarland á Hattardalur minni á móts við Svarfhól austan megin Fjarðarár, eða í Fjarðarhorn. Slægjubletti á sem eru á sameignarlandi þessu, notar Hattardalur annað árið en Svarfhóll hitt. Reka, landshluti og fjörunytjar á landi þessu eiga jarðirnar til helminga.

iii. Meiri Hattardalur

Ekki er fjallað sérstaklega um Meiri Hattardal í sóknarlýsingu Vestfjarða.³⁷⁷

Landamerkjabréf Meiri Hattardals er dags. 8. júní 1883, þar sem merkjum jarðarinnar er lýst:

Land jarðarinnar liggur austan fram með Álptafirði út að hamri þeim, er liggur fram í sjó utan til á miðri Sjötúnahlíð. Hamar þessi er veggmyndaður klettur, sem gengur upp í bakkana og fram í sjóinn, svo að ekki verður riðið fyrir framan um flóð, og er enginn slíkur hamar á Sjötúnahlíð. Ladamerkin eru beina stefnu frá hamrinum upp fjallshlíðina til efstu brúnar. Að sunnan frá honum á jörðin land austan fram með dalnum að á þeirri, sem rennur eptir miðjum dalnum og ofan til sjávar milli Hattardalsbæjanna. Þessi aðalá skiptir löndum, þangað til komið er töluberðan kipp fram fyrir svo kallaðar þverár, er þá farið eptir stærstu kvísl árinnar sem rennur undan miðju fjallshorninu, svo kölluðum Bessa. Merki þessi eru aðalmerki jarðarinnar. Ítok í þessu landi eru sem hér greinir: Bændaeignin Hattardalskot, sem stendur utarlega í túninu. Landamerki þess eru nálægt því miðja vega milli bæjanna í svo kallaðri Merkjalág, liggja beint eptir miðri láginni og í réttri línu niður til árinnar og upp undir hlíðina. Síðan á Hattardalskotið land út að svo kölluðum Landamerkjalaek, sem rennur til sjávar að sunnanverðu við Hellutanga. Þar að auki á það slægnablettinn Grænumýri, enn fremur lítilfjörlega smátungu austast á lægri Girðisbrekku neðan undir svo köllluðu Langholti, og ennþá einn lítinn blett á lægsta Bandi fyrir framan Þverá fram að svörtu þúfu. Allir þessir blettir eru merktir með stórum steinum. Svo á Hattardalskot óskipt beitisland og skóg að tiltölu við heimajörðina epti jarðarhæð.

iv. Hestfjarðarkot

Hestfirði er lýst með eftirfarandi hætti í sóknarlýsingu Vestfjarða:

Eiði, 6 Hdr. Skógarjörð, með litlum slægjum. Þá er kirkjuland Eyrar, inn að almennungi Súðavíkurhrepps. Í honum við botn Hestfjarðar stendur: Hestfjarðarkot, 6 Hdr. Kristfjárjörð hreppsins. Hverrar álegt afgjald er 20 pund smjörs og 2 vættir á landsvísu, sem færist til fátæktrasjóðs hreppsins. Þar hefur áður bænhús verið. Þar er grastekja og vegur til Dýrafjarðarbotns. Við langána í Hestfirði skilja sóknirnar. Þar eru réttir hreppsins.³⁷⁸

³⁷⁷ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 133.

³⁷⁸ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 134-135.

Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns kemur fram í lýsingu jarðarinnar Eyri í Eyrarsókn að jörðin eigi afrétt á vesturheiðum með Hestfirði so mörgu geldfje sem sá á, er á Eyri býr. Þessa ítaks hefur staðurinn notið átölulaust.³⁷⁹ Hins vegar kemur einnig fram að „afrjett fyrir lömb og geldfje brúkar þessi sveit öngva, heldur gengur það í búafjárhögum og fjöllunum þar upp frá á hvörri jörðu. Naut og hesta hafa menn rekið stundum á fjöllin upp frá Hestfirði og hafa þar þó öngvan vissan toll fyrir goldið heldur óákveðinn lítill góðvilja Hestfjarðarábúanda, sumir ekkert.³⁸⁰

Kröfusvæðinu er lýst í árbók Ferðafélags Íslands frá 1948 þar sem segir m.a.:

Dálítið undirlendi er fyrir fjarðarbotninum, og rennur eftir því svonefnd Fjarðará, sem kemur af Austurdölum og Vesturdölum upp frá botni fjarðarins. Ekki er þó þar um að ræða neina eiginlega dali, heldur aðeins lægðir í fjallendið, er hækkar ört og bunguvaxið upp til heiðarinnar. Landið er á þessum slóðum nálega klettalaust, og heitir þarna Hestfjarðarheiði. Við fjarðarhornið hið vestra er Hestfjarðarkot, gömul kristfjárjörð, sem lengi hefur verið í eyði, og er landið nú afréttur.³⁸¹

Landamerkjrabréf Hestfjarðakots er dags. 2. júní 1890, þar sem merkjum jarðarinnar er lýst:

Kvikfjár jörðin Hestfjarðarkot á land út og vestanvert með Hestfirði í miðja Seleyrarodda (Jónseyri), þar beint úr oddanum sjónhending og upp á fjallsbrún, innan og sunnanvert frá sjó fram á fauskabrekku að Fjarðará, sem í sjó fellur.

xiii. *Almenningar Ögurhrepps*

Ögursókn er lýst á eftirfarandi hátt í sóknarlýsingu Vestfjarða:

Hestfjörður austan fram. Austanfram langárinnar í Hestfirði er almenningur Ögursveitar og upprekstrarland, út að Geitahvammsá. Þar byrjar ábúðarland Hvítaness. Í því miðju er selstaða og vetrarhús fyrir 200 fjár, grisjuskógur og mosabeit, en litlar slægjur. Engin byggð er þar önnur.³⁸²

xiv. *Kleifar í Skötufirði*

Í sóknarlýsingu Vestfjarða segir um Kleifar:

Kleifar, 6 Hdr. Hún er innst í Skötufirði vestan fram. Hún hefur góðan skóg og er mikið góð fyrir sauðopening. Grastekja er þar og silungsveiði í ósnum, er að langánni liggur.³⁸³

³⁷⁹ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Ísafjarðar- og Strandasýslur (VII. bindi), bls. 181.

³⁸⁰ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Ísafjarðar- og Strandasýslur (VII. bindi), bls. 187.

³⁸¹ Árbók Ferðafélags Íslands, bls. 75.

³⁸² Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 135.

³⁸³ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 136.

Landamerkjabréf fyrir Kleifar í Skötufirði liggja ekki fyrir.

4.3.2. Ufs, Súðavíkurfjall, Traðarhyrna og Sauratindar

i. Arnardalur fremri

Landamerkjabréf Fremri Arnardals og Neðri Arnardals er dags. 14. maí 1890 þar sem merkjum er lýst:

Arnardalur fremri á að neðanverðu úr ánni beina leið í neðri brún á Langhrygg upp í fjallsbrún, svo fram eptir ánni í stein, svokallaðan Murtu við ána, frá Murtu sjónhending upp í Brúnagötur, eptir Brúnagötu í þverá, frá Þverá eptir Langahjalla í dalbotn og upp á fjallsbrún og heim eptir fjallsbrúninni gengt Langahrygg.

Landamerkjabréf Neðri Arnardals er dags. 12. júlí 1884 þar sem merkjum er lýst sem:

Milli Súðavíkur og Arnardals er svo kallaður Bárðarhamar (klettur sem liggur í sjó fram) í Súðavík innan til við svo kallað Bjarg í fjallsbrún. 2, Milli Arnardals efri og Arnardals neðri er steinn stór við ána (Arnardalsá), sem kallast Murti, og er fremur Arnardals megin við ána fram á móti svo kölluðum Dýrahrygg. Þessi merki ná þar þvert upp og að svo kölluðum Brúnagötum upp á brúnabörðunum þar langt fram göturnar og eptir svo kölluðum Langahjalla fram í dalbotn (eða svokallaða Skák)), og að neðanverðu er svokallaður Langihryggur landamerki milli téðra jarða, og á neðri Arnardalur að Langahrygg fremur Arnardalsmegin við ána. 3, Milli Kirkjubóls og Arnardals neðri er merki svokallaður Stóri Bás (innsti kletturinn af Stóru-Básum á Kirkjubólshlíð, og þar þvert upp í fjallsbrún).

ii. Tröð

Í sóknarlýsingu Vestfjarða segir m.a. um Tröð:

6. Hdr. Nær hún til allra sömu kosta, því hún er byggð af heimalandi [Súðavíkur].³⁸⁴

Landamerkjabréf Traðar er dags. 25. ágúst 1890 þar sem merkjum er lýst:

Jörðin Tröð á land frá stálþráðgirðingunni, er skilur túnin Tröð og Súðavík, sjónhending frá girðingunni eptir vörðum, er standa í beinni línu neðan engjarnar, og frá þeim sjónhending eptir skriðu skurði uppí fjallsbrún, og fram í mitt Traðargil, enn fremur stykkið í Sauradal frá myðju Djúpagili fram að Þverá sjónhending eptir ánni upp í Skákarskarð á Sauradal.

iii. Súðavík

Í sóknarlýsingu Vestfjarða segir m.a. um Súðavík:

³⁸⁴ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 131.

18. Hdr. hefur þar áður verið bænahús, og nú þingstaður. Jörðin er góð bæði til útigangs og slægna, en engan hefur hún Skóg. Heimræði er þar á vorum og haustum, norður í Ísafjarðardjúpið.³⁸⁵

Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir m.a.:

Enginu granda smálækir og aurskriður úr snarbröttu fjalli, sem bera á slægjulandið leir og grjót til stórskaða og eyðileggíngar. Hætt er kvíkfe fyrir snjóflóðum og sjáfarflæðum undir mósköflum á vetur og hefur oft að þessu stór skápi að orðið.³⁸⁶

Landamerkjabréf Súðavíkur er dags. 26. ágúst 1890 þar sem merkjum er lýst:

Jörðin Súðavík á land frá stálþráðgirðingunni, sem að skilur túnin Tröð og Súðavík, sjónhending eptir vörðunum, sem standa í beinni línu upp eptir engjunum, og frá þeim sjónhending eptir skriðuskurðinum næsta fyrir innan lækinn í Traðarupsunum beint uppá fjallsbrún. Að utanverðu á Súðavík land útað svo kölluðum Brúðarhamri, sem er klömp næst fyrir innan svokallaða Götu á Súðavíkurhlíð beina sjónhendingu upp á fjallsbrún.

iv. Saurar

Í sóknarlýsingu Vestfjarða segir um Saura:

6 Hdr. Í útvestur frá þeirri jörð liggur dalur (Sauradalur) og er þar sumarbeit allgóð og lítið eitt af slægjum.³⁸⁷

Landamerkjabréf Saura er dags. 18. ágúst 1890 þar sem merkjum er lýst:

Jörðin Saurar á land frá miðju Djúpagili á Sauradal og ofan utan til með Eyrardalsá í sjó út í mitt Traðargil, er vísar frá fjallsbrún til fjöru.

4.3.3. Dvergasteinsfjall og Svarthamar

i. Saurar

Í sóknarlýsingu Vestfjarða segir um Saura:

6 Hdr. Í útvestur frá þeirri jörð liggur dalur (Sauradalur) og er þar sumarbeit allgóð og lítið eitt af slægjum.³⁸⁸

Landamerkjabréf Saura er dags. 18. ágúst 1890 þar sem merkjum er lýst:

³⁸⁵ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 131.

³⁸⁶ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Ísafjarðar- og Strandasýslur (VII. bindi), bls. 171.

³⁸⁷ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 132.

³⁸⁸ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 132.

Jörðin Saurar á land frá miðju Djúpagili á Sauradal og ofan utan til með Eyrardalsá í sjó út í mitt Traðargil, er vísar frá fjallsbrún til fjöru.

ii. Eyrardalur

Í sóknarlýsingu Vestfjarða segir um Eyri:

12 Hdr. Þar er Eyri (Langeyri) og mikið góð skipalega. Litlar eru þar slægjur, en allgóður útigangur. Hár fjalltindur er þar upp yfir. (Kofri). Heimræði er þar líka. En lengra inn í fjörðinn ná menn ei til þess.³⁸⁹

Landamerkjabréf Eyrardals er dags. 18. ágúst 1890 þar sem merkjum er lýst:

Jörðin Eyrardalur á land frá Pórðarsteinum, er standa á bökkunum milli Hlíðar og Langeyrar, frá þeim upp að Randarsteini, og frá honum beint upp á fjallsbrún úr að Eyrardalsá, er rennur fram fyrir utan Eyrardalstún fram með ánni að innanverðu fram í ártungur, og þaðan vestan til upp með Þverá upp í Skákarskarð (sic) á Sauradal.

iii. Hlíð

Í sóknarlýsingu Vestfjarða segir um Hlíð:

12 Hdr. Eru þar allgóðar slægjur og nokkur útigangur.³⁹⁰

Landamerkjabréf Hlíðar er dags. 18. ágúst 1890 þar sem merkjum er lýst:

Jörðin Hlíð á land frá miðjum merkishrygg, milli Dvergasteins og Hlíðar, er vísar frá fjallsbrún ofan í miðja Pöttvík, og þaðan beint í sjó út að Pórðarsteinum, er standa á bökkunum milli Hlíðar og Langeyrar, frá þeim upp að Randarsteini, er stendur upp á hjöllunum, og frá honum beint upp á fjallsbrún.

iv. Dvergasteinn

Í sóknarlýsingu Vestfjarða segir um Dvergastein:

12 Hdr. Þar eru miklar slægjur, en vetrarþungt. Dalur liggar þaðan í útvestur, af hverjum fást árlega 60 hestar af heyi. Mjög vetrarþungt. Milli Dvergasteins og Hlíðar er fjallhlíð (Dvergasteinshlíð), litlu grasi vaxin. Mótak er þar til eldsneytis.³⁹¹

Landamerkjabréf Dvergasteins er dags. 18. ágúst 1890 þar sem merkjum er lýst:

Jörðin Dvergasteinn á land utantil uppmeð Dvergasteinsá upp í ártungu, og þaðan liggja merkin neðan með vestari áin upp á Dalabrekkur, og þaðan eptir vörðum, er standa í

³⁸⁹ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 132.

³⁹⁰ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 132.

³⁹¹ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 132.

beinni línu upp á fjallsbrún, frá þessum merkjum út í miðjan merkishrygg á milli Dvergasteins og Hlíðar, er víesar frá fjallsbrún ofan í miðja Pöttvík.

v. *Svarthamar*

Í sóknarlýsingu Vestfjarða segir um Svarthamar:

Svarthamar, 12 Hdr. Hefur og miklar slægjur og vetrarríki, og nær sú jörð einninn til slægna á Dvergasteinsdal, þeim megin árinnar, hér um 40 hesta.³⁹²

Landamerkjabréf fyrir Svarfhamar liggur ekki fyrir.

vi. *Svarfhóll*

Í sóknarlýsingu Vestfjarða segir um Svarfhóll:

Svarfhóll, 24 Hdr. Lénsjörð presta. Áður var þar bænhús. Eru þar slægjur miklar, en vetrarríki. Selstöðu á hún og slægur þar upp af í fjarðarbotninum, fyrir framan Valagil, sem notuð hefur verið síðan 1840, að presturinn bjó þar. Jörðin hefur eldiviðar- og kolaskóg. Silungsveiði á hún jafna við Seljaland, sem er þar skammt frá, í ós þeim, er liggur að langá fjarðarins, og rennur hjá Seljalandi. Fjallhlíð að mestu graslaus, er milli Svarfhóls og Svarthamars. Hús eru þar nú, rúmgóð og vel byggð.³⁹³

Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir m.a.:

Selstöðu á jörðin með tilliggjandi landi framanvert við Seljalands land. Hún hefur áður brúkast jafnan en nú ekki sökum fólksfæðu í nokkur ár.³⁹⁴

Landamerkjabréf Svarfhóls er dags. 18. júlí 1890, þar sem merkjum er lýst:

Land frá fjöru til fjalls frá Merkigili milli Svarthamars og Svarfhóls innan að Seljalandsá er rennur ofan með Seljalandstúni að utanverðu. Einnig land allt vestanmegin fjarðarár frá Vatnagiljum þ.e. Valagiljum, og sem vötnum hallar frá jökli. Óskipt upprekstrarland á móts við Minni Hattardal austanmegin Fjarðarár eður Klifhlíð alla frá Fellshálsskarði út í Fjarðarhorn. Slægjubletti þá, sem eru á sameignarlandi þessu notar Hattardalur annað árið en Svarfhóll hitt. Reka, landshlut og fjörunytjar á landi þessu eiga jarðirnar til helminga.

³⁹² Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 132.

³⁹³ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 132.

³⁹⁴ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Ísafjarðar- og Strandasýslur (VII. bindi), bls. 177.

4.3.4. Stóri kambur

i. Sérstaklega um kröfusvæðið

Fjallað er um kröfusvæðið í árbók Ferðafélags Íslands frá 1948 í umfjöllun um Skötufjörð, en þar segir m.a.:

Fyrir fjarðarbotninum er nokkurt láglendi, og standa þar bæirnir Borg og Kleifar, hvor við sitt fjarðarhorn. Láglendið nefnist Eyjar, og falla um það svonefnar Skötufjarðarár í tveimur kvíslum. Eru það þrjár ár, er koma saman ofan til við sléttlendið. Falla þær af fjalllendinu þar suður af, er nefnist Kambar, Stóri- og Litlikambur, og er Rjúkandi austust, þá Hundsá og vestust er Ögurbúðadalsá, sem rennur um Ögurbúðardal.³⁹⁵

Einnig er vísað til kröfusvæðisins í domi Hæstaréttar Íslands í máli nr. 487/2007 frá 18. september 2008:

Samkvæmt gögnum málsins eru aðaláfrýjendur sameigendur að jörðinni Borg og gagnáfrýjandi eigandi jarðarinnar Kleifa. Jarðir þessar eru syðst í Skötufirði við Ísafjarðardjúp og liggja saman í botni fjarðarins, Borg að austan og Kleifar að vestan. Í fjarðarbotninum að vestanverðu myndast Kleifaós, þar sem Kleifaá fellur til sjávar. Skammt sunnan við ósinn mætast Kleifaá og Borgará, sem renna báðar til norðurs. Borgará virðist að mestu eiga upptök í uppsprettum á láglendi allt að 2 km sunnan ármótanna og síðan úr lækjum, sem falla í hana úr austri. Kleifaá, sem einnig mun vera nefnd Fjarðará, verður á hinn bóginn til úr þemur ám, sem renna af fjöllum ofan, annars végar Rjúkanda úr suðaustri og Hundsá úr suðvestri, en þær koma saman þar sem land tekur að hækka syðst upp af Skötufirði, og hins végar Ögurbúðadalsá, sem kemur úr vestri og fellur saman við þær fyrrnefndu á láglendi nokkru norðar. Aðilana greinir meðal annars á um hvort Kleifaá beri það heiti allt frá mótum Rjúkanda og Hundsár til sjávar eða fyrst frá þeim stað, þar sem Ögurbúðadalsá kemur saman við þær. Þá er jafnframta umdeilt hvort landsvæði, sem nefnt er Kambar eða Almenningur, liggi eingöngu á milli Rjúkanda og Hundsár eða hvort það nái frá Rjúkanda í austri að Ögurbúðadalsá í vestri.

[...]

Í heraðsdómi er greint frá því, sem fyrir liggur um eigendaskipti að Kleifum á árabilinu 1867 til 1883, en Páll Pálsson var þá enn eigandi hálfendunnar, sem áður var getið. Í lok þessa tímabils mun Daði Eggertsson hafa keypt af Guðmundi Bárðarsyni hinn helminginn í Kleifum, sem áður tilheyrði Jóni Níelssyni. Daði var þá jafnframta eigandi að Borg ásamt Ara Rósinkarssyni. Þeir gerðu 6. nóvember 1883 landamerkjabréf fyrir Borg, sem var svohljóðandi: „Jörðin Borg í Ögurhreppi, 7.9 hundr. að dýrleika, á land að austan og norðan í Hvalskurðarár frá fjöru til fjalls. Að sunnan ráða merkjum: Fjarðará að neðan, en Stóri-Kambur að ofan og að vestan Fjarðará og austur í Borgará um miðjar Eyjar.“ Landamerkjabréf þetta, sem var áritað um samþykki af Páli Pálssyni „fyrir Kleifar“, var þinglesið 8. júlí 1884.

³⁹⁵ Árbók Ferðafélags Íslands, bls. 76.

[...]

Í umfjöllun Örnefnaskrár um land Kleifa, sbr. dskj. nr. 60, komi fram að svæðið frá Rjúkanda að Ögurbúðardalsá heiti „Kambar“ og að umrætt svæði sé almenningur, sbr. myndræna framsetningu á dskj. nr. 66. Ennfremur segi á dskj. nr. 60 að: „Kleifá heiti svo, þegar Ögurbúðardalsá, Rjúkandi og Hundsá hafa fallið saman við Almenningssporðinn...“.

ii. Eyri í Skötufirði

Í sóknarlýsingu Vestfjarða segir um Eyri:

Eyri, 18 Hdr. Hún er innst í Skötufirði vestan fram, allgóð jörð, en hlunnindalaus að öðru, nema þá róið er á fjöröinn.³⁹⁶

Landamerkjabréf Eyrar er dagsett í desember 1883 þar sem merkjum er lýst:

1. Að utanverðu, það er milli Eyrar og Hvítaness heitir Markeyri, þar er hlaðinn garður í forntíð er víða sjest glöggt uppi fjallsbrún og er vafalaus merkjagarður.
2. Að innanverðu, það er milli Eyrar og Kleifa heitir Ytri-Krosshryggur er sjest frá fjalli til fjöru: þessi hryggur hefur verið í nútíðar mannaminnum talin skýlaus landamerki.
3. Á fjalli uppi ræður langlína eptir miðju fjalli eptir sem vötnum hallar.
4. Ítok er øðrum jörðum fylgja í landi þessarar jarðar eru engin. En þessi jörð á frían upprekstur í almenningum hreppsins.

ii. Kleifar í Skötufirði

Í sóknarlýsingu Vestfjarða segir um jörðina Kleifar:

Kleifar, 6 Hdr. Hún er innst í Skötufirði vestan fram. Hún hefur góðan skóg og er mikið góð fyrir sauðopening. Grastekja er þar og silungaveiði í ósnum, er að langánni liggur.³⁹⁷

Óumdeilt er að aldrei hefur verið gert landamerkjabréf fyrir jörðina Kleifa, sbr. dómur Hæstaréttar Íslands í máli nr. 487/2007.

iii. Borg í Skötufirði

Í sóknarlýsingu Vestfjarða segir um Borg:

Borg, 8 Hdr. Hún er austanvert langárinnar. Hún hefur bæði slægur góðar, skóg og grastekju. Þaðan liggur fjallvegur til Mjóafjarðar.³⁹⁸

³⁹⁶ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 136.

³⁹⁷ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 136.

³⁹⁸ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 136.

Landamerkjabréf Borgar er dags 6. nóvember 1883, þar sem merkjum er lýst:

Jörðin Borg í Ögurhreppi, 7,9 að dýrleika, á land að austan og norðan í Hvalskurðará frá fjöru til fjalla. Að sunnan ráða merkjum: Fjarðará að neðan en Stóri-Kambur að ofan og að vestan Fjarðará og austur í Borgará um miðjar Eyjar.

Jafnframt liggar fyrir ódagsett landamerkjabréf sem lesið var manntalsþingi 21. júní 1902 þar sem merkjum jarðarinnar er lýst sem:

Að framan verðu milli Borgar og Kleifar ræður Borgará merkjum að neðan og fram að Hringlind og sem hún vísar til vesturs yfir eyjar sem kallaðar milli ánna (Borgará og Kleifaá) og ræður svo Kleifaá merkjum fram að Rjúkandaá, en eftir það ræður Rjúkandaá merkjum til fjalls milli Borgar og almenninga.

iv. Heydalur

Ekki er sérstök lýsing á Heydal í sóknarlýsingu Vestfjarða.

Landamerkjabréf Heydals er dags. 4. júní 1889, þar sem merkjum er lýst:

Milli Heydals og Eyra skilur varða á miðri Heydalsmýri, þaðan í vörðu á lægsta hjalla, svo í vörðu á fjallsbrún, þaðan til fjalls. Milli Heydals og Galtarhryggs skilur Heydalsá frá sjó og fram eptir í Þverá, þaðan eins og hún vísar til fjalls.

v. Botn í Mjóafirði

Ekki er sérstök lýsing á Botni í sóknarlýsingu Vestfjarða.

Landamerkjabréf Botns er dags. 20. nóvember 1885, þar sem merkjum er lýst:

Að norðanverðu frá sjó Raplalág og frá henni sem vötnum hallar á báða vegi fram eptir Botnsfjalli upp í Glámujökul, svo fyrir öll daladrög suður fyrir Bessadal, þaðan fyrir sunnan Bessadal, sem vötnum hallar á báða vegi eptir fjallinu úteptir að Hvannagljúfragili og eptir því í Bessadalsá og hún til sjávar.

vi. Kleifarkot og almenningur í Ísafirði

Vísað er til umfjöllunar um kröfusvæðið Kleifarkot og almenninga í Ísafirði undir kafla 4.3.7.

vii. Skálmadalsheiði

Vísað er til umfjöllunar um Skálmadalsheiði í kröfulýsingu Íslenska ríkisins á svæði 10 C, dags. 15. apríl 2019, á bls. 17-24.

viii. Vatnsfjörður – friðland

Vísað er til umfjöllunar um friðland Vatnsfjarðar í kröfulýsingu Íslenska ríkisins á svæði 10 C, dags. 15. apríl 2019, á bls. 23.

ix. Dynjandi

Í sóknarlýsingu Vestfjarða segir um Dynjanda:

Þegar komið er inn með þessu fjalli, er komið í hinn vestari botn fjarðarins að þeim bæ, sem heitir Dynjandi, hver eð tekur nafn af stórum fjallfossi árinnar, sem rennur hjá bænum. Hann má ykkulaust vera 60-70 faðma hár. Hún rennur úr vatni, sem liggur neðan til við Glámujökul og heitri Eyjavatn, því í því eru smáeyjar 2 eður 3, í hverjum álfstir verpa. Tilheyrandi lönd þessa bæjar liggja sem í nokkrum afkima fjarðarins eður vog, því eitt fjall á norðari síðu gengur fram í fjörðinn: og allt í kringum voginn eru þó fjöll með klettum. En þá upp fyrir þau kemur er þó mikill vegur, hjallar og lautir, upp að aðaljöklinum, Glámu, sem liggur fyrir öllum botnunum fjarðanna, frá Ísafjarðardjúpi að Barðaströnd og nær suður í Múlasókn. Viða er þar á þessu plássi fyrir neðan fjöllin skógur góður og hagi fyrir sauð, og á vetrardag góður útigangur.³⁹⁹

Landamerkjabréf Dynjanda er dags. 25. maí 1922, þar sem merkjum er lýst:

Að norðanverðu: Úr Meðalnestá og austur í Glámufjallgarð austur eftir Meðalnesfjalli, efit því, sem vötnum hallar að Dynjandavog. Að innanverðu þverbein sjónhending á fjall upp úr svo nefndri Deild á Urðarhlíð því næst austureftir fjallinu austur á Glámufjallgarð, eftir því sem vötnum hallar að Dynjandivog.

x. *Borg*

Í sóknarlýsingu Vestfjarða segir um Borg:

Þess hlíð [Meðalnesfjall] er farin inn að botni fjarðarins, þeim nyrðri. Þar rennur smá á úr fjalli eður yfir þá sjáanlegu fjallsbrún, sem heitir Mjólká, tvíkvísluð, en þó ei í fossum, því fjallið er hallt. Norðan til við ána er bær einn, sem heitir Borg. Undirlendi er þá nokkuð og pláss fram undir fjöllin að Glámu, sem ekki eru há, heldur með hjöllum og sumstaðar klettabeltum. Þar fást fjallagrös og geitaskóf, þegar það væri iðkað og leysir vel snjóa. Skógur er nægur þar til kola og eldsneytis, en graslendi mikið lítið. Útigangur á vetrum sœmilegur, en sérlega illviðrasamt, þá stormar blása af austri og suðaustri, svo fjárskaði hefur þar oft borið af veðrum, sem hrakið haf í sjó.⁴⁰⁰

Landamerkjabréf Borgar er dags. 10. janúar 1922, þar sem merkjum er lýst:

Að norðanverðu ræður Hófsá landamerkjum frá upptökum til ósa. Að sunnanverðu eru landamerki bein sjónhending úr Meðalnestá á fjall upp, þaðan eftir meðalnesfjalli og austur í Glámufjallgarð að upptökum Hófsár alt eftir þar, sem vötnum hallar til Borgarlands.

xi. *Rauðstaðir*

Í sóknarlýsingu Vestfjarða segir m.a. um Rauðstaði:

Hafa þar verið ein beztu slægjulönd fram eftir firðinum, sem svo er kallað, eins skógarland gott upp í hlíðum. Var fyrrum þar bær fyrir framan, sem hét Skjalfönn, en nú engin. Frá þessum bæ fram með Hofsá, liggur leið yfir Glámujökul, upp úr Arnarfjarðarskarðinu. Heitir hæð ein, þá upp á fjallið er komið, Sjónfrið. Sést af henni norður á Ísafjarðardjúp,

³⁹⁹ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samþand vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 19.

⁴⁰⁰ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samþand vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 20.

og einninn hverja, stefnu skal taka ofan í ýmsar fjörður þar, t.d. Mjóafjörð, Skötufjörð og Vatnsfjörð. Fór Þorvaldur þann veg frá Vatnsfirði, þegar hann hafði það eyrindi að drepa valmennið Rafn Sveinbjarnarson á Eyri við Arnarfjörð. Frá þessari hæð, sem nefnd var Sjónfríð, byrjar fjallgarðurinn aftur norðan fram við Arnarfjörðinn, ekki mjög breiður til Dýrafjarðar. Standa nokkurnveginn á botnar fjarðanna. Þessi fjallgarður frá Sjónfríð liggur út eftir, vissa mílu vegar með firðinum. Hann er að hæð samsvara öðrum fjöllunum, hnjklaus. Undirlendið, norðan fram Arnarfjarðar, er allstaðar lítið, því skaða skriðurnar svo mikið graslendið, því ei stöðvast þær fyrr en í fjöru eður sjó. Svo eru t.d. jörðin Rauðstaðir orðin tvísýn af skrifum og árennsli, að menn eru farnir að taka í eftirþanka að búa þar og meir en hálfpartur engja ónýtur.⁴⁰¹

Landamerkjabréf Rauðstaða er dags. 29. maí 1884, þar sem merkjum er lýst:

Milli Rauðstaða og hjálleggjandi jarða, sem er Hjallkárseyri að utanverðu og Borg að innanverðu, eru þessi: a. Að utanverðu er svonefnd Grjóteyri, eins og hún vísa til frá sjó, í upp eptir svo nefndu Grjóteyrargili á fjall upp milli Rauðstaða og Hjallsárseyrar, og b. Að innanverðu er svo nefnd Hófá eða Hófsá í Rauðstaðafirði eptir miðju vatni hennar, eins og hún liggur frá sjó á fjall upp milli Rauðstaða og Borgar.

xii. Lambastaðafall Súðavíkurhreppi

Vísað er til umfjöllunar um Lambastaðafall í Súðavíkurhreppi undir kafla 4.3.1.

xiii. Almenningar Ögurhrepps

Vísað er til umfjöllunar um Almenninga Ögurhrepps undir kafla 4.3.6.

4.3.5. Hestfjarðarkot

i. Sérstaklega um kröfusvæðið

Í máldaga Péturskirkju á Eyri í Seyðisfirði frá 1327 segir m.a.

Peturz kirkia a eyri j seydisfirdi á þriðjung j heimalandi, lannd á eidi [...] afreit a vesturheidar so morgu gelldfe sem sá á er á eyri býr.⁴⁰²

Það sama segir í máldaga Péturskirkju á Eyri í Seyðisfirði frá 1460.

Hestfirði er lýst með eftirfarandi hætti í sóknarlýsing Vestfjarða:

Eiði, 6 Hdr. Skógarjörð, með litlum slægjum. Þá er kirkjuland Eyrar, inn að almenningi Súðavíkurhrepps. Í honum við botn Hestfjarðar stendur: Hestfjarðarkot, 6 Hdr. Kristfjárjörð hreppsins. Hverrar árlegt afgjald er 20 pund smjörs og 2 vættir á landsvísu,

⁴⁰¹ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 21-22.

⁴⁰² Íslenskt fornbréfasafn. II bindi, bls. 616.

sem færist til fátæktrasjóðs hreppsins. Þar hefur áður bænhús verið. Þar er grastekja og vegur til Dýrafjarðarbotns. Við langána í Hestfirði skilja sóknirnar. Þar eru réttir hreppsins.⁴⁰³

Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns kemur fram í lýsingu jarðarinnar Eyri í Eyrarsókn að jörðin eigi afrétt á vesturheiðum með Hestfirði so mörgu geldfje sem sá á, er á Eyri býr. Þessa ítaks hefur staðurinn notið átölulaust.⁴⁰⁴ Hins vegar kemur einnig fram að „afrjett fyrir lömb og geldfje brúkar þessi sveit öngva, heldur gengur það í búafjárhögum og fjöllunum þar upp frá á hvörri jörðu. Naut og hesta hafa menn rekið stundum á fjöllin upp frá Hestfirði og hafa þar þó öngvan vissan toll fyrir goldið heldur óakveðinn líttill góðvilja Hestfjarðarábúanda, sumir ekkert.⁴⁰⁵

Kröfusvæðinu er lýst í árbók Ferðafélags Íslands frá 1948 þar sem segir m.a.:

Dálítið undirlendi er fyrir fjarðarbotninum, og rennur eftir því svonefnd Fjarðará, sem kemur af Austurdöllum og Vesturdöllum upp frá botni fjarðarins. Ekki er þó þar um að ræða neina eiginlega dali, heldur aðeins lægðir í fjalllendið, er hækkar ört og bunguvaxið upp til heiðarinnar. Landið er á þessum slóðum nálega klettalaust, og heitir þarna Hestfjarðarheiði. Við fjarðarhornið hið vestra er Hestfjarðarkot, gömul kristfjárjörð, sem lengi hefur verið í eyði, og er landið nú afréttur.⁴⁰⁶

ii. Meiri Hattardalur

Ekki er fjallað sérstaklega um Meiri Hattardal í sóknarlýsingu Vestfjarða.

Landamerkjabréf Meiri Hattardals er dags. 8. júní 1883, þar sem merkjum er lýst:

Land jarðarinnar liggur austan fram með Álptafirði út að hamri þeim, er liggur fram í sjó utan til á miðri Sjötúnahlíð. Hamar þessi er veggmyndaður klettur, sem gengur upp í bakkana og fram í sjóinn, svo að ekki verður riðið fyrir framan um flóð, og er enginn slíkur hamar á Sjötúnahlíð. Ladamerkin eru beina stefnu frá hamrinum upp fjallshlíðina til efstu brúnar. Að sunnan frá honum á jörðin land austan fram með dalnum að á þeirri, sem rennur eftir miðjum dalnum og ofan til sjávar milli Hattardalsbæjanna. Þessi aðalá skiptir löndum, þangað til komið er töluverðan kipp fram fyrir svo kallaðar þverár, er þá farið eftir stærstu kvísl árinnar sem rennur undan miðju fjallshorninu, svo kölluðum Bessa. Merki þessi eru aðalmerki jarðarinnar. Ítök í þessu landi eru sem hér greinir: Bændaeignin Hattardalskot, sem stendur utarlega í túninu. Landamerki þess eru nálægt því miðja vega milli bæjanna í svo kallaðri Merkjalág, liggja beint eftir miðri láginni og í réttri línu niður til árinnar og upp undir hlíðina. Síðan á Hattardalskotið land út að svo kölluðum Landamerkjalaek, sem rennur til sjávar að sunnanverðu við Hellutanga. Þar að auki á það slægnablettinn Grænumýri, enn fremur lítilförlægla smátungu austast á lægri

⁴⁰³ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 134-135.

⁴⁰⁴ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Ísafjarðar- og Strandasýslur (VII. bindi), bls. 181.

⁴⁰⁵ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Ísafjarðar- og Strandasýslur (VII. bindi), bls. 187.

⁴⁰⁶ Árbók Ferðafélags Íslands 1949, bls. 75.

Girðisbrekku neðan undir svo kölluðu Langholti, og ennþá einn lítinn blett á lægsta Bandi fyrir framan Þverá fram að svörtu þúfu. Allir þessir blettir eru merktir með stórum steinum. Svo á Hattardalskot óskipt beitisland og skóg að tiltölu við heimajörðina epti jarðarhæð. Pessum landamerkjum hefir verið þinglesið.

iii. Kleifar í Seyðisfirði

Landamerkjabréf Kleifar er dags. í júní 1921 þar sem merkjum er lýst:

Vestan fjarðar millum Uppsala og Kleifa skiftir löndum lækur sá, er rennur frá fjallsbrún niður utanvert við háu Kleifar niður í gegnum svokallaðan Sporð og til sjávar. Fyrir fjarðarbotni milli Eiðis og Kleifa skiftir löndum Silungalækur og úr Silungalæk bein lína yfir hjallann fyrir ofan húsin í Fjarðarhorni og meðfram girðingu í merkjavörðu á austurenda hjallsins. Frá nefndri merkjavörðu bein lína út og upp í Stein á fjallsbrún (björgum) merktur L. Utan fjarðar, millum Fóts og Kleifa, skiftir löndum steinn ofanvert á miðri Hrúteyri merktur LM þannig að vinkilrétt bein lína vísar merkin frá nefndum merkjasteini til fjalls og sjávar.

v. Eyði

Landamerkjabréf Eyðis er dags. í júní 1921 þar sem merkjum er lýst:

Eyði í Súðavíkurhreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu á land frá Kofunefi að innan svo að svo nefndum Brosmusteiini að utan milli Eiðis og Hests frá fjöru beina sjónhendingu til fjalls. Fyrir botni Seyðisfjarðar ræður merkjum Silungalækur til fjalls, og úr Silungarlæk bein lína út hjallann fyrir ofan húsin í Fjarðarhorni og meðfram girðingu í merkjavörðu á utanvert hjallans. Frá nefndri merkjavörðu bein lína út og upp á Stein á fjallsbrún (Gjögur) merktur L.

4.3.6. Almenningar Ögurhrepps

i. Sérstaklega um kröfusvæðið

Ögursókn er lýst á eftirfarandi hátt í sóknarlýsingu Vestfjarða:

Hestfjörður austan fram. Austanfram langárinnar í Hestfirði er almenningur Ögursveitar og upprekstrarland, út að Geitahvammsá. Þar byrjar ábuðarland Hvítaness. Í því miðju er selstaða og vetrarhús fyrir 200 fjár, grisjuskógar og mosabeit, en litlar slægjur. Engin byggð er þar önnur.⁴⁰⁷

ii. Hvítanes

Í sóknarlýsingu Vestfjarða er fjallað um Hvítanes:

Hvítanes, 24 Hdr. Hún stendur austanvert á nesinu, hefur stórt tún og ógrasgefið víðlendi mikið og fjörubeit allgóða, með fjármanni góðum, og trégrindum í öllum fjárhúsum.

⁴⁰⁷ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 135.

Haustréttir sveitarinnar eru þar um miðjan september. Róið er þar á fjörðum á sumrum fyrir fisk og spröku. Kópaveiðið var þar áður, en af skotum stórskemmd, lítur þó heldur út til batnaðar, síðar friðlýsingar komu. Eyri er þar fyrir innan bæinn (Traðareyri). Góð skipaleiga í norðan átt. Húsað er þar allvel.⁴⁰⁸

Landamerkjabréf Hvítaness er dags. í desember 1883, þar sem merkjum er lýst:

1 – Markeyri heitir í Skötufirði miðja vega milli Eyrar og Hvítanesi, innanverðu á eyri þessari er lítt lækur og forn merkjagarður, sést víða úr fjallsbrún í þennan læk. Þetta hafa verið talin skýlaus merki milli þessara jarða Geitahvammur heitir í Hestfirði, eptir honum rennur gil úr fjallsbrún í sjó. Hér er gil þetta talið skýlaus landamerki. 3 – Á fjalli uppi ræður skálína í sjónhending milli merkja á fjallsbrúninni. Land jarðar þessarar er allt nesið frá þessari línu útúr milli Hests og Skötufjarðar ásamt skerjum og gryningum kringum allt nes þetta. 4 – Ítok í landareign þessarar jarðar eiga engin. Þar á móti á þessi jörð að jöfnum jörðum við aðrar jarðir hreppsins tilkall til almenninga hreppsins.

iii. Eyri í Skötufirði

Í sóknarlýsingu Vestfjarða segir um Eyri:

Eyri, 18 Hdr. Hún er innst í Skötufirði vestan fram, allgóð jörð, en hlunnindalaus að öðru, nema þá róið er á fjörðinn.⁴⁰⁹

Landamerkjabréf Eyrar er dagsett í desember 1883 þar sem merkjum er lýst:

1. Að utanverðu, það er milli Eyrar og Hvítaness heitir Markeyri, þar er hlaðinn garður í forntíð er víða sjest glöggt uppí fjallsbrún og er vafalaus merkjagarður.
2. Að innanverðu, það er milli Eyrar og Kleifa heitir Ytri-Krosshryggur er sjest frá fjalli til fjöru: þessi hryggur hefur verið í nútíðar mannaminnum talin skýlaus landamerki.
3. Á fjalli uppi ræður langlína eptir miðju fjalli eptir sem vötnum hallar.
4. Ítok er øðrum jörðum fylgja í landi þessarar jarðar eru engin. En þessi jörð á frían upprekstur í almenningum hreppsins.

iv. Kleifar í Skötufirði

Í sóknarlýsingu Vestfjarða segir um Kleifar:

Kleifar, 6 Hdr. Hún er innst í Skötufirði vestan fram. Hún hefur góðan skóg og er mikið góð fyrir sauðopening. Grastekja er þar og silungaveiði í ósnum, er að langánni liggur.⁴¹⁰

⁴⁰⁸ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 135-136.

⁴⁰⁹ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 136.

⁴¹⁰ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 136.

Fyrir liggur að ekki hefur verið gert landamerkjabréf fyrir Kleifa, sbr. dómu Hæstaréttar Íslands í máli nr. 487/2007.

4.3.7. Kleifarkot og almenningar í Ísafirði

i. Sérstaklega um kröfusvæðið

Í sóknarlýsingu Vestfjarða er ekki fjallað sérstaklega um jarðir í Vatnsfjarðarsveit, heldur er sókninni lýst almennt. Í lýsingunni segir m.a: „Gelfjárrekstur er úr báðum fjarðarbotnum.⁴¹¹

Í lýsingu jarðabókar Árna Magnússonar og Páls Vídalíns á Eyri í Ísafirði segir m.a.:

Naut þessarar sveitar innbúendur rekið og reka látið á Hvanneyrardal og Miðdal og afréttarlandið fram af Ísafirði, og hefur presturinn hjer að Vatnsfirði leyft þennan upprekstur af góðvilja eður fyrir litla greiðasemi en ei ákveðinn toll, því sú afrjett er kölluð kirkjunnar land.⁴¹²

Þá segir í jarðabók í lýsingu Glámuwalla á Lángadalsströnd:

Glámuvellir heitir fornt eyðiból fremst í botninum á dalnum, sem gengur fram af Ísafirði austan fram við ána, og sjást hjer enn nú ljós <merki> tóttu og girðingaleifa, en ekki vita menn annað til þess að hjer hafi bygð verið. Ekki má hjer aftur byggja fyrir heyskaparleysi, því land er mjög í hrjóstur komið, og túnið, sem verið hefur, rifhrísi og víðir vaxið. Þetta land brúkar nú enginn sjerlega nema þá bændur úr þessari sveit og Vatnsfjarðarsveit láta reka þángarð gelfje, lömb eður naut, sem þó er mjög svipult og ekki almenn venja, gjalda þó öngvan toll þar fyrir, nema hvað þeir kunna að forlíka við þá bændur, sem á tvær hendur næst við eyðidalinn búa.⁴¹³

Í árbók Ferðafélags Íslands frá 1949 er Ísafirði og kröfusvæðinu lýst, en þar segir m.a.:

Vestari hlíðin er allklettótt sums staðar með djúpum hamragiljum, og er Hestkleifargil þeirra mest, sem Hestkleifarvegurinn, frá Mjóafirði til Ísafjarðar, liggur ofan með. Er þar bratt niður og víða tæpt á gilbarminum. Á öðrum stöðum er hlíðin mjög vaxin skógi og háu, þroskamiklu grasi. Austurhlíðin er hærri og mun gróðurminni, mest megnis berar og blásnar grjótskriður eða klettar. Endar hún í múla einum miklum, sem kallast Kleifarkotsmúli, milli Ísafjarðardals og Gerfidals, sem gengur suður í fjöllin frá fjarðarhorninu hinu eystra fram til Skálmardalsheiðar. Þrír litlir hálendisdalir skerast suður í fjöllin frá undirlendinu, en brattir, kollóttir múlar á milli. Heita þeir Torfadalar, Miðdalur og Hvanneyrardalur og múlarnir samnefndir hverjum sínum dal. Á fellur í

⁴¹¹ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 140.

⁴¹² Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Ísafjarðar- og Strandasýslur (VII. bindi), bls. 223.

⁴¹³ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Ísafjarðar- og Strandasýslur (VII. bindi), bls. 224.

fjarðarbotninn, og nefnist hún Ísafjarðará. Land þetta er nú afréttur og upprekstrarland Vatnsfjarðarsveitar.⁴¹⁴

ii. Botn

Landamerkjabréf Botns er dags. 20. nóvember 1885, þar sem merkjum er lýst:

Að norðanverðu frá sjó Raplalág og frá henni sem vötnum hallar á báða vegi fram eptir Botnsfjalli upp í Glámujökul, svo fyrir öll daladrög suður fyrir Bessadal, þaðan fyrir sunnan Bessadal, sem vötnum hallar á báða vegi eptir fjallinu úteptir að Hvannagljúfragili og eptir því í Bessadalsá og hún til sjávar.

iii. Kleifarkot í Mjóafirði

Landamerkjabréf Kleifakots er dags. 8. júní 1886 þar sem merkjum er lýst:

Frá sjó austanverðu fjarðarins er Skeiðá uppí Steiðárvatni og uppí hæstu Alptaborgir, þaðan fram fjall, eins og vötnum hallar á báða vegu að Hvanngljúfragili það ofaní Bessadalsá og hún til sjávar.

iv. Eyri í Ísafirði

Landamerkjabréf Eyrar er dags. 5. júní 1889, þar sem merkjum er lýst:

Að utanverðu í Laugará frá sjó í svokallað Parts-vatn, svo í læk, sem rennur í nefnt vatn, þaðan beina stefnu í Ennisborg, og af Ennisborg í Púfuvörðu, sem er austanvert við svo nefndar Prívvörður, þaðan fram í ytri Langavatns-enda og Álftaborgir, úr því sem vötnum hallar til fjalls. Að framanverðu í Hestakleifargil í Ísafjarðará.

v. Kleifarkot í Ísafirði

Landamerkjabréf Kleifarkots er dags. 4. október 1889, þar sem merkjum er lýst:

Að utanverðu Gervidalsá fram á Butraldabrekku, þaðan fram eptir fjallinu, eins og vötnum hallar að Ísafjarðará.

vi. Gervidalur

Landamerkjabréf Gervidals er dags. 4. október 1889, þar sem merkjum er lýst:

Að utanverðu á Álpta Króará neðan frá sjó og í Búrfell. Að innanverðu í Gervidalsá fram á Burtaldabrekku. Að ofanverðu, eins og vötnum hallar.

vii. Skálmadalsheiði

Vísað er til umfjöllunar um Skálmadalsheiði í kröfulýsingu Íslenska ríkisins á svæði 10 C, dags. 15. apríl 2019, á bls. 17-24.

⁴¹⁴ Árbók Ferðafélags Íslands 1949, bls. 107.

viii. Vatnsfjörður – friðland

Vísað er til umfjöllunar um friðland Vatnsfjarðar í kröfulýsingu Íslenska ríkisins á svæði 10 C, dags. 15. apríl 2019, á bls. 23.

ix. Dynjandi

Landamerkjabréf Dynjanda er dags. 25. maí 1922 þar sem merkjum er lýst:

Að norðanverðu: Úr Meðalnestá og austur í Glámufjallgarð austur eftir Meðalnesfjalli, eftir því, sem vötnum hallar að Dynjandavog. Að innanverðu þverbein sjónhending á fjall upp úr svo nefndri Deild á Urðarhlíð því næst austureftir fjallinu austur á Glámufjallgarð, eftir því sem vötnum hallar að Dynjandivog.

x. Borg

Landamerkjabréf Borgar er dags. 10. janúar 1922 þar sem merkjum er lýst:

Að norðanverðu ræður Hófsá landamerkjum frá upptökum til ósa. Að sunnanverðu eru landamerki bein sjónhending úr Meðalnestá á fjall upp, þaðan eftir meðalnesfjalli og austur í Glámufjallgarð að upptökum Hófsár alt eftir þar, sem vötnum hallar til Borgarlands.

xi. Rauðstaðir

Í sóknarlýsingu Vestfjarða segir m.a. um Rauðstaði:

Hafa þar verið ein beztu slægjulönd fram eftir firðinum, sem svo er kallað, eins skógarland gott upp í hlíðum. Var fyrrum þar bær fyrir framan, sem hét Skjalfönn, en nú engin. Frá þessum bæ fram með Hofsá, liggar leið yfir Glámujökul, upp úr Arnarfjarðarskarðinu. Heitir hæð ein, þá upp á fjallið er komið, Sjónfríð. Sést af henni norður á Ísafjarðardjúp, og einninn hverja, stefnu skal taka ofan í ýmsar fjörður þar, t.d. Mjóafjörð, Skötufjörð og Vatnsfjörð. [...] Frá þessari hæð, sem nefnd var Sjónfríð, byrjar fjallgarðurinn aftur norðan fram við Arnarfjörðinn, ekki mjög breiður til Dýrafjarðar. Standa nokkurnveginn á botnar fjarðanna. Þessi fjallgarður frá Sjónfríð liggar út eftir, vissa mílu vegar með firðinum. Hann er að hæð samsvara öðrum fjöllum, hnjklaus. Undirlendið, norðan fram Arnarfjarðar, er allstaðar lítið, því skaða skriðurnar svo mikið graslendið, því ei stöðvast þær fyrr en í fjöru eður sjó. Svo eru t.d. jörðin Rauðstaðir orðin tvísýn af skrifum og árennsli, að menn eru farnir að taka í eftirþanka að búa þar og meir en hálfpartur engja ónýtur.⁴¹⁵

Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir m.a. um Rauðstaði:

⁴¹⁵ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 20-21.

Útgángur er lakur [...] Túninu hafa skriður spilt stórlega, og er því enn nú mjög hætt. Engjarnar spillast og nokkuð sumstaðar af skriðum [...] Hætt sýnist bænum fyrir skriðum, sem á túnið hefur gengið, þó hefur það híngað til ekki stórum að meini orðið.⁴¹⁶

Landamerkjabréf Rauðstaða er dags. 27. september 1839 þar sem merkjum jarðarinnar er lýst:

Milli Rauðstaða og hjálleggjandi jarða, sem er Hjallkárseyri að utanverðu og Borg að innanverðu, eru þessi: a. Að utanverðu er svonefnd Grjóteyri, eins og hún vísa til frá sjó, í upp eptir svo nefndu Grjóteyrargili á fjall upp milli Rauðstaða og Hjallsárseyrar, og b. Að innanverðu er svo nefnd Hófá eða Hófsá í Rauðstaðafirði eptir miðju vatni hennar, eins og hún liggur frá sjó á fjall upp milli Rauðstaða og Borgar.

xii. *Stóri Kambur*

Vísað er til umfjöllunar um kröfusvæðið Stóri Kambur undir kafla 4.3.4.

4.4. Strandabyggð

4.4.1. Hafnardalur, Nauteyri, Rauðamýri og Tunga

i. *Hafnardalur*

Landamerkjabréf Hafnardals er dags. 21. maí 1890 þar sem merkjum er lýst:

Að innanverðu er Hafnardalsá landamerki milli Hafnardals og Nauteyrar, milli Hafnardals og Hallstaða eru lækur úr Stóraskarði til sjáfar unnan til við Hokinseyri, úr skarðinu í Landamerkjavörðu, við Blæfadalsá, ræður svo Blæfadalsá landamerkjum milli Hamars og Hafnardals upp í Máfavatn og úr síðstu lækjum, er renna í Mafavatn beina sjónhending í Grástein.

ii. *Nauteyri*

Landamerkjabréf Nauteyrar er dags. 21. maí 1890 þar sem merkjum er lýst:

Landamerki fyrir Nauteyri, að sunnanverðu ræður Þverá í milli Rauðamýrar frá sjó og til fjalls, en að utan á milli Hafnardals ræður Hafnardalsá frá fjalli til fjöru.

iii. *Rauðamýri*

Landamerkjabréf Rauðumýrar er dags. 21. maí 1890 þar sem merkjum er lýst:

Að sunnanverðu ræður Hraundalsá niður í Langadalsá til sjáfar, en að utan og norðan Þverá frá sjó og til fjalls.

iv. *Tunga og Gröf*

Landamerkjabréf Tungu er dags. 2. febrúar 1892 þar sem merkjum er lýst:

⁴¹⁶ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Ísafjarðar- og Strandasýslur (VII. bindi), bls. 12.

Kvannadalsá greinir landamerki á milli Rauðamýrar og Tungu, fremst úr Kvannadal og niður að Langadalsá, og á milli Tungu og Arngerðareyrar ræður Langadalsá, en á milli Neðri-Bakka og Tungu eru landamerkin: vörður, sem hlaðnar eru, af fremra melshorni og sjónhending upp á brún austanhalt við svokallaðan Sjónarhól, þaðan í Stakksteina niður að Láfadalsá, frá Lágadalsá, austanvert, úr Þverkvísl og beint í Tröllholt, upp á brúninni, þaðan fram sem vötnum hallar (þar með talin til Tungu: Lágadals vatnadalur) og í Bæjardalsá fram.

v. *Lágidalur*

Landamerkjabréf Lágadals er dags. 5. júní 1889 þar sem merkjum er lýst:

Niðri á dalnum eru 2 stórir steinar með vörðum á við Langadalsá, og byrja þar landamerki að neðanverðu í þverkvísi, og bein sjónhending úr þverkvíslinni í Tröllholt upp í brúninni, og þaðan sjónhending í Vatnshlíð, og þaðan fram, eins og vötnum hallar, sem renna í Bæjardal og Miðdal, og vestan til við Miðdal út eptir hæstri kúlu og í vörðubrot á brúninni, og sjónhending í Heyhól, og sjónhending þaðan, og yfir á háháls, og út eptir hásinum, eptir því sem halla til beggja hlíða, og út það, þar til sjónhending er úr áðurnefndum tveim stórum steinum, og upp á hálsbrún.

vi. *Staður*

Landamerkjabréf fyrir Stað liggur ekki fyrir.

vii. *Ófeigsfjörður*

Landamerkjabréf Ófeigsfjarðar er dags. 2. júlí 1890 þar sem merkjum er lýst:

Land jardarinnar er frá Helgaskjóli og nordur ad Eyvindarfjardará og eru þar skír landamerki, fram til fjalls á Ófeigsfjördur svo langt sem vötnum hallar að Ófeigsfjarðarlandi og liggur því undir Ófeigsfjörð allur Húsadalur og allur Sýrárdalur út á Seljanesmúla ad vördum þeim, sem skilja milli Ófeigsfjardar og Seljaneslands. Á sjó á Ófeigsfjördur út þangað til Helgaskjól er ad bera í landamerkjavördu, sem þar er uppi á múlanum, þ.e. Ófeigsfjörður á nokkuð lengra á sjó útteptir en á landi. Undir Ófeigsfjörð liggur allur reki frá Helgaskjóli norður ad Hvalá og svo frá Dagverdardalsá nordur í nyrdri klettinn fyrir nordan Hrúteyjarnes og þekkist hann af því, að skip fljóta að honum um flóð og fjöru, en fjarar út langt fram fyrir klettinn, sem er nær nestánni. Frá þessum tilgreinda nyrdra kletti nordur að Vothellum liggur allur viðarreki undir Breiðabólstaðarkirkju í Vesturhópi í Húnavatssýslu. Frá Vothellum innað Eyvindarfjarðará liggur allur viðarreki undir Pingeyraklaustur svo er og viðarreki á svædinu frá Dagverðardals á ad Hvalá. Varplönd, sem liggja undir Ófeigsfjörð eru: Hrútey skammt undan landi Ófeigsfjarðarmeginn vid Hrúteyjarnes og hólmi, skammt undan landi innst á firdinum.

Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir m.a. um Ófeigsfjörð:

Jarðardýrleiki xxiiii hndr. Jarðareigendur, að xiii hndr. Sveinn Jónsson á Krossnesi, að v hndr. Sr. Halldór Magnússon að Kaldaðarnesi, að vi hndr. Jón Árnason skólameistari. Jörðin liggur í eyði. [...] Í rekanum hafa öðrum verið og eru eignuð þessi ítök, Árnессkirkju

tíundi partur úr öllum hvöllum, ut supra á Dröngum. Helgafellskirkju eftir máldaga í Básum hálfur reki, allur milli Hrúteyjarkleifar og Merkihamars, hefur þó kirkjan aldrei þess notið so menn viti. Klastrinu á Þíngeyrum alt norður til Merkihamars í Ófeigsfirði hálfur viðreki og þrír hlutir í hálfum hval, en frá Merkihamri til Hvalár fjórðúngur í hvalreka, frá Hvalá og til Dögurðardalsár allur reki hvala og viða, en undan Hrúteyjarkleif og til Eyvindarfjarðarár allur viðreki og þrír hlutir í hálfum hval við Stafholt. Breiðabólstaðarkirkju í Vesturhópi er eignað sama og Helgafellskirkju, og það tekur Jón Magnússon á Reykjanesi hennar vegna ef uppber. [...] Selstaða hefur þar verið að fornu á Húsadal, lángvarandi aldrei brúkuð, til hennar er lángt. Önnur er þar, hún er kostalítill og mjög lángt til, og á selveginum ein á kölluð Hvalá, jafnlega ófær í vatnavöxtum. [...] Þar er fyrir landi hólmi einn nafnlauns. Í hönum er eggver og dúntekja varla ómaksvert. Ey er þar ein fyrir landi, kölluð Hrútey. Í henni verpur ekkert, því hrafn í björgum þar fyrir ofan fælir burt allan fugl. Sker eru þar fyrir landi kölluð Ófeigsfjarðarsker. Í þeim má stundum hafa selveiði þá til vill, og einu sinni hefur á þeim fest óþekkjanlegt hvalbrots tetur. Í heimalandi hefur verið gamalt býli, kallað Strandatun. Þar sjest til tófta en túngarð ekki. Af því verður ekkert gagn haft og kann ekki að byggjast vegna slægnaleysis og skaða heimajarðarinnar.

Nánar er vísað til ítarlegrar umfjöllunar um Ófeigsfjörð í úrskurð Óbyggðanefndar í máli nr. 1/2019 frá 21. febrúar 2020.

viii. *Hraundalur*

Landamerkjabréf Hraundals er dags. 13. júlí 1890 þar sem merkjum er lýst:

Milli Langadals og Hraundals vestan til við Hraundalsá er lækur framan til við Yðufossvörðu og beina sjónhending úr honum götunni neðan Magnúsarrjóður upp í Miðkrossdý og þaðan sjónhending upp á háls sem vötnum hallar. En vestan til við Hraundalsá er lækur framan til við Stórhól af brún og ofan í Hraundalsá og fram fjall sem vötnum hallar að Hraundal og að vestan sem vötnum hallar að Hraundal ofan að fyrrgreindum merkjum milli Laugalands. En stykkið frá Hringfellsá og ofan að merkjum milli Laugalands og Hraundals á Melgraseyri

4.4.2. Drangajökull (Ármúli, Skjalfdfönn og Laugaland)

i. *Sérstaklega um kröfusvæðið*

Í sóknarlýsingu Vestfjarða segir m.a. um Snæfjallaströnd:

Fjallgarður þessi heitir með réttu Snæfjöll einu nafni, en skiptist þó eftir bæjarnöfnum á ströndinni. Ofan er hann gras- og gróðurlaus og tekur loks heima í Drangajökli, nema hvað Grunnavíkursveit seilist nokkuð inn með honum frá Djúpinu til landsuðurs fyrir norðan Bjarnanúp. Fjöll þessi eru víða brött, klettótt og fönnum sett. 3 Drangajökull, sem líka kallast Lónjökull, nær til flatlendis niður í botn Kaldalóns, og sést hann þar frá Lónseyri, ljósgrár, eða bláleitur á lit. Hann liggur sem sagt er, bakvið alla Snæfjallaströndina og niður í Lónsfjörð í Grunnavíkursveit. Í suður nær hann til

Steingrímsfjarðarheiðar og austur til byggðar á Austur-Ströndum. Allur er hann ofan snjóhvítur og nauðalíkur til að sjá Snæfellsjökli. Hér og hvar er hann gengur, en enginn þjoðvegur liggur samt yfir hann af Snæfjallaströnd. Fremur mun hann aukast en minka á alla vegu sökum áfennis.⁴¹⁷

Í lýsingu Grunnavíkur í sóknarlýsingu Vestfjarða er sókninni lýst með eftirfarandi hætti:

Milli jökulfjarða eru há fjöll grösug með skriðum, sem falla úr hilluklettum, sem ofarlega standa fyrir neðan brúnir. Fjöll þessi liggja í háttnorður, en vegir liggja frá fjarðarbotnum til stranda að fráteknum Leirufirði, hvar mjög hár jökull, sem stundum hleypur, liggur fyrir fjarðarbotninum og nær vestur að Kaldalóni, en austur að Geirhólmi. Pessir áðurnefndu klettar er upphátt hamragrjót með skorum og hellubeltum, ótengt, nema af vel færum mönnum, sumstaðar.⁴¹⁸

ii. Laugaland

Landamerkjabréf fyrir jörðina liggur ekki fyrir.

iii. Skjalfönn

Landamerkjabréf liggur ekki fyrir og hafa ekki fundist né upplýsingar um jörðina í jarðaskjölum Ísafjarðasýslu.

Landamerkjum Skjalfannar og Ármúla er lýst í landamerkjabréfi Ármúla dags. í maí 1892.

iv. Ármúli

Landamerkjabréf Ármúla er dags. í maí 1892, þar sem merkjum er lýst:

Milli Lónseyrar og Ármúla er áin Mórilla landamerki frá Drangjökli til sjávar, en þar sem áin hvíslar sig er nyrsta hvísl hennar ávallt landamerki. Milli Melgraseyrar og Ármúla er Selá landamerki til sjóar. Milli Ármúla og Laugalands er Selá landamerki, en Ármúli á svonefnt Haganes vestanvert við ána, en austanvert við svonefnda Haganeshvísl, hvar Selá rann til forna, og enn sézt meki til. Milli Ármúla og Skjalfannar er landamerki landamerkjalaekur, sem rennur í Selá framan til við svokallaðan Gillishöfða úr svokölluðum landamerkjslautum, þaðan beint upp eptir fjallinu í vörðu, sem á að hlaða á innsta enda á hjallanum, er liggur í beina sjónhendingu af læknum og þaðan beint inn í yzta og hæzta horn á Sjónarhól frá læknum og að hjallanum, þar sem krókur er, á að hlaða fimm vörður.

⁴¹⁷ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 142-143.

⁴¹⁸ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 156.

5. KRÖFULÍNUR OG RÖKSEMDIR

5.1. Almennt

Af hálfu íslenska ríkisins er byggt á því að þau svæði sem hér fara á eftir teljist landsvæði utan eignarlanda í skilningi 2. mgr. 1. gr. laga nr. 58/1998. Þau atriði sem einkum er litið til við skilgreiningu á þjóðlendumörkum á svæði 10b eru heimildir um landnám, jarðir og jarðamörk, ritaðar heimildir, landfræðilegar aðstæður, og önnur atriði sem verður greint frá hér á eftir. Í eftirfarandi umfjöllun um þjóðlendukröfulínur íslenska ríkisins er vikið stuttlega að helstu heimildum er styðja afmörkun þjóðlendukröfulína og sjónarmiðum er búa að baki þeirri afstöðu íslenska ríkisins að um svæði utan eignarlanda sé að ræða. Vísast hér að öðru leyti til fyrri umfjöllunar í kröfulýsingu þessari, þar sem frekari heimilda er getið, þ.á m. um landnám og merki jarða á svæðinu. Eftirfarandi umfjöllun byggir á þeim heimildum er liggja fyrir við gerð kröfulýsingarinnar og ber því ekki að líta svo á að um sé að ræða tæmandi umfjöllun eða rökstuðning fyrir kröfugerð íslenska ríkisins. Að öðru leyti er vísað til almennra sjónarmiða sem gilda í þjóðlendumálum, dómafordæma Hæstaréttar Íslands og til almennra niðurstaða óbyggðanefndar, með viðaukum, sem birtar eru á heimasíðu nefndarinnar.

Rétt þykir að taka fram í upphafi að þegar vísað er í fjallsbrún eða fjallsbrúnir í eftirfarandi kröfulýsingunum er átt við frambrún fjalls þar sem skörp skil eru oft í hæðarlínum s.s. frambrún kletta eða önnur skýr skil, nema annað sé tekið fram. Í slíkum tilvikum eru landfræðilegar aðstæður oft með þeim hætti að innan fjallsbrúnar/fjallsbrúna, þ.e. ofan á fjalli, liggur tiltölulega flatlent svæði eða skýrt afmarkað. Þegar landamerkjum er lýst í fjallsbrún, í fjall eða á fjall er almennt litið svo á í kröfugerðinni að merki jarða séu dregin í fjallsbrúnir, eins og þeim er lýst hér að framan, milli slíkra merkja. Sé merkjum ekki lýst lengra, séu landamerkjalyssingar óskýrar, séu landfræðilegar aðstæður með þeim hætti að svæði séu t.d. lítt aðgengileg, lítt gróin, í töluberðri hæð er víða gerð krafa um að slíkt land, ofan fjallsbrúna, verði lýst þjóðlenda.

Í nokkrum kröfulýsingum er þjóðlendukrafa afmörkuð með hæðarlínu. Er það gert þegar fyrir liggur að um jörð er að ræða en landamerkjalyssing liggur ekki fyrir, er óljós eða óskýr og ekki hægt að draga beina línu milli þekktra punkta þar sem það myndi leiða til niðurstöðu sem ekki væri hægt með sanngirni eða skynsemi að réttlæta og ekki hægt að finna skýra landfræðilega afmörkun sem hægt var að styðja kröfulínu við. Hæðarlína var þá jafnan valin með hliðsjón af þekktum punkti eða punktum í merkjalýsingu og reynt að miða við landshætti s.s. gróðurfar og landslag.

Í einni kröfulýsingu er gerð krafa í 4 jarðir í heild þrátt fyrir að heimildir liggi fyrir um að um sé að ræða jarðir. Tvær þeirra virðast ekki hafa verið byggðar í mjög langan tíma og önnur þeirra nýtt sem afréttur. Merki annarrar þeirrar jarðar eru að auki óskýr. Það á einnig við um merki hinna tveggja. Ekki er hægt með góðu móti að miða kröfulínu við

þekkt merki, hæðarlínur, gróðurfar eða landslag. Vonast er til að merki þessara jarða skýrist við frekari skoðun nefndarinnar og athugasemdir málсаðila.

5.2. Ísafjarðarbær

5.2.1. Skarðsnúpur, Laugabólsfjall og Skálahlíðarfjall

Af hálfu íslenska ríkisins er þess krafist að landsvæði sem nefnt er *Skarðsnúpur, Laugabólsfjall og Skálahlíðarfjall* og nánar er fjallað um í kafla 4.1.1, sé þjóðlenda innan eftirfarandi þjóðlendukröfulínu:

Upphafspunktur er í Skarðsgjótu, sem ræður merkjum Hokinsdals og Laugabóls (1). Þaðan sjónhending í fjallsbrún og eftir fjallsbrún Skarðanúps í þverlæk á fjallsbrún Laugabólsfjalls, sem ræður merkjum Horns og Laugabóls (2). Þaðan áfram eftir fjallsbrún þangað sem Örnólfsgil steypist af brún á Skálahlíðarfjalli, en Örnólfsgil ræður merkjum milli Skóga og Kirkjubóls (3). Þaðan í línu eftir því sem vötnum hallar milli Skóga og Kirkjubóls, eftir Skálahlíðarfjalli, að sveitarfélagamörkum Ísafjarðarbæjar og Vesturbyggðar (4). Þaðan eftir sveitarfélagamörkum í fjallsbrún í Hokinsdal (5). Þaðan ráða fjallsbrúnir í upphafspunkt.

Við afmörkun þjóðlendukröfulínu er fyrst og fremst stuðst við afmörkun á aðliggjandi jörðum samkvæmt landamerkjabréfum þeirra, en um er að ræða jarðirnar Hokinsdal, Laugaból, Horn, Skóga og Kirkjuból. Í þeim tilvikum sem landamerkjabréf eru óskýr eða greina ekki frá landamerkjum með skýrum hætti eru landamerki miðuð við fjallsbrúnir. Jafnframt er miðað við landfræðilega legu hinna aðliggjandi jarða og er miðað við að land innan kröfusvæðis er í um 500m hæð, gróðursnautt og líklega lítt nytjað.

5.2.2. Fjallendi vestan Glámu

Af hálfu íslenska ríkisins er þess krafist að landsvæði sem nefnt er *Fjallendi vestan Glámu* og sem nánar er fjallað um í kafla 4.1.2, sé þjóðlenda innan eftirfarandi þjóðlendukröfulínu:

Upphafspunktur er á hreppamörkum Ísafjarðarbæjar, Vesturbyggðar, Reykhólahrepps og Súðavíkurhreppar í 866 m hæð sunnan við Glámu (1). Þaðan bein sjónhending í upptök Hófsár í Rauðstaðafirði sem skilur á milli Rauðstaða og Borgar (2). Þaðan bein sjónhending í norður til fjalls og þaðan eftir fjallsbrúnnum út með Arnarfirði að efribrún Grjóteyrargils sem skilur á milli milli Rauðstaða og Hjallkárseyrar (3). Þaðan eftir fjallsbrún í strandberg utan til í Hlaðshrygg-gjótu í fjallsbrún og þaðan ráða fjallsbrúnir Stórahjalla til Snjódalsgljúfra sem ræður merkjum milli Hjallkárseyrar og Gljúfurár (4). Þaðan eftir fjallsbrúnum Gljúfurárdals og að upptökum Þorbjarnarár sem ræður merkjum Gljúfurár og Karlsstaða (5). Þaðan eftir

fjallsbrúnum að upptökum Sandeyrargils á Breiðhillu sem ræður landamerkjum milli Karlsstaða og Hrafnseyrar (6). Þaðan eftir fjallsbrúnum sem leið liggur að Breiðhyllu, fyrir Ánarmúla og svo sem leið liggur um Djúpadal, eftir brúnum Selmýrarfjalls, inn með Haugsdal ofan við Fossabrekku, eftir brúnum Grænuhlíðar að Grjótskálar og loks eftir klettabrúnum um Heiðarenni og að þjóðveginum yfir Hrafnseyrarheiði ofan Geldingsár sem ræður landamerkjum Hrafnseyrar og Auðkúlu (7). Þaðan í beinni línu í Þórðarhorn og eftir fjallsbrúnum Skipadals og Geldingsdals að vestanverðu Hvammsfjalli og eftir klettabrúnunum að Brekkuhvilft og loks Brekkuhorns til norðurs og svo til suðurs með austur hlíð Hvammsfjalls og að botni Hvammsdals og eftir því sem fjallsbrúnir ráða að Príhnúkafjalli og svo eftir fjallsbrúnum Ausudals sem leið liggur í innra Ausuhorn sem ræður landamerkjum Hvamms og Ketileyrar (8). Þaðan ráða fjallsbrúnir Ketilseyrardals að hæstu fjallsbrún Töflu sem ræður merkjum milli Ketilseyrar og Kjaransstaða (9). Þaðan ráða fjallsbrúnir Kjaransstaðadals í innri gjánna á Kjaransstaðahorninu, sem ræður merkjum Kjaransstaða og Dranga (10). Þaðan ráða fjallsbrúnir að upptökum Botnsár sem ræður landamerkjum Dranga og Botns (11). Þaðan í beint í sveitarfélagamörk Ísafjarðarbæjar og Súðavíkurhrepps og eftir þeim í upphafspunkt.

Við afmörkun þjóðlendukröfulínu er fyrst og fremst stuðst við afmörkun á aðliggjandi jörðum samkvæmt landamerkjabréfum þeirra, en um er að ræða jarðirnar Rauðstaði, Hjallkárseyri, Gljúfurá, Karlstaði, Hrafnseyri, Auðkúlu, Granda, Brekku, Hvamm, Ketilseyri, Kjaransstaði, Dranga og Botn. Í þeim tilvikum sem landamerkjabréf eru óskýr eða greina ekki frá landamerkjum með skýrum hætti eru landamerki miðuð við fjallsbrúnir. Jafnframt er miðað við landfræðilega legu kröfusvæðis og staðhætti en land innan þess er að mestu í rúmlega 500-800m hæð, gróðursnautt og líklega lítt nytjað.

5.2.3. Veturlandafjall - Skeggi

Af hálfu íslenska ríkisins er þess krafist að landsvæði sem nefnt er *Veturlandafjall – Skeggi*, sem nánar er fjallað um í kafla 4.1.3. sé þjóðlenda innan eftirfarandi þjóðlendukröfulínu:

Upphafspunktur er í fjallsbrún sem er í beinni sjónhendingu í Stapa sem ræður merkjum Hrafnabjarga og Stapadals (1). Þaðan eftir fjallsbrúnum Veturlandafjalls innst í Stapadal og að fjallsbrúnum sem liggja að fremstu daladrögum Haukadals sem ráða merkjum Haukadals (2). Þaðan eftir fjallsbrúnum Skorarfjalls að Skeggja (3). Þaðan ráða fjallsbrúnir í upphafspunkt.

Við afmörkun þjóðlendukröfulínu er fyrst og fremst stuðst við afmörkun á aðliggjandi jörðum samkvæmt landamerkjabréfum þeirra, Stapadals, Hrafnabjarga og Haukadals. Jafnframt er miðað við landfræðilega legu kröfusvæðis og staðhætti en land innan þess er að mestu í rúmlega 600-900m hæð, gróðursnautt og líklega lítt nytjað.

5.2.4. Skjöldur/Bæjarfjall og Þverfjall

Af hálfu íslenska ríkisins er þess krafist að landsvæði sem nefnt er *Skjöldur/Bæjarfjall og Þverfjall*, sem nánar er fjallað um í kafla 4.1.4, sé þjóðlenda innan eftirfarandi þjóðlendukröfulínu:

Upphafspunktur er í Hlíðarstandi stengbergskletti sem er í beinni sjónhendingu í klett niður í fjöru sem kallast Litla barð (1). Þaðan í fjallsbrúnir sem ráða áfram fram Lokinhamradal í landamerki Haukadals á fjallsbrúnum Þverfjalls (2). Þaðan eftir fjallsbrúnum í Hálfdánargjá sem ræður merkjum Arnarnúps og Hrauns í Keldudal (3). Þaðan eftir fjallsbrúnum í upphafspunkt.

Við afmörkun þjóðlendukröfulínu er fyrst og fremst stuðst við afmörkun á aðliggjandi jörðum samkvæmt landamerkjabréfum þeirra, Salvoga, Lokinhamra, Haukadals, Arnarnúps og Hrauns. Jafnframt er miðað við landfræðilega legu kröfusvæðis og staðhætti en land innan þess er að mestu í rúmlega 600m hæð, gróðursnautt og líklega lítt nytjað.

5.2.5. Tóarfjall, Hrafnarhýrna, Helgafell, Skálarfjall og Geldingardalshorn

Af hálfu íslenska ríkisins er þess krafist að landsvæði sem nefnt er *Tóarfjall, Hrafnarhýrna, Helgafell, Skálarfjall og Geldingardalshorn*, sem nánar er fjallað um í kafla 4.1.5, sé þjóðlenda innan eftirfarandi þjóðlendukröfulínu:

Upphafspunktur er í Hafnarskarði sem ræður merkjum Salvoga og Hafnar (1). Þaðan ráða fjallsbrúnir í fjallsbrún sem er í sjónhendingu í uppsprettu lækjar innan til við Ófærunef sem ræður merkjum Hafnar og Hrauns (2). Þaðan eftir fjallsbrúnum í Hundhornsgjótu sem ræður merkjum Hrauns og Skálarár (3). Þaðan í fjallsbrún sem er í sjónhendingu í merkisstein í Hvilstarbrekkum, sem ræður merkjum Skálarár og Saura (4). Þaðan eftir fjallsbrúnum um Geldingshorn og í upphafspunkt.

Við afmörkun þjóðlendukröfulínu er fyrst og fremst stuðst við afmörkun á aðliggjandi jörðum samkvæmt landamerkjabréfum þeirra, Salvoga, Hafnar, Hrauns, Skálarár og Saura. Jafnframt er miðað við landfræðilega legu kröfusvæðis og staðhætti en land innan þess er að í rúmlega 450-810m hæð, gróðursnautt og líklega lítt nytjað.

5.2.6. Eyrarfjall og Seljafjall

Af hálfu íslenska ríkisins er þess krafist að landsvæði sem nefnt er *Eyrarfjall og Seljafjall*, sem nánar er fjallað um í kafla 4.1.6, sé þjóðlenda innan eftirfarandi þjóðlendukröfulínu:

Upphafspunktur er í fjallsbrún sem er í beinni sjónhendingu í Ófærusker sem ræður merkjum Arnarnúps og Sveinseyrar (1). Þaðan ráða fjallsbrúnir Eyrarfjalls að Haukadalsfelli sem ræður merkjum að Haukadal (2). Þaðan ráða fjallsbrúnir Seljafjalls og eftir fjallsbrúnum í Keldudal og í upphafspunkt.

Við afmörkun þjóðlendukröfulínu er fyrst og fremst stuðst við afmörkun á aðliggjandi jörðum samkvæmt landamerkjabréfum þeirra þ.e., Arnarnúps, Sveinseyrar og Haukadals. Jafnframt er miðað við landfræðilega legu kröfusvæðis og staðhætti en land innan þess er lægst í um 500m hæð í allt að tæplega 810m hæð, gróðursnautt og líklega lítt nytjað.

5.2.7. **Þorfinnur**

Af hálfu íslenska ríkisins er þess krafist að landsvæði sem nefnt er *Þorfinnur*, sem nánar er fjallað um í kafla 4.1.7, sé þjóðlenda innan eftirfarandi þjóðlendukröfulínu:

Upphafspunktur er í efstu fjallsbrún Þorfinns ofan við Ófæru í u.p.b. 696m hæð (1). Þaðan ráða fjallsbrúnir ofan við Ófæruhlíð, um Hjarðarskál, um fjallsbrún á austanverðu fjallinu niður í fjallskamb við Manntapsskarð, syðst á fjallinu (2). Þaðan ráða fjallsbrúnir við Tungudal í upphafspunkt.

Við afmörkun þjóðlendukröfulínu er fyrst og fremst stuðst við afmörkun á aðliggjandi jörðum samkvæmt landamerkjabréfum þeirra þ.e. Hjarðardal Ytri, Grafargils og Þorfinnsstaða. Jafnframt er miðað við landfræðilega legu kröfusvæðis og staðhætti en land innan þess er umlukið klettabrúnum og allt í yfir 700m hæð, gróðursnautt og líklega lítt nytjað.

5.2.8. **Holtsfjall**

Af hálfu íslenska ríkisins er þess krafist að landsvæði sem nefnt er *Holtsfjall*, sem nánar er fjallað um í kafla 4.1.8 sé þjóðlenda innan eftirfarandi þjóðlendukröfulínu:

Upphafspunktur er í fjallsbrún Holtsfjalls við þar sem Þórustaðabréf liggur í hæstu fjallsbrún í um 724m hæð (1). Þaðan ráða fjallsbrúnir fyrst ofan við Holtsskál og áfram hringinn í kringum fjallið í upphafspunkt.

Við afmörkun þjóðlendukröfulínu er fyrst og fremst stuðst við afmörkun á aðliggjandi jörðum samkvæmt landamerkjabréfum þeirra þ.e. Holts, Traðar og Hjarðardals – Innri. Jafnframt er miðað við landfræðilega legu kröfusvæðis og staðhátta en land innan þess er umlukið klettabrúnum og allt í yfir 700m hæð, gróðursnautt og líklega lítt nytjað.

5.2.9. Fjallstoppur Kambsfjalls - Messuhorn

Af hálfu íslenska ríkisins er þess krafist að landsvæði sem nefnt er *Fjallstoppur Kambsfjalls – Messuhorn*, sem nánar er fjallað um í kafla 4.1.9, sé þjóðlenda innan eftirfarandi þjóðlendukröfulínu:

Upphafspunktur er í fjallsbrún fjallstopps Kambsfjalls – Messuhorns þar sem kambur Messuhorns tengist fjallsbrún fjallstoppsins austast á fjallstoppnum (1). Þaðan ráða fjallsbrúnir fjallstoppsins þangað sem kambur, sem tengist Holtsfjalli tengist fjallstoppnum (2). Þaðan ráða fjallsbrúnir í upphafspunkt.

Við afmörkun þjóðlendukröfulínu er fyrst og fremst stuðst við afmörkun á aðliggjandi jörðum samkvæmt landamerkjabréfum þeirra Aðliggjandi jarðir eru Holt, Tröð og Hjarðardalur – Innri. Jafnframt er miðað við landfræðilega legu kröfusvæðis og staðhætti en land innan þess er umlukið klettabrúnum og allt í yfir 700m hæð, gróðursnautt og líklega lítt nytjað.

5.2.10. Lambadalsfjall Ísafjarðarbæ

Af hálfu íslenska ríkisins er þess krafist að landsvæði sem nefnt er *Lambadalsfjall í Ísafjarðarbæ*, sem nánar er fjallað um í kafla 4.1.10, **Villa! Uppruni tilvísunar finnst ekki**.sé þjóðlenda innan eftirfarandi þjóðlendukröfulínu:

Upphafspunktur er við upptök Botnsár sem ræður landamerkjum Dranga og Botns (1). Þaðan ráða fjallsbrúnir í klettinn Strendberg sem ræður landamerkjum Botns og Lambadals innri. Þaðan ráða fjallsbrúnir Lambadalshlíðar og fram Lambadal í Tyrfingsskál þar sem Selá á upptök sín, sem ræður merkjum Innri- og Ytri Lambadals (2). Þaðan sem leið liggur fram og út dalinn eftir fjallsbrúnum Tindafjalls í Grafarlæk sem ræður merkjum Ytri Lambadals og Næfraness (3). Þaðan ráða fjallsbrúnir Hjarðardals í hæsta tind Vatna í u.p.b. 808m hæð (4). Þaðan ráða hæstu fjallsbrúnir þar sem vötnum hallar að sveitarfélagsmörkum Ísafjarðarbæjar og Súðavíkurhrepps í Þverfelli við Hestskarð (5). Þaðan eftir sveitarfélagsmörkum Ísafjarðarbæjar og Súðavíkurhrepps og þaðan sjónhending í upphafspunkt eftir sömu línu og lýst er í kröfusvæðinu „Fjalllendi vestan Glámu“.

Við afmörkun þjóðlendukröfulínu er fyrst og fremst stuðst við afmörkun á aðliggjandi jörðum samkvæmt landamerkjabréfum þ.e. Dranga, Botns, Innri Lambadals, Ytri Lambadals, Næfraness, Neðri Hjarðardals, Fremra Hjarðardals, Tungu í Firði og Hests. Jafnframt er miðað við landfræðilega legu kröfusvæðis og staðhætti en land innan þess er lægst í rúmlega 500m hæð í allt að tæplega 1000m hæð, gróðursnautt og líklega lítt nytjað.

5.2.11. Hjarðardalur

Af hálfu íslenska ríkisins er þess krafist að landsvæði sem nefnt er *Hjarðardalur*, sem nánar er fjallað um í kafla 4.1.11, sé þjóðlenda innan eftirfarandi þjóðlendukröfulínu:

Upphafspunktur er í Skolladalsá sem ræður merkjum Fremri Hjarðardals (1). Þaðan eftir miðlinu Skolladalsár í Hjarðardalsá (2). Þaðan eftir miðlinu Hjarðardalsár til móts við Fremra Fannargil (3). Þaðan sjónhending í fremstu fjallsbrún ofan við Fremra Fannargil, þaðan eftir fjallsbrún Hjarðardals í hæsta tind Vatna í u.p.b. 808m hæð, sbr. kröfulínu Lambadalsfjalls í Ísafirði (4). Þaðan eftir hæstu brúnum, eftir því sem vötnum hallar að Hjarðardal í hæstu fjallsbrún Gemlu og þaðan í upphafspunkt.

Við afmörkun þjóðlendukröfulínu er fyrst og fremst stuðst við landamerkjabréf Fremri- og Innri Hjarðardals. Þá er einnig stuðst við landamerkjabréf dags. 24. janúar 1558 þar sem gerð er grein fyrir landamerkjum Neðri Hjarðardals. Ber landamerkjabréfið að afréttarsvæðið sé ekki háð beinum eignarrétti.

5.2.12. Hestfjall

Af hálfu íslenska ríkisins er þess krafist að landsvæði sem nefnt er *Hestfjall*, sem nánar er fjallað um í kafla 4.1.12, sé þjóðlenda innan eftirfarandi þjóðlendukröfulínu:

Upphafspunktur er í fjallsbrún Hestfjalls á sveitarfélagamörkum Ísafjarðarbæjar og Súðavíkurhrepps í um 864m hæð í Korpudal (1). Þaðan á ystu fjallsbrún Hestsfjalls (2). Þaðan eftir fjallsbrún í hreppamörk Ísafjarðarbæjar og Súðavíkurhrepps í Hestskarði í Tungudal (3). Þaðan eftir hreppamörkum í upphafspunkt.

Við afmörkun þjóðlendukröfulínu er fyrst og fremst stuðst við afmörkun jarðarinnar Hests. Jafnframt er miðað við landfræðilega legu kröfusvæðis og staðhætti en land innan þess er lægst í um 650m í allt að tæplega 900m hæð, gróðursnautt og líklega lítt nytjað.

5.2.13. Gemla

Af hálfu íslenska ríkisins er þess krafist að landsvæði sem nefnt er *Gemla*, sem nánar er fjallað um í kafla 4.1.13, sé þjóðlenda innan eftirfarandi þjóðlendukröfulínu:

Upphafspunktur er í upptökum Skolladalsár sem ræður merkjum Fremri Hjarðardals (1). Þaðan eftir fjallsbrún í Hjarðardalsgil sem ræður merkjum Fremri og Neðri Hjarðardals (2). Þaðan eftir fjallsbrún í Grafaldarlæk sem ræður merkjum Neðri Hjarðardals og Gemlufalls (3). Þaðan eftir fjallsbrún í upptök Litludalsár sem ræður merkjum Gemlufalls og Mýrar og Lækjaróss (4). Þaðan í og eftir fjallsbrún í upphafspunkt.

Við afmörkun þjóðlendukröfulínu er fyrst og fremst stuðst við afmörkun á aðliggjandi jörðum samkvæmt landamerkjabréfum þeirra, Fremri Hjarðardals, Neðri Hjarðardals, Gemlufalls, Mýrar og Lækjaróss og Holt í Önundarfirði. Jafnframt er miðað við landfræðilega legu kröfusvæðis og staðhætti en land innan þess er lægst í tæplega 500m hæð í allt að tæplega 730m hæð, gróðursnautt og líklega lítt nytjað.

5.2.14. Klukkulandsfjall, Heiðarhorn, Veturlandafjall Lágfjall, Þverfell, Klúkuheiði, Brekkufjall, Tafla, Hrafnskálarnúpur, Lambaskál, Hörðdalshorn, Vatnahvilftarhorn, Torfhorn, Miðmundarfjall, Kaldbakur og Flatfjall.

Af hálfu íslenska ríkisins er þess krafist að landsvæði sem nefnt er *Klukkulandsfjall*, *Heiðarhorn*, *Veturlandafjall Lágfjall*, *Þverfell*, *Klúkuheiði*, *Brekku**fjall*, *Tafla*, *Hrafnskálarnúpur*, *Lambaskál*, *Hörðdalshorn*, *Vatnahvilftarhorn*, *Torfhorn*, *Miðmundarfjall*, *Kaldbakur* og *Flatfjall*, sem nánar er fjallað um í kafla 4.1.14, sé þjóðlenda innan eftirfarandi þjóðlendukröfulínu:

Upphafspunktur er í fjallsbrún þar sem Kýrá í Vatnadal rennur af fjalli og ræður merkjum Mýra og Garðs-Meiri (1). Þaðan ráða fjallsbrúnir Svartahorns og Klukkulandsfjalls í Klukkulandskorn (2). Þaðan ráða fjallsbrúnir þar sem Geldingadalsá rennur af fjalli og ræður merkjum Klukkulands og Núps (3). Þaðan eftir fjallsbrúnnum um Hrútskál, Grjótadal, Þverfell, Klúkuheiði og þangað sem Þverá í Brekkudal rennur af fjalli, og ræður merkjum Háls og Brekku (4). Þaðan eftir fjallsbrún í Merkisgil (Merkishrygg) sem ræður merkjum Brekku og Villingadals (5). Þaðan eftir fjallsbrún Hrafnskálarnúps og til sjávar við Ófæru (6). Þaðan ræður sjór merkjum að miðri Lambaskál og þaðan í sjónhendingu í fjallsbrún (7). Þaðan ráða fjallsbrúnir við Mosdal inn Hördal, Vatnahvílt, Þverfell og í Torfhorn í Valþjófsdal (8). Þaðan ráða fjallsbrúnir Valþjófsdals í Tunguhorn (9). Þaðan ráða fjallsbrúnir Tungudals og í Torfhorn í Hjarðardal (10). Þaðan ráða fjallsbrúnir í Miðhorn og þaðan eftir fjallsbrúnnum Kaldbaks í Galtardal (11). Þaðan ráða fjallsbrúnir Skáldagrímsfjalls, Rjúpna- og Folaldahvíltar og Flatfjalls/Mýrarfjalls, með Gemlufallsdal og inn Vatnadal í upphafspunkt.

Við afmörkun þjóðlendukröfulínu er fyrst og fremst stuðst við afmörkun á aðliggjandi jörðum samkvæmt landamerkjabréfum þeirra, Mýrar og Lækjarós, Garðs-Meiri, Fells og Minni-Garðs, Klukkulands, Núps, Gerðhamra, Arnarness, Háls, Brekku, Villingadals, Sæbóls, Mosdals, Kirkjubóls og Dalhúsa, Tungu, Grafargils, Hjarðardals ytri, Hjarðardals innri, Traðar og Holts í Önundarfirði. Jafnframt er miðað við landfræðilega legu kröfusvæðis og staðhætti en land innan þess er lægst í um 400m hæð í rúmlega 750m hæð, gróðursnautt og líklega lítt nytjað.

5.2.15. Núpsfjall og Alviðrufjall

Af hálfu íslenska ríkisins er þess krafist að landsvæði sem nefnt er *Núpsfjall og Alviðrufjall*, sem nánar er fjallað um í kafla 4.1.15, sé þjóðlenda innan eftirfarandi þjóðlendukröfulínu:

Upphafspunktur er í fjallsbrún sem er í beinni sjónhendingu frá Kaldalæk sem ræður merkjum Núps og Alviðru (1). Þaðan ræður fjallsbrún þar sem Miðyndislækur rennur af fjalli og ræður merkjum Alviðru og Gerðhamra (2). Þaðan eftir fjallsbrúnnum Gerðhamrahorns, Gerðhamrahvilftar og að Núpsskarði (3). Þaðan eftir fjallsbrúnnum Miðhvilstarnúps, um Miðhvilst, Seljalandsnúp, Seljahvilst og Núpsfjall í upphafspunkt.

Við afmörkun þjóðlendukröfulínu er fyrst og fremst stuðst við afmörkun á aðliggjandi jörðum samkvæmt landamerkjabréfum þeirra, Núps, Alviðru og Leiti og Gerðhamra. Jafnframt er miðað við landfræðilega legu kröfusvæðis og staðhætti en land innan þess er lægst í rúmlega 600m hæð en að mestu í rúmlega 700m hæð, gróðursnautt og líklega lítt nytjað.

5.2.16. Barði, Nesdalur, heiðar á Ingjaldssandi, Skagi og Skagafjall

Af hálfu íslenska ríkisins er þess krafist að landsvæði sem nefnt er *Barði, Nesdalur, heiðar á Ingjaldssandi, Skagi og Skagafjall*, sem nánar er fjallað um í kafla 4.1.16, sé þjóðlenda innan eftirfarandi þjóðlendukröfulínu:

Upphafspunktur er í fjallsbrún ofan við Merkislá sem ræður merkjum Sæbóls og Álfadal (1). Þaðan ráða fjallsbrúnir í Hraunshorn sem ræður merkjum milli Álfadals og Hrauns (2). Þaðan ráða fjallsbrúnir að Nesdalsskarði og þaðan í upptök Selár sem ræður merkjum Hrauns (3). Þaðan eftir miðlinu Selár og í Mórillu sem ræður merkjum við Háls (4). Þaðan eftir miðlinu Mórillu upp Hálsdal í fjallsbrún (5). Þaðan eftir fjallsbrúnnum Ranghala að Sandsheiði, fjallsbrúnir Arnarneshvilstar, Óþola og í fjallsbrún sem er í beinni sjónhendingu í ytri Vogakamb sem ræður merkjum Arnarness og Birnustaða (6). Þaðan eftir fjallsbrún í punkt sem er í beinni sjónhendingu við Seljagil sem ræður merkjum Birnustaða og Skaga (7). Þaðan eftir fjallsbrún í Þúfu sem ræður merki Skaga (8). Þaðan í beinni línu til sjávar þar sem svæðið afmarkast af sjó að Nesdal og þaðan í sjónhendingu í Búðarhorn (9). Þaðan ráða fjallsbrúnir Barða og Skálardals í upphafspunkt.

Við afmörkun þjóðlendukröfulínu er fyrst og fremst stuðst við afmörkun á aðliggjandi jörðum samkvæmt landamerkjabréfum þeirra, Sæbóls, Álfadals, Hrauns, Brekku, Háls, Arnarness, Birnustaða og Skaga. Jafnframt er miðað við að Nesdalur og heiðar á Ingjaldssandi hafi verið nýttur sem sameiginlegur afréttur. Jafnframt er miðað við

landfræðilega legu kröfusvæðis og staðhætti en land innan þess er lægst í rúmlega tæplega 500m hæð en í tæplega 700m hæð, gróðursnautt og líklega lítt nytjað.

5.2.17. Klofningsheiði

Af hálfu íslenska ríkisins er þess krafist að landsvæði sem nefnt er *Klofningsheiði*, sem nánar er fjallað um í kafla 4.1.17, sé þjóðlenda innan eftirfarandi þjóðlendukröfulínu:

Upphafspunktur er í fjallsbrún Skógarhorns sem er í beinni sjónhendingu frá seltóttum í Langadal sem skilja að landamerki Neðri- og Fremri Breiðdal (1). Þaðan ráða fjallsbrúnir að brún Grjótskálargils sem ræður merkjum Neðri Breiðdals og Selakirkjubóls (2). Þaðan ráða fjallsbrúnir að fjallsbrún í botni Káldárdal sem er í beinni línu við upptök Káldár, sem ræður merkjum Selakirkjubóls og Kaldár (3). Þaðan eftir fjallsbrúnum í punkt sem er í beinni línu við Markarhrygg og gil og ræður merkjum Kaldár og Hóls (4). Þaðan ráða fjallsbrúnir að miðjum Garðsdal sem ræður merkjum Hóls og Garða (5). Þaðan ráða fjallsbrúnir að fjallsbrún sem er í beinni stefnu við gil sem rennur úr Sauðanefs flesi sem ræður merkjum Garða og Hvilstar (6). Þaðan ráða fjallsbrúnir að fjallsbrún þeirri innan við Litlahryggsgil sem er í beinni línu í dý í fjallinu sem ræður merkjum Hvilstar og Eyri (7). Þaðan ráða fjallsbrúnir að klauf sem er í fjallsbrún fremst á Suðanesi sem ræður merkjum Eyrar og Staðar (8). Þaðan eftir fjallsbrúnum þangað sem Þverá rennur af fjalli sem ræður merkjum Staðar og Bæjar (9). Þaðan eftir fjallsbrúnum fram Vatnsdal og í Nautskálahorn sem ræður merkjum Kvíaness og Botns (10). Þaðan ráða fjallsbrúnir fram á Botnsheiði og í Þverfjall fyrir botni Breiðdals sem ræður merkjum Veðurá ytri og Neðri Breiðdals (11). Þaðan eftir fjallsbrúnum Langadals í upphafspunkt.

Við afmörkun þjóðlendukröfulínu er fyrst og fremst stuðst við afmörkun á aðliggjandi jörðum samkvæmt landamerkjabréfum þeirra, Neðri Breiðdals, Fremri Breiðdal, Selakirkjubóls, Kaldár, Hóls, Garða, Hvilstar, Eyrar, Staðar, Vatnadals, Bæjar, Kvíaness, Botns og Veðurá ytri. Þá er einnig miðað við landfræðilega legu kröfusvæðis og að hluti þess hafi ekki verið nytjað eða nýtt með öðrum hætti. Jafnframt er miðað við landfræðilega legu kröfusvæðis og staðhætti en land innan þess er líklega lægst í um 500m hæð en líklega hæst í um 700m hæð, gróðursnautt og líklega lítt nytjað.

5.2.18. Kroppstaðafjall

Af hálfu íslenska ríkisins er þess krafist að landsvæði sem nefnt er *Kroppstaðafjall*, sem nánar er fjallað um í kafla 4.1.18, sé þjóðlenda innan eftirfarandi þjóðlendukröfulínu:

Upphafspunktur er í fjallsbrún Vondafjalls (Þverfelli) í Heiðarskarði á hreppamörkum Ísafjarðarbæjar og Súðavíkurhrepps (1). Þaðan ráða fjallsbrúnir að

fjallsbrún þar sem Þverá rennur af fjalli og ræður merkjum Efstabóls og Korpudals (2). Þaðan eftir fjallsbrún í Kropstaðaskál sem er í beinni línu við Merkislá við Korpu sem ræður merkjum Efstabóls og Kropstaða (3) Þaðan eftir fjallsbrún að Bæjarhrygg sem ræður merkjum Kropstaða og Bæjarhryggs (4). Þaðan eftir fjallsbrúnum Kirkjubólsfjalls, fjallsbrúnum Jafnadals og að Veðrarárhorni sem ræður merkjum Innri- og Ytri Veðrarár (5). Þaðan eftir fjallsbrúnum að Raufhorni í Breiðdalsskarði (6). Þaðan ráða fjallsbrúnir í upphafspunkt.

Við afmörkun þjóðlendukröfulínu er fyrst og fremst stuðst við afmörkun á aðliggjandi jörðum samkvæmt landamerkjabréfum þeirra, Efstabóls, Korpudals, Kirkjubóls, Tannanes, Innri Veðrará, Veðrará Ytri, Tungu, Hafrafell, Efri Engidals og Svarfhóls. Þá er einnig miðað við landfræðilega legu kröfusvæðis og að hluti þess hafi ekki verið nytjað eða nýtt með öðrum hætti. Jafnframt er miðað við landfræðilega legu kröfusvæðis og staðhætti en land innan þess er líklega lægst í um 550m hæð en líklega hæst í um 850m hæð, gróðursnautt og líklega lítt nytjað.

5.2.19. Gilsbrekkuheiði Ísafjarðarbæ

Af hálfu íslenska ríkisins er þess krafist að landsvæði sem nefnt er *Gilsbrekkuheiði Ísafjarðarbæ*, sem nánar er fjallað um í kafla 4.1.19, sé þjóðlenda innan eftifarandi þjóðlendukröfulínu:

Upphafspunktur er Upphafspunktur er fjallsbrún í Gyltuskarði (1). Þaðan ráða fjallsbrúnir í gil sem er í beinni stefnu við Seltjörn sem ræður merkjum Botns og Gilsbrekku (2). Þaðan ráða fjallsbrúnir að Ytra Áreiðargili sem ræður merkjum Gilsbrekku og Selárdals (3). Þaðan ráða fjallsbrúnir í Mígandisá sem ræður merkjum Selárdals og Norðureyrar (4). Þaðan ráða fjallsbrúnir að Norðureyrargili sem ræður merkjum Norðureyrar og Galtar (5). Þaðan ráða fjallsbrúnir í Skínandagil, norðan við Burstaurð sem ræður merkjum Galtar og Keflavíkur (6). Þaðan ráða fjallsbrúnir í klett sem er upp af ytra Skálarhorni sem ræður merkjum Keflavíkur og Meiribakka (7). Þaðan eftir sveitarfélagamörkum Ísafjarðarbæjar og Bolungavíkurkaupstaðar að Kistufelli og þaðan í upphafspunkt.

Við afmörkun þjóðlendukröfulínu er fyrst og fremst stuðst við afmörkun á aðliggjandi jörðum samkvæmt landamerkjabréfum þeirra, Botns, Gilsbrekku, Selárdals, Norðureyrar, Galtar og Keflavíkur. Þá er einnig miðað við landfræðilega legu kröfusvæðis og að hluti þess hafi ekki verið nytjað eða nýtt með öðrum hætti. Jafnframt er miðað við landfræðilega legu kröfusvæðis og staðhætti en land innan þess er líklega lægst í um 450m hæð en líklega hæst í tæplega 700m hæð, gróðursnautt og líklega lítt nytjað.

5.2.20. Búðarfjall

Af hálfu íslenska ríkisins er þess krafist að landsvæði sem nefnt er *Búðarfjall*, sem nánar er fjallað um í kafla 4.1.20, sé þjóðlenda innan eftirfarandi þjóðlendukröfulínu:

Upphafspunktur er í Marksgili í Lambakál (1). Þaðan eftir fjallsbrúnum Búðarfjalls í Ara sem ræður merkjum Neðri Hnífsdals (2). Þaðan eftir sveitarfélagamörkum Bolungavíkur og Ísafjarðabæjar í fremstu fjallsbrún Heiðnafjalls ofan Heiðarskarðs (3). Þaðan eftir fjallsbrúnum í upphafspunkt.

Við afmörkun þjóðlendukröfulínu er fyrst og fremst stuðst við afmörkun á aðliggjandi jörðum samkvæmt landamerkjabréfum þeirra, Fremri Hnífsdals, Neðri Hnífsdals, Ós og Gils. Jafnframt er miðað við landfræðilega legu kröfusvæðis og staðhætti en land innan þess er um 700m hæð, gróðursnautt og líklega lítt nytjað.

5.2.21. Búrfell í Botnsdal

Af hálfu íslenska ríkisins er þess krafist að landsvæði sem nefnt er *Búrfell í Botnsdal*, sem nánar er fjallað um í kafla 4.1.21, sé þjóðlenda innan eftirfarandi þjóðlendukröfulínu:

Upphafspunktur er í efstu fjallsbrún Búrfells móts við Gyltuskarð (1). Þaðan ráða fjallsbrúnir hringinn á fjallinu í upphafspunkt.

Við afmörkun þjóðlendukröfulínu er fyrst og fremst stuðst við afmörkun á aðliggjandi jörðum samkvæmt landamerkjabréfum þeirra. Aðliggjandi jarðir eru Botn og Tunga. Jafnframt er miðað við landfræðilega legu kröfusvæðis og staðhætti en land innan þess er umlukið klettabrúnum og allt í yfir 700m hæð, gróðursnautt og líklega lítt nytjað.

5.2.22. Breiðafell og Eyrarfjall

Af hálfu íslenska ríkisins er þess krafist að landsvæði sem nefnt er *Breiðafell og Eyrarfell*, sem nánar er fjallað um í kafla 4.1.22, sé þjóðlenda innan eftirfarandi þjóðlendukröfulínu:

Upphafspunktur í Bakkarönd í 666m hæð (1). Þaðan eftir fjallsbrún í Bakkahyrnu og það eftir gili sem liggur þaðan skáhallt niður á fremstu brúnir Gleiðhjalla á Eyrarfjalli (2). Þaðan eftir brúnum Gleiðhjalla að efstu brún Steiniðjugils (3). Þaðan í sjónhendingu beint upp í fremstu brún Eyrarfjalls (4). Þaðan eftir fjallsbrúnnum Breiðafells, í Þjófaskarð (5). Þaðan eftir nyrðri fjallsbrúnum Þjófa, Þjófahvilstar, Breiðafells, Fremstuhvilstar, Miðhvilstar, Eyrarfjalls og Þórólfsgnúps í upphafspunkt.

Við afmörkun þjóðlendukröfulínu er fyrst og fremst stuðst við afmörkun á aðliggjandi jörðum samkvæmt landamerkjabréfum þeirra, Bakka, Seljalands, Gils og Fremri Hnífsdals. Ekki liggur fyrir jarðabréf fyrir Eyri. Tekur kröfulýsing mið af lýsingu

landamerkjá Eyrar í kaupbréfi frá 7. júní 1884. Jafnframt er miðað við landfræðilega legu kröfusvæðis og staðhætti en land innan þess er í um 700m hæð, gróðursnautt og líklega lítt nytjað.

5.2.23. Ernir og Kirkjubólsfjall

Af hálfu íslenska ríkisins er þess krafist að landsvæði sem nefnt er *Ernir og Kirkjubólsfjall*, sem nánar er fjallað um í kafla 4.1.23, sé þjóðlenda innan eftirfarandi þjóðlendukröfulínu:

Upphafspunktur er í fremstu fjallsbrún Básafjalls í sjónhendingu ofan Bása (1). Þaðan eftir fjallsbrúnum Ernis og Kirkjubólsfjalls í Skutulsfirði í fjallsbrún sem er í beinni sjónhendingu í dý og læk við Svarta Bakka sem ræður merkjum Kirkjubóls og Fossa (2). Þaðan eftir fjallsbrúnum í Hulduklett sem ræður merkjum Fossa og Engidals (3). Þaðan í og eftir fjallsbrúnum í og eftir sveitarfélagamörkum Ísafjarðarbæjar og Súðavíkurhrepps í sveitafélagamörk á fjallsbrún Rauðkolls (4). Þaðan eftir eystri fjallsbrúnum Kirkjubólsfjalls og Ernis í upphafspunkt.

Við afmörkun þjóðlendukröfulínu er fyrst og fremst stuðst við afmörkun á aðliggjandi jörðum samkvæmt landamerkjabréfum þeirra, Arnardals neðri, Arnardals fremri, Kirkjubóls, Fossa og Engidals. Jafnframt er miðað við landfræðilega legu kröfusvæðis og staðhætti en land innan þess er í um 600-800m hæð, gróðursnautt og líklega lítt nytjað.

5.2.24. Ufs, Súðavíkurfjall og Sauratindar

Af hálfu íslenska ríkisins er þess krafist að landsvæði sem nefnt er *Ufs, Súðavíkurfjall og Sauratindar*, sem nánar er fjallað um í kafla 4.1.25, sé þjóðlenda innan eftirfarandi þjóðlendukröfulínu:

Upphafspunktur er á sveitarfélagamörkum Ísafjarðarbæjar og Súðavíkurhrepps á fjallsbrún við Búðarhamar (1). Þaðan ráða fjallsbrúnir í sveitarfélagamörk Súðavíkurhrepps og Ísafjarðarbæjar við Sauratind og þaðan eftir sveitarfélagamörkum í upphafspunkt.

Við afmörkun þjóðlendukröfulínu er fyrst og fremst stuðst við afmörkun á aðliggjandi jörðum samkvæmt landamerkjabréfum þeirra, Fremri Arnardals, Neðri Arnardals, Saura, Traðar og Súðavíkur. Jafnframt er miðað við landfræðilega legu kröfusvæðis og staðhætti en land innan þess er í um 500 – rúmlega 800m hæð, gróðursnautt og líklega lítt nytjað.

5.2.25. Dalsheiði, Snæfjallaheiði, Jökuldalir og Drangajökull

Af hálfu íslenska ríkisins er þess krafist að landsvæði sem nefnt er *Dalsheiði, Snæfjallaheiði, Jökuldalir og Drangajökull*, sem nánar er fjallað um í kafla 4.1.25, sé þjóðlenda innan eftirfarandi þjóðlendukröfulínu:

Upphafspunktur er í upptökum Unaðsdalsár sem ræður merkjum Bæjar og Unaðsdals (1). Þaðan eftir beinni línu í fjallsbrún þar sem Mýrará rennur af fjalli sem ræður merkjum Unaðsdals og Tyrðilmýrar (2). Þaðan eftir fjallsbrún í landamerkjalæk innan til við Skeljavíkurkleif sem ræður merkjum Tyrðilmýrar og Æðeyjar (3). Þaðan í fjallsbrún í Innra Skarði og eftir fjallsbrúnum Innra Skarðs og Eyjahlíðar að Rjóðralæk sem ræður merkjum Æðeyjar og Skarðs (4). Þaðan ráða fjallsbrúnir í Ytra Skarð, þaðan fylgir línan fjallsbrúnum Ytra Skarðs í Bjartalæk sem ræður merkjum Skarðs og Sandeyrar (5). Þaðan ráða fjallsbrúnir í Berjadalsá sem ræður merkjum Sandeyrar og Snæfjalla (6). Þaðan eftir fjallsbrúnum þar sem lækurinn Mígandi rennur af fjalli á milli Álku og Stofu og ræður merkjum Snæfjalla og Ness (7). Þaðan eftir fjallsbrúnum og sjónhendingu í upptök Kumlára sem ræður merkjum Ness og Sútarabúða (8). Þaðan sjónhending frá upptökum Kumlára í fjallsbrún og þaðan eftir fjallsbrúnum í Hádegishorn sem ræður merkjum Faxastaða og Oddssstaða (9). Þaðan ráða fjallsbrúnir í Skál sem ræður merkjum milli Oddssstaða og Sútarabúða (10). Þaðan ráða fjallsbrúnir í fremri hyrnu Miðdals (11). Þaðan sjónhending í upptök Staðarár við Lambavötn áfram í fjallsbrún Lambavatnahlíðar (12). Þaðan ráða fjallsbrúnir í Hildarhaug á Seljafjalli sem ræður merkjum Staðar og Kollsár (13). Þaðan ráða fjallsbrúnir að Hrafnabjargarfossi og þaðan sjónhending í fossinn sem ræður merkjum Kollsár og Höfðastrandar (14). Þaðan sjónhending í fjallsbrún og þaðan ráða fjallsbrúnir Hrafnabjarga og áfram í upptök Deildarár, sem ræður merkjum Höfðastrandar og Höfða, (15). Þaðan bein lína í efsta foss Fosssdalsár sem ræður merkjum Höfða og Dynjanda (16). Þaðan sjónhending í fjallsbrún Sauðhyrnu og þaðan eftir fjallsbrúnum Múladals, Gæsafells og Dynjandisdals í Skógarlæk ytri sem rennur úr gili á fjalllinu sem ræður merkjum Dynjanda Öldugilslandi/Leiru (17). Þaðan eftir miðlinu Skógarlækjar til sjávar og afmarkar sjór í miðja Jökulá í Leirufirði og þaðan eftir miðlinu jökulárinna að jökulrönd Drangajökuls, miðað við stöðu jökulsins eins og hann var við gildistöku þjóðlendulaga, nr. 58/1998, 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. laganna, og eftir jökulröndinni í punkt sem er í u.p.b. 500m hæð (18). Þaðan ráða fjallsbrúnir Leirufjalls í punkt í fjallsbrún sem er í sjónhendingu frá Vegalæk. sem ræður merkjum Leiru og Kjósar (19). Þaðan eftir fjallsbrúnum á ystu klettabrún ofan Hrafnahnjúka, Bæjardals, Skipseyrardals, um Jökuldali og að og með landamerkjum Furufjarðar á Nónfjalli, sem liggja frá Skorarheiði eftir hæsta fjallshrygg Nónfjalls og inn á hæstu hryggi austanvert fjarðarins og til sjávar (20). Þaðan afmarkast kröfusvæðið af sjó að Biskup neðan Geirólfsgnúps og þaðan eftir sveitarfélagsmörkum Ísafjarðarbæjar og Árneshrepps í jökulrönd Drangajökuls,

miðað við stöðu jökulsins eins og hann var við gildistöku þjóðlendulaga, nr. 58/1998 að sveitafélagsmörkum Strandabyggðar, Ísafjarðarbæjar og Árneshrepps við Hrolleifsborg (21). Þaðan yfir Drangajökul eftir sveitarfélagamörkum Strandabyggðar og Ísafjarðarbæjar að jökulrönd Drangajökuls, miðað við stöðu jökulsins eins og hann var við gildistöku þjóðlendulaga, nr. 58/1998 í landi Lónseyrar (22). Þaðan áfram eftir jökulrönd, eins og hún var 1. júlí 1998, að merkjum Bæja og Leiru þar sem vötnum hallar norður af fjallgarðinum, eins og þeim er lýst í landamerkjábréfi Bæja á Snæfjallaströnd frá 1891, og eftir þeim í upphafspunkt í upptökum Unaðsdalsár.

Við afmörkun þjóðlendukröfulínu er stuðst við landamerkjábréf aðliggjandi jarða, að því marki sem þau liggja fyrir, en það eru Lónseyri, Bæir, Unaðsdalur, Tyrðilmýri, Æðey, Skarð, Sandeyri, Snæfjöll, Nes og Naust, Faxastaðir, Sútarastaðir og Oddsflót, Staður, Kollsá, Höfðaströnd, Höfði, Dynjandi, Leira, Hrafnfjarðareyri, Furufjörður, Paralátursfjörður, Reykjafjörður, Sæból og Skjaldbjarnarvík. Jafnframt er miðað við landfræðilega legu kröfusvæðis og staðhætti en land innan þess er að mestu í yfir 500m hæð, gróðursnautt og líklega lítt nytjað. Sá hluti svæðisins sem er neðar en þó á fjalli er líka gróðursnauður. Merki við Jökul miða við niðurstöður Óbyggðanefndar og dóma um merki jökla.

Lýst er kröfu í þann hluta Leiru í Leirufirði sem áður hét Öldugil. Í sóknarlýsingu Vestfjarða er greint frá afréttarlandi í Leirufirði, hvar jörð, nefnd Öldugil, eyðilagðist af jökulhlæpi. Nálægir bær hafi þar upprekstur. Þá er lýst kröfum í jarðirnar Paralátursfjörð, Reykjafjörður og Sæból í heild þrátt fyrir að heimildir liggi fyrir um að um sé að ræða jarðir. Landamerkjábréf er ekki til af Paralátursfirði en henni er lýst í landamerkjáréfum Furufjarðar og Reykjafjarðar. Erfitt er, þrátt fyrir það, að ráða merki jarðarinnar. Henni er ekki lýst í sóknarlýsingu. Þá virðist vera að jörðin hafi ekki verið lengi í byggð og saga búskapar á henni í nútíma stutt. Sveitarfélagið virðist selja hana í byrjun 20. aldar. Landamerkjábréf eru til fyrir Reykjafjörð og Sæból en merkin eru þrátt fyrir það óskýr og ekki með góðu móti hægt að miða við þekkta punkta, hæðarlínur, gróðurfar eða landslag til að miða þau við. Vonast er til að merkin skýrist við frekari skoðun nefndarinnar og athugasemdir aðila. Í ljósi þess að erfitt er að auka við þjóðlendukröfur en einfalt að draga úr þeim var í því tilviki sem hér um ræðir, þar sem óvissan er svo mikil sem raun ber vitni, talið heppilegra að gera kröfu með þessum hætti og draga frekar í land á seinni stigum.

5.2.26. Álfstaðir, Kvíar og Steig

Af hálfu íslenska ríkisins er þess krafist að landsvæði sem nefnt er *Álfstaðir, Kvíar og Steig*, sem nánar er fjallað um í kafla 4.1.26, sé þjóðlenda innan eftirfarandi þjóðlendukröfulínu:

Upphafspunktur er í upptökum Skorarár sem ræður merkjum Hrafnfjarðareyrar og Álfstaða (1). Þaðan eftir línu í 200m hæð að fjallsbrún Meleyrar sem ræður merkjum Álfstaða og Kvía (2). Þaðan eftir línu í 200m hæð í Mann sem ræður merkjum Kvía og Steigs (3). Þaðan eftir línu í 200m hæð í Veiðileysuá sem ræður merkjum Steig og Steinólfssstaða (4). Þaðan eftir miðlinu Veiðileysuár í Hafnarskarðs (5). Þaðan eftir hæstu fjallsbrúnum eftir því sem vötnum hallar í upphafspunkt.

Við afmörkun þjóðlendukröfulínu er stuðst við landamerkjabréf aðliggjandi jarða, að því marki sem þau liggja fyrir þ.e. Hrafnfjarðareyri, Álfstaðir, Kvíaa, Steig, Steinólfssstaðir, Bjarnarnes, Smiðjuvík, Barðsvík, Bolungavík og Furufjörður. Jafnframt er miðað við landfræðilega legu kröfusvæðis og staðhætti. Er kröfusvæðið miðað við 200m hæðarlínu að hluta m.t.t. lýsingu þekktra merkja en enda landamerkjalýsing að öðru leyti óljós eða óskýr og ekki hægt að draga beina línu milli þekktra punkta þar sem það myndi leiða til niðurstöðu sem ekki væri hægt með sanngirni eða skynsemi að réttlæta. Erfitt er að finna skyra landfræðilega afmörkun sem hægt var að styðja kröfulínu við aðra en hæðarlínu. Hæðarlína var þá valin með hliðsjón af þekktum punktum í merkjalyssingu og reynt að miða við landshætti s.s. gróðurfar og landslag. Þó línan sé tiltölulega neðarlega í metrum, og hluti svæðisins því ekki mjög hálandur, virðist gróðurfar engu að síður vera með þeim hætti, þ.e. um er að ræða frekar gróðursnautt land og líkur á því að það hafi verið nytjað ekki miklar. Þá er bent á að um er að ræða svæði á annesjum mjög norðarlega.

5.2.27. Marðareyri og Hesteyrarfjörður

Af hálfu íslenska ríkisins er þess krafist að landsvæði sem nefnt er *Marðareyri og Hesteyrarfjörður*, sem nánar er fjallað um í kafla 4.1.27, sé þjóðlenda innan eftirfarandi þjóðlendukröfulínu:

Upphafspunktur er í 200m hæð við Merkislæk sem ræður merkjum Steinólfssstaða og Marðareyrar (1). Þaðan eftir línu í 200m hæð í Lás sem ræður merkjum Grunnavíkur- og Staðarsóknar (2). Þaðan til sjávar og afmarkast kröfusvæði að sjó að miðlinu Hesteyrarár (3). Þaðan eftir miðlinu Hesteyrarár í upptök hennar (4). Þaðan í beinni línu til fjalls og eftir hæstu fjallsbrúnum, þar sem vötnum hallar, að Merkislæk sem ræður merkjum Steinólfssstaða og Marðareyrar og þaðan í upphafspunkt.

Við afmörkun þjóðlendukröfulínu er stuðst við landamerkjabréf Steinólfssstaða sem er aðliggjandi jörð, sem og sóknarmörk Grunnavíkur og Staðarsóknar við afmörkun kröfusvæðis. Jafnframt er stuðst við landamerkjabréf aðliggjandi jarða, Steinólfssstaða, Sléttu, Efri- og Neðri Miðvíkur, Stakkadals, Glúmstaða og Kjaransvíkur. Landamerkjabréf fyrir Marðareyri liggur ekki fyrir né fyrir Hesteyri. Í sóknarlýssingu Vestfjarða segir um Hesteyri:

Hesteyri, heimajörðin (24 Hdr. öll), 12 Hdr. að dýrleika, stendur á sjóarbakka fyrir utan Hesteyrará. Túnið nær ofan að sjó og er alltgott. Útheysslægjur í minna lagi og reitingslegar. Útigangur í meðallagi með styrk af fjöru. Skaðaveður koma þar aldregi. Mótak er þar lítið. Selveiði mætti hafa þar, ef skot legðust niður. Til fiskjar nær þar nokkuð lítið.⁴¹⁹ Þá er Hesteyrarfjörður, sem liggar undir Hesteyri, tilgreindur sem afréttarland í lýsingu sóknarlýsingar á afréttarlöndum Staðarsóknar.⁴²⁰

Með vísan til sóknarlýsingarinnar er því lýst þjóðlendukröfu í Hesteyrarfjörð að Hesteyrará og í fjalllendið. Er kröfusvæðið miðað við 200m hæðarlínu m.t.t. lýsingu þekktra merkja en ekki er hægt að draga beina línu milli þekktra punkta þar sem það myndi leiða til niðurstöðu sem ekki væri hægt með sanngirni eða skynsemi að réttlæta. Erfitt er að finna skýra landfræðilega afmörkun sem hægt var að styðja kröfulínu við aðra en hæðarlínu. Hæðarlína var valin með hliðsjón af þekktum punktum í og reynt að miða við landshætti s.s. gróðurfar og landslag. Þó línan sé tiltölulega neðarlega í metrum, og hluti svæðisins því ekki mjög hálendur, virðist gróðurfar engu að síður vera með þeim hætti, þ.e. um er að ræða frekar gróðursnautt land og líkur á því að það hafi verið nytjað ekki miklar. Þá er bent á að um er að ræða svæði á annesum mjög norðarlega.

5.2.28. Grænahlíð og fjalllendi vestur Aðalvíkur

Af hálfu íslenska ríkisins er þess krafist að landsvæði sem nefnt er *Grænahlíð og fjalllendi vestur Aðalvíkur*, og sem nánar er fjallað um í kafla 4.1.28, sé þjóðlenda innan eftirfarandi þjóðlendukröfulínu:

Upphafspunktur er í Nálarskeri (1). Þaðan í beinni línu upp á fjallsbrún á Ritinum og eftir fjallsbrún í Ritaskörð (2). Þaðan eftir fjallsbrún Mannadals og Tindafjalls að hábrún fyrir utan Garðadal við svonefnda Leið sem ræður merkjum Garða (3). Þaðan ráða fjallsbrúnir að Garðhorni, Lækjarfjalls í Staðarskörð (4). Þaðan eftir bjargbrún og að og eftir fjallsbrúnnum Fannadals í Nasa (5). Þaðan eftir fjallsbrúnnum Þverárdals, Hvarfnúps og Sléttuskarðs (6). Þaðan áfram eftir fjallsbrúnnum Litlafells og beint í fjallsbrúnir Búrfells að vestanverðu við Hesteyrarskarð (7). Þaðan eftir fjallsbrúnnum Búrfells og og Litlafells í Hesteyrardal og Hraunkolludal, þar sem fjallsbrún heldur út að Fannardal og þaðan eftir því sem vötnum hallar út á Hnúka, eftir hæstu rönd á Sléttu (Sleppu), eins og merkjum er lýst í landamerkjabréfi Sléttu frá 1889, til sjávar (8). Þaðan afmarkar sjór svæðið í upphafspunkt.

Við afmörkun þjóðlendukröfulínu er stuðst við landamerkjabréf Skálardals, Garða, Sæbóls, Efri Miðvíkur og Sléttu. Þar sem landamerki Lækjar og Staðar liggja ekki fyrir er jafnframt stuðst við landfræðilega legu og gróðurfar sem gefa vísbendingu um að

⁴¹⁹ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra áthagafélaga (1952), bls. 185.

⁴²⁰ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra áthagafélaga (1952), bls. 188.

kröfusvæðið hafi ekki verið nytjað eða nýtt með öðrum hætti. Þá er byggt á og vísað til þess að Grænuhlíð er lýst sem almenningi í Sóknarlýsingu Vestfjarða og í Tylftardómi frá 5. maí 1514.

5.2.29. Hvestudalir

Af hálfu íslenska ríkisins er þess krafist að landsvæði sem nefnt er *Hvestudalir*, sem nánar er fjallað um í kafla 4.1.29, sé þjóðlenda innan eftirfarandi þjóðlendukröfulínu:

Upphafspunktur í sjó við Hvestutá (1). Þaðan í beinni línu á hábungu Hvestu (2). Þaðan eftir klettabrúnum Ytri- og Innri-Hvestudala (3). Þaðan eftir hæstu klettabrún á milli Hvestudals og Kónga til sjávar (4). Þaðan afmarkast kröfusvæðið af sjó í upphafspunkt.

Við afmörkun þjóðlendukröfulínu er stuðst við landamerkjabréf Tungu, Látra og Rekavík bak Látur. Einnig er stuðst staðhætti og landfræðilega legu sem gefa vísbendingu um að kröfusvæðið hafi ekki verið nytjað eða nýtt með öðrum hætti sem eignarland. Þá er einnig vísað til þess að Hvestudölum er lýst sem afréttarlandi í sóknarlýsingu Vestfjarða.

5.2.30. Almenningar vestari

Af hálfu íslenska ríkisins er þess krafist að landsvæði sem nefnt er *Almenningar vestari*, sem nánar er fjallað um í kafla 4.1.30, sé þjóðlenda innan eftirfarandi þjóðlendukröfulínu:

Upphafspunktur er í Kögurtá sem ræður merkjum við Atlastaði (1). Þaðan ráða hæstu fjallsbrúnir eftir því sem vötnum hallar í Kjalarárnúp og þaðan til sjávar (2). Þaðan afmarkast kröfusvæði af sjó í upphafspunkt.

Við afmörkun þjóðlendukröfulínu er stuðst við landamerkjabréf Atlastaða og Kjaransvíkur. Þá er einnig stuðst við skjalfestar heimildir um almenninga á kröfusvæðinu. Jafnframt er miðað við landfræðilega legu kröfusvæðis og staðhætti sem gefa vísbendingu um að landið hafi ekki verið jörð.

5.2.31. Hlöðuvík og Hælavík

Af hálfu íslenska ríkisins er þess krafist að landsvæði sem nefnt er *Hlöðuvík og Hælavík*, sem nánar er fjallað um í kafla 4.1.31 **Villa! Uppruni tilvísunar finnst ekki.**, sé þjóðlenda innan eftirfarandi þjóðlendukröfulínu:

Upphafspunktur er í 200m hæð ofan við Hvalsker sem ræður merkjum Kjaransvíkur og Hlöðuvíkur (1). Þaðan eftir línu í 200m hæð í punkt ofan við Ófærubjarg í 200m hæð milli Hlöðuvíkur og Hælavíkur (2). Þaðan eftir línu í 200m hæð um Fannarlág,

Darra, Þórgunnudal og Hælavíkurbjarg og í punkt í 200m hæð ofan við Súlnastapa (3). Þaðan eftir hæstu fjallabréfum í upphafspunkt.

Við afmörkun þjóðlendukröfulínu er stuðst við landamerkjabréf Kjaransvíkur, Steinólfssstaða og Rekavík bak Höfn. Þar sem landamerki Hlöðuvíkur, Hælavíkur og Hafnar liggja ekki fyrir er jafnframt stuðst við landfræðilega legu og gróðurfar sem gefa vísbendingu um að kröfusvæðið hafi ekki verið nytjað eða nýtt með öðrum hætti sem styðji að um eignarland sé að ræða.

Er kröfusvæðið miðað við 200m hæðarlínu m.t.t. lýsingu þekktra merkja en ekki er hægt að draga beina línu milli þekktra merkja þar sem það myndi leiða til niðurstöðu sem ekki væri hægt með sanngirni eða skynsemi að réttlæta. Hæðarlína var þá valin með hliðsjón af þekktum punktum í og reynt að miða við landshætti s.s. gróðurfar og landslag. Þó línan sé tiltölulega neðarlega í metrum, og hluti svæðisins því ekki mjög hálandur, virðist gróðurfar engu að síður vera með þeim hætti, þ.e. um er að ræða frekar gróðursnautt land og líkur á því að það hafi verið nytjað ekki miklar. Þá er bent á að um er að ræða svæði á annesjum mjög norðarlega.

5.2.32. Höfn og Horn

Af hálfu íslenska ríkisins er þess krafist að landsvæði sem nefnt er *Höfn og Horn*, sem nánar er fjallað um í kafla 4.1.32, sé þjóðlenda innan eftirfarandi þjóðlendukröfulínu:

Upphafspunktur er í 200m hæð í háfjallagarði sem ræður merkjum Rekavíkur bak Höfn og Hafnar (1). Þaðan eftir línu í 200m hæð eftir Torfdal, Kýrdal að Skipakletti (2). Þaðan eftir línu í 100 m hæð að Horni (3). Þaðan til beint til sjávar og ræður sjór mörkum í punkt fyrir neðan Almenningsskarð (4). Þaðan sjónhending beint í skarðið (5). Þaðan til fjalls og eftir hæstu fjallsbrúnum Dögunarfell, Kýrdals og Torfdals og í upphafspunkt sbr. landamerki Steigar og þjóðlendukröfulínu Álfstaða, Kvía og Steigar og við Almenninga Eystri.

Við afmörkun þjóðlendukröfulínu er stuðst við landamerkjabréf Rekavíkur bak Höfn, landmerki Steigar og þjóðlendukröfulínu Álfstaða, Kvía og Steigar og við Almenninga Eystri. Þar sem landamerki Hornvíkur og Horns liggja ekki fyrir er að hluta miðað við 200m hæðarlínu m.t.t. lýsingar þekktra merkja en ekki er hægt að draga beina línu milli þekktra merkja þar sem það myndi leiða til niðurstöðu sem ekki væri hægt með sanngirni eða skynsemi að réttlæta. Hæðarlína var þá valin með hliðsjón af þekktum merkjum og reynt að miða við landshætti s.s. gróðurfar og landslag. Lækkun línunnar í 100m við Horn byggir á heimildum um nýtingu samnotaafréttar í Yzta-, Mið- og Innstadal í landi Horns sem krafan um þjóðlendur byggir á. Rétt er þó að taka fram að í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns er tekið fram að Horn eigi átolulaust allt land á bjarginu uppi en almenningur sé í reka undir því sem ýmsir nýti. Þá er tekið fram að afrétt fyrir

lömb og geldfé sé ekki í sveitinni. Mælir þetta mótt því að hluti Horns séu þjóðlenda svo sem gerð er krafa um en bjargið kann engu að síður vera þjóðlenda.

5.2.33. Almenningar eystri (Látravík og Bjarnarnes), Smiðjuvík, Barðsvík og Bolungavík

Af hálfu íslenska ríkisins er þess krafist að landsvæði sem nefnt er *Almenningar eystri (Látravík og Bjarnarnes), Smiðjuvík, Barðsvík og Bolungavík*, sem nánar er fjallað um í kafla 4.1.33, sé þjóðlenda innan eftirfarandi þjóðlendukröfulínu:

Upphafspunktur er í sjó neðan við Almenningsskarð (1). Þaðan sjónhending í skarðið (2). Þaðan til hæstu fjallsbrúnar og eftir hæstu fjallsbrúnum Dögunarfalls, Hestskarðs, Kýrskarðs, Breiðskarðs og þaðan eftir hæstu fjallabrénum eins og vötnum hallar að Smiðjuvík, Barðsvík og Bolungavík, í samræmi við þjóðlendukröfulínu Álfstaða, Kvía og Steigar, í hæsta fjallgarð norðan Skorarheiðar að landamerkjum Furufjarðar (3). Þaðan eins og vötnum hallar að Bolungavíkurbjargbrún og þaðan til sjávar, eftir landamerkjum Furufjarðar (4). Þaðan eftir línu í 200m hæð fram eftir Bolungavíkurdal og í Straumnestá sem ræður merkjum við Barðsvík (5). Þaðan í sjónhendingu í hæstu nýpu á Straumneshlíð og eftir klettabrénum Barðsvíkur í um 400m hæð í hæstu hyrnuna á Barðanum sem ræður merkjum Barðsvíkur og Smiðjuvíkur (6). Þaðan eftir fjallsbrúnum Smiðjuvíkur í u.p.b. 200m hæð yst á Snók (7). Þaðan í sjónhendingu beint í Dryfandisfoss og þaðan til sjávar. (8). Þaðan afmarkar sjór í upphafspunkt.

Við afmörkun þjóðlendukröfulínu er stuðst við landamerkjabréf Smiðjuvíkur, Barðsvíkur og Furufjarðar. Þá er jafnframt stuðst við skriflegar heimildir þar sem fjallað er um bæir í Látravík og Bjarnarnesi hafi verið byggðir í almenningum.⁴²¹ Í sóknarlýsingu Vestfjarða kemur fram að Smiðjuvík sé 4 Hdr., lítið pláss og lítið fáist af heyjum, en fáeinir sauðkindur forsortast þar með styrk af útigangi.⁴²² Í landamerkjabréf Smiðjuvíkur er dags. 26. júlí 1884 þar sem merkjum er lýst og jörðin sögð 1,8 hndr. Merkin eru ekki skýr og verðmæti jarðarinnar lítið. Ekki er fjallað sérstaklega um Barðsvík og Bolungavík í sóknarlýsingu Vestfjarða. Þá eru landamerki jarðanna, með hliðsjón af landamerkjabréfum, óskýr.

Þar sem landamerki víkanna eru ekki skýr er við 200m hæðarlínu m.t.t. lýsingu þekktra merkja en ekki er hægt að draga beina línu milli þekktra merkja þar sem það myndi leiða til niðurstöðu sem ekki væri hægt með sanngirni eða skynsemi að réttlæta. Hæðarlína var þá valin með hliðsjón af þekktum merkjum og miðað við landshætti s.s. gróðurfar og landslag. Línan hækkar með hliðsjón af framangreindu í 400m í Barðsvík. Þó línan sé tiltölulega neðarlega í metrum, og hluti svæðisins því ekki mjög hálendur, er um að ræða

⁴²¹ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 160.

⁴²² Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzkra átthagafélaga (1952), bls. 160.

brattlent svæði og virðist gróðurfar vera með þeim hætti, þ.e. um er að ræða frekar gróðursnautt land og líkur á því að það hafi verið nytjað ekki miklar. Þá er bent á að um er að ræða svæði á annesjum mjög norðarlega.

5.3. Bolungarvíkurkaupstaður

5.3.1. Gilsbrekkuheiði Bolungarvík

Af hálfu íslenska ríkisins er þess krafist að landsvæði sem nefnt er *Gilsbrekkuheiði Bolungarvík*, sem nánar er fjallað um í kafla 4.2.1, sé þjóðlenda innan eftirfarandi þjóðlendukröfulínu:

Upphafspunktur er í fjallsbrún í klett sem er upp af ytra Skálarhorni sem ræður merkjum Keflavíkur og Meiribakka (1). Þaðan ráða fjallsbrúnir í Kroppstaðaá, þar sem hún rennur af fjalli, sem ræður merkjum milli Meiribakka og Kroppsstaða (2). Þaðan ráða fjallsbrúnir í hæsta hnjk á Kroppstaðahorni sem ræður merkjum Kroppstaða og Meira Hrauns (3). Þaðan ráða fjallsbrúnir í á sem rennur úr Göngumannaskörðum ofan Hraundals, sem ræður merkjum Meira- og Minna Hrauns (4). Þaðan ráða fjallsbrúnir í læk sem rennur úr Lambaskál frá fjalli og ræður merkjum Minna Hrauns og Breiðabóls (5). Þaðan ráða fjallsbrúnir að Lambamúla sem ræður merkjum Breiðabóls og Meiri Hlíðar (6). Þaðan ráða fjallsbrúnir að upptökum Þverá í Mannfellsskál sem ræður mörkum Meiri Hlíðar og Þjóðólfstungu (7). Þaðan eftir fjallsbrúnnum og í vatn norðan Gráróuheiði sem er upptök Hólsá, og ræður merkjum Þjóðólfstungu og Hóls (8). Þaðan í beina sjónhendingu til fjalls og eftir fjallsbrúnnum í Steinmann sem ræður merkjum Hóls og Grundarhóls (9). Þaðan ráða fjallsbrúnir í Geirastaðagil sem ræður merkjum Geirastaða (10). Þaðan eftir fjallsbrúnnum í Surtabbrandsá sem ræður merkjum milli Gils og Hanhóls (11). Þaðan ráða fjallsbrúnir í Kistufelli og Svarthamri að og eftir sveitarfélagamörkum Bolungarvíkurkaupstaðar og Ísafjarðarbæjar í upphafspunkt sbr. þjóðlendukröfulínu Gilsbrekkuheiði Ísafjarðarbæ.

Við afmörkun þjóðlendukröfulínu er fyrst og fremst stuðst við afmörkun á aðliggjandi jörðum samkvæmt landamerkjabréfum þeirra þ.e. Meiribakka, Kroppstaða, Meira Hrauns, Minna Hrauns, Breiðabóls, Meiri Hlíðar, Þjóðólfstungu, Hóls og Grundarhóls, Geirastaða, Miðdals og Hanhóls, Gils og Tungu. Ekki er talin þörf á að fjalla um aðliggjandi jarðir þar sem þegar hefur verið lýst í þjóðlendukröfum Gilsbrekkuheiðar í Ísafjarðarbæ. Jafnframt er miðað við landfræðilega legu kröfusvæðis og staðhætti en land innan þess er í rúmlega 500 um 650m hæð, gróðursnautt og líklega lítt nytjað.

5.3.2. Arafjall, Hádegisfjall og Heiðnafjall

Af hálfu íslenska ríkisins er þess krafist að landsvæði sem nefnt er *Arafjall, Hádegisfjall og Heiðnafjall*, sem nánar er fjallað um í kafla 4.2.2, sé þjóðlenda innan eftirfarandi þjóðlendukröfulínu:

Upphafspunktur er Ara sem ræður merkjum Neðri Hnífsdals og Óss (1). Þaðan eftir fjallsbrúnum Arafjalls, Hádegisfjalls, Núpskambs og í sveitarfélagamörk Bolungarvíkurkaupstaðar og Ísafjarðarbæjar í Heiðnafjalli (2). Þaðan eftir sveitafélagamörkum í upphafspunkt.

Við afmörkun þjóðlendukröfulínu er fyrst og fremst stuðst við afmörkun á aðliggjandi jörðum samkvæmt landamerkjabréfum þeirra, Fremri Hnífsdals, Neðri Hnífsdals, Ós og Gils. Þá er einnig miðað við landfræðilega legu kröfusvæðis og að hluti þess hafi ekki verið nytjað eða nýtt með öðrum hætti.

5.3.3. Bolfjall og Stigahlíð

Af hálfu íslenska ríkisins er þess krafist að landsvæði sem nefnt er *Bolfjall og Stigahlíð* í Súðarvíkurhreppi, sem nánar er fjallað um í kafla, 4.2.3, sé þjóðlenda innan eftirfarandi þjóðlendukröfulínu:

Upphafspunktur er í Kerlingu sem skilur að almenninga og Minnibakka (1). Þaðan beint til fjalls og eftir fjallsbrún í punkt sem er í beinni línu við Merkjagarð sem ræður merkjum Minnibakka og Breiðabóls (2). Þaðan eftir fjallsbrún í punkt sem er í beinni línu við Hærrikross á Lambamúla, sem ræður merkjum Breiðabóls og Meirihlíðar (3). Þaðan eftir fjallsbrún í Mjóateygsgil sem ræður merkjum Meirihlíðar og Minnihlíðar að framanverðu (4). Þaðan eftir fjallsbrún í Kaldárgil sem ræður merkjum Meirihlíðar og Minnihlíðar (5). Þaðan eftir fjallsbrún í Stekkjargil sem ræður merkjum Meirihlíðar og Traðar (6). Þaðan eftir fjallsbrún í Traðarhorn og til sjávar (7). Þaðan afmarkar sjór í upphafspunkt.

Við afmörkun þjóðlendukröfulínu er fyrst og fremst stuðst við afmörkun á aðliggjandi jörðum samkvæmt landamerkjabréfum þeirra, Minnibakka, Meirihlíðar og Traðar. Ekki er tekið mið af þeim hluta lýsingar Breiðabóls sem lýsir fjallstoppi Bolafjalls og Stigahlíð innan jarðarinnar enda lýsa aðrar jarðir ekki svæðum á fjallstoppi eða Stigahlíð innan jarða. Þá eru almenningar í Stigahlíð austan merkja Breiðabóls. Bent er á að fjallstoppurinn er í rúmlega 550m hæð ofan kletta og Stigahlíðin hinu megin fjalls án tengsلا við jörðina Breiðaból að öðru leyti. Miðað er við landfræðilega legu kröfusvæðis og er miðað við að land innan þess hafi ekki verið nytjað eða nýtt með öðrum hætti enda um að ræða land brattlendi, að hluta og hásléttu fjalls ofan kletta í um 550m hæð gróðursnautt og líklega lítt nytjað. Stigahlíðin er brattlendi og á köflum snarbrattir klettar, lítt gróið.

5.4. Súðavíkurhreppur

5.4.1. Lambadalsfjall Súðavíkurhreppi

Af hálfu íslenska ríkisins er þess krafist að landsvæði sem nefnt er *Lambadalsfjall Súðarvíkurhreppi*, sem nánar er fjallað um í kafla 4.3.1, sé þjóðlenda innan eftirfarandi þjóðlendukröfulínu:

Upphafspunktur er á sveitarfélagamörkum Ísafjarðarbæjar og Súðavíkurhrepps í Þverfelli við Hestskarð sem liggja að landamerkjum Svarfhóls í Álftafirði (1). Þaðan eftir fjallsbrúnum eins og vötnum hallar að Svarfhóli að upptökum Fjarðarár í Álftafirði, sem ræður merkjum Svarfhóls og Minni Hattardals (2). Þaðan eftir fjallsbrúnum í upptök Langár, sem ræður merkjum Minni og Meiri Hattardals (3). Þaðan ráða fjallsbrúnir að upptökum Hestfjarðarár sem ræður merkjum Hestfjarðarkots og kröfusvæðis sem kallað er almenningar Ögurhrepps (4). Þaðan sjónhending til austurs í fjallgarð sem skilur að Hestfjörð og Skötufjörð (5). Þaðan ráða hæstu fjallsbrúnir eins og vötnum hallar að sveitarfélagamörkum Súðavíkurhrepps og Ísafjarðarbæjar (6). Þaðan eftir sveitarfélagamörkum í upphafspunkt.

Við afmörkun þjóðlendukröfulínu er fyrst og fremst stuðst við afmörkun á aðliggjandi jörðum samkvæmt landamerkjabréfum þeirra, Svarfhóls, Minni Hattardals, Meiri Hattardals, kröfusvæðinu Hestfjarðarkoti, kröfusvæðinu almenningum Ögurhrepps og kröfusvæðinu Stóra Kambi. Jafnframt er miðað við landfræðilega legu kröfusvæðis og staðhætti en land innan þess er í um 600-700m hæð og hærra, gróðursnautt og líklega lítt nytjað.

5.4.2. Ufs, Súðavíkurfjall, Traðarhyrna og Sauratindar

Af hálfu íslenska ríkisins er þess krafist að landsvæði sem nefnt er *Ufs, Súðavíkurfjall, Traðarhyrna og Sauratindar*, sem nánar er fjallað um í kafla 4.3.2, sé þjóðlenda innan eftirfarandi þjóðlendukröfulínu:

Upphafspunktur er á sveitarfélagamörkum Ísafjarðarbæjar og Súðavíkurhrepps á fjallsbrún við Búðarhamar (1). Þaðan eftir fjallsbrún í Traðargil sem ræður merkjum Traðar og Súðavíkur (2). Þaðan eftir fjallsbrún í sveitarfélagamörk Súðavíkurhrepps og Ísafjarðarbæjar við Sauratind og þaðan eftir sveitarfélagamörkum í upphafspunkt.

Við afmörkun þjóðlendukröfulínu er fyrst og fremst stuðst við afmörkun á aðliggjandi jörðum samkvæmt landamerkjabréfum þeirra, Súðavíkur, Traðar og Saura. Jafnframt er miðað við landfræðilega legu kröfusvæðis og staðhætti en land innan þess er í um 500m til rúmlega 800m hæð, gróðursnautt, umkringt brattlendi og líklega lítt nytjað.

5.4.3. Dvergsteinsfjall og Svarthamar

Af hálfu íslenska ríkisins er þess krafist að landsvæði sem nefnt er *Dvergsteinsfjall og Svarthamar*, sem nánar er fjallað um í kafla 4.3.3, sé þjóðlenda innan eftirfarandi þjóðlendukröfulínu:

Upphafspunktur er í fjallsbrún fyrir botni Sauradals sem ræður merkjum Saura og Eyrardals (1). Þaðan eftir fjallsbrúnum að Kofra sem er í beinni línu við Þórðarsteina sem ræður merkjum Eyrar og Hlíðar (2). Þaðan í fjallsbrún sem vísar að ofan í miðja Pöttvík og ræður merkjum Hlíðar og Dvergasteins (3). Þaðan eftir fjallsbrún þangað sem Dvergasteinsá rennur frá fjalli og ræður merkjum Dvergasteins og Svarthamars (4). Þaðan eftir fjallsbrún Svarthamars í fjallsbrún efst í Merkigili sem ræður merkjum Svarthamars og Svarfhóls (5). Þaðan eftir fjallsbrún að sveitarfélagamörkum Súðavíkurhrepps og Ísafjarðarbæjar við Þoruskarð og í upphafspunkt.

Við afmörkun þjóðlendukröfulínu er fyrst og fremst stuðst við afmörkun á aðliggjandi jörðum samkvæmt landamerkjabréfum þeirra, Saura, Eyrardals, Hlíðar, Dvergasteins, Svarthamars og Svarfhóls. Jafnframt er miðað við landfræðilega legu kröfusvæðis og staðhætti en land innan þess er að mestu í um 700 – 900m hæð, gróðursnautt og líklega lítt nytjað.

5.4.4. Stóri Kambur

Af hálfu íslenska ríkisins er þess krafist að landsvæði sem nefnt er *Stóri Kambur*, sem nánar er fjallað um í kafla 4.3.4 **Villa! Uppruni tilvísunar finnst ekki.**, sé þjóðlenda innan eftirfarandi þjóðlendukröfulínu:

Upphafspunktur er á sveitarfélagamörkum Ísafjarðarbæjar, Vesturbyggðar, Reykhólahrepps og Súðavíkurhrepps í 866m hæð sunnan við Glámu (1). Þaðan eftir sveitarfélagamörkum Ísafjarðar og Súðavíkurhrepps í punkt í 918m hæð við Sjónfríð (2). Þaðan eftir línu eftir því sem vötnum hallar í Valahnjúk (3). Þaðan í beinni línu í Ytri-Krosshrygg, sem ræður merkjum Eyrar og Kleifar (4). Þaðan sjónhending í ármót Hundsár og Rjúkanda (5). Þaðan eftir miðlinu Rjúkanda til fjalls sem ræður mörkum Borgar (6). Þaðan eftir línu þar sem Þverá vísar til fjalls og ræður merkjum við Heydal (7). Þaðan eftir línu því sem vötnum hallar að Botni í Mjóafirði og í upphafspunkt.

Miðað við að Stóri Kambur hafi, a.m.k. að hluta, verið nýtt sem sameiginlegur afréttur. Jafnframt er miðað við landfræðilega legu kröfusvæðis og staðhætti en land innan þess er að mestu í yfir 500m hæð og upp í 900m, gróðursnautt og líklega lítt nytjað.

5.4.5. Hestfjarðarkot

Af hálfu íslenska ríkisins er þess krafist að landsvæði sem nefnt er *Hestfjarðarkot*, sem nánar er fjallað um í kafla 4.3.5, sé þjóðlenda innan eftirfarandi þjóðlendukröfulínu:

Upphafspunktur er í Kofunefi sem ræður merkjum við jörðina Eyði (1). Þaðan sjónhending í Brosmusteini sem ræður merkjum Eyðis og Kleifa (2). Þaðan ráða fjallsbrúnir eins og vötnum hallar að upptökum Hestfjarðarár, sbr. kröfulínur Lambastaðafjalls og almenninga Ögurhrepps (3). Þaðan ræður miðlína Hestfjarðará til sjávar (4). Þaðan afmarkar sjór svæðið í upphafspunkt.

Við afmörkun þjóðlendukröfulínu er fyrst og fremst stuðst við afmörkun á kröfusvæðum skv. köflum um Lambastaðafjall í Súðavíkurhreppi og almenninga Ögurhrepps. Þá er einnig byggt á landamerkjabréfum Eyði, Kleifa og Meiri Hattardals. Þá er einnig vísað til þess að heimildir vísa til þess að kröfusvæðið hafi verið nýtt ýmist sem afréttur, sem og að einstaka jarðir hafi átt í hluta kröfusvæðisins ítök en ekki beinan eignarrétt. Jafnframt er miðað við landfræðilega legu kröfusvæðis og staðhætti en land innan þess er að mestu tölverðri hæð, gróðursnautt og líklega lítt nytjað að öðru leyti.

5.4.6. Almenningar Ögurhrepps

Af hálfu íslenska ríkisins er þess krafist að landsvæði sem nefnt er *Almenningar Ögurhrepps*, og sem nánar er fjallað um í kafla 4.3.6 **Villa! Uppruni tilvísunar finnst ekki.**, sé þjóðlenda innan eftirfarandi þjóðlendukröfulínu:

Upphafspunktur er þar sem Geitahvammsá í Hestfirði rennur til sjávar sem ræður merkjum við Hvítanes (1). Þaðan eftir miðlinu Geitahvammsár og á hæstu fjallsbrún þar sem vötnum hallar (2). Þaðan eftir hæstu brún fjalla, þar sem vötnum hallar í upptök Hestfjarðarár, sbr. kröfulínur Lambastaðafjalls í Súðavíkurhreppi og Hestfjarðarkots (3). Þaðan eftir miðlinu Hestfjarðarár til sjávar og þaðan afmarkar sjór svæðið í upphafspunkt.

Við afmörkun þjóðlendukröfulínu er fyrst og fremst stuðst við afmörkun á kröfusvæðum skv. köflum um Hestfjarðarkot, Lambastaðafjall í Súðavíkurhrepp og Stóra Kamb. Þá er einnig byggt á landamerkjabréfi Hvítaness og lýsingu skriflegra heimilda um almenning austan Hestfjarðarár. Þá er einnig vísað til þess að heimildir vísa til þess að kröfusvæðið hafi verið nýtt sem afréttur. Jafnframt er miðað við landfræðilega legu kröfusvæðis og staðhætti en land innan þess er að mestu nokkurri hæð, gróðursnautt og líklega lítt nytjað að öðru leyti.

5.4.7. Kleifarkot og almenningar í Ísafirði

Af hálfu íslenska ríkisins er þess krafist að landsvæði sem nefnt er *Kleifarkot og almenningar í Ísafirði*, og sem nánar er fjallað um í kafla 4.3.7, sé þjóðlenda innan eftirfarandi þjóðlendukröfulínu:

Upphafspunktur er í ós Gervidalsár sem ræður merkjum Gervidals (1). Þaðan eftir miðlinu Gervidalsár fram á Burstaldabrekkur og þaðan í beinni línu eins og vötnum hallar að Gervidal að sveitarfélagamörkum Strandabyggðar og Reykhólahrepps (2). Þaðan eftir sveitarfélagamörkum Strandabyggðar og Reykhólahrepps í punkt á sveitarfélagamörkum Ísafjarðarbæjar, Vesturbyggðar, Reykhólahrepps og Súðavíkurhrepps í 866m hæð sunnan við Glámu (3). Þaðan í línu eftir hæstu brúnum eftir því sem vötnum hallar að Bessárdal og að Hvannagljúfragili (4). Þaðan í beinni línu Hesteyrarkleif í Ísafjarðará sem ræður landamerkjum Eyrar (5). Þaðan þaðan afmarkar sjór svæðið í upphafspunkt.

Við afmörkun þjóðlendukröfulínu er stuðst við landamerkjabréf aðliggjandi jarða, að því marki sem þau liggja fyrir, en það eru Botn og Kleifarkot í Mjóafirði og svo Eyri og Gervidalur í Ísafirði. Þá er jafnan stuðst við lýsingar jarðabókar og sóknarlýsingar sem gefa vísbindingar um að kröfusvæðið hafi ekki verið nytjað eða nýtt með öðrum hætti. Jafnframt er miðað við landfræðilega legu kröfusvæðis og staðhætti en land innan þess er að mestu í rúmlega 400m hæð en svæðið er gróðursnautt.

5.5. Strandabyggð

5.5.1. Hafnardalur, Nauteyri, Rauðamýri og Tunga.

Af hálfu íslenska ríkisins er þess krafist að landsvæði sem nefnt er *Hafnardalur, Nauteyri, Rauðamýri og Tunga*, sem nánar er fjallað um í kafla 4.4.1, sé þjóðlenda innan eftirfarandi þjóðlendukröfulínu:

Upphafspunktur er á sveitarfélagamörkum Strandabyggðar og Árneshrepps í um 523m hæð sunnan Rauðanúpsvatns (1). Þaðan í línu eftir því sem vötnum hallar að Hraundal í efsta læk sem rennur í Mávavötn (2). Þaðan í beina línu í Hafnardsá í u.þ.b. 437m hæð, sem ræður merkjum Hafnards og Nauteyrar (3). Þaðan í beinni línu í upptök Þverár í Skúfnavötnum, sem ræður merkjum Nauteyrar og Rauðumýrar (4). Þaðan í beinni línu í Hvannadalsá fremst í Hvannadal sem ræður merkjum Rauðumýrar og Tungu (5). Þaðan í beinni línu í upptök Bæjardalsár, sem ræður merkjum Tungu (6). Þaðan í beinni línu að mörkum kröfusvæða 10 A og 10 B og eftir mörkum kröfusvæðanna til norðurs í upphafspunkt.

Við afmörkun þjóðlendukröfulínu er stuðst við landamerkjabréf aðliggjandi jarða, en það eru Hraundalur, Hafnardalur, Nauteyri, Rauðamýri, Tunga, Staður og Ófeigsfjörður.

Landamerkjalýsingum Hraundals og Hafnardal virðist ekki bera saman og því er kröfusvæðið afmarkað af lýsingu Hraundals sem tekur mið að landamerki Hraundals ráðist af því sem vötnum hallar. Staðsetning Grásteins, sem lýst er í landamerkjabréfi Hafnards og afmarkar efstu merki jarðarinnar, er ekki þekkt. Jafnframt er miðað við landfræðilega legu hinna aðliggjandi jarða og er miðað við að land innan kröfusvæðis er að mestu í yfir 450m hæð, góðursnautt og hafi ekki verið nytjað.

5.5.2. Drangajökull (Ármúli, Skjalfönn og Laugaland)

Af hálfu íslenska ríkisins er þess krafist að landsvæði sem nefnt er *Drangajökull (Ármúli, Skjalfönn og Laugaland)*, sem nánar er fjallað um í kafla 4.4.2, sé þjóðlenda innan eftirfarandi þjóðlendukröfulínu:

Upphafspunktur er í sveitarfélagamörkun Strandabyggðar og Árneshrepps þar sem vötnum hallar milli Hraundals og Laugalands (1). Þaðan í beinni línu sjónhending í ysta og hæsta horn á Sjónarhlí, sem ræður merkjum Ármúla og Skjalfannar (2). Þaðan bein lína í upptök Mórrillu í Drangajökli (3). Þaðan til N.V. að jökulrönd Drangajökuls, miðað við stöðu jökulsins eins og hann var við gildistöku þjóðlendulaga, nr. 58/1998, 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. laganna, og þaðan norður um Drangajökul eftir sveitarfélagamörkum Strandabyggðar og Ísafjarðarbæjar að sveitarfélagamörkum Strandabyggðar, Ísafjarðarbæjar og Árneshrepps við Hrolleifsborg (4). Þaðan eftir sveitarfélagamörkum Strandabyggðar og Árneshrepps í upphafspunkt.

